24–25
Hlakka til að takast á við áskoranir greinarinnar



28–29
Geitaostur framleiddur í heimavinnslu á Brúnastöðum í Fljótum



32–33
Bændur á Norðurlandi duglegir að afla sér nýrrar þekkingar



# Bændablaðið

22. tölublað 2020 ● Fimmtudagur 19. nóvember ● Blað nr. 575 ● 26. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Kýrnar á bænum Hurðarbaki í Flóa munu, eins og horfur eru nú, vinna það afrek annað árið í röð að vera afurðahæstu kýr landsins að meðaltali yfir árið. Þegar skýrslum hafði verið skilað fyrir október voru þær í efsta sæti með 8.700 kg hver, en á búinu, sem rekið er af Fanneyju Ólafsdóttur og Reyni Þór Jónssyni, eru 52,2 árskýr. Á árinu 2019 skiluðu þær að meðaltali 8.678 kg á kú. Í öðru sæti í októberlok voru kýrnar hjá Guðlaugu Sigurðardóttur og Jóhannesi Eyberg Ragnarssyni að Hraunhálsi í Helgafellssveit á Snæfellsnesi með 8.576 kg að meðaltali. Þær voru í þriðja sætinu í fyrra. Í þriðja sætinu nú í október voru kýrnar hjá Guðrúnu Marinósdóttur og Gunnari Þór Þórissyni á Búrfelli í Svarfaðardal með 8.495 kg að meðaltali. Mynd / HKr.

## Ísland hefur mikla sérstöðu í lífrænum landbúnaði

### – segir Cornelis Aart Meijles umhverfisverkfræðingur

**Fimmtudaginn 12. nóvember stóð Fagráð í lífrænum búskap fyrir málþinginu Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa. Málþingið var haldið með fjarfundarfyrirkomulagi.**



Cornelis Aart Meijles

Cornelis Aart Meijles er umhverfisverkfræðingur og sérfræðingur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í hringrásarhagkerfum. Hann ræddi aðallega um mikilvægi þess að koma hinu mikla magni af lífrænum úrgangi, sem ekki er nýtt í dag, inn í hringrásina.

Hann lagði upp með þá staðreynd að Ísland hefði mikla sérstöðu í lífrænum landbúnaði því þar eru verðmæti sköpuð úr öllum auðlindum landsins; villtri náttúru og líffjölbreytileika, jarðvegi, köldu og heitu vatni, grænni raforku, kolsýru, menningu og þekkingu.

Hins vegar vantar að hans sögn heimafengin næringarefni sem hráefni, áburðarefnin og lífrænan úrgang sem er undirstöðuáburður fyrir lífræna ræktun.

Cornelis segir að með því að binda koltvísýring í lífmassa og koma honum fyrir í jarðvegi, megi binda meira kolefni varanlega sem „húmus“ í jarðvegi (sem inniheldur lífverur eins og bakteríur, örverur, sveppi og orma). Eitt prósent meira húmus þýðir 70 tonna meiri koltvísýringsbindingu á hektara. Það séu einmitt mjög góðir möguleikar í lífrænni ræktun, með nýtingu á lífrænum úrgangi, að auka þetta húmus og binda meira kolefni. Síðan nefndi hann nokkur dæmi um það hvernig binda mætti meira kolefni; til dæmis í skógrækt og jarðvegi. /smh

– Sjá nánar á bls. 26-27

### Skýrsla starfshóps um þróun tollverndar og stöðu íslensks landbúnaðar í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi:

# Innflutningur á óunnu kjöti jókst um 333% frá 2007 til 2019



### – Innflutningur á hakkefni hefur stóraukist og innflutningur á mjólkurvörum jókst um 136% og um 45% á grænmeti

**Samkvæmt skýrslu starfshóps, sem falið var að greina þróun tollverndar og stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, jókst innflutningur landbúnaðarafurða verulega frá 2007 til 2019. Í sumum tilfellum margfaldaðist innflutningurinn.**

Aukningin var mest í óunnum kjötvörum, eða 333%, en sala á innlendri framleiðslu jókst á sama tíma um 15%. Innflutningur á unnum kjötvörum jókst á þessu tímabili um 110% að magni til.

#### *Innflutningur á hakkefni hefur stóraukist*

Starfshópurinn bendir á að stór hluti innflutnings á síðari helmingi tímabilsins er einkum nautahakkefni og að einhverju leyti nautalundir, en opnað var á tollkvóta á ákveðnum tímabilum vegna skorts á framboði á markaði. Vekur stóraukinn innflutningur á kjöti sem skilgreint er sem hakkefni í innflutningsskýrslum óneitanlega athygli sem hlýtur að leiða til frekari skoðunar. Ekki liggja fyrir nákvæm gögn um innflutning í gegnum þessa tollkvóta að því er fram kemur í skýrslunni, en þegar innflutningsgögn eru skoðuð eftir mánuðum má sem dæmi áætla að innflutningur á þessum tollkvótum hafi verið allt að 990 tonn árið 2015 og 320 tonn árið 2016.

#### *Ekki tekin afstaða til ruðningsáhrifa*

Ekki er lagt mat á það í skýrslunni hvort stóraukinn innflutningur og lægri tollar hafi haft ruðningsáhrif í íslenskum landbúnaði eða leitt til hægari framleiðsluaukningar en annars hefði orðið. Tölur í skýrslunni virðast þó benda til að svo sé. Hins vegar er í skýrslunni sagt að frá árinu 2011 hafi innflutningur verið umfram það magn sem í boði er að flytja inn á tollkvótum. Þegar vörur eru fluttar inn umfram tollkvóta er lagður á þær tollur, ýmist almennur tollur eða lægri tollur skv. viðskiptasamningum.

#### *Tollar utan tollkvóta á kjöti 40% lægri en almennt gerist*

Í skýrslunni er sagt að ljóst sé að hlutdeild innflutnings hafi aukist á kjötmarkaði síðustu ár. Hlutfall innflutnings var á bilinu 4%–6% á fyrstu þremur árum tímabilsins, en 14%–17% á síðustu þremur árunum.

Mikill meirihluti innflutnings á kjöti utan tollkvóta í 2. kafla tollskrár er fluttur inn frá ESB-ríkjum. Eru tollar þá 40% lægri en almennur tollur. Á ostum og unnum kjötvörum eru ekki aðrar ívilnanir en tollkvótar.

#### *Aukinni eftirspurn mætt að mestu með innflutningi*

Hlutfall verðmætis innflutnings af framleiðsluvirði innanlands hefur samhliða auknum innflutningi hækkað úr 3–6% fyrstu ár tímabilsins í 12–15% 2018 og 2019. Aukinni eftirspurn hefur þannig verið mætt að meira leyti með innflutningi frekar en innlendri framleiðslu.

#### *Aukinn svínakjötsinnflutningur*

Markaðshlutdeild innflutnings svínakjöts hefur aukist á tímabilinu. Árið 2007 var hún í kringum 5% en er á bilinu 20–24% árið 2019.

„Aukningu á seinni hluta tímabilsins má að miklu leyti rekja til opinna tollkvóta á svínasíðum, sem helst í hendur við fjölgun ferðamanna og neyslu þeirra á beikoni. Áætlaður innflutningur á opnum tollkvótum árin 2015 til 2018 er á bilinu 250–970 tonn,“ segir í skýrslunni.

#### *Innflutningur á alifuglakjöti jókst*

Innflutningur á kjúklingakjöti hefur aukist á árunum 2007 til 2019, líkt og á nauta- og svínakjöti, en þó heldur minna. Um þetta segja skýrsluhöfundar:

„Mögulega má það rekja til þess að ekki þótti þörf á að opna á tollkvóta á tímabilinu. Tollkvótar eru nú orðnir samtals 1.115 tonn sem er rétt undir því magni sem flutt hefur verið inn árin 2017 til 2019. Þá er meðtalinn 200 tonna tollkvóti fyrir lífrænt ræktað og lausagöngu kjúklingakjöt. Markaðshlutdeild innflutnings er mæld á sama hátt og fyrir svína- og nautakjöt og er aðeins á bilinu 2–4% árið 2007 en er á bilinu 13–17% árið 2019. Sala á innlendum afurðum var um 7.500 tonn árið 2007 en var orðin 9.800 tonn árið 2019. Á sama tíma jókst innflutningur úr 177 tonnum í 1.283 tonn.“

#### *136% aukning í mjólkurvörum*

Innflutningur á mjólkurvörum jókst um 136%, að miklu leyti vegna osta. Innvegin mjólk frá bændum hefur á sama tíma aukist um 23%. Mikil umfjöllun hefur einmitt verið um meint svindl við tollafgreiðslu varðandi ostainnflutning.

Minnst var aukningin á innflutningi á plöntum, eða um 27%, en gögn um heildarmagn innlendrar framleiðslu lágu ekki fyrir við gerð skýrslunnar.

#### *Stóraukinn innflutningur á grænmeti samfara samdrætti í innlendri framleiðslu*

Innflutningur á grænmeti hefur aukist um 45%, en athyglisvert er að sala á innlendu grænmeti hefur á sama tíma dregist saman um 20%. Þar vegur 34% sölusamdráttur í kartöflum þyngst en einnig um 20% samdráttur í tómötum. Framleiðsla getur hins vegar sveiflast nokkuð milli ára vegna tíðarfars. Á þessu tímabili, frá 2007 til 2019, jókst íbúafjöldi um 11% hér á landi og ferðamönnum fjölgaði um 337%. /HKr.

**FRÉTTIR**

## Mikill samdráttur í sauðfjárrækt frá 1983–2001 og aftur niðursveifla frá 2017 í kjölfar stíganda áranna þar á undan:

# Framleiðslan úr haustslátrun 2020 er um fjórðungi minni en fyrir 37 árum

**Mikill samdráttur hefur orðið í framleiðslu á kindakjöti frá 1983 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Þannig er framleiðslan á yfirstandandi ári 2.750 tonnum minni en fyrir 35 árum, árið 1985, og 3.514 tonnum minni en hún var 1983 sem yfirlit Hagstofu íslands nær til. Hefur framleiðslan verið í niðursveiflu frá 2017 eftir 20 ára stíganda þar á undan, eða frá því botninum var síðast náð 1997.**

Sauðfjárslátrun er nú lokið á landinu og alls var slátrað samkvæmt fyrirliggjandi tölum 49.237 af fullorðnu sauðfé og 485.245 dilkum, eða samtals 534.482. Heildarfallþyngd alls sauðfjárins var rúm 9.465 tonn, en meðalþyngd dilka var 16,91 kg sem er met. Er þetta 124 tonnum minni heildarframleiðsla á kindakjöti en árið 2019. Inn í þessar tölur vantar kjöt af fé sem slátrað hefur verið en hefur ekki staðist mat af einhverjum orsökum og því flokkað sem úrkast. Þar er um að ræða 715 dilka og 1.538 fullorðið fé.

*Mikil niðursveifla frá 1983 til 1997 og aftur frá 2017*

Samkvæmt tölu Hagstofu Íslands nam kindakjötsframleiðslan 12.979 tonnum árið 1983 og dróst stöðugt saman fram til 1997 þegar hún var komin niður í 7.903 tonn. Þá tók sauðfjárræktin aftur kipp og framleiðslan jókst í 9.735 tonn árið 2000 þegar fé var talsvert fækkað. Árið eftir (2001) voru framleidd 8.616 tonn og síðan var rólegur stígandi í framleiðslunni allt til ársins 2017 þegar kindakjötsframleiðslan var komin í 10. 619 tonn. Að öðru leyti var nokkuð jafn stígandi þar til aftur fór að dragast saman, eða í 10.487 tonn árið 2018, 9.598 tonn árið 2019 og nú eð framleiðslan komin niður í 9.465 tonn, sem er 3.514 tonnum minni framleiðsla en 1983.

*Flestu fé var slátrað hjá SS*

Samkvæmt samantekt á tölum frá 12. nóvember var mest slátrað hjá Sláturfélagi Suðurlands, eða 107.532. Kaupfélag Skagfirðinga kom næst með 102.906 og Sláturfélag KVH ehf. var í þriðja sæti með 96.746. Þá kom Sláturhús Norðlenska ehf. í fjórða sæti með 89.111 og SAH Afurðir ehf. voru í fimmta sæti með 79.746 fjár.

Í sjötta til tíunda sæti voru; Sláturfélag Vopnfirðinga ehf. með 29.700, Fjallalamb ehf. með 27.839 fjár, Sláturfélag Vesturlands með 795, Seglbúðir með 384 og Sláturfélagið Búi ehf. en þar var slátrað 374 sauðkindum. /HKr.

**Sauðfjárslátrun eftir sláturleyfishöfum 2020, fjöldi og magn***

| Sláturleyfishafi | Sauðfé, dilkar stk. | Sauðfé, dilkar kg. | Dilkar Meðalvigt | Sauðfé, fullorðið stk. | Sauðfé, fullorðið kg. | Samtals stk. | Samtals kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sláturfélag Suðurlands svf. | 97.342 | 1.608.366 | 16,52 kg | 10.190 | 251.040 | 107.532 | 1.859.406 |
| Sláturfélag Vesturlands | 625 | 10.781 | 17,25 kg | 170 | 4.710 | 795 | 15.491 |
| Sláturhús KVH ehf. | 88.285 | 1.537.928 | 17,42 kg | 8.461 | 220.200 | 96.746 | 1.758.128 |
| SAH Afurðir ehf. | 72.144 | 1.215.503 | 16,85 kg | 6.951 | 182.497 | 79.095 | 1.398.000 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 93.957 | 1.590.141 | 16,92 kg | 8.949 | 229.443 | 102.906 | 1.819.584 |
| Sláturhús Norðlenska ehf. | 80.435 | 1.366.515 | 16,99 kg | 8.676 | 223.729 | 89.111 | 1.590.244 |
| Sláturfélag Vopnfirðinga ehf. | 27.201 | 450.439 | 16,56 kg | 2.499 | 62.754 | 29.700 | 513.193 |
| Fjallalamb hf. | 24.697 | 418.011 | 16,93 kg | 3.142 | 77.859 | 27.839 | 495.870 |
| Sláturfélagið Búi svf. | 250 | 4.395 | 17,58 kg | 124 | 3.167 | 374 | 7.562 |
| Seglbúðir | 309 | 5.632 | 18,23 kg | 75 | 2.062 | 384 | 7.694 |
| **Samtals** | **485.245** | **8.207.711** | **16,91 kg** | **49.237** | **1.257.461** | **534.482** | **9.465.172** |

*Samkvæmt fyrirliggjandi bráðabirgðatölum 12. nóvember
Heimildir: Sláturleyfishafar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Óvissa um framtíð loðdýraeldis í Danmörku og uppboðshússins Köbenhagen fur

## – Mjög slæmt fyrir Íslendinga að missa öll þau góðu sambönd, segir formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda

**Mikil óvissa ríkir um áframhald loðdýraeldis í Danmörku og núverandi eigendur uppboðshússins Köbenhagen fur hafa lýst því yfir að þeir munu hætta starfsemi í lok ársins 2023. Hvað tekur þá við veit enginn en einn af möguleikunum er að nýir eigendur eignist uppboðshúsið og reki það áfram en þá væntanlega á breyttum forsendum. Líklegt er að verð á skinnum muni hækka vegna minnkandi framboðs.**



Einar Eðvald Einarsson.



Uppboðshúsið Köbenhagen Fur í Danmörku hefur öðlast sess sem virtasta uppboðshús í skinnaiðnaði í heiminum. Þar hefur safnast upp mikil þekking og fagmennska í gegnum tíðina og ljóst að það mun hafa veruleg áhrif á skinnaiðnaðinn ef það hættir starfsemi. Myndir / HKr.

Einar Eðvald Einarsson, bóndi að Skörðugili og formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, segir erfitt að átta sig á ástandinu hvað varðar loðdýraeldi í Danmörku.

„Ferli stjórnvalda í Danmörku hvað varðar áframhaldandi loðdýraeldi í landinu er búið að vera tóm vitleysa. Í fyrstu fyrirskipa stjórnvöld loðdýrabændum að lóga öllum minkum í landinu vegna hættu á að dýrin geti verið smitberar á stökkbreyttri gerð af COVID-19. Tilskipunin var gefin út á blaðamannafundi og bændum gefinn frestur til 16. nóvember til að aflífa dýrin og þeim sem gerðu það lofað 20 krónum dönskum í uppbót ofan á aðrar bætur sem áttu að fylgja niðurskurðinum. Á fundinum var loðdýrabændum hreinlega hótað að ef þeir færu ekki að þessum tilmælum um að slátra dýrunum fyrir 16. nóvember þá mundi hið opinbera skerast í leikinn og herinn jafnvel settur í verkið og að allar bætur mundu falla niður.“

*Unnu dag og nótt*

Einar segir að þetta hafi gert það að verkum að bændurnir unnu dag og nótt á vöktum og á fullum krafti meðan þeir höfðu þrek til við að lóga dýrunum.

„Það óraði engan fyrir því á þeim tímapunkti að ákvörðun stjórnvalda væri ólögleg. Þegar það kom í ljós voru menn komnir mislangt með að lóga dýrunum en það langt að það var ekki aftur snúið.

> Varðandi stöðuna á markaði þá er allt sem bendir til þess að skinnaverð muni hækka umtalsvert á komandi sölutímabili og nú þegar er talað um að þau hafi hækkað verulega í viðskiptum manna á milli til dæmis í Kína. Framboðið á næsta sölutímabili verður líka mun minna en áætlað var þar sem um helmingur af því sem drepið er í Danmörku er urðað án þess að nýta pelsinn.

Mér vitandi er alveg óljóst hve mörg dýr eru eftir í dag en mörg hundruð bú standa orðið tóm. Einhverjir neita samt að pelsa lífdýrastofninn og eru það sérstaklega bændur sem eru á hreinu svæðunum þar sem engin bú hafa fallið. Framhaldið er óljóst en það er samt ljóst að búið er að eyðileggja greinina sem þá atvinnugrein sem hún var. Hvað hægt verður að byggja upp, hvernig hvort og hvenær verður að koma í ljós en þeir bændur sem nú þegar eru búnir að lýsa því yfir að þeir byrji aftur gera ráð fyrir að taka dýr í lok árs 2022.



Kínverskur skinnakaupandi að gæðameta minkaskinn hjá Köbenhagen Fur. fyrir nokkrum árum þegar skinnaverð var í hæstu hæðum.

## Aflífað á 265 búum til þessa

**Í síðustu viku hafa verið rakin 200 kórónuveirusmit í mannfólk út frá sex minkabúum í Danmörku. Ekki er upplýst hvar í Danmörku viðkomandi minkabú eru.**

Faglegur framkvæmdastjóri Statens Serum Institut í Danmörku, Kåre Mølbak, segir að þegar hugað er að áhættuþáttum fyrir því að smitast af kórónavírusnum, sé hættulegra að starfa við loðdýrabúskap en í heilbrigðisþjónustu. Nú þegar hafa uppgötvast smit á 283 loðdýrabúum í Danmörku, sem er einn fjórði hluti slíkra búa í landinu. Búið er að aflífa minka á 265 búum til þessa. Þar að auki er grunur um smit á 22 búum til viðbótar.

Á þriðjudag sagði Mogens Jensen af sér sem landbúnaðarráðherra Danmerkur eftir að hafa sætt mikilli gagnrýni vegan þessa máls. /ehg - Bondebladet

*Köbenhagen Fur lokað*

„Núverandi eigendur uppboðshússins Köbenhagen Fur, sem Íslendingar hafa verið í miklum viðskiptum við, hafa gefið út að þeir muni hætta rekstri á árinu 2023. Uppboð verða með venjulegum hætti 2021, 2022 og svo er stefnt að einu eða tveimur uppboðum 2023.

Hvað gerist þá veit enginn. Hugsanlega verður starfsemin seld og aðrir taka við rekstrinum og halda áfram að halda uppboð. Við vitum það ekki enn.“

Að sögn Einars er mjög slæmt fyrir Íslendinga að missa öll þau góðu sambönd sem við höfum tengjast meðal annars núverandi rekstri Köbenhagen Fur ásamt öllum þeim sem við höfum getað leitað til varðandi ráðgjöf og leiðbeiningar. Það er uppboðshús í Finnlandi sem við getum farið í viðskipti við en persónulega á ég von á að það verði áfram starfsemi í Kaupmannahöfn þrátt fyrri að núverandi eigendur hætti starfsemi.“

*Skinnaverð mun hækka*

„Varðandi stöðuna á markaði þá er allt sem bendir til þess að skinnaverð muni hækka umtalsvert á komandi sölutímabili og nú þegar er talað um að þau hafi hækkað verulega í viðskiptum manna á milli til dæmis í Kína. Framboðið á næsta sölutímabili verður líka mun minna en áætlað var þar sem um helmingur af því sem drepið er í Danmörku er urðað án þess að nýta pelsinn. Á árinu 2022 verður svo framboðið enn þá minna og ljóst að það verður lengi að stíga árin þar á eftir,“ sagði Einar. /VH

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

KUHN

**Áramótatilboð KUHN og Vélfangs**
**Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar**



**Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m**




**Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m**

**Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum**



**Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m**



**Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m**

## Vertu klár – veldu KUHN



**Múgavélar 3,20 – 14,70 m**




**FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun**

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

FRÉTTIR

## Riðuveikin hefur líka áhrif á geitastofninn:
# Búið að skera niður 38 geitur og kið
### – Falla undir sömu reglugerð og annað sauðfé

**Búið er að lóga 38 geitum og kiðum á bæjum á Norðurlandi þar sem riðuveiki hefur greinst í sauðfé. Riða hefur ekki greinst í geitum hér á landi en hún hefur greinst í geitum í Bandaríkjunum og vitað er um tilfelli í Noregi.**

Jón Kolbeinn Jónsson, héraðsdýralæknir í Norðvesturumdæmi, segist ekki hafa tölu um fjölda geita í Tröllaskagahólfi á hraðbergi en segir að þær séu á þó nokkrum bæjum.

„Sem betur fer eru ekki mörg tilfelli þar sem geitur eru á bæjum þar sem riða hefur komið upp.“

Samkvæmt upplýsingum frá MAST er búið að aflífa 38 geitur og kið í niðurskurðinum vegna riðu í Tröllaskagahólfi. Að sögn Jóns hefur fram til þessa ekki greinst riða í íslenskum geitum. Sjúkdómurinn hefur fundist í geitum í Bandaríkjunum og vitað er um tilfelli í Noregi.

*Geitfé sett undir sama hatt og sauðkindur í lögum og reglum*

Geitfé flokkast undir sömu lög og reglur og sauðfé varðandi niðurskurð á bæjum þar sem riðuveiki hefur komið upp. Í reglugerð frá 2001 segir:

„Reglugerðin fjallar um riðuveiki í sauðfé en ákvæði hennar taka einnig til riðuveiki í geitum og öðrum dýrategundum.”

Í þriðju grein reglugerðarinnar segir einnig:

„Ef riðuveiki er staðfest leggur yfirdýralæknir til við landbúnaðarráðherra að viðkomandi hjörð verði lógað hið fyrsta.”


**Varðandi riðuveiki þá fellur íslenski geitfjárstofninn undir sömu lög og reglugerðir og sauðfé varðandi niðurskurð á bæjum þar sem veikin kemur upp.** Mynd /HKr.

*Áhyggjur af litlum geitastofni*

Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, segir að geitfjárstofninn á Íslandi telji innan við 1.500 fjár og því sé full ástæða til að hafa áhyggjur af honum enda sé hann tæknilega í útrýmingarhættu. Hún segir einnig að ekki hafi greinst riða í íslenskum geitum og ljóst sé að víðtækar rannsóknir skorti sárlega.

„Ekkert ráð virðist koma til greina annað en niðurskurður, en þurfa geiturnar endilega að fylgja sömu reglum og sauðfé? Þær eru öðruvísi, meira að segja genasamsetning þeirra er öðruvísi en sauðfjár,“ segir Anna. /VH

–Sjá nánar á bls. 8

# Riða fannst á einum bæ til viðbótar á Tröllaskaga

**Riðusmit hefur verið staðfest á einum bæ til viðbótar í Tröllaskagahólfi. Bærinn heitir Minni-Akrar og er staðsettur í Akrahreppi í Skagafirði. Matvælastofnun vinnur nú að öflun upplýsinga og undirbúningi aðgerða.**

Tilfellið var staðfest í sýni sem tekið var í sláturhúsi og greint á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Á búinu er nú um hundrað fjár að því er fram kom í tilkynningu Matvælastofnunar síðdegis á þriðjudag.

Matvælastofnun ítrekar að flutningar fjár innan Tröllaskagahólfs og frá hólfinu eru bannaðir.

Matvælastofnun hvetur bændur til þess að vera vakandi fyrir einkennum riðuveiki í kindum sínum og hafa þá samband við héraðsdýralækni sem sér til þess að sýni séu tekin. Einnig er bændum bent á að hafa samband vegna sýnatöku úr fé sem drepst eða er aflífað sökum slysa eða annarra sjúkdóma. Sýnatakan er bændum að kostnaðarlausu.

Z STÁLGRINDARHÚS



Þaulreynd hús við íslenskar aðstæður
Stuttur afgreiðslutími

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is

## Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar:
# Leitað leiða til að bregðast við áfalli vegna niðurskurðar
### – Finnum að þetta leggst þungt á fólk

**Riðuveiki var staðfest á fjórum sauðfjárbúum í Skagafirði, Stóru-Ökrum, Syðri-Hofdölum, Grænumýri og Hofi í Hjaltadal. Í kjölfarið var lögum samkvæmt fyrirskipaður niðurskurður alls fjár á búunum, eða á um 2.500 gripum.**

„Fyrst og fremst höfum við af fremsta megni reynt að finna leiðir til að bregðast við þessu gríðarlega áfalli og áfallateymi sveitarfélagsins var strax virkjað og bauð fram sína aðstoð sem síðan hefur verið fylgt eftir með samtölum,“ segir Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

*Erfið staða fyrir bændur*

Sigfús Ingi segir þessa stöðu erfiða fyrir þá bændur sem fyrir urðu en hún snerti fjölskyldur þeirra og nágranna og hafi í raun áhrif um allt skagfirska samfélagið og víðar. Að hluta til var um að ræða stór og myndarleg ræktunarbú sem eftir var tekið og því mikil eftirsjá að því starfi sem þar var unnið.

„Fólk hér um slóðir tekur þetta inn á sig og er dapurt, við finnum alveg fyrir því að þessi atburður leggst þungt á menn,“ segir Sigfús Ingi. Hann nefnir einnig að hann komi til með að hafa áhrif á félagsstarf bænda í héraði, sem að hluta til var byggt upp á viðburðum tengdum sauðkindinni, m.a. hrútasýningum.

*Mikil vinna við greiningu sýna*

Sveitarstjóri segir að héraðsdýralæknir hafi tekið fjöldann allan af sýnum og nú sé verið að greina þau. Um mikinn fjölda sýna sé að ræða og því geti tekið nokkuð langan tíma að greina þau öll. Sýnunum sé forgangsraðað.


**Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.**




*Dýrt að koma sér upp nýjum bústofni*

Sigfús Ingi segir sveitarfélögin tvö í Skagafirði, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur ásamt Bændasamtökum Íslands og atvinnuvegaráðuneyti séu í samstarfi þar sem verið er að skoða hvað hægt sé að gera til viðbótar því sem þegar hefur verið gert.

„Það snýst m.a. um á hvern hátt við getum sem best veitt bændum stuðning og aðstoð. Þá sé vinna í gangi á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við að meta og endurskoða reglur og stjórnsýslu hvað varðar málefni riðu og m.a. verið að skoða leiðir til að koma til móts við þá bændur sem vilja hefja sauðfjárrækt á nýjan leik eftir tilskilinn fjárlausan tíma.

Það er dýrt að koma sér upp nýjum bústofni. Líflömb eru mun dýrari en verðmæti sláturlamba og þeir styrkir sem nú standa til boða eru ekki nægilega háir til að bera kostnað við kaup á þeim. Það er því í gangi vinna við að finna leiðir til að hækka þessa styrki svo unnt sé að styðja með öflugum hætti við þá sem vilja byrja aftur.“

*Förgunarmálin í ólestri*

Þá segir Sigfús Ingi að það hafi verið slæmt að upplifa það ástand sem ríkir í landinu varðandi förgun dýrahræjanna. Áhrifaríkasta leiðin sé að brenna úrganginn, en brennsluofn sem til staðar er í Reykjanesbæ annar ekki allri brennslunni. Sá úrgangur sem eftir stendur mun fara til urðunar að Skarðsmóum í Skagafirði en þar er um að ræða urðunarstað sem búið var að leggja af. Úrganginum var því fargað þar á undanþágu.

„Þetta sýnir okkur að við þurfum að taka okkur á í þessum efnum, það þarf að ráða bragarbót á þessum urðunarmálum sem fyrst. Við verðum að hafa tiltækar viðunandi leiðir ef atburður af svipuðu tagi kemur upp á ný,“ segir Sigfús Ingi. /MÞÞ

## Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti Akrahrepps, um riðuveikina í Skagafirði:
# Besti stuðningurinn felst í því að snúa vörn í sókn

**„Það er vissulega mikið áfall þegar svona atburður kemur upp, hann hefur í för með sér bæði fjárhagslegt og tilfinningalegt tjón fyrir fjáreigendurna og hefur líka áhrif á samfélagið í heild,“ segir Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti Akrahrepps í Skagafirði, en niðurskurður sauðfjár eftir að upp kom riða í héraðinu hefur lagst þungt á samfélagið.**

Hrefna bendir á að biðtíminn sem nú standi yfir á meðan mál skýrist sé ávallt erfiður fyrir alla sem hlut eiga að máli og komi ofan á niðurskurðinn sjálfan. Fram undan er svo heilmikil vinna við sótthreinsun á býlunum. – „Þessu er langt í frá lokið,“ segir hún.

Hún segir að verið sé að fara yfir málin og skoða með hvaða hætti best sé að styðja við þá sem lenda í riðuniðurskurði. Gerir Hrefna ráð fyrir að ráðuneyti landbúnaðarmála komi fljótlega fram með tillögur um gagnlegum endurbótum á regluverki og bótafyrirkomulagi.

*Mikilvægt að gleyma ekki andlegri heilsu*

„Svo er gríðarlega mikilvægt að gleyma ekki andlegri heilsu og verið er að skoða þann þátt málsins með aðstoð fagaðila,“ segir hún.


**Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti Akrahrepps í Skagafirði.**





**Úr Blönduhlíð í Skagafirði.** Mynd / HKr.

„Umræðan hefur skiljanlega verið mjög tilfinningaþrungin fram til þessa, en ég tel að það sé mjög mikilvægt að við styðjum þá bændur sem lentu í þessu eins og hægt er. Til lengri tíma litið felst besti stuðningurinn í því að snúa vörn í sókn og leita allra leiða sem unnt er til að skilja búfjársjúkdóma betur, efla sjúkdómavarnir og laga verkferla og stjórnsýslu í von um að þessi atburður leiði til jákvæðrar þróunar á endanum. Það er mjög mikilvægt, ekki síst í skammdeginu, að halda í vonina,“ segri Hrefna. /MÞÞ

# Endurskoðun hafin á reglum um riðu

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur sett af stað vinnu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu við að meta og endurskoða reglur og stjórnsýslu hvað varðar málefni riðu, varnarlínu búfjár, bótafyrirkomulags vegna búfjársjúkdóma og niðurskurðar og regluverk dýraheilbrigðis.**

Í tilkynningu á vef ráðuneytisins kemur fram að unnið sé að nánari skilgreiningu og afmörkun verkefnanna í verkþætti.

„Áformað er að ráðinn verði verkefnastjóri tímabundið til að sinna þessum verkefnum en áætlað er að þeim verði lokið um mitt næsta ár. Ráðuneytið mun viðhafa samráð við Matvælastofnun, Landssamtök sauðfjárbænda og aðra hagsmunaaðila við vinnslu þessara verkefna," segir í tilkynningunni. /smh


Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Bændablaðið
Kemur næst út
3. desember
Jólablaðið kemur út
17. desember
Auglýsingar 56-30-300

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is




Eigin skiptist í 90 fermetra upphitað rými sem gæti vel nýst sem hýbýli, skrifstofa eða vinnurými. Þá er þar 210 fermetra fjós, upphitað að hluta, hlaða, bílskúr og haughús. Heitt og kalt vatn og ljósleiðari. Eignin stendur á 0,7 ha leigulóð í fallegu umhverfi Vatnshamravatns.
Eigin býður upp á marga möguleika, atvinnurekstur, dýrahald, geymslur, „dótakassa" og jafnvel hýbýli.








## Átt þú orlofseign sem þú vilt leigja?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði víðs vegar um landið og erlendis. Eignirnar þurfa að vera snyrtilegar, fullbúnar húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **hjukrun@hjukrun.is** eða hafi samband við skrifstofu í síma **540 6400**.



# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.** Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. **Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Anna Kristín Ólafsdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Þjóðhagsleg sóun

**Forsendur byggðar á Íslandi byggja á því sem náttúran gefur af sér og þeim mannauði sem hér býr. Þá skiptir máli að nýting náttúru og mannauðs sé með þeim hætti að fólk sjái sér einhvern hag í því að búa hér á landi fremur en í öðrum löndum. Forsendur þess eru m.a. sterkir innviðir og skynsamar leikreglur.**

Þegar rætt er um innviði verða menn að horfa á Ísland í heild sinni og sem hluta af alþjóðasamfélaginu. Ef litið er á nýtingu sjávarauðlinda einar og sér, þá liggur ákveðin arðsemi í því að ekki þurfi að sigla skipum langar leiðir til og frá fiskimiðum. Lega landsins með öll sín fiskimið allt um kring er því afar verðmæt og það hlýtur að auka enn á verðmæti ef hægt er að nýta hafnir allt í kringum landið sem liggja næst fiskimiðunum. Í þessu sambandi er tíminn líka verðmætur og hver klukkutími sem fer í siglingu á orkufreku fiskiskipi með fullri áhöfn skiptir líka miklu máli.

Góð nýting landfræðilega hagkvæmra aðstæðna er því afar mikilvæg fyrir þjóðina alla og hefur mikil áhrif á framleiðni þjóðfélagsins. Það á líka við um nýtingu lands til landbúnaðar. Það vill nefnilega oft gleymast í umræðunni að til að þjóðin geti staðið undir kostnaði af eigin rekstri verður heildin að skila vinnu og vörum sem hægt er að nýta í skiptum fyrir það sem við getum ekki framleitt hér á landi.

Öll sóun sem skapast af óþarfa kostnaði kemur á endanum niður á heildinni.

Til að hægt sé að nýta hagkvæmustu hafnirnar með tilliti til nálægðar við fiskimiðin og landbúnaðarland allt í kringum landið, þurfa innviðir á þeim stöðum líka að vera í lagi. Aðgengi að orku og fjarskiptum m.a. í formi ljósleiðara eru þar hluti af grunnþörfunum í nútímasamfélagi, fyrir utan samfélagsþætti, eins og heilbrigðisþjónustu og skóla. Góðar samgöngur eru líka afar mikilvægur hlekkur í keðjunni, því án þeirra hverfur sá hagur sem nálægðin við fiskimiðin og ræktarland skapar viðkomandi samfélagi. Til að tryggja heildarhagsmuni þjóðarinnar verða allir þessir þættir að ganga upp. Það skýtur því skökku við að Íslendingar séu að berjast hatrammri innbyrðis baráttu um þætti eins og samgöngumál.

Árið 2020 er að renna sitt skeið og það var fyrst á þessu ári sem Austfirðingar upplifðu að geta ekið á sæmilegum vegi með samfelldu bundnu slitlagi um fjórðunginn og til annarra landshluta. Hvað mega síðan Vestfirðingar segja? Þar horfir fram á að enn líði mörg ár þar til boðlegar vegasamgöngur verði komnar í lag, sem þó eru lífsnauðsynlegar fyrir byggðarlögin sem liggja þó næst verðmætustu fiskimiðum landsins.

Ástæður þess að ekki hefur gengið betur að koma á boðlegum vegasamgöngum á Vestfjörðum er mannlegur harmleikur. Þar hafa samtök fólks sem vissulega byggja tilveru sína á fallegri hugsjón barist ítrekað gegn þeim leiðum í vegagerð sem sérfræðingar hafa talið hagkvæmastar í þjóðhagslegum skilningi. Þar má nefna þverun Gilsfjarðar og vegagerð um lágreist nes í Þorskafirði. Heimamenn hafa harðlega gagnrýnt að þar sé fólk að nýta út í ystu æsar það vald sem lög og meingallaðar leikreglur heimila til að halda hluta þjóðarinnar í gíslingu.

Samkvæmt rannsóknum sem byggðar eru á viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum, þá hefur hvert einasta ár í töfum á því að ráðast í þessa einu þjóðhagslega hagkvæmu vegaframkvæmd á Vestfjarðavegi kostað þjóðina minnst 100 til 200 milljónir króna. Hagurinn sem þjóðfélagið hefur orðið af vegna tafa frá því fyrst var farið að ræða þessa vegagerð er því komin í 4.000 til 5.000 milljónir króna. Einhvern tíma hefði þetta verið kallað ábyrgðarlaus sóun.

*/HKr.*

## Riðuveiki




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


**Riðuveiki hefur nú greinst á fimm bæjum í Skagafirði. Eina ráðið til þess að bregðast við er niðurskurður á smituðu fé. Hugur okkar allra eru hjá þeim bændum og fjölskyldum þeirra sem eru í þessari ömurlegu stöðu. Ég vil treysta því að þeir aðilar sem lenda í þessum hremmingum leiti til Bændasamtakanna ef eitthvað er sem við getum aðstoðað þá með.**

Búið er að ræða við sveitarfélögin á svæðinu um aðkomu Kristínar Lindu Jónsdóttur sálfræðings til að gefa út leiðbeinandi efni um viðbrögð fyrir þá sem lent hafa í þessum ömurlegu aðstæðum. Þetta verkefni er unnið í samstarfi ráðuneytis landbúnaðar, Bændasamtakanna, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Ég vona að þetta geti veitt aðstoð í þeim aðstæðum sem uppi eru. Eins vil ég hvetja aðra sem þetta hefur áhrif á varðandi andlega líðan að leita til viðkomandi sveitarfélags eða Bændasamtakanna.



Nauðsynlegt er að endurskoða reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. Þetta hefur verið ítrekað við ráðuneytið og vonum við að brugðist verði skjótt við.

### *Af grænmeti*

Talsverð umræða hefur verið í fjölmiðlum undanfarnar vikur vegna skorts á íslenskum agúrkum. Þannig er að margir framleiðendur fóru í að endurnýja og laga húsnæði á sama tíma og fyrir bragðið varð tímabundinn skortur á afurðinni, sem var frekar óheppilegt. Nú er ný uppskera að taka við sér þannig að framboð á gúrkum ætti að verða eðlilegt á næstu dögum. Það sem er athyglisvert í þessari stöðu er að kallað var ítrekað eftir íslensku framleiðslunni þótt enginn tollur eða aðrar takmarkanir væru á innflutningi á þessum vörum. Þetta sýnir okkur að við sem neytendur viljum íslenskt og verðum frekar fúl ef við getum ekki verslað þessa vöru á hverjum degi. Við getum kannski hugsað þetta sem hvatningu til annarra afurða sem við teljum svo sjálfsagt að við getum gengið að á hverjum degi. Það kannski segir okkur að við þurfum að hlúa betur að framleiðslunni hér heima en ekki drepa hana í stundargleði innflutnings af því að það er svo miklu einfaldara.

### *Merkingar matvæla*

Mikið hefur verið rætt og ritað í gegnum tíðina um merkingu íslenskra matvæla. Og þá erum við að tala um öll matvæli unnin og fersk, í mötuneytum, á veitingastöðum og í verslunum. Ég tel nauðsynlegt að við bændur drögum sem flesta að borðinu og komum okkur saman um hvernig merkið á að vera og hvaða skyldur framleiðendur þurfa að uppfylla til að geta notað það og standa svo heilshugar á bak við eitt skilgreint merki íslenskra matvæla. Því þannig er eina leiðin fyrir okkur að aðgreina okkar frábæru vöru frá þeirri innfluttu. Það er með ólíkindum hvernig umræðan getur orðið undarleg en bara nýjasta dæmið er frétt Ríkisútvarpsins á ruv.is þann 17. 11 síðastliðinn en þar er fyrirsögn einnar fréttar „Ítalskur fuglsvængur fannst í íslensku salati“. Hvernig eigum við að skilja svona hluti? Það er kannski vegna þess að varan heitir „Veislusalat“ og er pakkað á Ítalíu. Það hefur bara ekkert með íslenskar afurðir að gera. Enn og aftur, okkar stærsta sóknarfæri í íslenskum landbúnaði er að merkja okkar vörur og aðskilja frá innfluttum svo fólk viti hvað það er að kaupa.

Íslenskt, já takk …

**Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda, rissaði upp þetta merki fyrir íslensk matvæli á örtíma fyrir formann Bændasamtakanna. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hvort þetta merki eða annað verður notað á umbúðir íslenskra matvæla. Íslenskt, já takk!**

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Hafursey er einstaklega fallegt móbergsfell á norðanverðum Mýrdalssandi skammt austan við Mýrdalsjökul. Vestan við eyjuna rennur Múlakvísl en í hana fer gjarnan hlaupvatn úr Kötluöskjunni. Hér er horft norð-norðaustur með norðanverðri Hafursey af veginum inn í Þakgil. Mikið fýlavarp er í Hafursey og undirhlíðarnar á austurhluta eyjarinnar eru vaxnar kjarri, en þar var skógur áður fyrr. Eyjan var áður nýtt til beitar og bændur í Hjörleifshöfða létu meðal annars fé sitt ganga þar sjálfala allt árið og höfðu í seli á sumrin til ársins 1854. Selið í Hafursey er ein af merkum söguminjum Íslands en í Kötlugosinu 1755 höfðust þar við sex menn meðan á goshlaupinu stóð. Þeir rituðu dagsetningu, ártal og fangamörk sín skýru letri í bergvegginn sem blasa við þegar inn er litið.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Forsíða dagatalsins fyrir næsta ár.

## Karólína í Hvammshlíð gefur út dagatal í þriðja sinn:

# Sveitalífið og hugleiðingar um sauðfjárbúskapinn

**Karólína í Hvammshlíð heldur áfram að skrásetja sveitalífið í máli og myndum og gefa afraksturinn út í formi dagatals, um þetta leyti árs. Þetta er þriðja árið sem hún gefur út dagatal. Síðustu tvö ár gerði hún það meðal annars til að fjármagna kaup á dráttarvél – og vegna þess hversu vel þær útgáfur gengu, ákvað hún að láta slag standa einnig þetta árið.**

Karólína Elísabetardóttir býr í Hvammshlíð í Skagabyggð, Austur-Húnavatnssýslu, með kindur sínar, hesta og hunda. Hún keypti jörðina fyrir fimm árum er jörðin var í eyði og hefur smám saman verið að stækka bústofninn.

„Ég hugsaði um það lengi fram og til baka hvort ég ætti að halda áfram að gefa út dagatal. En eftir að ég fékk um mitt sumar nokkrar fyrirspurnir um „næsta dagatal“ ákvað ég að láta vaða,“ segir Karólína.

### *Sauðalitur mánaðarins*

„Fróðleikur, sögur og skoðanir“ er titillinn á dagatalinu, innihaldið er þar með að vissu leyti persónulegra en hin árin, þegar þjóðlegur fróðleikur var uppistaða hins ritaða máls. Auk upplýsinga um búskapinn á bænum og annarra staðreynda skrifar Karólína þannig líka skoðanapistla núna; til dæmis um meintar tilviljanir, umdeildan lausagang búfjár og kindvænar rúningsaðferðir. Kaflarnir „sauðalitur mánaðarins“ eru einnig nýjung og upplýsa lesendurna ekki einungis um litbrigðin svart, mógolsótt, svartbotnótt, flekkótt og margt fleira, heldur eru líka einn eða tveir fulltrúar viðkomandi litar í Hvammshlíðarhjörðinni kynntir nánar. „Áherslan liggur þar með enn meira á sauðkindinni en áður. Það er brýn þörf á því finnst mér, ekki síst í ljósi allt of lágs kjötverðs til sauðfjárbænda,“ útskýrir Karólína.

„Það eru til ótal hrossadagatöl og ljósmyndabækur í kringum hesta en til dæmis lambadagatalið eftir Ragnar í Sýrnesi er undantekning. Mér finnst það stórfurðulegt. Íslenska sauðkindin skipti jafn miklu máli í því að halda lífi í fólkinu áður fyrr og er í dag ómissandi þáttur sveitamenningar og auðvitað sem atvinnugrein.“

### *Bara júlí og ágúst alveg snjólausir*

Eins og í fyrra fylgja áhugaverðar gamlar myndir sem passa við efnið, jafnvel fleiri en 2020. „En samt sem áður prýða dagatalið úrvals ljósmyndir úr hversdagslífi kindanna, hundanna og hrossanna í Hvammshlíð. Jörðin tilheyrir bæði Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði og var í eyði frá 1888 þangað til ég flutti. Núverandi bæjarstæði er í 310 m hæð þannig að á venjulegu ári eru einungis júlí og ágúst alveg „snjólausir“. Einstök náttúrufegurð birtist í mörgum myndum og auk þess persónuleiki fyrirsætanna sem eru langflestar nafngreindar. Þetta er einmitt eitt markmiðið hjá mér; að miðla sveitahamingju og gleðja lesendur, ekki síst þá sem eiga heima á mölinni eða jafnvel í útlöndum. Þess vegna er dagatalið bæði á íslensku og á þýsku, textarnir eru samt ekki alveg eins heldur skrifaðir með ólíkar þarfir lesendahópanna í huga,“ segir Karólína en hún fluttist til Íslands frá Þýskalandi þar sem hún er fædd.



Kaflarnir „sauðalitur mánaðarins“ eru nýjung og upplýsa lesendurna ekki einungis um litbrigðin svart, mógolsótt, svartbotnótt, flekkótt og margt fleira, heldur er þar að finna einn eða tvo fulltrúa viðkomandi litar í Hvammshlíðarhjörðinni og þeir kynntir nánar.



### *Fæst um allt land*

Hægt er að kaupa dagatalið beint hjá Karólínu og í verslunum á hennar svæði. Afhendingarstaðir eru eftir samkomulagi á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurlandi og Austurlandi til að spara sem flestum kaupendum dýrt burðargjald. /smh

## MÆLT AF MUNNI FRAM 262

Þegar þetta er skráð, er fyrsti snjór fallinn þetta haust hér við Eyjafjörð. Það er kalt í „kortunum“ næstu daga og það vekur upp vísu góða sem **Þór Sigurðsson** frá Sellandi í Fnjóskadal orti einhverju sinni við líkar aðstæður að hausti:

*Grösin sölna, grána fjöll,*
*glöggt er haustsins letur.*
*Svona fara sumrin öll,*
*-senn er kominn vetur.*

Í síðasta vísnaþætti kynnti ég til sögu **Óla Þorbjörn Sveinsson** kenndan við Selá á Skaga. ( f. 1846 d.?) Kornungur byrjaði hann að gera vísur, og lýsir harðræði æsku sinnar og dapurlegum foreldramissi, felldum í fjórar línur. Föður- og móðurlaus réðst **Óli Þorbjörn** sem smali að Skíðastöðum í Ytri-Laxárdal í Skelfilsstaðahreppi. Til Laxárdals orti Óli þessar þrjár vísur:

*Laxárdals er lífvæn sveit,*
*lýðum miðlar gjaldi,*
*enga fegri ‘ég áður leit*
*undir sólar faldi.*

*Gleður bæði beima og sprund,*
*blómi sveita talinn.*
*Straumablá þar æðir um (?)*
*út í sæ um dalinn.*

*Áin veiði í sér ber,*
*afli fæst þar mætur,*
*í lygnum hyljum leikur sér*
*laxinn daga og nætur.*

Og fólk flutti til Ameríku sem var vonarland þess tíma. Eitthvað myndu menn þó hugsa sig um í dag:

*Lít ég yfir liðna tíð,*
*löngu horfna daga.*
*Hafís, frostið, fönn og hríð*
*flúðu menn af Skaga.*

Veturinn 1918 orti **Óli**:

*Það er hagur öllum oss,*
*eyðast baga tíðir*
*þegar lagar fríður foss*
*fjörðinn Skaga prýðir.*

Og á nýársdag 1932, orti **Óli Þorbjörn**:

*Stefnir á Skaga stórhríðin,*
*stórum baga veldur.*
*Nýársdagur nýrunninn,*
*nú er ei fagur himinninn.*

Á efstu árum orti **Óli** næstu tvær vísur:

*Mitt er ævi skammtað skeið,*
*skunda þrátt um stræti.*
*Óðum hallar lífsins leið*
*lúnum undan fæti.*

*Kólnar blóð í æðum ótt,*
*á ég lóð þó hjari.*
*Þökk fyrir góða gleðinótt*
*garpa og fljóðaskari.*

En víkjum til nýrri tíma. Í bréfkorni frá Pétri Péturssyni, lækni á Akureyri, greinir hann frá hagyrðingasamkomu, þar sem ásamt honum sat Óskar Sigurfinnsson í Meðalheimi. Þar var fyrir skáldin lagt, hvort þeir hygðust „gefa undan sér“ á Reðasafn Íslands að þeim látnum. Andsvar **Óskars** í Meðalheimi gleymist engum sem á hlýddu:

*Mér varð fyrir löngu ljóst*
*að lífið allt má þreyja,*
*enda hef ég aldrei sóst*
*eftir því að deyja.*

*Væna gripi velja ber*
*vísindin svo dafni.*
*Það er ekkert undir mér*
*sem ætti heima á safni.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Matís hafa undirritað tvo nýja samninga. Var þetta kynnt í gegnum fjarfundarbúnað, en á skjánum er Oddur M. Gunnarsson, forstjóri Matís.

# Ráðherra undirritaði nýjan þjónustusamning við Matís

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Matís hafa undirritað tvo nýja samninga, þjónustusamning til að tryggja öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna og samning um eflingu starfsemi Matís á landsbyggðinni.**

„Með samningunum felum við Matís að sinna uppbyggingu á starfsemi sinni á landsbyggðinni í takt við þá stefnu sem við höfum markað okkur um að fjölga störfum og auka verðmætasköpun á landsbyggðinni. Með nýjum þjónustusamningi er settur skýr rammi utan um það mikilvæga verkefni að tryggja öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna. Samningurinn er nú í fyrsta sinn gerður til þriggja ára til að auka stöðugleika. Matís sinnir lykilhlutverki í matvælaöryggi landsins og mikilvægt er að tryggja þeirri starfsemi öruggan og fyrirsjáanlegan rekstrargrundvöll," sagði ráðherra.

***Uppbygging á landsbyggðinni í samræmi við stefnumótun ráðherra***

Með samningi um eflingu þjónustu Matís á landsbyggðinni fær Matís 80 milljónir króna á tveggja ára tímabili til að styrkja starfsemi sína og auka samvinnu við atvinnugreinar í þróunar- og rannsóknarstarfi.

„Með þessu mun Matís geta skapað tækifæri til aukins samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og menntastofnanir. Við stefnum á að a.m.k. 10% starfsgilda Matís verði á landsbyggðinni," segir Oddur M. Gunnarsson, forstjóri Matís, en þetta er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um störf án staðsetningar.

Markmið samningsins er meðal annars að færa starfsemi Matís nær viðskiptavinum og bæta verðmætasköpun til framtíðar með aukinni nýsköpun, rannsóknar- og þróunarvinnu.

***Þjónustusamningur um rannsóknir til þriggja ára***

Ráðherra undirritaði einnig þriggja ára þjónustusamning um rannsóknir, rekstur tilvísunarrannsóknarstofu og öryggis- og forgangsþjónustu á sviði matvæla. Markmið samningsins er að tryggja öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna. Í samningnum er jafnframt kveðið á um hlutverk Matís á sviði rannsókna sem auka verðmæti íslenskrar matvælaframleiðslu og stuðla að öryggi og heilnæmi hennar.

Með samningnum tryggir Matís aðgengi að öryggisþjónustu rannsóknarstofu og lágmarks viðbragðstíma við óvæntar uppákomur sem geta ógnað matvælaöryggi og heilsu neytenda. Þá sér Matís til þess að nauðsynlegir rannsóknarinnviðir séu til staðar svo hægt sé að fara með öflugt matvælaeftirlit.

„Samningurinn er í samræmi við þau markmið um að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum afurðum úr sjó og af landi auk þess að stuðla að aukinni nýsköpun í virðiskeðju íslenskrar matvælaframleiðslu," segir ráðherra. /HKr.

## Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands:

# Rannsóknir skorti á nauðsyn þess að skera niður geitahópa á riðusmituðum sauðfjárbúum

## – segir Anna María Flygenring, endurkjörinn formaður félagsins



Anna María Flygenring, formaður Geitfjárrækarfélags Íslands og bóndi í Hlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

**Nýlega hélt Geitfjárræktarfélag Íslands aðalfund. Anna María Flygenring var kjörin til áframhaldandi formennsku. Meðal umfjöllunarefna á fundinum voru riðutilfellin á sauðfjárbúum í Skagafirði og niðurskurður í geitahópum þar af þeim sökum, sem er högg fyrir hinn smáa íslenska stofn. Riðusmit hefur aldrei verið staðfest í íslenskum geitum og ekki sannað að smit geti borist á milli geita og sauðfjár.**

Formaður félagsins sagði að í skýrslu stjórnar hafi verið farið yfir verkefni ársins 2019 til 2020. Halda átti fundinn í mars en honum var frestað vegna COVID-19. Úr stjórn fór Anna María Lind Geirsdóttir og úr varastjórn Guðmundur Freyr Kristbergsson, en í þeirra stað komu Sif Matthíasdóttir í varastjórn og Þorsteinn Þorsteinsson í aðalstjórn.

„Verkefni félagsins hafa verið allmörg og ber þar fyrst að nefna að koma upp varanlegu húsnæði fyrir hafra og aðstöðu til sæðinga. Það tókst, í september var komið starfsleyfi og hafrar fluttu inn skömmu síðar. Að mestu leyti sáu þau Birna K. Baldursdóttir og Guðni Ársæll Indriðason um verkið, þau eru bæði stjórnarmeðlimir. Birna og Jóhanna B. Þorvaldsdóttir sóttu hafra sem höfðu verið fóstraðir hjá þeim og einnig tvö hafurskið á Norðausturland," sagði Anna María.

***Riðuveikin á Tröllaskaga***

Talsverð umræða spannst á fundinum um nýuppkomin tilfelli riðu í Tröllaskagahólfi. Í því hólfi eru allmargar geitur og m.a. á bænum Grænumýri er stór hjörð geita. Ástæða sé til að hafa miklar áhyggjur af stofni, sem telur einungis 1.470 geitur, og er í útrýmingarhættu ef skera þarf þann hóp.



***Riðusmitin í Skagafirðinum eru alvarleg tíðindi fyrir geitabændur***

„Þetta eru stór bú og mikið áfall fyrir þessa bændur að missa lífsviðurværi sitt. Okkar samúð er með þeim. Nú liggur fyrir að það eru á fjórða tug geita á einum af þeim fjórum bæja sem búið er að staðfesta riðusmit á, en við höfum ekki fengið upplýsingar um hvort það þarf að skera allt niður.

Það hafa hingað til gilt sömu reglur um niðurskurð og um sauðfé í þessum aðstæðum. Staðreyndin er þó sú að það hefur aldrei verið staðfest riða í íslenskum geitum, þó að slík smit hafi komið upp í útlöndum. Við teljum að það verði að skoða þetta alvarlega, þar sem geitastofninn er mjög viðkvæmur og enn í útrýmingarhættu. Geitur eru öðruvísi en sauðfé, genasamsetning þeirra er öðruvísi."

***Öflugt starf Jóhönnu á Háafelli hefur lagað stöðuna***

Íslenski geitastofninn hefur stækkað lítillega á síðustu árum, telur nú 1.470 vetrarfóðraðar að höfrum og geldum höfrum meðtöldum. Anna María segir að það sé aðallega vegna þess öfluga starfs sem farið hefur fram hjá Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur á Háafelli – einkum frá árinu 2014 þegar kvendýrin voru rúmlega 980. Alþjóðleg viðmið til að stofn teljist laus úr útrýmingarhættu er að vera um fimm til sjö þúsund kvendýr (huðnur). /smh

# Íslenska geitin komin á háborð verkefna hjá Slow Food-hreyfingunni

## – en misgóð þjónusta samt sögð í boði varðandi geitaslátrun hjá sláturleyfishöfum

**Á undan aðalfundi Geitfjárræktarfélags Íslands sem haldinn var fyrir skömmu var kynning á þeim verkefnum sem Matís hefur unnið að í samstarfi við geitabændur, þar á meðal að vöruþróunarverkefni.**



Fyrir þremur árum fór Geitfjárræktarfélagið í samstarf við Matís um verkefni sem heitir Vöruþróun geitfjárafurða. Anna María Flygenring, formaður félagsins, segir að lokaskýrsla verkefnisins hafi verið kynnt fyrir aðalfundinum.

***Hágæða hráefni***

„Þetta hefur verið mjög gefandi starf og nú er búið að gefa út bækling um möguleika geitfjárafurða. Það er búið að rannsaka eiginleika þessara afurða og staðfesta að um hágæða hráefni er að ræða til að vinna úr gæðavörur; osta, kjöt, fiðu – sem flokkast sem kasmír að gæðum – og stökur (skinn).

Einnig hafa geitabændur sýnt meiri áhuga á að kemba geiturnar, því það þarf að gera með höndunum einum, og senda fiðuna til vinnslu og spuna hjá spunaverksmiðjunni Uppspuna.

***Vinna á að útgáfu leiðbeininga um matreiðslu geita- og kiðakjöts***

Ákveðið var á fundinum að stofna starfshóp, sem vinna skal að útgáfu uppskrifta og leiðbeininga um matreiðslu geita- og kiðakjöts.

***Á háborðið hjá Slow Food***

Það er líka gleðiefni að íslenska geitin hefur nú verið sett við nokkurs konar háborð í verkefni á vegum Slow Food-hreyfingarinnar, sem kallast Presidia. Dominique Plédel Jónsson, frá Slow Food Reykjavík, leiðir hóp sem stofnaður var til að koma þessu verki í höfn en strangar kröfur eru gerðar af hálfu Slow Food til að afurðir megi bera merki þeirra."

***Misgóð þjónusta í sláturhúsum***

Anna María segir að sláturhúsamál hafi einnig borið á góma á fundinum, en misgóð þjónusta virðist vera í boði fyrir geitabændur hjá sláturleyfishöfum.

„Verð á slátrun er mishátt. Það er ljóst að slátrun geita mætir sums staðar mótspyrnu, þær hægja á sláturlínunni, það er erfiðara að flá þær en lömb sem allt er miðað við. Ekki fer sögum af hvernig er að flá til dæmis ungkálfa."

***Sútuð staka getur selst á 16–25 þúsund krónur***

„Stökur hafa týnst í húsunum og skemmst, þrátt fyrir að geitabændur hafi beðið um heimtöku. Sútuð staka getur selst á 16–25 þúsund krónur stykkið og jafnast það á við minnst tvo lambsskrokka.

Er ekki víst að sauðfjárbændur væru glaðir ef reglulega týndust tveir skrokkar úr hverju innleggi. Fundarmenn ræddu hvort ekki sé hægt að semja við sláturhúsin um að slátra geitum á öðrum árstímum eins og gert er með hross og nautgripi," sagði Anna María.

Geitfjárræktarélag Íslands var stofnað 22. nóvember 1991 í Bændahöllinni. Þá taldi geitastofninn um 350 dýr. Íslenski geitastofninn er búfjárstofn sem telst í útrýmingarhættu samkvæmt skilgreiningu FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, en til að vera utan hættu þurfa að vera að lágmarki 4.200 kvendýr en helst 7.800 til að stofninn sé stöðugur. /smh/VH

## Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda:

# Óbreytt stjórn situr fram að næsta aðalfundi

**Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda fór fram á fjarfundi fimmtudaginn 12. nóvember sl. 65 ár eru nú liðin frá stofnun Sambands garðyrkjubænda.**

Vegna aðstæðna var aðalfundurinn nú einvörðungu boðaður til að afgreiða lögbundin mál, en hefðbundin erindi gesta og umræður munu bíða betri tíma.

***Óbreytt stjórn fram að næsta aðalfundi***

Stjórn og aðrir trúnaðarmenn félagsins voru endurkjörin til næsta aðalfundar sem vonir standa til að fari fram strax í kjölfar Búnaðarþings næsta vor.

Í stjórn Sambands garðyrkjubænda sem kjörin var á aðalfundi 9. apríl 2019 sitja:

Gunnar Þorgeirsson í Ártanga, sem er formaður. Helga Ragna Pálsdóttir, Kjarri í Ölfusi er varaformaður. Meðstjórnendur eru þau Óskar Kristinsson, Dynskálum, Sigrún Pálsdóttir á Flúðum og Þorleifur Jóhannesson á Hverabakka á Flúðum.

***Heiðursviðurkenningar garðyrkjunnar***

Árlega hefur Samband garðyrkjubænda haft fyrir sið að veita heiðursviðurkenningu til garðyrkjufólks, sem hvert á sinn hátt hefur stuðlað að framförum í íslenskri garðyrkju með framlagi sínu til ræktunar, félagsstarfa, fagþekkingar og margvíslegra verkefna á sviði garðyrkjunnar. Að þessu sinni var ákveðið að veita tvær viðurkenningar. Annars vegar til framúrskarandi ræktenda úr röðum félagsmanna og hins vegar til aðila utan félags fyrir mikilsvert framlag.

Heiðursviðurkenningu garðyrkjunnar 2020 hlutu hjónin Sveinn Sæland og Áslaug Sveinbjörnsdóttir að Espiflöt í Biskupstungum.

Heiðursverðlaun til aðila utan garðyrkjunnar hlaut Bændablaðið sem öflugur málsvari íslenskra bænda og garðyrkju um árabil.

Verðlaunagripurinn er útskorin klukka úr tré eftir Hjört Ingason, húsasmíðameistara á Sauðárkróki. Hann er með áralanga reynslu af hönnun og smíði minjagripa.



Úr Skagafirði, Mynd HKr.

## Niðurskurðurinn vegna riðuveikinnar í Skagafirði:

# Sálfræðingur mun veita bændum sálrænan stuðning og ráðgjöf

**Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bændasamtök Íslands og sveitarfélögin í Skagafirði hafa gert samkomulag við Kristínu Lindu Jónsdóttur, sálfræðing, um að veita sauðfjárbændum sálrænan stuðning og ráðgjöf vegna riðuveiki sem greinst hefur í Tröllaskagahólfi.**

Í verkefninu felst að heimilisfólki á þeim búum þar sem riðuveiki hefur greinst stendur til boða að nýta sér sálfræðiþjónustu Kristínar Lindu. Ráðgjöfin verður í boði Skagafirði þegar aðstæður leyfa eða í gegnum fjarfundarbúnað. Auk þess hafa framangreindir aðilar fengið sent fræðslu- og leiðbeiningarefni sem hefur verið tekið saman um áhrif af ytri áföllum á líðan fólks og hagnýt ráð sem hafa reynst vel þegar erfiðleikar og áföll ganga yfir. Sjónum er sérstaklega beint að viðbrögðum ef riðuveiki greinist í sauðfé. Í fræðsluefninu er auk þess vikið að bjargráðum foreldra vegna upplifunar barna og ungmenna.

Þá mun Kristín Linda sækja opinn upplýsingafund sem fyrirhugað er að halda á næstu vikum þar sem hún mun taka þátt í umræðum og svara spurningum.

Kristín Linda ólst upp á blönduðu búi í Fnjóskadal í Þingeyjarsýslu og var bóndi í Miðhvammi í Aðaldal í 15 ár. Hún er nú klínískur sálfræðingur og hefur starfað á eigin sálfræðistofu, Huglind ehf., í Reykjavík í níu ár.





Ariens var stofnað árið 1933 í Wisconsin í Bandaríkjunum og þar hafa bæði hönnunin og framleiðslan verið allar götur síðan enda fyrirtækið gengið, föður til sonar í fjórar kynslóðir.

Komin er margra áratuga reynsla á snjóblásarana frá Ariens við krefjandi aðstæður í Bandaríkjunum, Canada, Skandinavíu og víðsvegar annars staðar í Evrópu. Ariens eru mest seldu tveggja þrepa snjóblásarar í heiminum, þekktir fyrir einstök gæði, afl og endingu.

Jötunn hefur síðastliðin 4 ár selt snjóblásara o.fl. vörur frá Ariens sem hafa reynst einstaklega vel í íslenskum aðstæðum.

ARIENS Deluxe 24 DLE



**Vélarstærð:** 254cc
**Vinnslubreidd:** 61 cm
**Vinnsluhæð:** 53,3 cm
**Blásturslengd:** 15,2 m
**Afkastageta:** Allt að 56,2 tonn á klst
**Startari:** Rafstart/handstrektur
**Gírar:** 6 áfram/ 2 aftur
**Mótor:** Ariens AX
**Fjórgengis**

**410.000**
kr. m/vsk

ARIENS Classic 24E



**Vélarstærð:** 208cc
**Vinnslubreidd:** 61 cm
**Vinnsluhæð:** 53,3 cm
**Blásturslengd:** 12,2 m
**Afkastageta:** Allt að 52,3 tonn á klst
**Startari:** Rafstart/handstrektur
**Gírar:** 6 áfram/ 2 aftur
**Mótor:** Ariens AX
**Fjórgengis**

**269.000**
kr. m/vsk

ARIENS Pro 28 DLE



**Vélarstærð:** 420cc
**Vinnslubreidd:** 71,1 cm
**Vinnsluhæð:** 59,7 cm
**Blásturslengd:** 18,3 m
**Afkastageta:** Allt að 71,6 tonn á klst
**Startari:** Rafstart/handstrektur
**Gírar:** 6 áfram/ 2 aftur
**Mótor:** Ariens AX
**Fjórgengis**

**595.000**
kr. m/vsk

AFLVÉLAR JÖTUNN

Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



**Forsala á granít garðbekkjum**

STEINSMIÐJA AKUREYRAR





**Kynningartilboð til áramóta - afhending í byrjun maí.**

Viðhaldsfríir garðbekkir úr graníti. 130 cm breiðir ca 140 kg. 3 litir.
Hægt að grafa letur eða logo í bak eða sessu gegn aukagjaldi.

Forsöluverð 200.000 ~~(280.000)~~ - frír flutningur um allt land.

Staðfestingargjald 100.000

steinsmidjaakureyrar.is s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR

Bændasamtök Íslands:
# „Förum eftir alþjóðasamningum“

**Bændasamtök Íslands sendu á dögunum frá sér yfirlýsingu vegna tollamála og fréttaflutnings af þeim málum og viðbrögðum Félags atvinurekenda sem fram koma í Ríkisútvarpinu. Í yfirlýsinguni sem undirrituð er af Gunnari Þorgeirssyni, formanni Bændasamtakanna, segir:**

„Á þessu ári hafa Bændasamtök Íslands átt í miklum samskiptum við íslensk stjórnvöld vegna tollflokkunar á ýmsum landbúnaðarvörum. Út á við hefur umfjöllunin einkum verið um vöru sem í frétt á RÚV þann 11.11 er kölluð „jurtablandaður pítsaostur“.

Í frétt RÚV er haft eftir yfirlýsingu frá Félagi atvinurekenda að:

„Slíkur ostur verði, með jurtaolíublönduninni, tollfrjáls og það hafi verið með fullu samþykki og vitneskju tollyfirvalda ... Það sé í fullu samræmi við alþjóðareglur.“

Þær staðfestu upplýsingar sem hafa komið fram skýra meginatriði málsins og staðan er eftirfarandi:

Þann 17. febrúar gaf Skatturinn út bindandi álit um tollflokkun á rifnum osti sem hertum flögum úr jurtafeiti hafði verið bætt saman við. Bindandi niðurstaða þess álits sem var sótt um og gefið út á grundvelli 20. gr. tollalaga nr. 88/2005, var að umrædd vara ætti að tollflokkast sem ostur í tollflokk 0406.2000. Í kjölfarið urðu allnokkur samskipti við stjórnvöld út af tollflokkun, m.a. á þessari og sambærilegum vörum. Niðurstaða þess var í stuttu máli sú að Skatturinn leitaði álits DG TAXUD (Tolla- og skattaskrifstofu ESB) í Brussel. Svar barst Skattinum 4. júní þess efnis að sú vara sem til umfjöllunar var skyldi tollflokkast sem ostur í tollskrárnúmer 0406.2000 en hvorki í 19. né 21. kafla tollskrár.

Þann 23. júní tilkynnti tollgæslustjóri enn fremur eftirfarandi til lögmanna hagsmunasamtaka framleiðenda:

„Tollyfirvöld geta staðfest að „Mozzarella pizza mix“ mun, í samræmi við álit starfsmanna framkvæmdastjórnar ESB, verða flokkað í 4. kafla tollskrár en hvorki 19. né 21. kafla. Þá geta tollyfirvöld enn fremur staðfest að vörur sem eru framleiddar í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í nefndu áliti, þ.e., þar sem jurtaolíum hefur verið blandað við mjólkurvörur af tækni- og hagkvæmnisástæðum en án þess að mjólkurfitu sé skipt út fyrir jurtafitu, munu einnig flokkast í 4. kafla tollskrár.

Loks mun endurskoðunardeild Skattsins athuga hvort vörur sem ættu að vera í 4. kafla í samræmi við ofangreind sjónarmið hafi á sl. sex árum verið flokkaðar í aðra kafla tollskrár.“

Bændasamtök Íslands líta með þessu svo á að þetta mál, eins og önnur sem varða tollframkvæmd, séu til skoðunar hjá endurskoðunardeild Skattsins. Auk þessa hefur málið komið til kasta Alþingis sem í meðhöndlun sinni ákvað þann 5. nóvember sl. að fela Ríkisendurskoðun að taka mál skýrslu um starfsemi Skattsins við framkvæmd tollalaga. Þessi mál eru því í heild sinni til skoðunar hjá þar til bærum stjórnvöldum. /VH


Gunnar Þorgeirsson.



Guðrún Svanhvít Kristjándóttir, bóndi í Bræðratungu, fjallkóngur Tungnamanna og sveitarstjórnarmaður í sveitarstjórn Bláskógabyggðar, sem segir að það þurfi að fara í það af fullri alvöru að sinna viðhaldi varnarlína í landinu, annars sé hætta á frekari útbreiðslu riðuveikinnar. Mynd / MHH

# Bændur í Biskupstungum pirraðir vegna lélegra varnargirðinga og ristarhliða á milli varnarhólfa

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ályktaði nýlega um mikilvægi þess að huga að varnarlínum vegna búfjársjúkdóma. Ályktunin kemur í kjölfar riðuveikinnar, sem greindist nýlega á búum í Skagafirði.**

Guðrún Svanhvít Kristjánsdóttir, bóndi í Bræðratungu í Biskupstungum í Bláskógabyggð, sem á sæti í sveitarstjórn, segir að varnarhólf og viðhald varnarlína séu lykillinn að því að riðuveiki breiðist ekki út og verði landlæg.

„Já, varðandi búfjársjúkdóma almennt þá þarf alltaf að vera á tánum og gæta að smitvörnum búfjár í hvívetna hvort heldur er við landamæri eða milli einstakra svæða á landinu. Það verður því að fara í það af fullri alvöru að sinna viðhaldi varnarlína í landinu, annars er hætta á frekari útbreiðslu veikinnar. Það er lögbundin skylda Matvælastofnunar að hafa eftirlit með og viðhalda varnarlínum, því er mikilvægt að stofnuninni sé tryggt fjármagn í verkefnið. Þá má líka benda á það að ristarhlið eru víða hluti af varnarlínum og það verður að segjast að viðhaldi á þeim hefur verið ábótavant. Ristarhlið þar sem jarðvegur nær upp í ristarnar halda ekki búfé, Ristarhlið eru hluti af vegakerfinu og viðhald á þeim heyrir því alla jafna undir Vegagerðina. Það er eins með þennan málaflokk og aðra í þessu landi, það er ekki nóg að stofna ríkisstofnanir og setja lög, það þarf að tryggja stofnunum fjármagn til að þær geti sinnt sínum lögbundnu skyldum,“ segir Guðrún Svanhvít, sem er pirruð yfir ástandinu og þannig er um fleiri bændur í hennar sveit.

***Glapræði að sameina hólf***

Rætt hefur verið um að sameina Biskupstungna- og Hrunamannahólf en Guðrún segir það algert glapræði og það sé almennt viðhorf bænda í Biskupstungum.

„Það væri ekki einungis verið að sameina Tungurnar og Hrunamannahrepp í eitt hólf heldur líka Skeiða, Gnúp og Flóann. Hrun, Skeið, Gnúp og Flóinn eru eitt varnarhólf , að stækka það hólf enn frekar myndi auka hættuna til muna að skera þyrfti niður fé á stóru svæði ef upp kæmi riða. Árið 2004 var allt fé í Biskupstungum skorið niður í einhverjum mesta riðuniðurskurði sem farið hefur verið í á Íslandi, ekki einungis á bæjum þar sem riða greindist heldur öllum bæjum. Bændur í Tungunum hafa síðustu 14 ár ræktað upp nýjar hjarðir með góðum árangri og ég efast um að bændur séu tilbúnir að fórna því starfi með því að sameinast varnarhólfum þar sem riða hefur komið upp eftir að fjárskiptin urðu hér í sveit. Árið 2007 greindist riða á tveimur bæjum í Hrunamannahreppi,“ segir Guðrún Svanhvít. /MHH

## MAST segir engar fjárheimildir til viðhalds varnargirðinga

**„Matvælastofnun býr ekki yfir fjárheimildum til viðhalds varnargirðinga. Fjárveitingarnar eru ákvarðaðar og greiddar af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu,“ segir Sigurjón Njarðarson, fulltrúi yfirdýralæknis.**

„Aðkoma Matvælastofnunar að viðhaldi varnargirðinga er forgangsröðun á ráðstöfun fjármuna, þ.e.a.s. hvernig þeim er skipt á varnargirðingar á landinu. Úthlutunin tekur fyrst og fremst mið af sjúkdómastöðu milli varnarhólfa en einnig af ástandi varnarlína hverju sinni. Matvælastofnun hefur annast samningagerð við verktaka við girðingaframkvæmdir.“

*– Af hverju eru þessi mál í jafn miklum lamasessi og virðist vera?*

„Fjármagn til viðhaldsins hefur aukist á undanförnum árum. Víða er ástand varnargirðinga ekki gott og ljóst að sum landsvæði koma verr undan vetri en önnur. Varnargirðingar eru nauðsynlegur liður í að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma í dýrum og því er mikilvægt að tryggja fullnægjandi fjármagn til viðhalds þeirra.“

*– Eru einhverjar áætlanir í gangi með þessi mál núna?*

„Hið opinbera er meðvitað um stöðu mála og unnið er að skoðun kerfisins,“ segir Sigurjón. /MHH

Aðalfundur Slow Food Reykjavík:
# Unnið að því að gera gagnvirkt kort með „Slow Food“ veitingastöðum

**Aðalfundur Slow Food Reykjavík var haldinn með fjarfundarbúnaði 5. nóvember. Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari er áfram formaður og hún segir að nokkur verkefni á vegum hreyfingarinnar hafi verið til umræðu á fundinum, til dæmis gerð gagnvirks korts með veitingastöðum á Íslandi sem vinna í anda Slow Food-hugsjónarinnar.**

„Hugmyndin er að kortið verði aðgengilegt á vefnum og mögulega sem app þegar fram í sækir. Þetta eru að sjálfsögðu erfiðir tímar fyrir veitingamenn og óvíst hverjir standa eftir. En það er mikilvægt að byrja á þessari vinnu,“ segir Dóra. „Slow Food Youth Network er orðið mjög virkt hér á landi og það er átta manna hópur þeirra sem með miklum eldmóð er með nokkur verkefni í gangi; meðal annars einmitt að kortleggja veitingahúsaflóruna þeirra sem vinna í Slow Food-andanum. Eins eru þau að vinna í Diskó súpu-verkefnum, „átaki gegn matarsóun“ og eru í talsverðu sambandi við nemendafélögin í Háskóla Íslands.“

***Aðstoðað við eldamennsku hjá Samhjálp***

„Annað frábært verkefni sem Cornel G. Popa hafði veg og vanda af var samstarf við Samhjálp. Cornel er ungur ítalskur kokkur sem hefur starfað með okkur og í samstarfinu við Samhjálp fór hann og hjálpaði á kaffistofu Samhjálpar á morgnana og seinnipartinn nokkrum skjólstæðingum kaffistofunnar og kenndi þeim grunnatriðin í matreiðslu. Bæði fyrir þá sjálfa og eins þannig að þeir gætu jafnvel fengið vinnu í stóreldhúsum í framhaldinu. Verkefninu lauk núna í október og tveir af hans lærlingum vinna núna fyrir Samhjálp og sjá um hádegismatinn,“ segir Dóra.

Nýja stjórn Slow Food Reykjavík skipa auk Dóru þau Gunnþórunn Einarsdóttir, gjaldkeri, Dominique Plédel Jónsson, ritari og þeir Sveinn Kjartansson og Svavar Halldórsson meðstjórnendur. /smh


Dóra Svavarsdóttir er áfram formaður Slow Food Reykjavík.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefnd Akrahrepps:
# Lélegt fjarskiptasamband veldur áhyggjum

**Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefnd Akrahrepps hafa lýst yfir áhyggjum sínum yfir lélegu fjarskiptasambandi víða um Skagafjörð, en það dregur úr öryggi þeirra sem búa á svæðinu eða eiga leið um það.**

Sveitarfélögin í Skagafirði hafa unnið að því á undanförnum árum í samvinnu við stjórnvöld í gegnum verkefnið Ísland ljóstengt að koma á ljósleiðaratengingu í dreifbýli utan markaðssvæða.

***Samband víða stopult***

Er þess nú skammt að bíða að flest heimili í dreifbýli í Skagafirði hafi aðgang að háhraða fjarskiptatengingu. Gsm og tetra-samband í Skagafirði er hins vegar víða stopult eða ekki til staðar. Á þetta nokkuð víða við, m.a. í inndölum og um hálendið þar sem m.a. er stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta, auk þess sem svæðið laðar að sér marga gesti til útivistar. Enn er því óleyst það mikilvæga verkefni að tryggja fjarskiptasamband fyrir almenning til neyðar- og viðbragðsaðila gegnum 112.

***Þarf að auka öryggi íbúa***

Byggðarráð og hreppsnefnd hafa hvatt Neyðarlínuna og ríkisvaldið til að tryggja fullnægjandi fjarskiptasamband með uppsetningu fleiri senda í samvinnu við staðkunnuga, auk þess sem Tetrasambandið verði stórlega bætt til að auka öryggi íbúa og ferðamanna í landshlutanum.

Þá skora byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefnd Akrahrepps enn fremur á Neyðarlínuna og ríkisvaldið að tryggja fullnægjandi fjarskiptasamband á bæjum í Skagafirði áður en gamla koparkerfið (heimasíminn) verður að fullu lagt niður á næstu vikum. „Annað er með öllu ólíðandi,“ segir í bókun. /MÞÞ


Frá Skagafirði. Mynd / HKr.




Bláa línan sýnir nýja veglínu norðan við Svínavatn.

## Bæjarstjórn Akureyrar:

# Þjóðhagslegur ávinningur fæst af styttingu Þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur

**Bæjarstjórn Akureyrar hefur hvatt ríkisstjórn Íslands og Alþingi til þess að meta og taka afstöðu til hugmynda sem fram hafa komið um styttingu Þjóðvegar 1 á milli Eyjafjarðar og Reykjavíkur.**

„Ljóst er að verulegur þjóðhagslegur ávinningur hlýst af styttingu leiðarinnar sem myndi bæta samkeppnishæfni svæðisins á atvinnu- og íbúamarkaði,“ segir í ályktun sem bæjarstjórn Akureyrar samþykkti á fundi nýverið. Að auki er bent á að stytting leiðarinnar auki umferðaröryggi og hafi jákvæð umhverfisáhrif. „Því hlýtur það að vera þjóðþrifamál að koma framkvæmdum sem þessum inn í samgönguáætlun eins og nú þegar hefur verið gert með breikkun þjóðvegar 1 um Kjalarnes og með framkomnum hugmyndum um framkvæmdir við Sundabraut,“ segir enn fremur.

Leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur er nú 388 kílómetrar en um árin hefur ýmsum möguleikum verið velt upp sem stytt gætu þá leið. Oftast er bent á mögulega styttingu í Húnavatnssýslu og Skagafirði, þ.e. að fara framhjá bæði Varmahlíð og Blönduósi en þær hugmyndir hafa fallið í fremur grýttan jarðveg heimamanna á þeim stöðum.

Styttri leið hefur í för með sér fjárhagslega hagkvæmni, m.a. með lægri ferðakostnaði og flutningskostnaði. Einnig jákvæð umhverfisáhrif með minni útblæstri bíla og eins megi gera ráð fyrir færri slysum en í skýrslu sem Háskólinn á Akureyri gerði í eina tíð kemur fram að áætla megi að umtalsverð fækkun slysa yrði í kjölfar þess að leiðir yrðu styttar í Húnavatnssýslu og Skagafirði. */MÞÞ*

TÍMARIT BÆNDABLAÐSINS 2021




TRYGGÐU ÞÉR AUGLÝSINGAPLÁSS Í TÍMA

Í mars nk. kemur út **Tímarit Bændablaðsins**.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og eru efnistökin fjölbreytt. Það verður prentað í **8.000 eintökum** og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaði. Lengd ritsins er yfir **100 síður** og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

**Þetta er kjörinn vettvangur til að koma starfsemi sinni á framfæri. Tímaritið liggur á borðum landsmanna svo mánuðum skiptir og því má segja að auglýsingar í slíkum blöðum séu langlíf.**

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess er pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma **563-0303** og í gegnum netfangið **gudrunhulda@bondi.is**

Bændablaðið



VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ
BÚVÖRUR SS

SS Síðan 1907





Ærblanda SS
Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini.
Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt.
Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum.
Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

NON GMO

15 kg pokar / 750 kg sekkir

Vitlick Soft Sheep

Stein- og snefilefnarík bætiefnafata með hvítlauk sem er hentug með vetrarfóðrun.
Hátt seleninnihald.



15 kg fata

Salto Får saltsteinn

Saltsteinn sem inniheldur náttúrulegt bergsalt og má notast við lífræna ræktun. Inniheldur stein- og snefilefni, þar á meðal selen.



10 kg steinn

SS Síðan 1907

Búvörur SS | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is
Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575-6071 | Opið virka daga kl.: 10:30-18:00
Verslun Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575-6099 | Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

FRÉTTIR



Meðalþyngd lamba í haustslátrun hjá Norðlenska á Húsavik nú var 0,690 kíló meiri en var í fyrra og sú næstmesta í sögu fyrirtækisins. Mynd / HKr.

## Engin slátursala hjá Norðlenska í haust:

# Meðalþyngd hefur aðeins einu sinni verið hærri

## – Gerð mældist nú 9,12 og hefur aldrei verið betri

**Aðeins einu sinni áður hefur meðalþyngd lamba hjá Norðlenska á Húsavík verið hærri en hún var nú í nýliðinni sláturtíð, meðalþyngdin nú var 16,99 kíló en hæsta meðalþyngd var árið 2014 þegar hún var 17,34 kíló. Meðalþyngdin nú er 0,690 kíló meiri en var í fyrra. Fita í ár var 6,57 og gerð 9,12 og hefur aldrei verið hærri.**

„Bændur hafa sannarlega unnið vel í ræktunarmálum á liðnum árum en ef við til gamans bökkum 15 ára aftur í tímann til ársins 2005 þá var meðalþyngd 15,11 kíló, fita 6,34 og gerð 7,57,“ segir Sigmundur Hreiðarsson, framleiðslustjóri Norðlenska á Húsavík. Alls var slátrað hjá félaginu tæplega 90 þúsund fjár.

*Engin slátursala í haust*

Engin slátursala var hjá félaginu nú í haust og segir Sigmundur það alls ekki hafa verið auðvelda ákvörðun að sleppa henni þetta árið, „einkum í ljósi þess að við viljum fyrir alla muni halda í þá aldagömlu hefð að fólk taki slátur. Við mátum stöðuna samt þannig núna að áhættan af því að halda sölunni opinni á þessum tímum væri of mikil,“ segir Sigmundur.

Allt skipulag fyrirtæksisins miðaðist við að halda slátrun áfram óhikað og var t.d. hvorki bændum né öðrum hleypt inn í starfsstöðina. Sláturtíð gekk vel og ekkert óvænt kom upp á. Menn lögðu mikið á sig til að fá kórónuveiruna ekki inn í fyrirtækið segir Sigmundur og það hafi gengið eftir. „Stundum þarf að taka óvinsælar ákvarðanir eins og að sleppa slátursölu til að auka öryggið.“

Sigmundur segir að vissulega hafi verið töluvert hringt og spurt út í slátursöluna en flestir sýnt því skilning þegar málið var útskýrt.

*Bændur sveigjanlegir*

Hann segir starfsfólk eiga þakkir skildar, það hafi lagt sitt lóð á vogarskálar, án þess framlags hefði þetta ekki verið hægt. Sömuleiðis verktakar sem þjónusta fyrirtækið og þá ekki síst vill Sigmundur þakka bændum fyrir gott samstarf nú sem fyrr, en mikið mæði á þeim og þeir þurfi oft að vera mjög sveiganlegir með t.d. afgreiðslu fjár. */MÞÞ*



Hrúturinn Blossi frá Teigi í Fljótshlíð er einn af nýju hrútunum á sæðingarstöðvunum. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

## Sæðingarstöðvar á Suðurlandi og Vesturlandi:

# 25 nýir hrútar í boði

**„Sæðingarnar byrja 1. desember og lýkur 21. desember. Við sendum sæði út í 15 til 20 þúsund ær en nýtingin á sæðinu er oft um 70%. COVID breytir því að ekki verða haldnir hrútafundir nema á netinu. Við verðum með 25 nýja hrúta á stöðvunum, sem er í meira lagi, oftast hafa þeir verið um 20,“ segir Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands.**

Sveinn sér um stöðina í Þorleifskoti í Laugardælum og Torfi Bergsson um stöðina á Hvanneyri á Vesturlandi. Af þessum 25 nýju hrútum eru 13 hyrndir, 9 kollar, 1 feldhrútur, 1 forystuhrútur og svo ferhyrndur hrútur. Þá eru 5 hreinhvítir hyrndir, svartur, mórauður, grár og móflekkóttur.

„Hrútarnir eru valdir eftir tveimur leiðum, annars vegar hrútar sem hafa skarað fram úr á búnum og eru farnir að sýna sig sem góðir ærfeður og hins vegar út frá kjötmati í afkvæmarannsóknum sem heppnuðust mjög vel þetta haustið,“ segir Sveinn. Hrútaskráin er í vinnslu og mun koma út alveg á næstunni. */MHH*



Eyjólfur Pétur Pálmason, forstjóri Vélfangs. Mynd / TB

## Vélfang er „Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo“ árið 2020:

# Þrátt fyrir COVID-19 verður árið líklega metár í sölu á jarð- og heyvinnutækjum

**Eyjólfur Pétur Pálmason forstjóri Vélfangs segir að þrátt fyrir COVID-19 faraldursins þurfi bændur að vinna sín verk til að halda framleiðslu landbúnaðarafurða gangandi. Það þýði um leiða að birgjar sem útvegi bændum dráttarvélar, heyvinnslutæki og annan búnað þurfi líka að standa sig í að sinna allri þjónustu í kringum það.**

„Við höfum nokkuð getað haldið okkar striki varðandi tækjasölu og þjónustu við landbúnaðinn, en það hefur verið aðeins minna að gera í þjónustu við verktakabransann. Þrátt fyrir allt sýnist mér að þetta verði metár í sölu á jarð- og heyvinnutækjum,“ segir Eyjólfur.

Hann segir að fréttir af öllum þessum lokunum á ýmsum sviðum hafi þó auðvitað valdið því að einhverjir hafi þurft að draga úr sinni starfsemi. Eigi að síður sé útkoman í heildina ákveðin varnarsigur.

„Það hefur aðeins dregið úr bjartsýninni og þá bíða menn það af sér. Annars er það helst íslenska krónan sem hefur svolítið verið að stríða okkur og öll innkaup verða dýrari. Bændur geta þó ekki beðið endalaust og það þarf alltaf að endurnýja búnað.“



Vélfang fjárfesti í nýju húsnæði á Óseyrinni á Akureyri fyrr á þessu ári.



Margir íslenskir bændur og verktakar eru hrifnir af Fendt dráttarvélunum þó þær séu sannarlega ekki þær ódýrustu á markaðnum. Eyjólfur Pétur segir ekki óalgengt að menn sem einu sinni hafi prófað og keypt Fendt kaupi slíkar vélar aftur og aftur. Hér má sjá nýja Fendt vél úr 900 Vario seríunni sem er til í mörgum útgáfum og með mótorum sem skila frá 296 til 415 hestöflum.

*Með JCB, CLAAS, Fendt, Kuhn, Schäffer og Kverneland*

Vélfang er sölu- og þjónustuaðili á vélum fyrir verktaka, bændur, sveitarfélög, sjávarútveg, fyrirtæki og stofnanir. Helstu vörumerki Vélfangs eru JCB, CLAAS, Fendt, Kuhn, Schäffer og Kverneland. Komu Schäffer liðléttingarnir til þeirra fyrr á þessu ári. Vélfang rekur síðan starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Akureyri.

„Við erum líka stórir í sölu á haugsugum, skítadreifurum, haughrærum og öllu sem því fylgir. Snemma tókum við þó þann pól í hæðina að skilgreina okkur sem sölu- og þjónustuaðila í vélum og tækjum fyrir landbúnað og verktaka. Hins vegar höfum við ekki farið út í að selja rekstrarvörur fyrir landbúnaðinn, eins og rúlluplast, net, áburð, rafmagnsgirðingar og fleira.“

*Fjárfestu í nýju húsnæði á Akureyri*

„Þá sýndum við okkar skuldbindingu við þennan markað með mjög stórri fjárfestingu í nýju húsnæði á Óseyrinni á Akureyri fyrr á þessu ári. Þangað fluttum við alla okkar starfsemi fyrir norðan. Þar rekum við tækjasölu og verkstæði með 5-6 starfsmönnum. Við teljum að þetta sé rétta leiðin til að bæta þjónustuna og auka sýnileika okkar á þessu svæði. Þannig rekum við öfluga þjónustu sjálfir á tveim stöðum á landinu. Svo nýtum við okkur verkstæði heimamanna á öðrum stöðum og viljum treysta það samstarf þannig að heimamenn á hverjum stað geti þjónustað okkar vélar. Það er mun hagkvæmara, bæði fyrir okkur og viðskiptavinina, en að senda þjónustubíla frá Reykjavík eða Akureyri um langan veg í aðra landshluta,“ segir Eyjólfur.

*Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo árið 2020*

Nú í október sl. hlaut Vélfang ehf. viðurkenningu frá Creditinfo sjötta árið í röð fyrir að vera eitt af Framúrskarandi fyrirtækjum árið 2020. Aðeins um 2% skráðra íslenskra fyrirtækja uppfylla kröfurnar og komast á listann. „Það er okkur í Vélfangi því mikill heiður að ná inn á þennan lista sjötta árið í röð en listinn er öflugur mælikvarði á styrk og stöðugleika fyrirtækjanna sem ná inn á listann.“ Til að ná inn á listann þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði en þau eru:

- Hefur skilað ársreikningi til RSK fyrir rekstrarárin 2017–2019
- Hefur skilað nýjasta ársreikningi á réttum tíma
- Er í lánshæfisflokki 1, 2 eða 3
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var jákvæður rekstrarárin 2017–2019
- Ársniðurstaða var jákvæð rekstrarárin 2017–2019
- Eiginfjárhlutfall var a.m.k. 20% rekstrarárin 2017–2019
- Framkvæmdastjóri er skráður í fyrirtækjaskrá RSK
- Fyrirtækið er virkt samkvæmt skilgreiningu Creditinfo
- Rekstrartekjur voru a.m.k. 50 m.kr. rekstrarárin 2017–2019
- Eignir voru a.m.k. 100 m.kr. rekstrarárin 2017–2019

Þennan góða árangur 6 ár í röð þakka stjórnendur Vélfangs frábæru og traustu starfsfólki fyrirtækisins ásamt traustum hópi viðskiptavina. Þá hafa margir af viðskiptavinum Vélfangs, bæði bændur, verktakar og sjávarútvegsfyrirtæki líka staðið sig vel í sínum rekstri og fjölmargir þeirra hlutu viðurkenningu í ár. *HKr.*



Goðafoss í Þingeyjarsveit er meðal stærstu fossa á Íslandi en hann á sér forna og fræga sögu og þykir einn af stórkostlegustu fossum landsins. Mynd / Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

## Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu:

# Þingeyjarsveit fékk verðlaun fyrir uppbyggingu við Goðafoss

**Þingeyjarsveit hlaut umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir árið 2020 fyrir uppbyggingu innviða við Goðafoss en sveitarfélagið hefur staðið fyrir henni undanfarin ár. Áætlað er að um 500 þúsund manns heimsæki staðinn árlega.**

Goðafoss í Þingeyjarsveit er meðal stærstu fossa á Íslandi en hann á sér forna og fræga sögu og þykir einn af stórkostlegustu fossum landsins. Hann er formfagur og myndrænn en klettar á skeifulaga fossbrúninni greina fossinn í tvo meginfossa sem steypast fram af hraunhellunni skáhallt á móti hvor öðrum.

*Vel að verki staðið*

Verkefnið við umbætur á umhverfi Goðafoss hefur verið umfangsmikið, en byggt var upp beggja megin fossins til að vernda viðkvæma náttúru, bæta ásýnd staðarins og tryggja öryggi ferðamanna.

„Mjög vel var að verki staðið þar sem heimamenn og fagaðilar unnu náið saman allan tímann til að skapa umhverfi sem bæði er aðgengilegt og öruggt fyrir ferðamanninn. Útsýnið að fossinum er óhindrað og hægt er að skoða hann allt árið,“ segir í frétt á vef Ferðamálastofu.

*Unnið að verkinu frá 2013*

Verkefnið var unnið á árunum 2013 til 2019 en Þingeyjarsveit hlaut fyrst styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2013 í deiliskipulag og landslagshönnun og síðan í 6 ár eftir það í stíga- og pallagerð, merkingar, bílaplan og uppgræðslu. Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu eru hugsuð sem hvatning og áminning til þeirra sem koma að ferðaþjónustu um að huga vel að umhverfinu í allri skipulagningu og framkvæmd. Þau hafa verið veitt árlega frá árinu 1995 og er þetta því í 26. sinn sem þau eru afhent. /MÞÞ




Hið sívinsæla
dagatal Búsögu
nú fyrir árið 2021 er komið í sölu á aðeins 2.000 kr.
Fallegar myndir af dráttarvélum og fræðandi texti.
Tilvalin jóla- eða tækifærisgjöf.
Sendum í pósti um land allt.
Sími 894-9330 og netfang: busaga@simnet.is
BÚSAGA
BÚNAÐARSÖGUSAFN EYJAFJARÐAR




Verkfæri ehf. er nýr umboðsaðili fyrir Merlo S.p.A. á Íslandi
MERLO


Verkfæri ehf. hefur tekið við Merlo umboðinu á Íslandi og mun þar af leiðandi sjá um alla sölu og þjónustu á þeim tækjum. Ef ykkur vantar einhverjar upplýsingar um verð á tækjum eða óskið eftir þjónustu, endilega hafið sambandi við okkur í netfangið **merlo@vvv.is** eða hringið í síma **544 4210**. Við munum aðstoðað ykkur eftir fremsta megni.

**Tengiliðir:**
Ólafur Baldursson framkvæmdarstjóri • 892 9399 • ob@vvv.is
Gunnar Sigðursson vörustjóri Merlo • 788 9399 • gs@vvv.is
Jóhann Sigurjónsson þjónustustjóri • 776 9399 • js@vvv.is

VERKFÆRI EHF
Tónahvarf 3 • 203 Kópavogur • Sími: 544 4210 • GSM: 892 9399 • verkfaeriehf.is • info@verkfaeriehf.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

VALLARBRAUT
Vallarbraut.is
S-4540050

Höfum opnað nýjan sýningarsal og útisýningarsvæði

Verið velkomin í Trönuhraunið

Ávallt spritt og kaffi á könnunni



HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS



Hafliði Halldórsson matreiðslumeistari og framkvæmdastjóri.

# Nördaþáttur fyrir matgæðinga

**Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic Lamb og matreiðslumeistari, hefur á undanförnu ári haldið úti hlaðvarpi um mat og matarmenningu sem hann kallar Máltíð.**

„Ég vissi að mig langaði til að miðla sögum þeirra sem brenna fyrir mat og veit persónulega að í þeim hópi eru svo margir ástríðufullir og skemmtilegir að ég þóttist viss um að þetta yrði skemmtilegt, sem hefur verið raunin a.m.k. fyrir mig. Ég tók nokkurra mánaða hlé í sumar en er kominn af stað aftur og mun halda mínu striki þangað til ég verð uppiskroppa með umræðuefni og viðmælendur. Sem gerist líklegast seint. Á sama tíma eru mörg hlaðvörp sem fjalla um svipaða hluti, en ég tel mig eiga erindi inn í þá umræðu,“ segir Hafliði en áhersla þáttanna endurspeglar áhugasvið hans á hráefnum, aðferðum til varðveislu, verkunar og matargerðar.


Hafliði spjallaði við veitingamanninn Þráin Frey Vigfússon í síðasta þætti Máltíðar. Hann er einn þeirra sem segir keppnismatreiðslu hafa þróað hann sem fagmann, en hann keppti sjálfur lengi á þeim vettvangi ásamt því að hafa þjálfað keppendur og miðlað sinni reynslu áfram.

„Áherslan er svolítið sjálfhverf því þetta er nördaáhugi á mat og matarmenningu. Ég vil tala við fólkið með þekkinguna, sem er kannski fyrst og fremst fagfólk í matvælageiranum og bændur.“

Hafliði ólst upp í sveit á blönduðu búi og segist því skilja hvað það þýðir að hafa metnaðarfulla bændur sem sjá okkur fyrir úrvals hráefni auk þess sem hann starfaði lengi í veitingageiranum. „Þar er magnað að sjá hvað flinkasta fagfólkið okkar getur skapað og búið til gríðarleg verðmæti úr gæða hráefnum. Svo er auðvitað til margt fólk sem hefur gríðarlegan áhuga á þessum málaflokki án þess að hafa starfað beint við greinina sem ég ætla líka að spjalla við. Enda eðlilegt þar sem matur og matarmenning er svo stór þáttur í lífi allra og partur af hversdeginum.“

*– Hvernig finnst þér að miðla upplýsingum gegnum hlaðvarp?*

„Mér finnst miðillinn góður, hann býður upp á umræðu í dýptina sem er tæpast rúm fyrir í hefðbundnu útvarpi og sjónvarpi. Með lágum framleiðslukostnaði er hægt að ná til ótrúlega margra og efnið getur lifað góðu lífi löngu eftir að það fyrst var gefið út. Þeir sem nenna og hafa áhuga á efninu hlusta á þáttinn minn og hinir á eitthvað annað. Það er eftirtektarvert hvað ungt fólk nýtir formið mikið og sýnir að það er erindi fyrir ítarlegt efni og nördalega þætti fyrir afmarkaða hópa.“

Á næstu misserum hyggst Hafliði auka framleiðslu á Máltíðum.

„Ég ætla fyrst og fremst að hafa reglufestu í útgefnum þáttum. Ég vil,, auk þess að hafa tugi manna á lista yfir væntanlega viðmælendur á höfuðborgarsvæðinu, líka fara með þáttinn út á land, hitta þar kokka, veitingamenn, bændur, sjómenn og fólk sem starfar í nýsköpun. Segja söguna af íslenskum hráefnum og matarhefðum sem svo speglast í nútímanum og fjölbreytileikanum í áhrifum frá hæfileikafólki af erlendum uppruna sem auðgar okkar mannlíf og matarmenningu. Svo er ég alltaf opinn fyrir góðum tillögum að efni og viðmælendum,“ segir Hafliði. */ghp*

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FRÉTTIR


Efri-Reykir yfirlitsmynd: Yfirlitsmynd frá Zeppelin Arkitektum af baðlóninu og hótelinu á Efri-Reykjum. Nóg er af heitu vatni á svæðinu. Skipulagssvæðið er 30 hektarar að stærð og liggur innan jarðarinnar Efri-Reykir í Bláskógabyggð. Mynd / Orri Árnason

## Efri-Reykir í Bláskógabyggð:

# Sjö milljarða króna baðlón og 100 herbergja hótel á teikniborðinu

**Unnið er að útfærslu og fjármögnun á uppbyggingu baðlóns og 100 herbergja hótels á Efri-Reykjum í Biskupstungum í Bláskógabyggð.**

Það er Þróunarfélagið Reykir ehf. sem stendur að framkvæmdinni en ferli undirbúnings, vinnsla umhverfisskýrslu og skipulagsferlis hefur tekið rúm fjögur ár. Af hálfu Þróunarfélagsins er vöktun á lífríki í og við Brúará afar mikilvæg til að tryggja lífríki svæðisins. Vatnshelgunarlína liggur 100 metra frá árbakka. Baðlón verða útbúin með fullkomnum hreinsibúnaði til að uppfylla skilyrði reglugerðar og frárennsli verður meðhöndlað miðað við ítrustu kröfur. Efri-Reykir eru á milli Laugarvatns og Úthlíðar og þar er afar gjöful borhola sem tekin var í notkun árið 1988 og fóðrar m.a. Hlíðarveitu. Borholan gefur af sér 45–50 lítra á sek. af 145 °C heitu vatni og er með öflugri heitavatnsholum á lághitasvæði á landinu. Þrátt fyrir það eru áform um að boruð verði viðbótarhola fyrir frekari orkuvinnslu á svæðinu.

### *7 milljarða króna verkefni*

Upphafleg áform voru um að byggja tvö stór baðlón, þjónustubyggingu og 100 herbergja hótel, aðstöðuhús fyrir starfsmenn og möguleika á stækkun hótelsins í 200 herbergi. Hámarks byggingarmagn hótels- og þjónustubyggingar verður 15.000 m² en endanleg útfærsla og stærð hefur ekki verið ákveðin.

Hugmyndirnar voru fyrst kynntar í sveitarstjórn Bláskógabyggðar árið 2016 en nýlega var samþykkt að gera ráð fyrir þeim í endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Verkís hefur séð um undirbúning og útfærslu verkefnisins sem og alla vinnu við umhverfismál og gerð umhverfisskýrslu fyrir Þróunarfélagið.

Arkitekt er Orri Árnason hjá Zeppelin Arkitektum. „Á þessu stigi í COVID-faraldri er ekkert hægt að fullyrða um það hvenær framkvæmdir gætu hafist eða þeim verði lokið. Kostnaðaráætlun verksins hljóðaði upphaflega á 7 milljarða króna en mun væntanlega taka einhverjum breytingum,“ segir Orri, arkitekt verkefnisins. */MHH*

## Thorvaldsenfélagið fagnar 145 ára afmæli í dag:

# Ömmujól á jólakortum félagsins 2020

**Í dag fagnar góðgerðarfélagið Thorvaldsenfélagið 145 ára afmæli, en það var stofnað 19. nóvember árið 1875 af 24 reykvískum konum. Félagið hefur rekið verslunina Thorvaldsenbazar í Austurstræti samfleytt frá árinu 1901 þar sem varningur er seldur til fjáröflunar starfseminnar. Auk þess eru gefin út jólakort ár hvert. Þetta árið prýðir mynd eftir listakonuna Sigrúnu Eldjárn jólakortin, sem nefnist Ömmujól.**

Thorvaldsenfélagið hefur í gegnum tíðina styrkt margvísleg málefni, sem öll tengjast börnum á einn eða annan hátt.

### *Stytta af Bertel Thorvaldsen*

Þann 19. nóvember árið 1875 var afhjúpuð stytta af myndhöggvaranum Bertel Thorvaldsen á Austurvelli en það var afmælisdagur myndhöggvarans.

Nokkrar konur tóku sig saman og skreyttu völlinn með fléttum úr íslensku lyngi ásamt ljóskerjum til þess að gera þessa stund sem hátíðlegasta.

Samstarf þeirra gekk svo vel að þær ákváðu að halda hópinn og láta gott af sér leiða. Þar með varð Thorvaldsensfélagið til. Allt starf er unnið í sjálfboðavinnu. Fyrir um það bil 30 árum kom fyrsta jólakortið út.


Jólakort Thorvaldsenfélagsins í ár prýðir mynd eftir listakonuna Sigrúnu Eldjárn, sem nefnist Ömmujól.

Allur ágóði af sölu jólakortanna rennur í sjóð til styrktar sykursjúkum börnum. Í kortinu er ljóð eftir Þórarin Eldjárn, bróður Sigrúnar, sem heitir Sálartýran.



Hvítárbrú við Iðu böðuð í jólaljósum. Brúin er 109 metra löng og var tekin í notkun 1957. Mynd / Páll M. Skúlason

# Jólaljós á Hvítárbrú við Iðu

**Nýlega voru jólaljósin kveikt á Hvítárbrú við Iðu í Laugarási í Bláskógabyggð en ljósakeðjur voru fyrst settar á brúna 1998 og gerðu sitt til að lýsa upp mesta skammdegið, nær og fjær. Um 340 LED perur lýsa brúna.**

Ljósakeðjurnar hafa verið teknar niður þegar farið er að birta og yfirfarnar áður en þær hafa síðan verið settar upp aftur í nóvember.

Félagar úr hjálparsveitum hafa séð um uppsetninguna en forsvarsmenn verkefnisins eru þau Páll M. Skúlason, Jakob Narfi Hjaltason og Elínborg Sigurðardóttir. Bláskógabyggð samþykkti í haust að styrkja verkefnið í þrjú ár með kr. 150.000 á ári og stöðugt eru einstaklingar að leggja inn á reikning verkefnisins, enda gleður þessi lýsing marga í uppsveitunum./*MHH*

## Flóahreppur:
# Styrkur til íþrótta- og tómstundastarfs

**Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðið að halda áfram að styðja við fjölskyldur barna sem eiga lögheimili í Flóahreppi með hvatastyrkjum sem nema að hámarki 60.000 kr á ári eins og verið hefur.**

Umsóknareyðublöð þess efnis er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins. Auk þess leggur velferðarráðuneytið til framlag til íþrótta- og tómstundastarfs barna tekjulágra fjölskyldna. Foreldrar eða forráðamenn þurfa að fara í gegnum persónulegan aðgang að island.is til þess að kanna hvort þeir eiga rétt á þessu framlagi, sem nemur 45.000 kr. á hvert barn á aldrinum 6–16 ára. */MHH*



Jón Magni Ólafsson að afhenda verkið en með honum á myndinni eru þær Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu, og Ingibjörg Jóhannesdóttir stjórnarmaður. Mynd / MHH

# Höfðingleg gjöf frá mjólkurfræðingi á Selfossi

**Nýlega mætti Jón Magni Ólafsson, mjólkurfræðingur á Selfossi og listmálari, færandi hendi og gaf Krabbameinsfélagi Árnessýslu málverk sem hann málaði í kjölfar þess að greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein fyrir um átta árum síðan.**

Magni segir að verkið sé táknrænt fyrir það hvernig er að greinast með krabbamein. Dökku litirnir tákna myrkrið og þungann sem fylgir því að greinast og takast á við óvissuna. Skipsstrandið tákni sjúkdóminn sem veldur því að lífið skyndilega stöðvast og það er eins og maður sé fastur á skeri. Geislarnir sem brjótast í gegnum myrkrið og storminn eru tákn vonarinnar sem ávallt er til staðar og lýsir leiðina í ferlinu. Sjómaðurinn sem stendur vörðinn er tákn Krabbameinsfélagsins sem er stuðningur og styrkur við þann krabbameinsgreinda sem og aðstandendur hans. Í fjarska má sjá rauðleitt skip sigla óheft inn fjörðinn, rauður er litur lífsins og skipið táknrænt fyrir sigurinn sem hlaust og lífið heldur áfram. */MHH*










# STEKKUR

## Verum stillt

**Jól og áramót eru í huga flestra skemmtilegur tími þegar fjölskyldan kemur saman og gerir sér glaðan dag. Vinir og vandamenn gefa hver öðrum gjafir og gleyma gömlum deilumálum, að minnsta kosti um stundarsakir.**

Sumir tengja jólin fæðingu Krists aðrir halda upp á þau til að fagna því að sólin fer að hækka á lofti og börnin bíða spennt eftir því að fá í skóinn.

Ekki síst núna þegar COVID-19 hætta steðjar að er nauðsynlegt að fólk sýni hvort öðru hlýhug og verði gott við hvað annað og gangi ekki fram af sér í skemmtanahaldi. Nóg er af sögum um stórkarlalegt jólahald sem oft endar með skelfingu.

Í Bárðar sögu Snæfellsáss segir frá allsvakalegu jólaboði sem Hít tröllkona stóð fyrir í Hundahelli í Hítardal. Til veislunnar bauð hún meðal annarra Bárði Snæfellsás sem var af risakyni í föðurætt, Gesti syni hans og mörgum tröllum. Þar var Surtur af Hellisfitjum og Jóra úr Jórukleif, Kolbjörn í Breiðdalsbotnum, Glámur og Ámur úr Miðfjarðarnesbjörgum og Guðlaugur úr Guðlaugshöfða. Allt góð og gild þurs og drykkjutröll.

„Voru þá borð upp tekin og matur á borinn, heldur stórkostlegur. Drykkja var þar mjög óstjórnleg, svo að allir urðu þar ginntir. En er máltíð var úti, spurðu þursar og Hít, hvað Bárður vildi til gamans hafa. Bárður bað þá fara til skinnleiks. Stóðu þeir þá upp Bárður og Surtur, Kolbjörn, Guðlaugur og Gljúfra-Geir, og höfðu hornskinnaleik; var þá ekki svo lítið um þá, - þó var auðséð að Bárður var sterkastur, þó hann væri gamall. Bjarnfeld einn stóran höfðu þeir fyrir skinn, og vöfðu hann saman og köstuðu honum á milli sín fjórir, en einn var úti og skildi sá ná. Ekki var gott að vera fyrir hrundningum þeirra. Flestir stóðu uppi á bekkjum nema Gestur, hann sat kyrr á rúmi sínu. En þá er Kolbjörn var úti, ætlar hann að ná skinni fyrir Bárði og hljóp heldur snarlega. En er Gestur sá það, skaut hann fætinum fyrir Kolbjörn, svo þursinn hraut þegar út á bergið svo hart, að brotnaði í honum nefið, - féll þá blóð um hann allan. Varð þá upphlaup og hrundningar heldur sterklegar; vildi Kolbjörn hefna sín á Gesti.“

Jólin eru magnaður tími og svo virðist sem öll náttúrulögmál snúist á hvolf.

Á aðfangadagskvöldi jóla er drengur, sem hafði ráðist til starfa á prestsjörð, úti í hesthúsi að kemba og hirða eldishesta prestsins. Hann veit ekki fyrr til en kona prestsins vindur þar inn og gefur hún sig á tal við dreng um ýmis málefni. Þegar minnst varði dregur hún beisli undan svuntu sinni og leggur við drenginn og fylgir því mikið töfraafl. Drengurinn leyfir prestkonunni að fara á bak sér og tekur hann svo á loft eins og fuglinn fljúgandi. Fer hann yfir fjöll og dali, kletta og klungur og hvað sem fyrir er með prestkonuna á bakinu. Meðan á þessu stendur þykir drengnum eins og hann vaði reyk.

Af ofangreindu má sjá að það þarf ekki mikið til að jólin fari úrskeiðis og jafnvel öll hátíðin á versta veg. Reynum því öll að vera góð við hvert annað og hlakka til hækkandi sólar.

Það birtir allaf til að lokum.

/VH

NYTJAR HAFSINS

## Innrás kóngakrabbans í norska lögsögu:

# Auðlind eða umhverfisslys





Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

**Kóngakrabbi er nýleg auðlind í Norður-Noregi ef auðlind skyldi kalla. Margir telja að tilkoma krabbans sé umhverfisslys. Krabbinn hefur skaðað lífríkið og truflað hefðbundnar veiðar. Á móti kemur að hann er eftirsóttur af matgæðingum og veiðar á honum skila umtalsverðum útflutningstekjum.**

Kóngakrabbi er ein stærsta krabbategund í heimi. Aðalheimkynni hans eru í norðanverðu Kyrrahafi og í Beringshafi. Hann veiðist við Alaska og enska heitið er „Red king crab“. Hann finnst einnig Kyrrahafsmegin við Rússland, nánar tiltekið við Kamtsjatkaskagann. Á sjöunda áratug síðustu aldar ákváðu Rússar að flytja krabba frá Kamtsjatka yfir í Barentshafið og slepptu þeim í Murmanskfirði. Markmiðið var að skapa nýja sjávarauðlind við Murmansk.



Kóngakrabbi er mikið veiddur í gildrur, m.a. við hafísröndina við Alaska í norðanverðu Kyrrahafi. Mynd / deningsfooods.com

Þetta tiltæki Rússanna dró aldeilis dilk á eftir sér. Krabbinn hélt sig ekki við Murmansk heldur dreifði sér smám saman vestur á bóginn yfir til Noregs og leitaði einnig austur með strönd Rússlands og út í Suður-Barentshaf.

### Spillti netunum og truflaði veiðar

Fyrst varð vart við stöku krabba í norskri lögsögu á seinni hluta áttunda áratugarins og næstu árin á eftir lét hann sjá sig í sívaxandi mæli. Í byrjun tíunda áratugarins var kóngakrabbinn orðinn verulegt vandamál í Finnmörk, nyrsta fylki Noregs. Hann veiddist sem meðafli í þorskanet með tilheyrandi netatjóni og vandræðum við að greiða krabbann úr netunum. Krabbinn þótti hinn mesti ófögnuður og kvað svo rammt af ágengni hans að sjómenn sums staðar í Austur-Finnmörk gátu varla stundað veiðar á hefðbundnum slóðum.

### Óvelkomið lostæti

Innrás krabbans olli miklu fjaðrafoki í norskum fjölmiðlum. Farið var hörðum orðum um risaskepnuna úr austri sem birtist eins og furðuvera úr framandi heimi. Stærstu krabbarnir við Noreg geta orðið 8 kíló að þyngd eða meir. Stærstu krabbar sem fundist hafa í heiminum eru um13 kíló. Þegar strekkt er á fótum stærstu krabbanna geta verið 2 metrar á milli klónna.

Sjómenn kröfðust þess að krabbanum yrði útrýmt og margir eru þeirrar skoðunar enn. Umhverfissinnar tóku í sama streng. Vísindamenn telja hins vegar flestir að skaðinn sé skeður. Krabbinn sé kominn til að vera. Ekki sé hægt að útrýma honum nema með þátttöku Rússa og þaðan sé ekki samvinnu að vænta í slíkt verkefni.

Fljótlega fóru menn að horfa til þess að kóngakrabbar eru eftirsóttar kræsingar sem sóma sér vel á bestu veisluborðum í heiminum. Þeir sáu pening í því að nýta krabbann enda selst hann á háu verði. Nú er svo komið að þessi óvelkomni ógnvaldur er orðinn verðmæt auðlind. Veiðar og vinnsla á honum styrkja stoðir atvinnulífs við sjávarsíðuna í Austur-Finnmörk þar sem víða eru brothættar byggðir.

### Afdrifarík áhrif á botndýralíf

Kóngakrabbinn er skilgreindur sem framandi og ágeng tegund og ekki að ósekju. Rannsóknir norskra vísindamanna hafa leitt í ljós að krabbinn hefur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir botndýralíf á þeim svæðum þar sem hann hefur hreiðrað um sig í miklum mæli í langan tíma.

Samsetning botndýrategunda hefur meðal annars breyst af völdum hans. Tegundir eins og kræklingar og krossfiskar hafa horfið, að minnsta kosti stærstu einstaklingarnir, og lífmassi á sjávarbotni hefur minnkað. Einnig hafa orðið breytingar á gerð á botnseti sem veikir lífsmöguleika mikilvægra botndýra. Norskir fiskifræðingar benda á að hér sé lýst skammtímaáhrifum. Stóra spurningin sé hver áhrifin verði til langs tíma. Við þeirri spurningu hafi þeir engin góð svör.

Kóngakrabbar halda sig yfirleitt á talsverðu dýpi en á mökunartímanum koma þeir upp á grunnsævi. Þá er hægt að finna þá á þriggja metra dýpi en annars eru þeir vanalega á 150 til 350 metra dýpi eða meir.

### Fjöldi skipa stundar krabbaveiðar

Veiðar á kóngakrabba í norskri lögsögu hófust nokkuð snemma en voru fremur litlar fyrst framan af. Eftir aldamótin tóku þær kipp. Mestur varð aflinn í Austur-Finnmörk rúm 2.600 tonn árið 2008 en hann hefur sveiflast eftir það, er mikið frá 1.000 tonnum upp í 2.000 tonn á ári.

Kóngakrabbinn er veiddur í gildrur aðallega inni í fjörðum og við ströndina meðfram Austur-Finnmörk. Veiðum á því svæði er stýrt með heildarkvóta. Fjöldi þeirra skipa sem taka þátt í þessum veiðum er breytilegur en síðustu árin hafa skipin verið í kringum 700 að tölu. Þá eru ótaldir bátar sem mega stundar frjálsar veiðar á Vestur-Finnmörk sem vikið verður nánar að hér á eftir.

Kvótinn hefur einnig verið breytilegur en er að meðaltali um 1.500 tonn af karlkröbbum á ári og um 50 tonn af kvenkröbbum. Skip og bátar hafa mismikinn kvóta en reynt hefur verið að umbuna þeim sjómönnum sem báru mestan skaða af krabbanum.

Um tuttugu fyrirtæki vinna krabbann og löndunarhafnir eru um 30.

### Milljarða útflutningsverðmæti

Góður markaður eru fyrir kóngakrabba því veiðar við Alaska hafa lengi verið í mikilli lægð. Kóngakrabbi er önnur verðmætasta skelfisktegundin í útflutningi norskra sjávarafurða og kemur næst á eftir rækjunni. Útflutningur krabbans nam 2.000 tonnum árið 2019 að verðmæti 642 milljónir norskra króna (9,6 milljarðar íslenskra króna).

Til samanburðar má nefna að útflutningur á rækjuafurðum nam rúmum 16 þúsund tonnum árið 2019 að verðmæti 1,1 milljarður norskra króna (16,4 milljarðar íslenskra króna).

Síðustu ár hafa Norðmenn náð tökum á útflutningi á lifandi kóngakrabba sem eykur verðmæti hans verulega. Nú er svo komið að stærstur hluti krabbans er fluttur út lifandi. Megnið fer til Suður-Kóreu.

Eitt norskt krabbafyrirtæki náði þeim árangri að hreppa útflutningsverðlaun 2017 fyrir að flytja lifandi krabba til nafntoguðustu veitingastaða heims, þeirra á meðal er hið heimsfræga Noma veitingahús í Danmörku.

### Veiðiráðgjöf byggð á jafnvægislist

Útbreiðsla og þéttleiki kóngakrabbans er mest við Austur-Finnmörk. Stefna norskra stjórnvalda er tvíþætt, annars vegar að nýta kóngakrabbann sem auðlind en um leið hefta frekari útbreiðslu hans. Ef krabbastofninn fengi til dæmis að ná stærð sem miðaðist við hámarksnýtingu og þéttleiki krabbans yrði of mikill er viðbúið að hann tæki á rás suður á bóginn.

Til að ná þessu markmiðum stjórnvalda er heildarkvóti aðeins settur á veiðar í Austur-Finnmörk en veiðar í Vestur-Finnmörk eru frjálsar og engar aflatakmarkanir þar. Línan á milli liggur við bæinn Nordkapp.

Norska hafrannsóknastofnunin hefur það verkefni að meta veiðistofninn og gefa ráð um árlegan kvóta. Ráðgjöfin fyrir árið 2020 er að veiða megi 1.530 tonn við Austur-Finnmörk.

Í samræmi við stefnu stjórnvalda þarf norska Hafró að stunda eins konar jafnvægislist í ráðgjöf sinni, þ.e. gera ráð fyrir hæfilegri „ofveiði“ ef svo má að orði komast en þó ekki meiri en svo að unnt sé að viðhalda tiltekinni stofnstærð sem gæti tryggt ábatasamar atvinnuveiðarnar.

### Verður framrásin stöðvuð?

Ekki eru allir á einu máli um að þessi stefna dugi til að hefta frekari framrás krabbans. Árið 2016 fannst kóngakrabbi fyrir utan Tromsø sunnar en nokkru sinni fyrr að talið er. Bent er á að kóngakrabbinn geti lagt langar leiðir að baki í fæðuleit. Vitað er að merktir krabbar hafa farið um 13 kílómetra á dag, 175 kílómetra yfir mánuðinn og 426 kílómetra á einu ári.

Vísindamenn hjá Nofima, sem er sambærileg stofnun og MATÍS hér á landi, telja að það sé aðeins spurning um tíma, kannski tíu ár, hvenær krabbinn fari að við vart við Þrændalög sem eru um miðbik Noregs. Þeir benda á að þótt kjörhitastig sjávar fyrir krabbann sé 3 gráður geti hann líka þrifist í 8 til 12 gráðu heitum sjó.

Tíminn einn getur leitt það í ljós hvort kóngakrabbinn láti staðar numið við Finnmörk eða skríði lengra fram til suðurs.

### Grjótkrabbi, nýbúi við Ísland

Ekki er hægt að skiljast við kóngakrabbann án þess að nefna frænda hans grjótkrabbann sem er nýbúi við strendur Íslands. Sumt er líkt með tilkomu þeirra á framandi slóð en annað ekki.

Grjótkrabbinn fannst fyrst í Hvalfirði árið 2006. Náttúruleg heimkynni hans eru við Norður-Ameríku.Talið er að hann hafi borist hingað með lirfum í kjölvatni skipa.

Grjótkrabbinn dreifði sér fljótt frá suðvesturhorni landsins, norður fyrir land og lengra austur. Nú er svo komið að hann finnst við rúmlega 70% af strandlengjunni. Fyrir utan mikla útbreiðslu þá er þéttleiki hans víða mikill við Suðvesturland. Grjótkrabbi er framandi og ágeng tegund. Þar sem hann er þéttastur hefur hann rutt út vegi keppinautum í lífríkinu eins og bogkrabba og trjónukrabba. Áhyggjur eru af því að hann kunni að hafa töluverð áhrif á botndýralíf á grunnsævi við Ísland.

Grjótkrabbinn er fremur stór krabbi, þótt hann jafnist ekki á við kóngakrabbann, og er hann veiddur við Norður-Ameríku. Hér við land hafa verið gerðar tilraunir til að nýta hann og eru vonir bundnar við að krabbinn geti orðið ágæt búbót í íslenskum sjávarútvegi.

Undanfarin ár hefur krabbaveiðin verið sveiflukennd, fór mest í tæp 10 tonn árið 2019. Það met hefur þegar verið slegið í ár því aflinn var kominn í rúm 20 tonn í byrjun nóvember. Líklega er það merki um að grjótkrabbinn geti orði nýr verðmætur nytjastofn við Ísland.

Kóngakrabbi getur orðið risavaxið skrímsli.
Mynd / Úr auglýsingariti fyrir Kirkenes/Trym Ivar Bergsmo

FRÉTTIR

# Hólar í Öxnadal einkafriðaðir vegna náttúruverndar

## – Einkafriðlýsing er alþjóðlega viðurkennd og alþekkt í mörgum ríkjum

**Hjónin Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir, landeigendur jarðarinnar Hóla í Öxnadal, hafa ákveðið að stofna til svokallaðrar einkafriðunar jarðarinnar. Það gera þau vegna náttúruverndargildis jarðarinnar og mun stærstur hluti hennar njóta friðunar sem óbyggð víðerni. Einkafriðun landsvæða með þessum hætti er nýmæli hérlendis.**



Hluti af korti Umhverfisstofnunar 28. febrúar 2014 af tillögu um friðlýsingu.

Um er að ræða um 1500 hektara landsvæði, eða 15 ferkílómetra, að mestu óbyggð víðerni á Hóladal, sem er 10 km langur og liggur í suður frá Öxnadal að Kambskarði í botni Skjóldals í Eyjafirði og að jökli.

Ólafur segir að hugmyndin um einkafriðun hafi kviknað á ferð með fjölskyldunni í Namibíu fyrir tveimur árum þar sem þau kynntust margs konar einkafriðlýstum svæðum. Víða um heim hvetji stjórnvöld til slíkrar friðlýsingar.

### Friðun jarðarinnar markar tímamót

Ólafur segir að fyrr á öldum hafi Hóladalur verið nýttur til beitar fyrir nautgripi meðal annars en þar er votlent og grösugt. Hefðbundinn búskapur hafi lagst af á jörðinni á síðustu öld og önnur starfsemi tekið við á þessari öld.

„Fyrir mynni dalsins er miðja fornrar megineldstöðvar með öskju og framan hans er landslagsheild með miklum berghlaupum umkringdum háum tindum, þar sem Hraundrangi er tignarlegastur. Friðun jarðarinnar markar tímamót að því leyti að íslenska ríkið hefur enn ekki friðlýst neitt landsvæði sem óbyggð víðerni, en einnig sökum þess að engin formleg einkafriðlýsing landsvæðis hefur enn verið gerð á Íslandi. Einkafriðlýsing er alþjóðlega viðurkennd og alþekkt í mörgum ríkjum heims.“

### Einkafriðlýsing

Að sögn Ólafs hefur verndun landsvæða hér á landi jafnan verið gerð með því að ríkið friðlýsi þau, hvort heldur sem um er að ræða land í eigu ríkisins eða einkaaðila. „Ekkert mælir hins vegar gegn því að slík verndun landsvæðis til langframa sé gerð af félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða einstaklingum.“

Alþjóðanáttúruverndarsambandið, International Union for Conservation of Nature, IUCN, hefur á seinni árum mælt með einkafriðlýsingum sem viðbót við friðlýsingar opinberra aðila og gefið út sérstakar leiðbeiningar þar um. Íslenska ríkið er aðili að Alþjóðanáttúruverndarsambandinu líkt og meirihluti ríkja heims.


Ólafur Valsson, annar eigenda jarðarinnar Hóla í Öxnadal. Hólafjall í baksýn.
Mynd / Helga Österby Þórðardóttir.

„Ég tel að landsvæðið sem ég hef umráð yfir uppfylli skilyrði sem verndarsvæði samkvæmt viðmiðum Alþjóðanáttúruverndarsambandsins. Málsmeðferð til skráningar svæðisins sem verndarsvæðis í flokki 1b, eða wilderness area, stendur nú yfir hjá helsta gagnabanka heims um verndarsvæði, World Database on Protected Areas, WDPA, sem rekinn er af Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við Alþjóðanáttúruverndarsambandið. Ég á von á að skráningu ljúki fljótlega. Friðun óbyggðra víðerna er allströng friðun, en hún er talin eiga við á langstærstum hluta jarðarinnar Hóla og fer flokkunin eftir markmiðum verndunarinnar.“

### Hluti svæðisins á Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarráð setti friðlýsingu hluta þess svæðis sem um ræðir í forgang þegar árið 1978 með opinberri skráningu þess á Náttúruminjaskrá. Árið 2007 friðlýsti þáverandi umhverfisráðherra aðliggjandi svæði þegar Hraun í Öxnadal var lýst fólkvangur.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælti með friðlýsingu alls svæðisins í álitsgerð til stjórnvalda 2013 og í kjölfarið vann Umhverfisstofnun að friðlýsingu ásamt sveitarfélaginu og gerði formlega tillögu að henni. Á árinu 2016 voru endurheimtir á jörðinni 10 hektarar af votlendissvæði í samstarfi við stjórnvöld og hefur það svæði verið vaktað af Landgræðslunni og er hluti af samstarfi við nemendur Þelamerkurskóla í verkefninu Skólar á grænni grein.

„Árið 2019 fólum við hjónin óháðri rannsóknarstofu að gera úttekt á svæðinu með tilliti til gildis þess sem víðernasvæðis. Í kjölfarið hófst málsmeðferð til skráningar svæðisins í alþjóðlega gagnabanka Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem víðernasvæðis og stendur vinna við stjórnunaráætlun yfir.“

### Vonandi hvatning til aukinnar friðunar

Ólafur segir að með einkafriðuninni vilji hann og Sif sýna í verki mikilvægi Hóla sem náttúruverndarsvæðis á landsvísu og skuldbinda verndun þess til allrar framtíðar.

„Ég vona að þetta geti orðið öðrum landeigendum, sem eru vörslumenn lands sem mikilvægt er að vernda, hvatning til að huga að möguleikum sem felast í einkafriðun, samhliða nýtingu þar sem við á.“

„Það má nefna að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er nú í samstarfi við nokkra bændur á Vesturlandi að vinna að tilraunaverkefni í náttúruvernd í landbúnaði og gæti einkafriðun verið meðal þess sem kæmi til álita í því sambandi,“ segir Ólafur Valsson, dýralæknir og eigandi Hóla í Öxnadal að lokum.

/VH


## Jólagleði fyrir alla fjölskylduna

*Sjón þín, hugsun þín, skilningur þinn* er bók sem inniheldur 49 hugleiðingar og heilræði sem sett eru upp í gamla sjónprófinu sem allir krakkar og fullorðnir þekkja svo vel.




Höfundur texta sjónprófanna er **Svavar Guðmundsson** sem er lögblindur.

Sumir sjá bókina sem safn sjónprófa, aðrir líta á hana sem þrautabók, í augum annarra er hún heilræðabók. Skemmtun fyrir fólk á aldrinum átta til hundrað og átta ára.

**Fæst í Pennanum/Eymundsson, Nettó, völdum Krambúðum og Bókakaffinu.**



~~Kr. 11.200~~ Kr. 8.900 -20%

~~Kr. 7.400~~ Kr. 5.900 -20%

VANTAR ÞIG SEÐLA/KORTAVESKI?
Sendum frítt!

Drangey
Netverslun - www.drangey.is

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

ÓSÓTT STYRKLOFORÐ !

Lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, FL, nr. 89/1966 falla úr gildi 31. desember 2020 og Matvælasjóður tekur við öllum eignum hans og skuldbindingum frá þeim tíma skv. lögum nr. 31/2020. Umsýsla Matvælasjóðs verður í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, ANR. Umsýsla sjóðanna sem FL hefur haft með að gera fer jafnframt inn í ANR. Þeir aðilar sem sjá fram á verklok sinna verkefna til innheimtu styrkloforðs á allra næstu dögum getað sótt styrkloforðið með skýrsluskilum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Að öðrum kosti flyst afgreiðsla mála yfir í ANR.

**Lokaskilafrestur skýrslna til grundvallar útborgunar árið 2020 hjá FL er til og með 1. desember n.k.**

Skýrslum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes á netfangið **fl@fl.is.** Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FL, Sigríður Bjarnadóttir, í síma 430-4300.

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**
**Hvanneyri – 311 Borgarnes – sími 430 4300**






LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS
ENDURMENNTUN LBHI

*Á sauðfjársæðingarstöðvunum er besta úrval landsins af erfðaefni. Því fylgja engin smitefni. Á námskeiðinu læra nemendur rétt vinnubrögð og tímasetningar til þess að tryggja sem bestan árangur af sæðingunum.*

ÞORSTEINN ÓLAFSSON
DÝRALÆKNIR

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands heldur tvö námskeið í sauðfjársæðingum í byrjun desember. Námskeiðin eru ætluð sauðfjárbændum og öllum þeim sem hafa áhuga á eða starfa við sauðfjársæðingar. Kennari er Þorsteinn Ólafsson dýralæknir. Skráning og allar nánari upplýsingar á vef Endurmenntunar LbhÍ.

**endurmenntun.lbhi.is**

**2. desember**
13:00-18:00
Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði

**3. desember**
13:00-18:00
Stóra Ármóti Suðurlandi

LÍF & STARF

## Jurtalitapúsl Hespuhússins:

# Fallegt, fræðandi og fjölskylduvænt

**Á þessum undarlegu tímum þegar erlendir ferðamenn láta ekki sjá sig þá þurfa mörg fyrirtæki að breyta um áherslur og aðlagast breyttum aðstæðum. Hespuhúsið í Ölfusi er opin jurtalitunarvinnustofa þar sem gestir geta komið og kíkt í jurtalitunarpottana, fræðst um gamalt handverk og keypt jurtalitað band.**

Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur, sem rekur Hespuhúsið, segir að í ár hafi gestagangur verið rólegri og þá hafi gefist tími til að koma gamalli hugmynd í framkvæmd en það var jurtalitapúsluspil sem er fræðslupúsluspil.

*Þúsund bita púsl*

„Púsluspilið er 1.000 bita púsl og myndin er af jurtalituðum bandhnyklum sem litaðir hafa verið í Hespuhúsinu. Með púslinu fylgir spjald með mynd til að púsla eftir og á bakhliðinni má sjá úr hvaða jurt hver hnykill er litaður. Einnig fylgir lítið bókarkorn með sögu jurtalitunar á Íslandi. Púslið sjálft er í fallegum poka og fræðsluefnið og púslið eru svo í kassa. Púslbitarnir eru óhefðbundnir en þeir eru mjög misjafnir í lögun sem eykur skemmtunina því þá má leita að bitum eftir lit og lögun.

*Púsl eru sígild*

Guðrún segir að mikill áhugi sé fyrir púsluspilinu enda sameini það svo margt sem varð vinsælt á COVID-19 tímum eins og prjónaskap og púsl og svo tenging þess inn í gamlar hefðir og náttúrunýtingu sem vaknaði eftir bankahrunið.

Púsluspilið er allt í senn fallegt, fræðandi og fjölskylduvæn jólagjöf. Verkefnið var styrkt af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga sem veitti átaksstyrki vegna COVID-19 sem nefndust Sóknarfæri ferðaþjónustunnar.

Hægt er að panta og fá upplýsingar um spilið á www.hespa.is /VH



**Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur rekur Hespuhúsið.** Mynd / Unnur Magna.




**Jurtalitapúsl Hespuhússins.**



**Með púslinu fylgir spjald með mynd til að púsla eftir og á bakhliðinni má sjá úr hvaða jurt hver hnykill er litaður. Einnig fylgir lítið bókarkorn með sögu jurtalitunar á Íslandi.**

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300




# Úr sauðagulli verða til ýmsar kræsingar

**Ann-Marie Schlutz og maður hennar, Gunnar Gunnarsson, blaðamaður á Austurfréttum og Austurglugganum, eiga og reka fyrirtækið Sauðagull utan um framleiðslu á vörum úr sauðamjólk. Gunnar Jónsson, tengdapabbi Ann-Marie, á og rekur Egilsstaðabúið í Fljótsdal en á búinu eru um 350–400 ær. Nýverið kom á markað handgert konfekt frá Sauðagulli með karamellufyllingu og unnið úr sauðamjólk.**

„Ég er með takmarkað hráefni af mjólk sem ég get fengið og þá þarf maður að hugsa hvernig maður getur nýtt það sem best. Ostagerð er sjálfsögð og fyrsta sem maður hugsar að gera sauðaost. En með því að heimsækja sauðfjárbú erlendis, sem við höfum gert, þá koma margar hugmyndir, meðal annars þetta með konfektið,“ útskýrir Ann-Marie og segir jafnframt:

„Sauðamjólk var um aldir nýtt til manneldis hér á landi og unnið úr henni skyr, smjör og ostar. Þekking á þessu mjög svo íslenska handverki hefur að mestu glatast. Sauðagull stefnir á að endurvekja handverkið með því að framleiða einstakar matvörur úr sauðamjólk. Með því er von mín að geta stutt íslenska sauðfjárrækt og hvetja aðra til að nýta þetta holla, bragðgóða og næringarríka hráefni.“

Hægt er að panta hjá Ann-Marie í gegnum Facebook-síðu Sauðagull eða í gegnum netfangið saudagull@outlook.com /ehg



**Ann-Marie Schlutz á veg og vanda að framleiðslu á sauðamjólk og selur vörur undir merkjum Sauðagulls. Hún hefur aðstöðu til framleiðslu í félagsheimilinu á Fljótsdal.**



**Lerkiaskjan utan um handgerða konfektið er framleidd í samstarfi við smið úr Fljótsdal, Hörð Má Guðmundsson, en hún er úr lerki úr Viðivallaskógi í Fljótsdal. Hún er hönnuð sem eftirlíking af gamaldags pennastokkum og hægt er að nota hana undir ýmislegt eftir að konfektmolarnir hafa runnið ljúflega niður.**



**Osturinn, sem heitir Kubbur og er í kryddolíu, er gerður eftir uppskrift að fetaostuppskrift en vegna verndunar heitisins má ekki kalla hann fetaost því sá kemur upprunalega frá Grikklandi.**

# Myndaði 100 útisundlaugar um allt land með flygildi

**Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari hefur myndað allar almenningssundlaugar landsins með flygildi, 100 talsins, fyrir utan eina, á Ströndunum, en til hennar er einungis hægt að komast með bát. Hugmyndina fékk hann í upphafi kórónuveirufaraldursins þegar rétta tækifærið gafst til að mynda sundlaugar um allt land ofan frá séð.**

„Ég byrjaði á þessu í vor og setti inn nokkrar myndir á samfélagsmiðla og fékk strax mikil viðbrögð. Ég byrjaði að mynda á höfuðborgarsvæðinu þegar COVID fór af stað, þá var allt tómt og það hentaði vel að fara að mynda sundlaugar. Síðan ákvað ég að þvælast um landið og fór hringinn en þá var ekki hægt að hafa þær allar tómar. Þetta er allt tekið í mikilli hæð, maður sér að það eru manneskjur á sumum myndunum en vitavonlaust að þekkja einhvern.

Þetta er allt tekið með flygildi en ég hef svolítið verið í því að taka þannig myndir. Það byrjaði fyrir um tveimur árum að ég fór að fikra mig áfram með flygildi því mig langaði að fá aðra sýn á brúðarmyndatökur og fékk oft skemmtileg sjónarhorn út úr því.

Þegar ég var byrjaður á því að leika mér með myndatökur með flygildi sá ég aðra möguleika og sundlaugardæmið er klassískt þannig. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt, ég byrjaði á Stokkseyri en tók ekki skipulega myndir af sundlaugunum fyrr en í mars. Síðan þróaðist þetta og ég fór út um allt land og er búinn að mynda allar útialmenningssundlaugar landsins, 100 talsins, fyrir utan á Ströndunum en þangað þarf ég að komast með bát og stefni á að ná henni líka svo þá verða þær 101," segir Bragi sem býður nú myndirnar til sölu á síðu sinni, bragi.is. Varðandi framhaldið er aldrei að vita nema ljósmyndarinn haldi sýningu með sundlaugamyndunum eða gefi þær jafnvel út sem bók. /ehg



Selárlaug í Vopnafirði.



Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari hefur myndað allar almenningssundlaugar landsins með flygildi í kórónuveirufaraldrinum, 100 talsins, fyrir utan eina, á Ströndunum, en til hennar er einungis hægt að komast með bát.


Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI




Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Vélamaður/verkamaður í áhaldahúsi

Óskað er eftir áhugasömum, öflugum og úrræðagóðum starfsmanni í 100% stöðu við áhaldahús Hveragerðisbæjar. Í starfinu felast öll almenn störf við umhirðu og viðhald á stofnunum og opnum svæðum Hveragerðisbæjar.

HVERAGERÐISBÆR

Menntun, reynsla og hæfniskröfur:
- Vinnuvélaréttindi eru mjög æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samviskusemi, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og mikil færni í mannlegum samskiptum er nauðsyn

Nánari upplýsingar veitir Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi, í síma 483-4000 eða í tölvupósti hoskuldur@hveragerdi.is. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is eða á bæjarskrifstofunni, Breiðumörk 20. Starfsferilsskrá ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjandi vill koma á framfæri skal fylgja starfsumsókn.

Umsóknum ber að skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði í síðasta lagi 27. nóvember n.k. eða með tölvupósti á netfangið mottaka@hveragerdi.is

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Hveragerðisbær

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN



Comfort Slat Mat
www.comfortslatmat.com

Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

Bændablaðið
Auglýsingasíminn er
56-30-300



REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstiþvottatæki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.













OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

olís
REKSTRARLAND

Pipar\TBWA

FRÉTTASKÝRING

# Grunnhyggni, vanþekking og pólitísk þráhyggja einkennir enn sorpmál Íslendinga

## – Afleiðingin er sú að þjóðin er ekki fær um að farga sínum eigin úrgangi og flytja þarf óhemju magn til brennslu í útlöndum

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is



**Enn bólar ekkert á framkvæmdum varðandi nýjar sorporkustöðvar á Íslandi og enn er haldið áfram að senda plast og annan úrgang til útlanda í brennslu og urða gríðarlegt magn af öðru sorpi á Íslandi.**

Sorporkustöðvar einar og sér leysa þó heldur ekki allan vanda. Því er greinilega orðin mjög brýn þörf á stefnumörkun sem tekur til margþættra úrræða sem fela í sér allt í senn. Það er umbreytingu á sorpi í orku með bruna, endurvinnslu alls úrgangshráefnis sem hægt er, kolun og efnavinnslu með „Pyrolysis-tækni“ ásamt gas- og jarðvegsgerð.

### *Riðuveiki sýnir fram á ófremdarástand*

Enn á ný kviknaði umræða um þessi mál sem varpar ljósi á það ófremdarástand sem hér ríkir. Nú var það vegna riðuveiki sem kom upp í Skagafirði. Förgun á sýktum dýrum verður nefnilega ekki gerð með fullnægjandi hætti öðruvísi en að brenna hræin við hátt hitastig.

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, segir að það hafi verið slæmt að upplifa það ástand sem ríkir í landinu varðandi förgun dýrahræjanna. Áhrifaríkasta leiðin sé að brenna úrganginn, en brennsluofn sem til staðar er í Reykjanesbæ annar ekki allri brennslunni. Sá úrgangur sem eftir stendur fer til urðunar að Skarðsmóum í Skagafirði. Þar er um að ræða urðunarstað sem búið var að leggja af. Úrganginum var því fargað þar á undanþágu.

„Þetta sýnir okkur að við þurfum að taka okkur á í þessum efnum, það þarf að ráða bragarbót á þessum urðunarmálum sem fyrst. Við verðum að hafa tiltækar viðunandi leiðir ef atburður af svipuðu tagi kemur upp á ný,“ segir Sigfús Ingi.

### *Mikil tækniþróun*

Mikil þróun hefur verið í hönnun sorporkustöðva víða um lönd sem umbreyta sorpi í varma sem nýttur er til húshitunar og til raforkuframleiðslu. Brennsla á sorpi í sorporkustöðvum er skilgreint sem endurvinnsla, þ.e. að umbreyta sorpi í orku. Slíkt er orðinn mjög álitlegur kostur í dag út frá umhverfismálum og aðkallandi að eitthvað verði gert til að draga úr uppsöfnun á sorpi af öllu tagi. Enda verður væntanlega óheimilt að urða rusl eftir tíu ár samkvæmt samningum Íslands við ríki innan ESB. Það er samkvæmt samþykkt ESB frá 2014 um að 70% af sorpi frá heimilum verði „endurunnið“ með einum eða öðrum hætti fyrir 2030 og 80% af umbúðum. Þá mun bann gilda um urðun á öllum endurvinnanlegum úrgangi eftir 2025.

Alla tíð hefur viðgengist að brenna sorpi á opnum haugum nærri híbýlum manna, en tilraunir á alvöru sorpbrennslu með skilvirkum hætti voru fyrst gerðar í Þýskalandi á seinni hluta 19. aldar.

### *Svíar hafa staðið framarlega í byggingu sorpbrennslustöðva*

Brennsla í sérhönnuðum sorpbrennslustöðvum í lokuðu ferli var tekin upp í miklum mæli í Svíþjóð á sjöunda áratugnum. Vinsældir hennar þar drógust saman er menn fóru að hafa áhyggjur af afleiðingum losunar díoxíns sem myndaðist við ófullkominn bruna. Með stórbættri tækni breyttust viðhorfin og vegur sorpbrennslunnar fór mjög að vaxa á ný í Svíþjóð og víðar um lönd. Mikil þróun hefur verið í þessari tækni á síðustu árum. Nú hafa Svíar byggt um 34 sorpbrennslustöðvar sem nýta jafnfram hitaorkuna frá stöðvunum.

Auk þess að brenna sitt eigið heimilissorp hafa Svíar flutt inn sorp frá öðrum Evrópulöndum og umbreytt því í orku. Svíar „endurvinna“, að mestu með bruna, um 99% af sínu sorpi og flytja auk þess inn um 700.000 tonn af sorpi frá öðrum löndum árlega, þar á meðal frá Íslandi. Þá er líka framleitt lífgas úr sorpinu sem nýtt er m.a. á strætisvagna.

Svipaða sögu er að segja af Dönum, Norðmönnum og Finnum og hefur orkan þá líka verið nýtt til raforkuframleiðslu. Er þetta í takti við þróun sem er að eiga sér stað úti um allan heim. Ríki í Suðaustur-Asíu eru að hella sér út í uppbyggingu á sorporkustöðvum, enda umhverfisvandi vegna sorpförgunar víða orðinn gríðarlegur. Samt virðist lítið hafa miðað í þessum málum á Íslandi.



Amager Bakke-sorporkustöðin í Kaupmannahöfn.



Sorporkustöð Vantaa Energy í Finnlandi sem tekin var í notkun 2014 og var fimm ár í byggingu. Þar eru framleidd 78 megawött af raforku og 120 megawött af hitaorku eru nýtt til húshitunar.



Sorporkustöð Lietuvos Energija í Vilnius í Litháen sem taka átti í notkun nú á árinu 2020. Mun stöðin geta brennt um 160.000 tonnum af óendurnýtanlegu sorpi á ári. Mun hitaorka frá stöðinni fullnægja 20% af húshitunarþörf Vilniusborgar og skaffa 90.000 heimilum rafmagn.



Doosan Heavy Industries & Construction, sem er risafyrirtæki í orkuiðnaði í Suður-Kóreu, gekk í ágúst frá samningi sem metinn er á 220 milljarða dollara um að byggja nýrra sorporkuver í Olsztyn í Póllandi. Dosan er þar í samstarfi við þýska dótturfélag sitt, Doosan Lentjes, sem áður hét AE&E Lentjes. Í þessu sorporkuveri á að framleiða 12 megawött af raforku og ráðgert er að stöðin verði tekin í notkun 2023, samkvæmt frétt Aju Business Daily í Suður-Kóreu. Mynd / Doosan

### *Sorporku- og sorpeyðingarstöðvum fjölgar hratt víða um heim*

Í skýrslu þýska ráðgjafarfyrirtækisins Ecoprog sem kom út 2019 voru um 2.450 sorpvinnslustöðvar starfandi um heim allan og í þeim voru yfir 4.800 sorpbrennslutæki auk margvíslegrar annarrar meðhöndlunar á sorpi. Þá voru í gangi yfir 1.100 verkefni sem þeir nefna „Úrgangi breytt í orku“, eða Waste to Energy (WtE).

Sorpvinnslustöðvar sem nýta það sem Ecoprog kallar hitameðferðarverksmiðjur á sorpi, eða „thermal waste treatment plants“, sem eru ekkert annað en sorpbrennslustöðvar á mannamáli, voru 2.450 árið 2019. Þær réðu við að eyða 368 milljónum tonna af sorpi á ári. Af þeim voru 60 nýjar stöðvar reistar á árinu 2018 sem geta eytt yfir 14 milljónum tonna af sorpi á ári. Áætlar Ecoprog að um 2.700 sorporku- eða sorpeyðingarstöðvar verði byggðar í heiminum fram til 2028 sem geti fargað 530 milljónum tonna á ári.

Þróun og uppbygging sorporkustöðva tók mikinn kipp eftir að Kínverjar bönnuðu innflutning á sorpi frá Vesturlöndum og víðar um áramótin 2017/2018. Olli bann Kínverja miklu uppnámi og fór plast og annað rusl að hlaðast upp í stórum stíl, m.a. í Evrópu og Bandaríkjunum. Þar á meðal var úrgangsplast frá Íslandi.

### *Ein sorpbrennslustöð eftir á Íslandi*

Eina sorpbrennslan sem eitthvað kveður að á Íslandi og er með starfsleyfi samkvæmt reglum um mengun er sorpbrennslustöðin Kalka við Helguvík á Suðurnesjum. Stöðin hefur verið að brenna nálægt 12.000 tonnum af sorpi á ári. Hitaorkan sem þar verður til er þó ekki nýtt eins og gert er í sorporkustöðvum víða um heim, m.a. til raforkuframleiðslu, en það var þó gert um tíma. Kalka er eina stöðin sem hefur t.d. heimild til að farga sýktum úrgangi frá sjúkrahúsum og hefur verið nýtt að undanförnu við að eyða hræjum af riðuveiku fullorðnu fé úr Skagafirði. Ef sú kvöð hefði verið uppi um að brenna þyrfti öllum þeim skrokkum sem til falla vegna niðurskurðar á riðuveiku fé í Skagafirði, þá hefði Kalka illa ráðið við það verkefni. Sorporkustöðvar snúast því ekki bara um að breyta því rusli sem til fellur í orku og minnka þannig sóðaskap í umhverfinu, heldur snúast þær líka um heilbrigðismál, bæði hjá dýrum og mönnum.

### *Sorpbrennsla hefur verið tabú á Íslandi alla þessa öld þrátt fyrir byltingu í brennslutækni*

Um árabil hefur ekki af umhverfispólitískum ástæðum mátt minnast á brennslu á sorpi sem mögulega leið til að endurnýta þau úrgangsefni sem falla til vegna umsvifa venjulegra borgara á Íslandi. Sorpbrennsla hefur einfaldlega verið tabú sem byggt er á mistökum sem átt hafa sér stað við sorpeyðingu á Íslandi á liðnum áratugum. Þar flaug hæst umræða um stórgölluðu sorpeyðingarstöðina Funa á Ísafirði sem átti að vera umhverfisvæn og leysa af mjög frumstæða sorpbrennslu sem starfrækt hafði verið á Skarfaskeri í Hnífsdal. Þar voru uppi áhyggjur vegna þess að sú sorpbrennsla var talin leiða til þess að þungmálmar eins og blý og kvikasilfur voru losuð út í umhverfið svo og díoxín, brennisteinsoxíð og sýrur.

Í Funa átti að leysa þau mál með reykgashreinsun og bættum brennsluaðferðum. Það varð ekki raunin, kannski ekki síst fyrir það að til að slík stöð virki almennilega þarf hún að vera í fullri vinnslu allan sólarhringinn. Í þessu ferli virðist aldrei hafa verið hugsað um að nýta þá orku sem myndaðist við brunann og því var sorpbrennsla í hugum sveitarstjórnarmanna yfirleitt aldrei annað en endalaus kostnaður. Það að sorpbrennsla sé enn litin hornauga á Íslandi virðist því að mestu byggjast á einstrengingslegri pólitískri stefnumörkun, fremur en upplýstri umræðu eða þekkingu um þá þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

### *Vandinn ekki leystur í öllum endurvinnslustöðvum*

Þessi hugsunarháttur, sem enn virðist nokkuð ríkjandi, sérstaklega meðal fólks sem kennir sig við umhverfisvernd, er algjörlega á skjön við umræðuna víða um heim, eins og á hinum Norðurlöndunum. Þar er mikið talað um sjálfbæra hringrás sorps í hagkerfinu og sjálfbærar sorporkustöðvar. Á sama tíma reisa menn milljarða mannvirki á Íslandi í „sorpendurvinnslustöð“ eins og gas- og jarðgerðarstöðina GAJA í Álfsnesi sem er ágæt til síns brúks en leysir dæmið samt ekki til fullnustu. Þar á vissulega að framleiða gas úr lífrænum úrgangi og moltu, en þaðan mun líka mun koma verulegt magn af plasti og öðrum efnum, sem óhæf eru til endurvinnslu og annaðhvort verður að urða eða flytja til brennslu í Svíþjóð eða öðrum löndum.

### *Hægt að umbreyta rusli í margvísleg efnasambönd með „Pyrolyses-tækni“*

Úrgangsplasti, timbri, pappír og lífrænum efnum er líka hægt að umbreyta í olíu, gas og ýmis efnasambönd með „Pyrolyses-tækni“ sem

byggir að kolun efnisins með hita. Með slíkum aðferðum er hægt að framleiða dísilolíu, bensín, plast og margvísleg önnur efni. Slíkri tækni er talsvert beitt t.d. í Þýskalandi, Bretlandi og víðar með góðum árangri. Þjóðverjar nýttu þessa tækni t.d. mikið, m.a. til eldsneytisframleiðslu í síðustu heimsstyrjöld. Þá stendur samt eftir sýktur úrgangur og ýmislegur efnaúrgangur sem ekki má urða og einungis er hægt að farga með bruna með mjög háu hitastigi. Einnig steinefni og málmar.

### *Sorporkustöðvar í Evrópu spara brennslu á milljónum tonna af kolum og olíu*

Babcock & Wilcox er fyrirtæki sem framleiðir sorporkustöðvar. Fyrirtækið nefnir að í Norður-Ameríku séu nú reknar 100 sorporkustöðvar, um 500 í Evrópu og 1.600 í Asíu.

Í Evrópu eru nú 50 milljónum tonna af úrgangi breytt árlega í dýrmæta raf- og hitaorku. Með því er 27 milljón Evrópubúum séð fyrir raforku. Samt er enn verið að urða um 50 milljón tonn af sorpi árlega.

Um 4 tonn af sorpi jafnast á við orku úr 1 tonni af olíu. Um 2 tonn af sorpi jafnast á við orku sem fæst úr 1 tonni af kolum. Bruni á 50 milljónum tonna af sorpi í sorporkustöð kemur því í stað brennslu á 12,5 milljónum tonna af olíu eða 25 milljónum tonna af kolum á hverju ári.

### *Brennt við mjög háan hita*

Við brennslu á sorpi undir miklum hita (1.100-1.200°C) er búin til gufa sem síðan er ýmist nýtt til húshitunar eða til að framleiða raforku í gufuhverflum. Hitinn í brunanum er lykilatriði til að eyða margvíslegum eiturefnum úr reyknum. Þar er líka hægt að eyða með öruggum hætti margvíslegum efnaúrgangi og smituðum dýrahræjum ásamt smitefnum frá sjúkrahúsum. Með efnahvötum við brennsluna er svo hægt að eyða NOx, díoxíni og rokgjörnum vökvum og efnasamböndum úr reyknum.

Í öskunni sem verður eftir má svo nýta um 90% af þeim málmum sem eru í sorpinu sem brennt er. Það sem eftir er má síðan nota sem íblöndunarefni í vegagerð.

### *Eitt af leiðandi fyrirtækjum í smíði sorporkustöðvar sem nota „Pyrolysis-tækni“*

Samkvæmt gögnum Babcock & Wilcox koma sorporkustöðvar í veg fyrir losun á metangasi sem annars verður til í sorphaugum. Þá minnka þær losun gróðurhúsalofttegunda sem annars verða til við framleiðslu á rafmagni með kolum og olíu. Slíkar stöðvar eru líka sagðar framleiða staðbundna áreiðanlega raf- og hitaorku um leið og þær koma í veg fyrir að sorp hlaðist upp í landfyllingum og skaði grunnvatn, haf og annað umhverfi. Babcock & Wilcox segir sorporkustöðvarnar vera sjálfbærar og hagkvæmar með tilliti til bæði sól- og vindorkustöðva.

### *Sorgarsaga Funa og fleiri íslenskra sorpbrennslustöðva*

Sorpbrennslunni Funa var lokað um áramótin 2010/2011 í kjölfar þess að díoxínmengun hafði mælst í mjólk frá býli í nágrenni stöðvarinnar. Það voru því í raun sérfræðingar Mjólkursamsölunnar MS sem veltu þeim bolta af stað er þeir voru að rannsaka efnainnihald mjólkur frá viðkomandi sveitabæ, en ekki umhverfisyfirvöld sem áttu lögum samkvæmt að fara með eftirlitshlutverkið.

Þá voru eftir þrjár sorpbrennslustöðvar sem voru líklega síst skárri. Þar var um að ræða sorpbrennslu í Vestmannaeyjum þar sem díoxín hafði mælst fjórfalt meira en í Funa og á Kirkjubæjarklaustri þar sem díoxínmagnið var mælt tæplega fimmfalt meira en í Funa. Síðan var stöð í Svínafelli í Öræfum þar sem díoxínmengun hafði hreinlega ekki verið mæld. Þá hafði 18 ára starfsleyfi stöðvarinnar ekki heldur verið endurskoðað.



Kwinanna soprbrennslustöðin sem hönnuð var fyrir Ástrali. Þar hafa menn horft fram á mikinn vanda eftir að Kínverjar hættu að taka við sorpi frá þeim til endurvinnslu. Áætlað er á árinu 250 muni um 100 milljón tonn af sorpi falla til í Ástralíu. Í dag fer um 1 tonn af sorpi að meðaltali á ári í urðun frá hverjum einasta íbúa Ástralíu á meðan Svíar eru sagðir urða um 3 kg á mann.

### *Fordómar hafa haldið aftur af þróuninni á Íslandi*

Öll umræðan sem spannst út af vandræðagangi í sorpbrennslu á Íslandi setti ráðamenn í mikla vörn og skapaði fordóma gagnvart þeim möguleikum sem falist gætu í að umbreyta sorpi í orku í fullkomnum brennslustöðvum. Vegna þessara fordóma hafa Íslendingar setið eftir og eru nú miklir eftirbátar hinna Norðurlandaþjóðanna í þeim efnum og hreinlega til skammar í samfélagi Evrópuþjóða hvað varðar meðferð á sorpi. Nær öll sorpbrennsla lagðist því af að Kölku í Helguvík undanskilinni, en þess í stað er sorp nú urðað í stórum stíl á 23 urðunarstöðum auk þess sem mikið magn af „endurvinnslusorpi“ hefur verið flutt til útlanda og þá að stórum hluta til brennslu í orkuvinnslustöðvum. Talsverðu af íslensku plasti hefur þó líka verið brennt á ruslahaugum. Það er sem sagt allt í lagi að brenna íslensku rusli í stórum stíl, en bara ef það er gert þar sem við sjáum það ekki í útlöndum og að það sé kallað endurvinnsla.

### *Hugmynd um stóra og fullkomna sorporkustöð á Vestfjörðum*

Nokkur vonarglæta kviknaði að eitthvað færi að gerast í þessum málum hérlendis þegar grein birtist í Bændablaðinu 9. maí 2018 eftir Edvarð Júlíus Sólnes, verkfræðing, prófessor og fyrrum umhverfisráðherra, Stefán Guðsteinsson skipatæknifræðing og Braga Má Valgeirsson vélfræðing um sorporku. Var hún undir fyrirsögninni „Fullkomin sorpbrennslustöð verði reist til orkuframleiðslu á Vestfjörðum“.

Hugmynd þremenninganna gekk út á að stöðin yrði mjög tæknilega fullkomin, byggð skv. ströngustu reglum Evrópusambandsins í líkingu við þær stöðvar sem nýlega hafa verið teknar í notkun á Norðurlöndunum, m.a. á Amager, nærri miðborg Kaupmannahafnar.

Um er að ræða háhitabrennslu (um 1100 til 1200°C) með mjög fullkomnum mengunarvarnabúnaði, þannig að loftmengun er í lágmarki og margfalt minni en frá urðuðu sorpi. Hugmynd þeirra félaga um Vestfirði sem ákjósanlegan stað byggðist ekki síst á þeirri staðreynd að þar er raforkuöryggi langminnst á landinu.

### *Mikil verðmæti geta falist í 230 þúsund tonnum af sorpi*

Talið er að um 220–230.000 tonn af sorpi falli til á Íslandi árlega, en í þessu „vandamáli“ geta líka falist mikil verðmæti fyrir þjóðina. Stærstu urðunarstaðirnir eru á Vesturlandi, í landi Fíflholts á Mýrum, sem hefur haft heimild fyrir urðun á um 15.000 tonnum á ári. Einnig í landi Reykjavíkurborgar í Álfsnesi sem má urða allt að 120.000 tonn á ári. Þriðji stóri urðunarstaðurinn er svo í Stekkjarvík, rétt norðan við Blönduós, sem tekur við sorpi frá öllum sveitarfélögum á Norðurlandi. Þar getur verið um að ræða 30.000 tonn á ári.

Nýja dýra sorpeyðingarstöðin GAJA í Álfsnesi mun ekki leysa þann vanda sem við er að kljást á höfuðborgarsvæðinu nema að hluta. Áfram verður óendurnýtanlegt plast, málmar, steinefni og hættulegur úrgangur vandamál og vandinn sendur með skipum með tilheyrandi kolefnisspori til Svíþjóðar til eyðingar. Þar er plastinu að stærstum hluta brennt í sams konar stöðvum og hægt væri að reka á Íslandi.

Sorporkustöð þarf ákveðið lágmark af sorpi á ári til að geta starfað eðlilega allan sólarhringinn. Svona stöðvar keyra menn einfaldlega ekki á venjulegum skrifstofutíma, því töluverð mengun getur skapast á uppkeyrslutíma sem og við niðurkeyrslu á brunanum. Því er lykilatriði út frá umhverfissjónarmiðum að bruninn sé stöðugur allan sólarhringinn.

### *Nýta þarf alla möguleika*

Í dag spyrja menn sig hvað hafi breyst. Vissulega er komin í gang flott endurvinnsla á hluta af því plasti sem til fellur, m.a. frá landbúnaði. Það er í gegnum fyrirtækið Pure North Recycling í Hveragerði. Fyrirtækið endurvinnur plast með „grænni orku“ það er gufuorku og raforku frá gufuaflsvirkjun með það að markmiði að fullvinnslan skilji eftir sig sem minnst eða ekkert kolefnisspor.

Í dag er Pure North Recycling eina fyrirtækið á Íslandi sem endurvinnur plast að fullu. Vinnsluaðferðin er einstök á heimsvísu þar sem jarðvarminn er nýttur í vinnsluna sem bæði gerir ferlið umhverfisvænna og rekstrarkostnaður er lægri. Þar er plastúrgangi breytt í plastperlur sem seldar eru til framleiðslu á nýjum plastvörum hér á landi og erlendis.

Fyrirtækið er fjögurra ára gamalt og endurvinnur megnið af því heyrúlluplasti sem til fellur á Íslandi, eða um 2000 tonn á ári. Pure North Recycling er að taka sín fyrstu skref í endurvinnslu á harðplasti og stefnir að því að endurvinna að auki umbúðaplast en 95% af óendurunnu umbúðaplasti er flutt úr landi. Það er því til mikils að vinna en áætlað er að fyrir hvert tonn sem endurunnið er af plasti sparist um 1,8 tonn af olíu.

Endurvinnslustöðin GAJA er líka stór, en dýr áfangi í þessu ferli. Þar verður hægt að framleiða metnagaseldsneyti úr sorpi og moltu til jarðvegsgerðar. Bæði þessi fyrirtæki eru mikilvægur áfangi, en hvorugt dugar þó til að klára það verkefni sem fyrir höndum er, að eyða öllu sorpi án þess að koma þurfi til urðunar. Sorporkustöð gerir það svo sem ekki heldur, en hún gengur þó skrefi lengra en flestar aðrar lausnir. Þar munu alltaf falla til málmar og steinefni eins og í öðrum þekktum sorpeyðingar- og endurvinnslulausnum. Málmana er hægt að endurnýta og steinefnin má líka endurnýta í landfyllingar og fleira.

### *Tíminn hleypur frá okkur og þöggun leysir ekki vandann*

Það virðist því ljóst að engin ein lausn getur leyst vandann við eyðingu á sorpi, heldur þarf að hafa opinn huga fyrir öllum möguleikum. Tæknin til þess er vel þekkt og þrautreynd og því ekki þörf á að finna upp hjólið. Þar er tíminn ekki að vinna með okkur Íslendingum. Áhyggjur Sigfúsar Inga Sigfússonar, sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sýna að það er löngu tímabært að stjórnvöld marki nú þegar ákveðna framkvæmdastefnu án frekari málalenginga.

Ekki veitir af að klára þetta verkefni því önnur risastór og mjög fjárfrek verkefni blasa þegar við okkur Íslendingum. Það er meðhöndlun á skólpi. Þar eru Íslendingar sannarlega miklir eftirbátar flestra Evrópuþjóða. Á sama tíma stæra menn sig af fiskveiðum úr hreinum og „ómenguðum” sjó. Það versta sem við gætum gert í þeim efnum er að þagga málið niður eins og sagan sýnir að gert hefur verið hvað eftir annað í sorpmálum Íslendinga.


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

UTAN ÚR HEIMI

# Breska fjölskyldufyrirtækið JCB 75 ára

## – Hefur framleitt 750 þúsund traktorsgröfur á ferlinum og veðjar nú á rafknúnar smágröfur og vetnisknúnar þungavinnuvélar

**Löngu áður en tæknifyrirtæki voru að monta sig af hógværri byrjun sinni í bílskúr notaði Joseph Cyril Bamford örlítinn bílskúr til að búa til sína fyrstu vöru, sturtuvagn sem smíðaður var úr brotajárni úr seinni heimsstyrjöldinni. Í dag telja stjórnendur fyrirtækisins að vetni verði orkugjafi framtíðarinnar fyrir vinnuvélar.**

Fyrirtækið sem JCB dregur nafn sitt af er skammstöfun á nafni stofnandans, Joseph Cyril Bamford, sem fagnar nú 75 ára afmæli sínu. Var því sérstaklega haldið upp á það fyrr á árinu þegar lokið var við smíð á traktorsgröfu númer 750.000.



Haldið upp á framleiðslu á JCB traktorsgröfu númer 750.000 í höfuðstöðvum JCB í JRocester, Staffordshire í Englandi. Lord Anthony Bamford, stjórnarformaður JCB er þriðji frá hægri á myndinni. Myndir / JCB


Joseph Cyril Bamford, stofnandi JCB.

Á heimsvísu starfa nú 12.000 manns hjá fyrirtækinu sem er með 22 verksmiðjur í fimm löndum og 750 sölumenn og er með þjónustu á 2.000 stöðum. Fyrirtækið er enn í eigu Bamfor-fjölskyldunnar.

Til viðbótar við 75 ára afmælið á alþjóða vísu, heldur JCB einnig upp á 50 ára afmæli sitt í Norður-Ameríku þar sem fyrirtækið er með aðsetur á yfir 300 stöðum.

Vélfang ehf. hefur verið umboðsaðili JCB á Íslandi samkvæmt samningi við JCB Sales Ltd. sem gerður var 2009.


Fyrsta framleiðsluvara JCB var þessi sturtuvagn sem kom á markað árið 1945.


Fyrsta trakorsgrafa JCB sem seld var til Bandaríkjanna árið 1964.

### *Helstu tímamót á 75 ára ferli JCB*

- **1953:** Bamford finnur upp fyrstu gröfu JCB, Mk 1, og býr til eina vél með vökvaknúnum gröfugálga (backhoe) að aftan og skóflu að framan. Þarna birtist fyrirtækismerki JCB fyrst á vél og var skráð sem vörumerki fimm árum síðar.
- **1962:** Fyrirtækið Dancing Diggers kom fram á sjónarsviðið og varð fastur liður á vörusýningum JCB. Þá var líka hafin framleiðsla á JCB 3C traktorsgröfunni.
- **1964:** Fyrirtækið flytur út fyrstu vél sína til Bandaríkjanna, JCB 4C traktorsgröfu.
- **1970:** JCB setur upp bandaríska bækistöð í Whitemarsh, nálægt Baltimore, Maryland.
- **1977:** Loadall skotbómulyftarinn er kynntur til sögunnar og hefur síðan verið eitt farsælasta tæki fyrirtækisins. Fyrirtækið framleiddi 200.000 Loadall árið 2016.
- **1988:** Hulunni svipt af JCB GT, sýningareintaki af gröfu sem getur keyrt á 100 km hraða á klukkustund.
- **2000:** Fyrstu vélarnar byrja að rúlla af framleiðslulínunni í nýju höfuðstöðvum JCB í Norður-Ameríku í Savannah í Georgíu.
- **2004:** JCB kynnir Dieselmax mótorinn. Í kjölfarið kynnti það nýju línu með því að setja heimsmet með JCB Diselmax straumlínubílnum, sem náði 350,092 mph á Bonneville Salt sléttunni. Þetta heimsmet stendur enn.
- **2005:** Fyrirtækið fær 140 milljóna dollara verðlaun til að útvega bandaríska hernum sérútbúnar traktorsgröfur til hernaðarverkefna, eða það sem kallað er „High Mobility Engineer Excavator".
- **2013:** JCB fagnaði framleiðslu einnar milljónustu vélarinnar.
- **2017:** JCB kemur inn á markaðinn með fyrstu rafknúnu gröfu sína, 19C-1E.
- **2018:** Fyrirtækið setur nýja X-Series gröfur á markað.
- **2019:** JCB's Fastrac One setti í júní það ár heimsmet með hraðskreiðustu dráttarvélinni sem skráð er á heimsmetabók Guinness. Náði hún 103,6 mílna hraða á klukkustund (167 km). JCB var samt ekki sátt við þennan árangur því að í október sama ár kom fyrirtækið með Fastrac Two sem náði 153.881 mílna hraða á klukkustund, eða um 251 km og var neðalhraðinn 135.191 mph (um 218 km).
- **2020:** Fyrirtækið gefur út að framleiddar hafi verið 750.000 traktorsgröfur. Í júlí kynnti JCB frumgerð af vetnisknúinni 20 tonna 220X beltagröfu, sem JCB fullyrðir að sé sú fyrsta í sínum flokki í heiminum fyrir verktaka. /HKr.


Árið 2005 fékk JCB 140 milljóna dollara verðlaun til að útvega bandaríska hernum sérútbúnar traktorsgröfur til hernaðarverkefna, eða það sem kallað er „High Mobility Engineer Excavator".


Fyrsti JCB Loadall skotbómulyftarinn var kynntur til sögunnar 1977.


Nýr JCB Loadall 520M skotbómulyftari.


JCB's Fastrac One setti í júní 2019 heimsmet með hraðskreiðustu dráttarvélinni sem skráð hafði verið í heimsmetabók Guinness.



Í júlí kynnti JCB frumgerð af vetnisknúinni 20 tonna 220X beltagröfu, sem JCB fullyrðir að sé fyrsta vetnisknúna beltagrafan í heiminum.

## Loftslagsvænar vinnuvélar frá JCB

**Vetnisknúna 20 tonna beltagrafa JCB sem kynnt var í júlímánuði er búin að vera í prófunum við vinnu í jarðvegsnámu í heilt ár. Bamford lávarður, stjórnarformaður JCB (Antony Paul Bamford, Baron Bamford, sonur Joseph Cyril Bamford stofnanda JCB) segir að hönnun þessara fyrstu vetnisknúnu beltagröfur sé mjög spennandi verkefni um leið og fyrirtækið feti sig nú inn á slóð án kolefnislosunar.**

„Á komandi mánuðum mun JCB halda áfram þróun við að fullgera þessa tækni með prófunum á frumgerðinni. Við munum halda áfram að vera í fararbroddi varðandi tækni sem lýtur að framtíð án losunar kolefnis."

Á síðasta ári var tilkynnt um að hafin yrði framleiðsla af fullum krafti á rafknúnum smágröfum sem hafa tegundarheitið JCB 19C-1E. Þá hefur JCB einnig unnið að gerð rafmagnsútgáfu af Teletruk skotbómulyftaranum sem fær heitið JCB 30-19E.



JCB rafknúnar smágröfur komu á markað 2017.

Auk þess að vinna að vetnis- og rafknúnum tækjum segja talsmenn JCB að fyrirtækið hafi næstum útrýmt losun á skaðlegustu efnunum með nýjustu dísilmótorunum. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hefur nituroxíð lækkað um 97%, sótagnir um 98% og losun koltvísýrings hefur minnkað um næstum helming á undanförnum árum. /HKr.

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

**Sendum um allt land.**

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar



Verksmiðjan, sem samvinnufélögin Nortura og Felleskjøpet í Noregi hafa nú fjárfest í, er mjög sjálfvirk og krefst ekki margra starfsmanna en kostnaður við að koma henni á fót var í kringum tveir milljarðar íslenskra króna.
Myndir / Sune Eriksen/Norilia

# Vinna hágæðaprótein úr kjúklingabeinum

**Samvinnufélögin Nortura og Felleskjøpet í Noregi hafa nú fjárfest fyrir hátt í tvo milljarða íslenskra króna í sjálfvirkri verksmiðju sem vinnur úr kjúklingabeinum hráefni sem úr verður 100% prótein. Nú vonast forsvarsmenn fyrirtækisins til þess að varan verði vinsæl útflutningsvara. Hráefni sem hingað til hefur verið nýtt í dýrafóður verður nú notað til manneldis.**



Framleiðsla á prótíni úr kjúklingabeinum er í kringum 10 þúsund tonn á ári og getur nýja verksmiðjan afkastað helmingi meiri framleiðslu.

„Próteinefnið sem kallast hydrolysat verður nú nýtt í vörur sem er viðurkennt til manneldis en áður hefur þetta til dæmis verið notað í hundafóður. Við munum byrja á að selja til Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu og okkur nægja í raun 3-5 viðskiptavinir á hverjum stað til að selja það magn sem við höfum framleiðslugetu til. Viðskiptavinirnir fá kraft í duftformi sem er tilbúinn til notkunar og er í raun á bragðið eins og kjúklingakraftur. Þetta er ekki mikið magn núna í byrjun en við erum sannfærð um að þetta muni vaxa hratt enda möguleikarnir miklir," segir Heidi Alvestrand, þróunarstjóri í dótturfyrirtæki Nortura, Norilia. Enn sem komið er getur fyrirtækið þó ekki nýtt varphænur við framleiðsluna þar sem þær eru oft ataðar í eggjahvítu sem er ofnæmisvaldur en unnið er að þeim möguleika að geta nýtt þær.

*Margir nýtingarmöguleikar*

Markaðssetning á vörunni gengur út á góða dýravelferð og engri notkun á sýklalyfjum. Varan er ekki ódýrasta prótínið á markaðnum.

„Ferlið sem við notum heitir ensímatískt vatnsrof þar sem við notum vatn og náttúruleg ensím í samsetningu við tíma og hitastig til að brjóta niður skrokkinn, lærlegg, háls og bein. Síðan afvirkjum við ensímin til að skilja frá þrjú innihaldsefni, prótín, fitu og óleysanleg prótín ásamt steinefnum þar sem prótínin eru verðmætust," segir Heidi og bætir við:

„Það er spennandi að vinna með prótín í íþróttavörur vegna þess að þau eru vatnsrofin því þá skiptast þau niður í minni einingar sem er auðveldara fyrir líkamann að vinna úr. Við erum að þróa vörur fyrir íþróttaiðnaðinn og stefnum á Bandaríkja- og Kínamarkað. Ef það tekst eins og við áætlum eru það risastórir markaðir. Einnig er hægt að nota vöruna beint í mat til bragðbætingar og til að auka prótíninnihald. Við stefnum á að nýta þetta einnig í gæludýrafóður af dýrari tegundinni en möguleikarnir eru margir, eins og sem næringarviðbót í mat fyrir eldri borgara og jafnvel í snyrtivörur." *|ehg - Bondebladet*

**Bændablaðið**
**Kemur næst út**
**3. desember**


YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is




byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Lely Center Ísland

ZETOR VARAHLUTIR





Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LÍF & STARF

## Herdís Magna Gunnarsdóttir, nýkjörinn formaður Landssambands kúabænda:

# „Hlakka til að takast á við áskoranir greinarinnar"





Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

**„Ég hlakka til að takast á við áskoranir greinarinnar og vil nýta tímann vel til að eiga gott samtal og vinna að faglegum málum greinarinnar, eins og að styrkja frekari þekkingu, rannsóknir og þróun. Við þurfum að taka vel utan um loftslagsmál greinarinnar, stuðla að bættri ímynd nautgriparæktarinnar, halda styrkleikum okkar á lofti og bæta merkingar matvæla til að auðvelda neytendum að velja okkar vörur," segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, nýkjörinn formaður Landssambands kúabænda.**

Herdís Magna er 33 ára, bóndi á Egilsstaðabúinu og er af fimmtu kynslóð Egilsstaðabænda.

Hún og eiginmaður hennar, Sigbjörn Þór Birgisson, eiga búið til helminga á móti foreldrum hennar, Vigdísi M. Sveinbjörnsdóttur og Gunnari Jónssyni. Þau hjónin eiga tvo syni, Birni Hrafn, 5 ára og Pálmar Flóka, 2 ára.

Herdís Magna er yngst þriggja systkina, stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og lauk síðar BSc. prófi frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólum. Þau Sigbjörn Þór fluttu aftur heim til Egilsstaða árið 2012 og hófu þá þegar að vinna sig inn í búskapinn hjá foreldrum hennar. Mjólkur- og nautakjötsframleiðsla er stunduð á Egilsstaðabúinu ásamt því að þar er rekin lítil heimavinnsla með mjólkurafurðir, en bróðir hennar, Baldur Gauti, og hans kona, Eyrún Hrefna, sjá að mestu leyti um hana.

### *Sama þróun í kúabúskap hér og á öðrum Norðurlöndum*

Þróun í rekstri kúabúa hér á landi um langa hríð hefur verið í þá átt að búum hefur fækkað og þau stækkað. Svipuð þróun er upp á teningnum víðar, t.d. á öðrum Noðurlöndum. „Þrátt fyrir fækkun búa og mjólkurkúa hefur framleiðslan aukist jafnt og þétt, hún hefur haldist nær óbreytt undanfarin ár. Það má fyrst og fremst rekja til þess að búin hafa stækkað og nyt hækkað. Meðalbú framleiða nú um 275 þúsund lítra af mjólk á ári samanborið við um 115 þúsund lítra fyrir 20 árum," segir Herdís Magna.

Hún bendir á að básafjós verði úreld árið 2035 og flestir sem hætt hafa í greininni búa við aðstöðu sem þarfnast töluverðra og kostnaðarsamra endurbóta eigi þau ekki að úreldast samkvæmt reglugerðum.

Nokkur atriði í búvörusamningum séu hins vegar sérstaklega hugsuð til að styðja við minni bú.

Hámark er á því hvað einstaka framleiðandi getur fengið háan hluta af stuðningsgreiðslum, hámark var sett á hlutfall hvers framleiðanda af heildargreiðslumarki hvers árs og gripagreiðslur trappast niður með fjölda kúa þannig að minni bú fá hlutfallslega hærri stuðningsgreiðslur.

Við endurskoðun var jafnræði meðal framleiðenda í kvótakaupum aukið þar sem komið var á hámarksverði auk þess sem hámark var sett á það magn sem hver aðili má kaupa á hverjum markaði með greiðslumark mjólkur.

### *Kvótakerfið ekki fullkomið en besta lausnin núna*

Herdís Magna er nokkuð sátt við kvótafyrirkomulag í mjólkurframleiðslunni og telur meirihluta kúabænda vera sama sinnis. Vilji bænda hafi berlega komið í ljós þegar kosið var um það á sínum tíma, tæp 90% mjólkurframleiðenda vildu halda í kvótakerfið.

„Kvótakerfið er ekki endilega fullkomið en það er besta lausnin sem við höfum núna að mínu mati. Við getum haldið áfram að leita betri leiða en ég tel það ekki neinum til hagsbóta að stökkva á óígrundaðar hugmyndir að breytingum bara breytinganna vegna," segir hún.

Framleiðslugeta kúabúa hefur stóraukist á síðustu árum og er eftirspurn eftir greiðslumarki í samræmi við það. Framboðið er ekki eins mikið en tvær lausnir eru fyrir hendi til að auka framboð á því, annars vegar nefnir hún að framleiðendum fækki og hins vegar að hlutdeild íslenskra kúabænda á markaði aukist. „Við viljum forðast fyrri kostinn eftir fremsta megni og horfum frekar til sterkrar hagsmunabaráttu og aukinnar vöruþróunar."

**„Ég hlakka til að takast á við áskoranir greinarinnar og vil nýta tímann vel til að eiga gott samtal og vinna að faglegum málum greinarinnar," segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, nýkjörinn formaður Landssambands kúabænda.** Myndir / Úr einkasafni

### *Saddir af umræðu um búvörusamning og kvótamál*

Bændur höfðu komið sér saman um að fara fram á hámarksverð og að það yrði ekki hærra en sem næmi tvöföldu afurðastöðvaverði á hverjum tíma. „Það fékkst því miður ekki í gegn við endurskoðun búvörusamningsins. Það var mikil spenna á markaði þar sem eftirspurnin var mikil en hreyfingin engin. Ég tel að óvissa um fyrirkomulag hvers markaðar hafi haft mest áhrif á að lítil hreyfing var á greiðslumarki og það var mikilvægt að koma á vissu og hreyfingu á viðskiptin. Lendingin í samningum við ríkið var að koma á hámarksverði með greiðslumark mjólkur, það yrði þrefalt afurðastöðvarverð og það myndi gilda út árið 2023, þegar næsta endurskoðun mun eiga sér stað. Við höfum séð jákvæða þróun á síðustu tveimur mörkuðum eftir að hámarksverð var fest í sessi og séð aukna hreyfingu á greiðslumarki," segir Herdís Magna og bætir við að hún hafi skynjað það á samtölum sínum við bændur undanfarið að flestir eru orðnir saddir af umræðu um búvörusamninga og kvótamál og vilja nýta tímann núna til að einbeita sér að öðrum mikilvægum málefnum greinarinnar.

### *Verndartollar landbúnaðarframleiðslunnar bitlausir*

Eitt þeirra mála sem ofarlega hafa verið á baugi í umræðunni eru tollamálin og hefur Herdís Magna



**Nestispása í Stapavík, norðan Héraðssanda í helgarfríi á liðnu sumri. „Við reynum eins og við getum að nota þá daga sem við komumst frá til að gera eitthvað saman fjölskyldan og skoða landið," segir Herdís Magna, en með henni eru eiginmaðurinn Sigbjörn Þór Birgisson og synirnir Birnir Hrafn og Pálmar Flóki.**



**Kúabændur á Héraði og fjörðum tóku þátt í Skógardeginum mikla 2019 og heilgrilluðu naut sem gestum og gangandi var boðið upp á. Ingibjörg Ásta Ingvarsdóttir er með Herdísi Mögnu á myndinni.**



**Það fer vel um Pálmar Flóka í fínu sæti á dráttarvélinni.**

lýst þeirri skoðun sinni að hún vilji endurskoða tollasamning okkar við Evrópusambandið. Hún segir að íslensk nautgriparækt þurfi að búa við sanngjarnt starfsumhverfi og það hafi verið sér mikið kappsmál að vinna að bættri stöðu í tollamálum.

„Það er mikilvægt að við áttum okkur á því hvaða auðlind við búum yfir og hlúum að þeim verðmætum sem við eigum í innlendri matvælaframleiðslu en verndartollar landbúnaðarvöru eins og þeir eru í dag eru orðnir bitlausir,“ segir hún. Mikilvægt sé í það minnsta að endurskoða tollasamninginn og hafi fulltrúar síðasta aðalfundar LK samþykkt ályktun þar sem er farið fram á að stjórnvöld leiti allra leiða til að samningnum verði sagt upp.

„Forsendur samningsins eru brostnar eftir útgöngu Breta úr ESB og fækkun ferðamanna undanfarin ár. Helsti útflutningsmarkaður okkar hefur verið Bretland en innflutningur landbúnaðarvara kemur hins vegar að mestu leyti frá öðrum ESB-ríkjum.

Að semja um kíló á móti kílói líkt og var gert er fráleitt. Sem dæmi má nefna að á meðan ESB fær innflutningskvóta sem nemur 10% af ostamarkaðnum hérlendis fær Ísland aðgang að 0,009% af ostamarkaði ESB.“

*Nautakjötsframleiðslan komin á bjargbrúnina*

Bendir Herdís Magna á að margt fleira sé að þegar að tollamálum kemur og virðist pottur víða brotinn í tollaframkvæmd og -eftirliti. „Þessum málum verður að koma í lag. Þar liggur mikið undir fyrir bændur, neytendur, ríkið og þá innflutningsaðila sem sannanlega fara eftir settum reglum,“ segir hún. Tollamálin hafi mikil áhrif á greinina og vandi nautakjötsframleiðslunnar sé mjög aðkallandi. Fækkun ferðamanna og aukinn innflutningur á auknum tollkvótum og lægri aðflutningsgjöldum hafi komið kjötframleiðendum og afurðastöðvum þeirra í mjög erfiða stöðu. „Nautakjötsframleiðslan er komin á bjargbrúnina og ég óttast verulega um stöðu greinarinnar ef ekkert verður að gert.“

*Auknar heimildir til samstarfs yrðu til bóta*

Auk þess sem brýnt sé að endurskoða tollasamninginn við ESB og bæta eftirlit segir Herdís Magna greininni nauðsynlegt að frestað verði eða fallið frá útboði tollkvóta fyrir fyrri helming næsta árs.

Önnur leið til að styrkja samkeppnisstöðu innlendra kjötafurðastöðva sé að veita greininni auknar heimildir til samstarfs og aukinnar hagræðingar. „Við höfum mjög gott fordæmi um það í mjólkurframleiðslunni og víða um heim eru sérreglur um samkeppni í landbúnaði. Það er vegna þess að stjórnvöldum á hverjum stað er ekki sama um innlenda matvælaframleiðslu. Markmið landbúnaðarstefnu eða stefnu um fæðuöryggi víkja þá samkeppnissjónarmiðum til hliðar þó að það sé hvergi án skilyrða. Þá þarf líka að horfa til þess að litla Ísland er peð í samanburði við önnur lönd og við þurfum að gera það sem við getum til að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innfluttum afurðum,“ segir hún.

*Engir styrkir til landbúnaðar vegna kórónuveiruástandsins*

Birgðasöfnun sé stór þáttur í vanda afurðastöðva vegna snöggra breytinga á eftirspurn og framleiðendur erlendis búi við svipaðan vanda en önnur ríki hafa brugðist við vegna heimsfaraldursins og veitt talsverða styrki til síns landbúnaðar, m.a. í formi styrkja til birgðasöfnunar. „Við þurfum að átta okkur á því hvað mikilvægt er að við styrkjum innlenda matvælaframleiðslu, það er full ástæða fyrir því að aðrar þjóðir verja sína matvælaframleiðslu og veita auknum fjárstyrkjum til landbúnaðarmála í ljósi ástandsins. Þetta skekkir svo enn frekar okkar samkeppnisstöðu á meðan íslenskur landbúnaður fær enga styrki vegna ástandsins sem hefur skapast af völdum kórónuveirunnar.“

*Dýrmætt að halda lífi í innlendri matvælaframleiðslu*

Herdís Magna bendir á að Íslendingar búi yfir mikilli auðlind í innlendri matvælaframleiðslu og því þurfi að koma á framfæri. Lyfjanotkun sé í algjöru lágmarki, aðgangur að hreinu drykkjarvatni þykir nánast sjálfsagður og kröfurnar um aðbúnað bæði dýra og starfsfólks í matvælaframleiðslu séu mjög miklar hér á landi. Þar að auki, vilji menn horfa til loftslagsmála, þá sé kolefnisspor íslensks nautakjöts á pari við erlenda framleiðslu og liggur í neðri mörkum. Og þá þurfi ekki að flytja kjötið þvert og endilangt um hnöttinn.

„Það er okkur sem þjóð dýrmætt að halda lífinu í innlendri matvælaframleiðslu og þar með öllum þeim fjölda starfa sem til eru við framleiðslu matvæla, það er vænlegri kostur en að bæta fólki á atvinnuleysisskrá og treysta á innflutning með tilheyrandi útstreymi gjaldeyris,“ segir Herdís Magna.


Egilsstaðakýrnar.


Hér er Herdís Magna með eldri syninum, Birni Hrafni, upp á handriðinu á pallinum hjá Fjóshorninu, sem er litla kaffihúsið sem rekið er við Egilsstaðabúið.


Sonur og kálfur.




## Málþingið Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa:

# Ísland ákjósanlegt fyrir lífræna ræktun

## – Hringrás lífrænna úrgangsefna þarf að vera skilvirkari

**Sigurður Már Harðarson**
smh@bondi.is



**Fimmtudaginn 12. nóvember stóð Fagráð í lífrænum búskap fyrir málþinginu Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa. Málþingið var haldið með fjarfundarfyrirkomulagi, en fundarstjóri var Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Fjallað var um ýmsar hliðar á lífrænni ræktun og umhverfismálum; jarðvegsgerðir og kolefnisbindingu, lífrænan áburð, möguleika lífrænt vottaðra íslenskra afurða – og heilnæmi þeirra – og hagnýt atriði varðandi aðlögun að lífrænum búskap.**

Samhljómur var í fyrirlesurum um að brýn þörf sé á betri nýtingu lífrænna úrgangsefna.

### *Meiri kolefnisbinding í lífrænni ræktun*

Þorsteinn Guðmundsson, doktor í jarðvegsfræði frá Háskólanum í Aberdeen og prófessor við LbhÍ, tók fyrstur til máls. Hann fór yfir nokkrar rannsóknir sem geta gefið vísbendingar um hvort kolefnisbinding sé meiri í jarðvegi í lífrænni ræktun samanborið við hefðbundna ræktun. Hann sagði að nánast engar íslenskar rannsóknir væru til um þessi mál og erlendar rannsóknir hafi aðallega beinst að akurlendi, en ekki túnum.

Erlend yfirlitsgrein frá 2012, sem Þorsteinn vísaði til, sýndi að lífrænt kolefni var heldur meira í tilraunareitum í lífrænni ræktun samanborið við hefðbundna ræktun. Meira hafði bundist jarðveginum og lífrænt efni jókst. Hann segir að hafa beri í huga að yfirleitt sé það þannig að mun minna lífrænt efni sé í góðum jarðvegi erlendis en almennt á Íslandi. Í þessari rannsókn sé hlutfallið 3,5 til 4,5 prósent – en það sé oft10 til 20 prósent á Íslandi.

Önnur rannsókn sem Þorsteinn greindi frá sýndi að uppsöfnun kolefnis væri mjög mikil yfir langan tíma, með búfjáráburði einum saman, en fór heldur hnignandi til langs tíma í hefðbundinni áburðargjöf með tilbúnum áburði.

Þorsteinn segir ljóst af rannsóknum að með lífrænum áburði muni fást meira jarðvegslíf, betri húmus, og dreifingu á meiri dýpt. Auk lífræns áburðar væri ákjósanlegt að nota smára eða lúpínu. Með lífrænum áburði megi búast við álíka mikilli eða meiri bindingu á kolefni en fengist hefur með notkun tilbúins áburðar.

Hann segir að með lífrænni ræktun í móajarðvegi á Íslandi megi búast við að kolefnismagn aukist en eins og erlendis sé rétt að gera ráð fyrir að hámarki sé náð, trúlega eftir einhverja áratugi. Tilraunir sem hafa verið gerðar á Sámsstöðum, Akureyri og á Skriðuklaustri með tilbúinn áburð sýni fram á þetta og væntanlega myndi enn meira safnast upp ef lífrænn áburður væri notaður.

### *Engar rannsóknir til hér á landi um akurlendi*

Engar rannsóknir hér á landi eru til, til að segja við hverju megi búast varðandi akurlendi.

Varðandi mýrarjarðveg, sem er lífrænn jarðvegur og með mjög mikið kolefni bundið, er meira bundið í neðri lögunum. Til að draga úr losun er hægt að hækka grunnvatnsstöðu. Í mýrum er málið að draga úr eða stoppa losun á gróðurhúsalofttegundum og greindi hann frá erlendum rannsóknum þar sem þetta er gert, grunnvatnsstöðu er haldið hárri en landið jafnframt nýtt.

Þorsteinn greindi frá íslenskri rannsókn þar sem samanburður á örveruvirkni í reitum með tilbúnum áburði og á reit með sauðataði til fjölda ára var gerður. Mest örveruvirkni og umsetning var í sauðataðsreitunum. Tilraun gerð á Hvanneyri og sýnir ekki marktækan mun á kolefnishlutfalli í jarðvegi, uppskera þó mest í sauðataðsreitunum. Í annarri rannsókn þar sem borin voru saman jarðvegur á lífrænu búi og á hefðbundnu búi kom í ljós að örveruvirkni var einnig mest þar sem túnin voru í lífrænni ræktun. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr erlendum rannsóknum.

Í svari við fyrirspurn Ragnheiðar fundarstjóra, varðandi rannsóknir sem ætti að ráðast í, mælir Þorsteinn með því að hluti af starfsemi LbhÍ verði tekinn undir rannsóknir á lífrænni ræktun, að rannsóknir verði gerðar í jarðrækt og helst langtíma rannsóknir.

### *Hringrás lífræns úrgangs*

Cornelis Aart Meijles er umhverfisverkfræðingur og sérfræðingur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í hringrásarhagkerfum. Hann ræddi aðallega um mikilvægi þess að koma hinu mikla magni af lífrænum úrgangi, sem ekki er nýtt í dag, inn í hringrásina.

Hann lagði upp með þá staðreynd að Íslands hefði mikla sérstöðu í lífrænum landbúnaði því þar eru verðmæti sköpuð úr öllum auðlindum landsins; villtri náttúru og lífffjölbreytileika, jarðvegi, köldu og heitu vatni, grænni raforku, kolsýru, menningu og þekkingu.

Hins vegar vantar að hans sögn heimafengin næringarefni sem hráefni, áburðarefnin og lífrænan úrgang sem er undirstöðuáburður fyrir lífræna ræktun. Það þarf nefnilega að huga að því að næra jarðvegslífið líka, ekki bara plöntulífið, og þar með talið kolefni.

Cornelis segir að með því að binda koltvísýring í lífmassa og koma honum fyrir í jarðvegi, megi binda meira kolefni varanlega sem „húmus“ í jarðveg (sem inniheldur lífverur eins og bakteríur, örverur, sveppi, orma). Eitt prósent meira „húmus“ í jarðvegi þýðir 70 tonna meiri koltvísýringsbindingu á hektara. Það séu einmitt mjög góðir möguleikar í lífrænni ræktun, með nýtingu á lífrænum úrgangi, að auka þetta húmus og binda meira kolefni.

Síðan nefndi hann önnur dæmi um það hvernig binda mætti meira kolefni; í skógrækt með bindingu í trjám, nytjavið og jarðvegi, í landgræðslu með bindingu í plöntum og jarðvegi, í landbúnaði með bindingu í plöntum, matvælum og jarðvegi. Síðan tók hann frekari dæmi um möguleika í landbúnaði; með sinubruna (sem væri reyndar ekki vel séður í dag), moltugerð, lífkol (biochar) beint sem kolefnisgjöf eða óbeint með dýrafóðri, og svo með fyrirbærinu bokashi sem er aðferð við gerjun lífræns úrgangs til að varðveita öll næringarefnin, þar með talið kolefni. Hann tók svo talsverðan tíma til að útlista frekar þennan möguleika sem að hans mati myndi henta mjög vel við íslenskar aðstæður.

### *Bokashi-aðferðin gæti verið leið til að framleiða nægan lífrænan áburð*

Bokashi aðferðin tekur um sex til átta vikur við 30-40 gráður, nota má lífræn efni sem falla til staðbundið, búa til heimafenginn áburð og jarðvegsbæti – og loka þannig hringrásinni. Þetta er leið sem getur gengið fyrir heimili, bóndabýli, byggðir eða sveitarfélög. Kalki, örverublöndu og leir er blandað saman við úrganginn og síðan er þetta látið vera við loftfirrðar aðstæður, til dæmis undir plasti, þar til gerjunarferlinu er lokið. Afurðin er vel niðurbrjótanleg af jarðvegslífi – og ekki til betra fóður fyrir orma, að sögn Cornelisar.

Kostir bokashi-aðferðar eru þannig fjölmargir. Þetta er fremur ódýr aðferð miðað við aðra meðhöndlun. Hægt er að gera þetta innandyra sem úti og ekkert tap er á kolefni eða öðrum næringarefnum í ferlinu og það er nánast lyktarlaust.

Það er óháð veðráttu þar sem verkunin fer fram undir plasti. Efnið er tilbúið eftir sex til átta vikur og má geyma lengi og auðveldlega, án taps á gæðum, þangað til efninu verður dreift á ræktarland. Cornelis hefur reiknað út kostnað af aðferðinni vegna aðfanga, skatta og tolla og mun hann vera um sjö þúsund krónur á hvert tonn. Hugsanlegt er hins vegar að verðið komi til með að lækka ef meira magn aðfanga verður flutt inn. Minna magn lífræns hráefnis megi vinna í fötum eða




Cornelis Aart Meijles, umhverfisverkfræðingur og sérfræðingur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í hringrásarhagkerfum, fjallaði um kolefnisbindingu og lífrænan áburð. Skjámyndir af fjarfundi á vefnum




Gunnþór Guðfinnsson, garðyrkjumaður í Skaftholti, greindi frá aðalatriðunum í búskapnum á bænum sem er lífrænt vottaður.



Þorsteinn Guðmundsson, doktor í jarðvegsfræði frá Háskólanum í Aberdeen og prófessor við LbhÍ, fjallaði um kolefnisbindingu, áburðargjöf og lífræna ræktun.

Styrkir til **verkefna og viðburða**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna sem efla atvinnulíf og nýsköpun.

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2020.**

Umsóknir berist rafrænt í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins.

**Allar nánari upplýsingar á anr.is**

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið





**Prófessor Carlo Leifert, þýskur doktor í örverufræði við Southern Cross-háskólann í Lismore í Ástralíu, greindi frá rannsóknum sem leiða líkur að því að lífrænt vottuð matvæli séu heilnæmari en hefðbundin.**



fiskikerum svo framarlega að þau séu loftþétt. Hann segir þetta geta verið sparnaðarleið fyrir sveitarfélög við söfnun og förgun úrgangs. Með aðferðinni verður til grundvöllur fyrir lokun efnahringrásar. Um leið opnast ný leið fyrir lífræna bændur að bæta við áburðarúrræði. Hráefnið til gerjunarinnar getur verið af ýmsum toga; garðaúrgangur, slegið gras, heyfyrningar, jafnvel úrgangur frá mötuneytum og fleira. Hann metur aðferðina um 60 prósent ódýrari aðferð en moltugerð.

Cornelis telur að hægt verði að minnka innflutning á tilbúnum áburði um helming með nýtingu á hinu gríðarmikla magni af lífrænum úrgangi sem fellur til í dag og er ekki notað inni í hringrásinni.

### *Jarðvegurinn ræktaður í Skaftholti*

Gunnþór Guðfinnsson er garðyrkjufræðingur sem stundar lífrænt vottaðan landbúnað í Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hann fór yfir hugmyndafræði búskaparins í Skaftholti, aðallega þá hlið sem snertir jarðveginn.

Hann sagði að undirstaða alls búrekstrarins á bænum væri að rækta jarðveginn. Með því er stuðlað að eðlilegri hringrás innan býlisins og lífrænum vörnum er beitt gegn óværu í gróðurhúsum. Einhver aðföng þarf að sækja en reynt sé að takmarka þau eins og hægt er.

Bændurnir í Skaftholti hafa séð mikinn mun á jarðveginum í dag frá þeim tíma þegar lífræn ræktun hófst þar 1980, mun meiri frjósemi hefur þar byggst upp. Auk þess að nota lífræn efni eins vel og hægt er í hringrásina, til dæmis með safnhaugagerð, eru belgjurtir ræktaðar eins og smári sem binda nitur úr andrúmsloftinu og auka þar með áburðinn í jarðveginum. Hann útlistaði ágæti ánamaðka til að auka frjósemi jarðvegsins og sagði mjög mikilvægt að huga að því að rækta þá ekki síður en plönturnar.

Í Skaftholti er blandaður búskapur með grænmeti, korn og búfé – og rakti Gunnþór hagnýt atriði í mismunandi greinum búrekstrarins varðandi áburðargjöf og skiptiræktun.

### *Þörf á nýtingu á öllum lífrænum úrgangi*

Í síðasta hluta af erindi sínu fór Gunnþór yfir hugleiðingar sínar um áhættumat og ógnanir í lífrænum búskap. Varðandi lífræna áburðagjafa tók hann undir með fyrri fyrirlesurum að mikið magn hráefnis væri til staðar í landinu sem væri í raun bara í röngum farvegi. Hráefnið þyrfti að eiga leið aftur inn í hringrásina, en þá væri spurningin, með hvaða hætti væri hægt að koma því aftur inn. Í sumum tilvikum sé hægt að leita til nágrannabæja til að sækja sér hráefni, sem síðan sé hægt að meðhöndla til að hægt sé að nota sem vottaðan áburð.

Síðan ræddi hann um allan hænsnaskítinn sem fellur víða til en hefur að vissu leyti verið bannaður sem áburðargjafi í lífrænni ræktun. Þannig misstu garðyrkjubændur í lífrænt vottaðri ræktun þann möguleika á að nota sveppamassa frá Flúðasveppum sem áburðargjafa í sinni ræktun þar sem hann innihélt hænsnaskít frá kjúklingabúi. Hann hafði verið undirstöðuáburður á nokkrum garðyrkjubýlum.

Gunnþór sagði nauðsynlegt að umræða yrði tekin um hvort ekki eigi að hleypa svo mikilvægum lífrænum úrgangi aftur inn í hringrásina með einhverjum hætti.

### *Skortur á vottuðu fræi og vottuðum sláturhúsum*

Hann kom einnig inn á það vandamál fyrir garðyrkjubændur með lífræna vottun að það væri nánast orðið að viðvarandi ástandi, að ekki sé hægt að ganga að vottuðu útsæði eða fræjum vísu, sem væri óviðunandi, og það væri verðugt verkefni að tryggja betur stöðugleika á þessu sviði.

Að síðustu vék Gunnþór tali sínu að lífrænt vottaðri kjötframleiðslu og sagði talsverðan vanda til staðar að ekki fleiri sláturhús væru með lífræna vottun. Í tilfelli Skaftholts væri það nú þannig að þar væru bændurnir með vottaða gripi á fæti, en sú vottun rofnaði um leið og gripirnir væru komnir um borð í gripabílana.

### *Lífrænt vottað inniheldur meira af góðum efnum og minna af slæmum*

Prófessor Carlo Leifert er þýskur doktor í örverufræði við Southern Cross-háskólann í Lismore í Ástralíu.

Hann útlistaði í sínum lestri niðurstöður úr samanburðarrannsókn á mismun í næringargildi lífrænt vottaðra matvæla og hefðbundinna. Hann greindi einnig frá víðtækri könnun í Bretlandi og Þýskalandi á innihaldsefnum í hveiti frá annars vegar lífrænt vottuðum og hins vegar hefðbundnum framleiðendum; bæði varðandi næringarinnihald og einnig óæskileg efni eins og skordýaeitur. Loks fór hann yfir rannsóknir á mögulegt áhrif af neyslu lífrænt vottaðra matvæla á heilsu fólks.

### *Lífrænt vottaðar jurtir, kjöt og kúmjólk líklega heilnæmari*

Varðandi fyrstu spurninguna, hvort einhver grundvallarmunur væri í næringargildi á milli lífrænt vottaðra matvæla og hefðbundinna, vitnaði hann til þriggja samanburðarrannsókna; á uppskornum jurtategundum, kúamjólk og kjöti – sem birtust í British Journal of Nutrition á árunum 2014 og 2016. Þar er gögnum úr öllum aðgengilegum vísindarannsóknum um efnið safnað saman og niðurstöður gefnar út í samræmi við samanteknar upplýsingar.

Þar er lífrænt vottuð matvæli metin innihalda um tuttugu prósent meira af andoxunarefnum í uppskornum jurtategundum að jafnaði, um fimmtíu prósent minna af kadmíum-magni og fjórum sinnum færri sýni innihalda leifar skordýraeiturs að meðaltali.

Varðandi kjötafurðir þá gerir rannsóknin ráð fyrir fimmtíu sinnum hærra hlutfall Omega-3 fitusýrum í lífrænt vottuðum og tíu prósent minna af mýristínsýru og palmitínsýru, sem eru taldar skaðlegar.

Í kúamjólk er gert ráð fyrir fimmtíu og fimm prósentum meira af Omega-3 fitusýrum í lífrænt vottuðum vörum, fjörutíu prósent hærra hlutfalli CLA-fitusýrum, sem eru taldar hafa jákvæð áhrif á líkamann, en sjötíu prósent lægra hlutfalli af joði.

Unnið var úr niðurstöðum 343 rannsókna varðandi uppskornar jurtategundir, 67 rannsóknum á kjöti og 170 rannsóknum á kúamjólk.

### *Meira skordýraeitur í hefðbundinni hveitiframleiðslu*

Í niðurstöðunum í samanburðinum á framleiðslu hveitis kemur í ljós að í´87 prósent sýna í hefðbundinni framleiðslu greindust einhverjar leifar skordýrareiturs, en í 25 prósenta sýna í lífrænt vottaðri framleiðslu. Í 36 prósenta sýna í hefðbundinni framleiðslu fundust leifar af fleiri en einni tegund, en fjögur prósenta sýna í lífrænt vottaðri framleiðslu.

Carlo sagði áhugavert að sjá í niðurstöðunum að í hefðbundinni hveitiframleiðslu hefði reynst vera tvöfalt meira magn skordýraeiturs í heilhveitimjöli, en í hvítu hveiti. Í lífrænt vottuðu hveiti eru leifar skordýraeiturs hins vegar svipaðar í heilhveiti og hvítu hveiti.

### *Lífrænt vottað heilhveiti reyndist innihalda mest af steinefnum*

Niðurstaða hans er að lífrænt vottuð matvæli reynast – í samanburði við hefðbundin matvæli – innihalda meira af góðum efnum fyrir líkamann, en minna af þeim slæmu. Neysla á lífrænum matvælum mun auka næringarinnihald matarins meira en neysla hefðbundinna matvæla. Einnig minnkar neysla á lífrænt vottuðum matvælum líkurnar á því að innbyrða óæskileg efnasambönd og eitruð. Rannsóknirnar bendi til þess að ávinningurinn af neyslu á lífrænt vottuðum matvælum sé mestur hjá þeim neytendum sem fylgja næringarviðmiðum um aukið hlutfall heilkorna, ávaxta og grænmetis í máltíðum.

Umfjöllun um erindi Sveins Margeirssonar, doktors í iðnaðarverkfræði, og Sunnu Hrafnsdóttur, garðyrkjubónda með lífræna vottun á Ósi í Hörgársveit, bíður næsta tölublaðs.















Geiturnar á Brúnastöðum hafa færi á að spranga um undir fjallgarðinum á Tröllaskaga. Líka að láta fara vel um sig heima við.

# Geitaostur framleiddur í heimavinnslu á Brúnastöðum í Fljótum

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



**„Við höfum lengi haft áhuga á heimavinnslu og að gera seljanlegar afurðir úr því sem lítið er nýtt eða lítið verð fæst fyrir eins og geita- og sauðamjólk og afurðum eins og kindakjöti," segir Stefanía Hjördís Leifsdóttir. Hún ásamt eiginmanni sínum, Jóhannesi Ríkarðssyni á Brúnastöðum í Fljótum, er um þessar mundir að setja á markað fjórar tegundir af geitaostum; Fljóta, Ísar, Knörr og Brúnó.**

Ostagerðin er afrakstur mikils undirbúnings sem hófst vorið 2018 þegar þau sóttu námskeið hjá Farskóla Norðurlands vestra, Matarsmiðja, Beint frá býli. Fullkomin aðstaða til ostagerðar var sett upp á Brúnastöðum og segir hún ánægjulegt eftir langt, strangt og kostnaðarsamt ferli að sjá fyrstu afurðirnar líta dagsins ljós.

Hjördís og Jóhannes tóku við búinu á Brúnastöðum af föður Jóhannesar, Ríkharði Jónssyni, árið 1998. Fyrstu tvö árin ráku þau búið með annarri vinnu sem þau stunduðu á Sauðárkróki. Jóhannes var um 10 ára skeið sauðfjárræktarráðunautur og Hjördís lærði félagsmannfræði og starfaði við kennslu í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um nokkurra ára skeið áður en sveitalífið tók við. Hún segir að um langan veg sé að fara úr Fljótunum til að sækja vinnu utan bús og þau hafi kappkostað að finna sér störf heima við þannig að hægt sé að afla fjölskyldunni lífsviðurværis með störfum heima á bænum. – „Og við erum alltaf að sjá möguleika og þeir eru margvíslegir," segir hún.



Hér er verið að mjólka geiturnar. Ábúendur á Brúnastöðum hafa mjólkað 35 geitur undanfarnar vikur. Mjólkin er fryst og unnið úr henni í lotum.



Mjaltabásinn og ostatankurinn eru flutt inn frá Danmörku sem og mjaltartæknin. Sigtryggur V. Herbertsson hjá RML á Akureyri veitti aðstoð við innflutninginn.



Hér má sjá jólaútgáfu af havartiostinum Knörr með trönuberjum, fullt af Brúnó, fetaostinn Fljóta, brie-ostinn Ísar og síðast en ekki síst sauðaostinn Mikla sem eru á leið á markað. Geitaosturinn Brúnó á klárlega engan sinn líkan, parmesanlíkur og fær reglulega bjórbað í IPA bjór frá Segli á Siglufirði. Sérlega mildur og bráðnar í munni.

### *Fjölbreytt starfsemi og mannmargt heimili*

Starfsemin á Brúnastöðum er fjölbreytt, en grunnurinn er sauðfjárrækt með um 800 vetrarfóðraðar kindur. Þá eru þar rúmlega 40 geitur, nokkrar holdakýr og eintak af öllum húsdýrum landsins því yfir sumarmánuðina reka þau vinsælan húsdýragarð. Þá er stunduð ferðaþjónusta á bænum, leigð út tvö stór hús og einnig reka þau félagsheimilið Ketilás. Þá stunda þau hjónin einnig skógrækt.

Þau eiga fjögur börn, Ríkeyju Þöll, meistaranema í umhverfisstjórnmálum í Stokkhólmi, Kristin Knörr, nema í landfræði við HÍ, Ólaf Ísar, sem útskrifaðist frá MA síðasta vor og Leif Hlé, sem er í 9. bekk. Auk þess eiga þau 3 fósturbörn, Júlíu Agar, nema við MA og Eld og Davíð sem báðir eru í grunnskóla. Á heimilinu dvelja að auki nemar frá grænlenska landbúnaðarskólanum í Upernaviarsuk að jafnaði í eitt ár í senn.

### *Krefjandi búskaparjörð*

Jörðin á Brúnastöðum er krefjandi til búskapar, en þar er mjög snjóþungt svo veturnir og vorin eru á stundum erfið. Þannig taka þau ævinlega niður girðingar á haustin og setja upp á ný að vori svo þær sligist ekki.



Stefanía Hjördís Leifsdóttir og Jóhannes Ríkarðsson á Brúnastöðum með börnum sínum Ríkeyju Þöll, meistaranema í umhverfisstjórnmálum í Stokkhólmi, Kristni Knörr, nema í landfræði við HÍ, Ólafi Ísari, sem útskrifaðist frá MA síðasta vor og Leifi Hlé, sem er í 9. bekk.



Geiturnar á Brúnastöðum fá líka hrat frá bruggverksmiðjunni Segli á Siglufirði og eru fyrir vikið ef til vill eilítið mildar alla daga.

„Það er líka stundum frekar erfitt hér í kringum sauðburðinn þegar allt er á kafi í snjó, eins og til að mynda var síðastliðið vor. Hjá okkur fæddust rúmlega 1.300 lömb síðasta vor. Sauðburðurinn getur því verið býsna snúinn.

Við fengum stórvirkar vinnuvélar hingað heim á liðnu vori til að moka snjó frá útihúsunum, en allt hefur nú blessast hjá okkur því Jóhannes er ekki öðru vanur, hann er útsjónarsamur og lætur sé hvergi bregða þó aðstæður séu ekki eins og best verður á kosið. Börnin okkar eru líka dugleg að aðstoða á álagstímum og eins munar verulega um framlag grænlensku krakkanna, þau eru mjög dugleg. Þrátt fyrir allt brasið í vor og að þetta liti ekki sérstaklega vel út skila lömbin sér ákaflega þung og falleg af fjalli.

Við höfum í gegnum tíðina fengið fólk hvaðanæva að frá Evrópu til að aðstoða á álagstímum en grænlensku krakkarnir bera af þegar kemur að þátttöku í í sveitastörfunum,“ segir Hjördís.

Hún bætir við að þó svo að jörðin sé snjóþung og krefjandi að mörgu leyti sé náttúrufegurð undir fjallgarði Tröllaskagans mikil og möguleikar á að stunda ferðaþjónustu árið um kring séu fyrir hendi.

Ábúendur á Brúnastöðum hafa gróðursett yfir 70 þúsund plöntur í 32 hektara lands og segir Hjördís að trén rjúki upp þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Þá er risastór garður við bæinn, fullur af blómum en ræktun er hennar líf og yndi. Þá kveðst hún hafa mikla unun af því að vinna með börnum og þau hafi verið farsæl í starfi sem fósturforeldrar. Eins hafi ferðaþjónustan gengið vel.

„Við erum ekki öðru vön en að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni. Lífið hefur verið okkur gjöfult.“

### *Námskeiðið fyrsta skrefið*

Þó svo að störfin heima á Brúnastöðum séu marvísleg hafa þau Hjördís og Jóhannes nú bætt heimavinnslunni við sína starfsemi. Hún segir gleðilegt eftir langan feril að nú séu fyrstu afurðir að koma á markað. Upphafið má rekja til þess að þau hjón sóttu námskeiðið Matarsmiðjan, Beint frá býli sem Farskóli Norðurands vestra hélt á útmánuðum árið 2018 og segir Hjördís það hafa verið algjörlega frábært tækifæri, ekki síst vegna þess að þátttakendur höfðu mikið að segja um hvernig námskeiðið var þróað.

„Við gátum svolítið stjórnað ferðinni, það var hlustað á allar okkar óskir og fyrirlesarar löguðu sig að okkar þörfum og markmiðum þannig að námskeiðið gagnaðist einkar vel. Þetta var mjög praktískt nám og það efldi mann mjög í því að taka skrefið og koma upp eigin aðstöðu,“ segir Hjördís.



Ostavinnslan í fullum gangi hjá Guðna Hannesi.

Margir þeirra sem hafa áhuga fyrir heimavinnslu eigin afurða og matarhandverki þurfi þó ekki að leggja út í þann kostnað sem Brúnastaðahjónin fóru út í.

„Við erum svo lánsöm að á Skagaströnd er vottuð vinnsla, vörusmiðja sem rekin er af BioPol, og þangað inn komast allir þeir sem vilja þróa sína vöru og framleiðslu fyrir mjög hóflegt fé,“ segir hún. „En þegar verið er að vinna úr mjólk verður ferlið snúið svo við kusum að fara í þessar framkvæmdir hér heima.“



Mjólkurfræðingurinn og ostagerðarmaðurinn Guðni Hannes Guðmundsson á Akureyri er einstaklega ánægður með gæði geitamjólkurinnar.

### *Hvorki einfalt né ódýrt ferli*

Framkvæmdir við matarsmiðjuna á Brúnastöðum hafa staðið yfir í hálft annað ár, en Hjördís segir ýmsar skýringar á þeim langa tíma. Vöntun var á iðnaðarmönnum um skeið, snjóþungur og erfiður vetur sem og kórónuveiran hafi sett sitt strik í reikninginn.

„Þetta var hvorki einfalt ferli né ódýrt að fara út í þessar framkvæmdir. Kröfurnar eru miklar, bæði hvað varðar húsnæði og einnig öll leyfi sem til þarf. En nú erum við komin með frábæra vinnuaðstöðu og getum dundað okkur við framleiðsluna fram á elliár ef lukkan leyfir,“ segir Hjördís.

Aðstaðan er nú að verða tilbúin og þau komin með leyfi til framleiðslunnar í hendurnar, en það fékkst um miðjan júlí í sumar sem leið. Síðan þá hafa þau mjólkað um 35 geitur daglega. Mjólkin er fryst og og unnið úr henni í lotum. Stefnt er að því að fjölga í hópnum og hafa í það minnsta 50 mjólkandi geitur á bænum næsta sumar. Þá segir Hjördís að einnig standi til að mjólka ær í meira mæli til framtíðar litið.

### *Brennur fyrir handverksostagerð*

Mjólkurfræðingurinn og ostagerðarmaðurinn Guðni Hannes Guðmundsson á Akureyri hefur verið þeim til aðstoðar, hann hannar ostana og kennir þeim rétta handbragðið.

„Hann brennur fyrir handverksostagerð og er alltaf boðinn og búinn að fórna helgarfríum til að aðstoða við ostavinnsluna,“ segir hún. „Við hefðum vart farið í þessa vegferð með ostagerð nema af því við erum svo ljónheppin að hann býr hér steinsnar frá okkur,“ segir Hjördís en Guðni Hannes hefur manna lengsta reynslu af handverksostagerð hér á landi.

### *Fjórar tegundir í fyrstu*

Til að byrja með eru í boði fjórar tegundir af geitaosti, salatostur, eða feta sem kallaður er Fljóti, brie eða hvítmygluostur sem kallast Ísar, þá havartiostur sem heitir Knörr og loks ítalskættaður geitaostur sem kallaður er Brúnó.

„Við munum svo halda áfram að gera tilraunir á nýjum ostategundum næsta sumar og þá bæði úr sauða- og geitamjólk,“ segir Hjördís. „Og maður minn hvað þetta er spennandi og skemmtilegt fyrir matgæðinginn og eldhúsfíkilinn mig.“

### *Mildar alla daga*

Hjördís bætir við að það virðist henta geitunum einkar vel að spranga um undir fjallgarðinum, Guðni Hannes sé einstaklega ánægður með gæði mjólkurinnar sem bæði er próteinrík og feit og henti því afar vel til ostagerðar. Geiturnar á Brúnastöðum fá líka hrat frá bruggverksmiðjunni Segli á Siglufirði og eru fyrir vikið ef til vill eilítið mildar alla daga.

### *Söluleyfið komið og ostar á markað*

„Við höfum aðeins verið að mjólka kindur líka og það verður spennandi að vinna með mjólkina úr þeim. Vonandi verður mun meira gert næsta sumar af því,“ segir hún en söluleyfi fyrir ostana er rétt nýkomið í hús þannig að undirbúningur að því að koma þeim á markað er í fullum gangi.

„Við erum að skoða hvar ostarnir verði seldir, en þeir munu í það minnsta verða í boði á vegum BioPol sem hefur undanfarna mánuði verið á ferðinni með vörur smáframleiðenda um Norðurland vestra. Þetta er eins konar bændamarkaður á hjólum og fer á milli byggðalaga en einnig er verið að stofna netverslun. Vonandi getum við líka selt ostana fyrir sunnan. Fólk virðist vera spennt fyrir þeim þó við séum ekki farin að selja þá enn,“ segir Hjördís.



Salatosturinn Fljóti verðu seldur bæði í olíu með íslenskum kryddjurtum og líka vakúmpakkaður þannig að kaupendur geti sett hann í sinn eigin kryddlög.

MAST Matvælastofnun

# Alþjóðleg vitundarvika um skynsamlega notkun sýklalyfja

**Dagana 18.–24.nóvember er árleg alþjóðleg vitundarvika um skynsamlega notkun sýklalyfja. Markmið þessarar viku er að auka skilning og meðvitund um sýklalyfjaónæmi og hvetja til þess að sýklalyf séu notuð skynsamlega á öllum sviðum, hvort sem er hjá mönnum eða dýrum.**

Að vikunni standa Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE), Alþjóðaheilbrigðistofnunin (WHO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) enda skiptir máli að sýklalyf séu notuð skynsamlega á öllum þessum sviðum.







### *Hvað er sýklalyfjaónæmi?*

Sýklalyfjaónæmi hefur verið mikið í umræðunni hérlendis síðustu ár en sumir velta e.t.v. enn fyrir sér hvað það er. Sýklalyfjaónæmi er þegar bakteríur hafa þróað með sér ónæmi fyrir þeim sýklalyfjum sem virkuðu áður á þær. Ef sýklalyf missa virkni sína þá getur reynst erfitt að meðhöndla sýkingar í mönnum og dýrum.

Sýklalyfjanotkun skiptir máli þar sem röng og/eða óhófleg notkun á sýklalyfjum eykur líkur á að bakteríur myndi ónæmi fyrir sýklalyfjum. Óhófleg notkun getur stafað af of mikilli ávísun sýklalyfja meðal lækna og dýralækna og aðgengi almennings að sýklalyfjum án lyfseðils, svo dæmi séu nefnd. Notkun sýklalyfja til meðhöndlunar á veirusýkingum og notkun sýklalyfja sem vaxtarhvetjandi efni fyrir búfé eru dæmi um ranga notkun sýklalyfja. Sýklalyfjanotkun í dýr er með lægsta móti hérlendis í samanburði við önnur Evrópulönd en þrátt fyrir það er svigrúm til þess að gera enn betur.

Allir hafa hlutverki að gegna í baráttunni við sýklalyfjaónæmi og berum við ábyrgð á því að leggja okkar af mörkum í þeirri baráttu. Bændur spila þar stórt hlutverk enda bera þeir ábyrgð á heilbrigði og velferð dýra sinna og það er lykilatriði er kemur að sýklalyfjanotkun í dýr.

### *Forvarnir*

Það sem við flest höfum lært á þessu ári í COVID-19 faraldrinum er að smitvarnir er besta vörnin og á það líka við um sýklalyfjaónæmi. Með því að bændur hugi að góðum smitvörnum og öðrum forvörnum, svo sem bólusetningum, kynbótum og bættri velferð dýra, leiðir það af sér betra dýraheilbrigði og um leið minni þörf á sýklalyfjum.

Eins og við höfum oft heyrt þríeykið svokallaða segja skipta persónubundnar smitvarnir mestu máli í COVID-19 faraldrinum, þá bera bændur sjálfir ábyrgð á smitvörnum á búum sínum og orðatiltækið „bóndi ver þitt bú" stundum notað í því samhengi. Bændur þurfa að hafa í huga að mesta hættan á að smit berist inn á bú er með lifandi dýrum, þar á eftir saurmegnuðum áhöldum, tækjum, tólum og fatnaði. Fólk sem fer á milli bæja starfa sinna vegna, t.d. sæðingarmenn, dýralæknar, klaufskurðarmenn, rúningsmenn, viðgerðarmenn sem og aðrir gestir, geta einnig borið með sér smit. Bóndi getur iðkað góðar smitvarnir með því að eiga til hlífðarfatnað og stígvél fyrir gesti og fylgjast með því að þjónustuaðilar komi ávallt með hreinan búnað á búið. Hlífðarfatnað búsins ætti að þvo reglulega og vaskur ætti að vera nálægt inngangi þannig að gestir búsins geti þvegið sér um hendur áður en gengið er lengra inn.


Guðrún Lind Rúnarsdóttir.


Vigdís Tryggvadóttir.

Oft og tíðum eru dýralæknar einungis kallaðir til vegna sjúkra dýra en bændur ættu líka að nýta sér þekkingu þeirra, og annarra, í forvarnarskyni. Bændur geta haft samband við sinn dýralækni og leitað eftir því að fá almennt heilbrigðismat á búinu og ráðgjöf um hvað hægt er að gera til að stuðla að bættum smitvörnum og betra heilbrigði hjarða sinna. Þannig er mögulega hægt að fyrirbyggja hugsanleg vandamál í staðinn fyrir að þurfa að bregðast við þeim. Slík nálgun getur fljótlega borgað sig fjárhagslega með bættu dýraheilbrigði og auknum afurðum.

### *Fræðsluefni*

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur gefið út mikið upplýsingaefni vegna sýklalyfjaónæmis sem er m.a. beint að einstaka hópum hagsmunaaðila. Þar má nefna fræðsluefni ætlað bændum sem Matvælastofnun gaf út á íslensku í fyrra. Um er að ræða annars vegar bækling og hins vegar einblöðung. Þar koma fram helstu upplýsingar um sýklalyfjaónæmi er varða bændur og hvað þeir geta innleitt í sínum störfum til að draga úr notkun á sýklalyfjum. Meðal annars koma þar fram hinar fimm „einungis"-reglur þar sem þessi atriði eru dregin saman á hnitmiðaðan hátt. Fræðsluefnið er hægt að nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar og e.t.v. hægt að prenta út og hafa í gripahúsum til áminningar.




### *Sameiginlegt verkefni allra*

Eins og áður sagði er baráttan við sýklalyfjaónæmi sameiginlegt verkefni allra, ekki eingöngu á sviði dýraheilbrigðis. Baráttan við sýklalyfjaónæmi er undir formerkjum „Einnar heilsu", eða „One Health" á ensku. Í því hugtaki er lögð áhersla á að heilbrigði fólks, dýra og umhverfis sé samtengt, að sýklalyfjaónæmi berist í menn frá dýrum og umhverfi, og öfugt. Þannig þarf að grípa til ráðstafana með heildstæðum hætti á öllum sviðum, þ.e. með samstarfi á milli stjórnvalda, bænda, dýralækna, heilbrigðisstarfsmanna, vísindamanna og almennings, þar sem allir geta lagt sitt af mörkum.

*__Guðrún Lind Rúnarsdóttir__, fagsviðsstjóri lyfjamála hjá Matvælastofnun.*
*__Vigdís Tryggvadóttir__, sérgreinadýralæknir sína og lyfjaónæmis hjá Matvælastofnun.*



BÆKUR & MENNING

# Hugurinn einatt hleypur minn

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi hefur gefið út bókina „Hugurinn einatt hleypur minn“. Er þessi útgáfa ekki síst áhugaverð fyrir þær sakir að talið var að kveðskapur skáldkonunnar sem fjallað er um í bókinni væri nær allur glataður.**

Bókin er um austfirsku skáldkonuna Guðnýju Árnadóttur og ljóðagerð hennar, en hún var uppi á nítjándu öld. Guðný var mjög skáldmælt og fékk hún fyrir það auknefnið Skáld-Guðný. Þóra systir hennar var líka skáldmælt, en hún var langa-langamma Helga Hallgrímssonar, fyrrum vegamálastjóra og föður rithöfundarins og myndlistarmannsins Hallgríms Helgasonar.

Helgi Hallgrímsson lést núna í október síðastliðnum, 87 ára aldri, en hann og Rósa Þorsteinsdóttir rituðu um ævi Guðnýjar í þessari bók og skáldskap hennar. Bjuggu þau kvæðin einnig til prentunar ásamt Magnúsi Stefánssyni, ritstjóra bókarinnar.




Var talið að hún hafi líklega verið „hraðkvæðust“ Íslendinga að Símoni Dalaskáldi undanskildum, að því er fram kom í skrifum Benedikts Gíslasonar 1948. Þrátt fyrir það hefur lítið verið ritað um þess skáldkonu og var talið að kvæði hennar væru týnd og aðeins þekktar fáeinar vísur eftir hana. Þannig var hvergi minnst á Guðnýju í skrifum Stefáns Einarssonar í ritinu „Austfirsk skáld og rithöfundar“ sem út koma 1964.


Skáld-Guðný – Guðný Árnadóttir.

Í bók sinni Völuskjóðu frá 1957 birti Guðfinna Þorsteinsdóttir (Erla) frá Teigi í Vopnafirði þátt um Guðnýju sem endurprentaður var í ritsafni Erlu 2013. Þar segir.:

„Guðný Árnadóttir hefur verið merk kona á sinni tíð. Þó að fátt eitt kunni enn að lifa á vörum fólks hér eystra sem ber því vitni. Stökur þær og kviðlingar sem hún mælti af munni fram við dagleg störf, eru nú flestar fallnar í gleymsku, enda hafa þær verið börn augnabliksins, ortar af gnægð hagmælskunnar, til að stytta sér og öðrum stundir, en ekki með tilliti til skáldfrægðar eða launa.“

Það þóttu því mikil tíðindi árið 1990 þegar í leitirnar komu fimm nokkuð löng kvæði eftir Guðnýju, í gömlu kvæðahandriti í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum. Var það kvæðahandrit ættað sunnan úr Nesjum í Hornafirði. Um sama leyti kom í ljós að eitt kvæði Guðnýjar var í handriti í Handritadeild Landsbókasafnsins. Árið 2019 gerðist það svo að Rósa Þorsteinsdóttir rakst á nokkur kvæði eftir Guðnýju á segulbandsspólu í þjóðfræðasafni Árnastofnunar. Eftir frekara grúsk hjá ættingjum Guðnýjar í Lóni og Hornafirði komu átta til níu mislöng kvæði, þar á meðal ljóðið „Ágrip ævinnar“ þar sem skáldkonan rekur æviferil sinn í stórum dráttum.

/HKr.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 3. desember




Överaasen DLS-270
skekkjanleg kasttönn fyrir dráttarvél og hjólaskóflu
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík | Sími 551 5464 | www.wendel.is

Lely Center Ísland
HAUGSUGUDÆLUR
6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra
HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR





Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

GABION KÖRFUR



Gabion grjóthleðslu körfur
Nokkrar stærðir til á lager
BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 571-3535
VEFFANG www.bkhonnun.is





VEL BÚIN Í VETUR!
Dynjandi býður upp á vinnu- og vetrarfatnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

Skipulagsstofnun

## Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

### Tillaga til kynningar

Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi stefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Tillagan er aðgengileg á vef landsskipulagsstefnu, **www.landsskipulag.is**, og á vef Skipulagsstofnunar, **www.skipulag.is**. Gögnin liggja jafnframt frammi til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík.

Kynningarfundur um tillöguna verður haldinn á vefnum **19. nóvember nk. kl. 14-16**. Fundinum verður streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar og er ekki þörf á að skrá sig til að fylgjast með streyminu. Nánari upplýsingar er að finna á www.landsskipulag.is.

Allir sem þess óska geta gert athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat hennar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun er **til og með 8. janúar 2021.**

Athugasemdum skal skilað bréflega til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á netfangið **landsskipulag@skipulag.is** eða um athugasemdagátt á vef landsskipulagsstefnu **www.landsskipulag.is.**



Útskriftarnemar vorið 2018. Myndir / Farskólinn á Norðurlandi vestra

## Fjölbreytt námskeið hjá Farskólanum á Norðurlandi vestra:

# Bændur á Norðurlandi vestra duglegir að afla sér nýrrar þekkingar




Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is


**„Það sem okkur þykir skemmtilegast er að sjá hvað Matarsmiðjan - beint frá býli hefur þróast í jákvæða átt frá því hún var kennd árin 2018 og 2019. Það eru æ fleiri bændur að koma með vörur inn á markað og fólk er mjög duglegt að afla sér nýrrar þekkingar og sækja ný námskeið. Það er óhætt að segja að það sé heilmikil gróska hjá bændum hér á Norðurlandi vestra,“ segir Halldór B. Gunnlaugsson, en hann er verkefnastjóri í Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.**

Hann skipuleggur og heldur utan um námskeið til bænda ásamt öðrum verkefnum. Halldór er kennari að mennt og hefur auk þess lokið námi í viðskipta- og markaðsfræði. Farskólinn býður upp á fjölda námskeiða af ýmsu tagi. Það er óhætt að segja að matarsmiðjan hafi lukkast vel og meðal annars leitt til þess að bændur eru nú duglegir að sækja námskeið.



Halldór B. Gunnlaugsson er verkefnastjóri hjá Farskólanum á Norðurlandi vestra.



Námskeiðin eru að jafnaði vel sótt, hér eru þátttakendur á námskeiði um fars-, pylsu- og bjúgnagerð.

### *Fyrir þá sem vilja framleiða eigin vörur beint frá býli*

Halldór segir að í byrjun árs 2018 hafi Farskólinn boðið upp á fyrrnefnda matarsmiðju en hún er 80 klukkustundir að lengd og kennd eftir námskrá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út. „Þetta nám er hugsað fyrir þá sem hafa áhuga á að framleiða eigin vöru beint frá sínu býli, eða eins og segir meðal annars í námskránni: „að námsmenn öðlist innsýn í helstu verkferla er snúa að einfaldri matvælaframleiðslu“. Við héldum þetta fyrsta námskeið í Skagafirði og það sóttu alls 18 manns, allt Skagfirðingar. Námskeiðið tókst frábærlega, að okkar mati, og margir af þeim sem tóku þátt eru nú komnir með eigin vörur á markað og sífellt fjölgar í þeim hópi,“ segir hann.

Sams konar námskeið var haldið í Húnavatnssýslum árið 2019 og sóttu það 15 manns. Það var haldið til skiptis á Hvammstanga, Blönduósi og Skagaströnd og tókst sömuleiðis með miklum ágætum. Þátttakendur á því námskeiði eru líkt og nágrannar þeirra í Skagafirði komnir með vöru í sölu. Báðar matarsmiðjurnar voru kenndar í góðu samstarfi Farskólans, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd.

Halldór segir að hluti matarsmiðjunnar sé verkleg kennsla og greina megi að þátttakendur hafi mest gagn og gaman af þeim hluta. Því hafi sú hugmynd vaknað í kjölfar fyrri smiðjunnar að bjóða bændum upp á stök námskeið þar sem farið væri ítarlegar í það sem boðið var upp á í verklegum tímum matarsmiðjunnar. Strax haustið 2018 voru sjö námskeið í boði og sem dæmi um áhugann var námskeið í að úrbeina kind haldið fjórum sinnum, til að mæta eftirspurninni.



Hnífar og hnífabrýningar er dæmi um námskeið sem Farskólinn býður upp á.

### *Tólf námskeið í boði í haust og mikill áhugi frá fleirum en bændum*

Sem dæmi um námskeið sem hafa verið haldin og vel sótt má nefna: að úrbeina kind og folald, hrápylsugerð, kæfu- og patégerð, fars-, pylsu- og bjúgnagerð, ostagerð og fleira. Nú, haustið 2020, eru til dæmis í boði tólf námskeið. Þar má nefna hnífabrýningar, sögun og hlutun á lambaskrokk, að þurrka og grafa kjöt, söltun og reykingu og heit- og kaldreykingu á fiski, kjöti og villibráð. Í sum námskeiðin komast færri að en vilja vegna góðrar aðsóknar. Reynt er að bæta við námskeiðum ef þannig háttar til en einnig hefur fólk getað treyst á að komast á námskeiðið að ári liðnu. Þetta er þriðja haustið sem

þessi námskeið eru haldin og engan bilbug að finna á mönnum, en öll þessi námskeið eru haldin í samstarfi við Vörusmiðjuna á Skagaströnd.

### *Vöndum til verka og stillum verði í hóf*

„Við leggjum mikla áherslu á að vanda til verka og höfum hópana því fámenna. Við miðum flest námskeið við 6 þátttakendur en þannig nær kennarinn að sinna öllum vel," segir Halldór og segir SSNV hafa styrkt verkefnin veglega og þannig gert Farskólanum kleift að stilla verði í hóf.

Fram til þessa hefur Farskólinn einbeitt sér að námskeiðum sem snúa að úrvinnslu á kjöti en Halldór segir fjöldann allan af hugmyndum í vinnslu sem snúa að öðrum þáttum. Nefnir hann í því sambandi ræktun óhefðbundinna nytjaplantna, námskeið sem nýtast ferðaþjónustubændum og tölvunámskeið af ýmsu tagi. „Þau námskeið sem við höfum boðið upp á hafa gengið afskaplega vel og fólk víða að hefur sótt þau enda má segja að allir séu velkomnir. Upphaflegi markhópurinn miðaðist við bændur á Norðurlandi vestra en fljótlega kom í ljós að fólk utan héraðs sýndi þessum námskeiðum mikinn áhuga. Við munum halda áfram að bjóða upp á þessi námskeið, svo lengi sem áhuga er fyrir þeim," segir Halldór.

### *Skoðum allt sem nýst getur bændum*

Farskólinn fékk á liðnu vori styrk úr Þróunarsjóði til að undirbúa og tilraunakenna nýja 80 klukkustunda námskrá fyrir matarsmiðju, þar sem áhersla verður lögð á að uppfræða bændur og aðra áhugasama um allt annað en kjötframleiðslu og vinnslu sem við teljum okkur vera að gera góð skil. Sem dæmi um það sem gæti verið í nýrri námskrá er t.d. möguleikar á afurðum úr jurtum, berjum, sveppum, hampi og fíflum svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður komið inn á möguleika á fiskeldi og möguleika bænda á framleiðslu á eigin orkugjafa, hvort sem er til að knýja vélar eða rafmagnsframleiðslu fyrir eigið býli. „Við skoðum eiginlega allt sem okkur dettur í hug og teljum að geti nýst bændum," segir Halldór, „en vinna við þetta nýja námsframboð er að hefjast þessar vikurnar og mér sýnist þetta geta orðið skemmtileg matarsmiðja."



**Lögð er áhersla á að vanda til verka og hafa hópa fámenna. Hér er einn hópur sem var að læra að úrbeina kind.**



**Útskriftarnemar vorið 2018 buðu til veislu þar sem eigin framleiðsla var nýtt.**


STRÚKTÚR

HÚS - GLUGGAR - HURÐIR — KLÆÐNINGAR









| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

HECHT rafmagns fjórhjól



Örugg og þægileg
Götuskráð fyrir 15ára og eldri

Verð 650.000 kr.

HECHT snjóblásari á beltum



7hp rafstart
Sex hraðar áfram og 2 aftuábak
Vinnslubreidd 66 cm

Verð 296.000 kr. m/vsk.

RAG
Helluhraun 4 Hafnarfirði
s. 565-2727 & 892-7502
import - export

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Selen, E-, A– og D-vitamin
á fljótandi formi,
til inngjafar fyrir nautgripi



-Mjög hátt hlutfall af vítamínum og seleni
-Tilvalið að gefa fyrir burð og fyrir sæðingu
-Hefur eflandi áhrif á ónæmiskerfi nautgripa
-Auðvelt að gefa

Upplýsingar og verð inn á netverslun okkar
WWW.KB.IS

Góður valkostur
við selenskorti í skepnum

KB BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

## Matarauður Íslands að ljúka störfum:

# Hefur notið góðs af breiðu samstarfi við grasrót, atvinnulíf og stjórnvöld

**Matarauður Íslands er tímabundið verkefni sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og lýkur nú í byrjun desember. Vegna þessara tímamóta leitaði Bændablaðið til verkefnastjóra þess, Brynju Laxdal, sem hefur stýrt verkefninu síðastliðin fjögur ár.**

„Matarauður hefur notið góðs af breiðu samstarfi við grasrót, atvinnulíf og stjórnvöld og við höfum lagt okkar af mörkum til að efla innviðastoðir matar í ferðaþjónustu með þátttöku allra landshluta, styrkja aðgerðir og áhuga á nærsamfélagsneyslu, styðja við vöru- og þjónustuþróun og tefla fram matarmenningu og sérstöðu íslensks hráefnis. Þá hefur Matarauður ýmist leitt eða komið að stefnumótunarverkefnum sem tengjast matvælum. Framlag Matarauðs hefur falist í handleiðslu, ráðgjöf og fjármagni til verkefna sem efla samfélagshagsmuni. Matarauður Íslands er ekki sjóður heldur hefur það hlutverk að leggja til og fjármagna verkefni sem hæfa tilgangi verkefnisins. Mörg verkefni hafa orðið til að frumkvæði Matarauðs en önnur hafa orðið til í kjölfar kynninga og tengsla við grasrót og hagaðila,“ segir Brynja.

„Í upphafi snerist ein af sóknaráætlunum Matarauðs um mat í ferðaþjónustu en þá hafði árlegur vöxtur ferðaþjónustunnar numið allt að 25–30%. Það var svo sem ekkert óeðlilegt þegar tók að hægja á þessum vexti, hins vegar átti enginn von á heimsfaraldri. Það fer þó vonandi að hylla undir betri tíð þannig að matarferðaþjónusta geti blómstrað undir eðlilegum kringumstæðum með þátttöku íslenskra og erlendra ferðamanna,“ og bætir við að „matarferðaþjónusta felur í sér ferðalag upplifunar á sögu, hefðum og menningu í gegnum mat“.



Dómnefndin í samkeppni um bestu útfærsluna á vannýttu hráefni, Ragnar Wessmann Eliza Reid Gísli Matthías Auðunsson.



Kristján Þór Júlíusson tekur við innkaupastefnu matvæla fyrir ríkisaðila.




Kynning á viðskiptahraðlinum Til Sjávar og sveita.

### *Hvernig getum við orðið eftirsóttur mataráfangastaður?*

„Okkar eigin ímynd, neysluhegðun og orðræða myndar grunninn að eftirsóknarverðum áfangastað matvæla og matarupplifunar. Þjónusta og gæði þurfa að fylgjast að við markaðssetningu og innviðir þurfa að vera tilbúnir til að standa undir fyrirheitum og væntingum. Að því sögðu er mikilvægt að samræmi sé innanlands sem utan í markaðssetningu Íslands sem mataráfangastaðar. Íslensk matargerð hefur orðið fyrir alþjóðlegum áhrifum sem er bara eðlileg þróun, við megum samt ekki gleyma uppruna okkar og hefðum.“

Við þurfum að bjóða upp á margvíslega afþreyingu tengda matarupplifun og eitt af verkefnum Matarauðs hefur verið að styrkja verkefni í öllum landshlutum til að byggja upp nærsamfélagsneyslu og mataráfangastað með samvinnu bænda, smáframleiðanda, ferðaþjónustu og annarra tengdra aðila. Svona stefnumótunarverkefni eru langhlaup og því mikilvægt að þeim sé fylgt eftir. Mín reynsla er að bændur hafa margir lítinn tíma aflögu til að sinna nýsköpun en eru oft frumkvöðlar í eðli sínu, þess vegna skiptir máli að þeir hafi sterkt stuðningsnet sem hvetur þá til nýsköpunar og samstarfs við aðra utan greinarinnar.

Á Íslandi er í raun ekki leyfilegt að bjóða ferðamönnum heim til sín í heimaeldaðan mat í atvinnuskyni samkvæmt smáræðisreglugerðinni og þó heimsóknir í handverksbrugghús séu leyfilegar hérlendis þá má ekki versla bjór til að taka með sér heim. Hvort tveggja telst til matarafþreyingar víða um heim. Aðrar matarafþreyingar eru t.d. matreiðslunámskeið, matarstígar, leiðsögn heimamanna um matarslóðir, heimsóknir til bænda, heimsóknir á veitingastaði sem bjóða upp á stað eða svæðisbundinn mat, götubitar og matarhátíðir. Í dag eru neytendur æ meira að leita eftir sögu á bak við matinn og tengja við upplifun, menningu, sjálfbærni og minni matarsóun. Neytandinn vill heyra um framleiðsluhætti eins og hversu sjálfbær eða vistvæn þau eru og veitingahús þurfa að upplýsa um eigin stefnu í matarsóun.

Að því sögðu þá er það misskilningur að matarferðalangur sé einhver uppskrúfaður miðaldra matgæðingur, því fer fjarri. Matarferðamaður er hins vegar mun áhugasamari um matar- og drykkjarupplifun í því landi sem hann heimsækir og eyðir líka meira en almennur ferðamaður.

Ég hef oft velt fyrir mér af hverju nestisaðstaða á Íslandi er óvarin fyrir veðri og vindum. Gætum við ekki byggt nestisaðstöðu þar sem hanga upplýsingar um staðbundin mat og leiðbeiningar um sölustaði? Kannski væri hægt að hafa vel varinn skjá þar sem hægt er að uppfæra upplýsingar gegnum vefinn. En hver veit nema í framtíðinni muni íslensk borg skarta viðurkenningu UNESCO´s City of Gastronomy eða hljóta Foodtrekking awards.“ Brynja bætir við að í framtíðinni sé mikilvægt að safna betri svæðisskiptum innlendum gögnum um hagrænan ávinning matarferðamanna og viðhorfi þeirra til matar til að átta sig á frekari sóknarfærum. Enn fremur þarf að gera úttekt á þeirri atvinnu sem hefur skapast í kringum mat og ferðaþjónustu.

„Mig langar líka að minnast á verkefni sem Matarauður hefur leitt ásamt ásamt Matís og Ferðaklasanum og tengist staðbundnum mat og ferðaþjónustu. Það heitir Nordic Food in Tourism og heyrir undir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019. Við erum að skoða framtíðarbreytingar á matvælaframleiðslu, neyslumynstri og ferðahegðun og tengja við sjálfbæra ferðaþjónustu. Nýverið lauk hakkathoni sem við unnum í samstarfi við Hacking Hekla. Vinningshugmyndin, Ó-mango, gengur út á að rækta suðræna ávexti hérlendis með frumræktunartækni. Nordic Food in Tourism lýkur í lok árs 2021 og eru fyrirhugaðar vinnustofur snemma á næsta ári með íslenskum hagaðilum,“ segir Brynja.

### *Hugarfar og orðræða*

„Umræða og áhugi á matvælum sem auðlind hefur breyst á þessum árum og einkennist meira af tengingu við umhverfisvernd, gæði, menningu og tækifæri. Þá hefur orðið ákveðin hugarfarsbreyting innan grasrótar, bændur sýna því meiri áhuga að færa sig ofar í virðiskeðjuna og ferðaþjónustan hefur lagt mun meiri áherslu á svæðisbundinn mat og tækifæri því tengdu. Hugarfarið stillir okkur saman en endurskoðun á regluverki ásamt aðgengi að fjármunum og sérfræðiráðgjöf þarf að fylgja með,“ útskýrir Brynja.

Matarauður hefur unnið að vitundarvakningu með ýmsum hætti og heldur úti vefsíðu með miklum upplýsingum um matarauðinn okkar. „Við höfum átt mjög farsælt samstarf við Hótel- og matvælaskólann um vitundarvakningu á íslensku hráefni í gegnum hugmyndasamkeppni um þjóðlega rétti og vannýtt hráefni. Nokkuð sem skólinn ætlar sér að halda á lofti þegar Matarauður hættir. Kokkar eru okkar kyndilberar í notkun og framreiðslu á íslensku hráefni og hafa svo margt að kenna okkur. Það væri líka metnaðarfullt ef kjötiðninni yrði haldið á lofti sem listgrein. Við þurfum að viðhalda vitundarvakningu um íslensk matvæli sem byggir á undirliggjandi rannsóknum sem styðja hreinleika og jákvæð umhverfisáhrif.

### *Matur hefur marga snertifleti*

Þau eru orðin æði mörg verkefnin sem Brynja hefur komið að undanfarin ár sem verkefnisstjóri Matarauðs Íslands og segir hún fjölbreytnina og gróskuna hafa vaxið hratt síðastliðin ár. „Matarauður, í samstarfi við Bændasamtökin, átti t.d. þátt í að ýta REKO úr vör með málþingi sem haldið var árið 2018 þar sem finnski bóndinn og EMBLU-verðlaunahafinn Thomas Snellman kynnti hugmyndafræðina. Í dag eru starfandi sex REKO hringir sem snúast um milliliðalaus viðskipti bænda og neytenda. Við höfum reynt að styðja við smærri framleiðendur og þá sem vilja selja beint af býli og erum m.a. bakhjarlar samtaka smáframleiðenda matvæla og höfum lagt áherslu á varðveislu matarhandverks sem er mikilvæg tenging við sögu og samtíma. Viðskiptahraðallinn Til sjávar og sveita er dæmi um verkefni sem snýr að matarfrumkvöðlum og nýsköpun og við þurfum að tryggja að rekstrarumhverfi frumkvöðla á sviði matvæla og heilsuefna sé samkeppnishæft. Síðan er sérstaklega gaman að sjá áhuga á ýmsum náttúrunytjum eins og matþörungum en áhugasamir geta kíkt á vefsjá matþörunga á vefsvæði Matarauðs. Vonandi eigum við eftir að sjá fleiri verkefni innan skólakerfisins í svipuðum dúr og verkefni sem Matarauður styrkti, s.s. Fræ til framtíðar, Krakkar kokka og Sáum, sjáum og smökkum, sem miða að því að efla skilning barna á sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Það var líka mjög gaman að fá að vinna við mótun innkaupastefnu matvæla fyrir ríkisaðila árið 2019. Þar lögðum við meðal annars áherslu á öflugt samstarf við matvælaframleiðendur og birgja, rekjanleika matvæla, kolefnisreiknivél máltíða, lýðheilsu og nýsköpun í samningum.

### *Búum okkur undir breytingar*

„Nýr veruleiki blasir við okkur vegna loftslagsáhrifa og neyslubreytinga og heimsfaraldurinn af völdum COVID-19 hefur kennt okkur hversu mikilvægt fæðuöryggi er fyrir þjóðina. Við eigum eftir að sjá hraðari umbreytingar í matvælaframleiðslu í takt við markaðshrynjanda og eftirspurn. Foodtech á eftir að verða stærri hluti af matvælaframleiðslu, ný tækni, nýir próteingjafar, stafrænar lausnir o.s.frv. Ég vona bara að 3D matarprentarar verði ekki eitthvert heimilistæki í framtíðinni. Það tekur alla ástríðu úr matargerð.

Innirræktun grænmetis með vatnsræktarkerfi mun vafalaust fara vaxandi hérlendis og ég hef orðið vör við mikinn áhuga á hvers kyn matvælatengdri nýsköpun. Hlutverk veitingahúsa hefur breyst í heimsfaraldrinum, fleiri reiða sig á heimsendingar, kokka að láni o.s.frv. Erlendis eru sumir veitingastaðir farnir að leggja mikið upp úr matarupplifun gegnum sýndarveruleika.

Við hjá Matarauði vonum að tilurð verkefnisins hafi lagt sitt af mörkum við að halda á lofti okkar frábæru auðlind sem matarauður okkar Íslendinga er. Fram undan eru tækifæri, við þurfum bara að vera tilbúin að grípa þau.“ /ehg

UTAN ÚR HEIMI

# Ljósmengun hefur áhrif á heilsu dýra og manna

**Sérfræðingar í Noregi, þvert á fagsvið, hafa nú biðlað til stjórnvalda að ráðast í aðgerðir vegna ljósmengunar sem getur verið skaðleg bæði fyrir dýr og menn. Nú hafa ljósahönnuðir, líffræðingar, eðlisfræðingar og lögfræðingar tekið höndum saman til að minnka notkun á ljósi svo sem við götulýsingu og á upplýstum auglýsingaskiltum.**

Vegard Lundby Rekaa er stjörnufræðingur við Solobservatoriet og einn af þeim sem sent hefur ákall til stjórnvalda um að útbúin verði reglugerð fyrir allt landið um notkun á ljósi utandyra.

„Við höfum unnið skýrslu sem send hefur verið til nokkurra sveitarfélaga en það er ekki of seint að stöðva of mikla notkun á ljósi utandyra. Í dag er ekkert sveitarfélag sem hefur lýsingu sem lið í til dæmis byggingarmálum þó að þau hafi lagagrundvöll til að gera kröfur um það. Von okkar er að við náum breytingu á skipulags- og byggingarlögunum þannig að lýsing verði einn þáttur áður en byggingarleyfi er gefið út.

Við verðum að bregðast við núna áður en það verður of seint því ef það verður alltaf svona mikið ljós getum við misst sjónar á halastjörnum og vetrarbrautum. Vandamálið hefur vaxið með LED-ljósaperum en þær eru sterkari en venjulegar perur og hafa í sér bláan lit sem er neikvæður fyrir heilsu bæði dýra og manna. Við óskum eftir því að slökkt verði á öllum auglýsingaskiltum og ónauðsynlegri lýsingu á opinberum byggingum utan opnunartíma. Það sem er þó alvarlegast í þessu er að ljós hefur neikvæðari áhrif á skordýr en áður var talið því það truflar frævun hjá þeim.“ */ehg - NRK*


Svansson ehf — Björgunartæki og búnaður

Bjóðum hágæða björgunartæki ásamt aukabúnaði.
Rescue Runner, GEMINI harðbotna bátar og fl.
Skilum öllum tækjum fullbúnum og tilbúnum til notkunnar.
Svansson ehf / sala@svansson.is / Sími 697-4900 / www.svansson.is







*Frá Bændasamtökum Íslands:*



Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2020. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum. Frestur til að skila inn umsóknum er til **1. desember 2020** og skal umsóknum skilað til:

**Fagráð í hrossarækt**
**Bændahöllinni v/Hagatorg**
**107 Reykjavík.**

***Fagráð í hrossarækt.***



AL LIFT

AL-Blazer 2000 á lager

Vorum að fá þessa **AL-Blazer 2000** hellulagningarvél með Hondu mótor





Frekari upplýsingar veitir: Gunnar Sig í 788 9399 eða gs@vvv.is

VERKFÆRI EHF
Tónahvarf 3 • 203 Kópavogur • Sími: 544 4210
verkfaeriehf.is • info@verkfaeriehf.is



Lely Center Ísland

GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL





**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



HLÝR OG VANDAÐUR ÚTIVISTAFATNAÐUR

FRÍ HEIMSENDING ef verslað er fyrir meira en kr. 10.000



Olympia Merino ullarbolur
Má þvo í þvottavél
Stærðir S-2xl
kr. 7.290

Moore padded
Hlýr léttur vetrarjakki
Stærðir M-4xl
kr. 15.900

3M Thinsulate Insulation

Olympia Merino ullarbuxur
Má þvo í vél
Stærðir S-2xl
kr. 6.490

Vesturröst

Laugarveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is



Broddkúmen er upprunnið í eystri hluta Mið-Austurlanda og Vestur-Asíu á svæði sem í dag telst til Sýrlands, Egyptalands, Jórdaníu, Ísrael, Palestínu og hluta Tyrklands en finnst í dag villt allt austur til Indlands.

# Broddkúmen og höfuðlausnir




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Broddkúmen á sér langa ræktunarsögu. Í dag er það eitt af vinsælustu kryddum til matargerðar á Indlandi og í Mexíkó. Til að tryggja að eiginmenn sneru aftur heim létu konur þeirra þá fá nesti með broddkúmeni í og óbrigðult þótti að gefa alifuglum broddkúmensfræ svo þeir héldust heima við. Gæta verður þess að rugla ekki saman broddkúmeni, sem stundum er kallað kúmín, og kúmeni, sem eru hvor sín gerðin af kryddi.**

Þrátt fyrir að heildartölur um framleiðslu á þurrkuðu broddkúmeni á heimsvísu séu óáreiðanlegar gerir FAOSTAD, tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, ráð fyrir að það séu um 300 þúsund tonn. Talið er að um 90% þess sé ræktað á Indlandi, Kína, Sýrlandi, Tyrklandi, Mexíkó og Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Þar af er talið að 70% þess sé ræktað á Indlandi.

Ekki fundust á vef Hagstofu Íslands upplýsingar um innflutning á broddkúmeni til landsins.

### *Ættkvíslin Cuminum og tegundin cyminum*

Einungis fjórar tegundir plantna tilheyra ættkvíslinni Cuminum sem er af sveipjurtaætt. Tegundirnar eru C. borszczowii, C. setifolium, C. sudanense og C. cyminum sem við þekjum sem broddkúmen.

Broddkúmen er einær jurtkenndur hálfrunni sem vex upp af stólparót. Stönglarnir eru 3 til 5 og ná 30 til 50 sentímetra hæð og eru 3 til 3 til 5 sentímetrar að þvermáli grá- eða dökkgrænir. Stönglar á hverri plöntu yfirleitt af sömu hæð og á hverjum stöngli eru 2 til 3 hliðarstönglar. Blöðin þráðmjó og gagnstæð, 5 til 10 sentímetra löng. Blómin lítil, hvít eða bleik og mörg saman og mynda sveip á blómstilk.



Í Svíþjóð kallast kryddið spiskummin, spisskummen á norsku og spidskommen á dönsku og vísa heitin til lögunar aldinsins líkt og íslenska heitið broddkúmen.



Broddkúmensaldin og duft.



Tvö svört fræ eru í hverju broddkúmensaldini.

Aldinið gulbrúnt, egglaga með grópum á lengdina og með 3 til 4% olíuinnihaldi, 4 til 5 millimetra að lengd, með tveimur broddum á þeim enda sem snýr upp, tvískipt að innan og inniheldur hvor hluti eitt svart fræ.

Almennt er broddkúmen flokkað eftir því hvar það er ræktað, frá Íran, Mið-Austurlöndum og Indlandi og Suður-Asíu, og er talsverður munur á olíuinnihaldi fræjanna og bragði eftir vaxtarstað. Talsvert af því broddkúmeni sem er á markaði í dag er erfðabreytt til að auka sjúkdómaþol plantnanna og uppskeru.

Gæta verður þess að rugla ekki saman broddkúmeni og kúmeni sem er annað krydd unnið úr annarri plöntu sem kallast Carum carvi.

### *Uppruni og saga*

Broddkúmen er upprunnið í Miðausturlöndum og Vestur-Asíu á svæði sem í dag telst til Sýrlands, Egyptalands, Jórdaníu, Ísrael, Palestínu og hluta Tyrklands en finnst í dag villt allt austur til Indlands.

Ekki er vitað fyrir víst hvar nytjar plöntunnar hófust en hún hefur verið notuð sem krydd í þúsundir ára. Fræ sem fundust við fornleifarannsóknir við borgina Tell ed-Der í Sýrlandi benda til nytja á þeim þar tvö þúsund árum fyrir upphaf okkar tímatals. Fræ hafa einnig fundist við rannsóknir í Egyptalandi og benda til að þau hafi verið notuð sem krydd og við varðveislu múmía. Steintöflur á eyjunni Krít sýna að broddkúmen var hluti af fæðu eyjaskeggja á seinni hluta mínóeskrar menningar sem stóð frá 3000 til 1450 fyrir Krist. Fornleifar benda til að Krítverjar hafi haft broddkúmen á borðum í kvörn eða mortél og þekkist slíkt enn í Marokkó.

Grikkir til forna tengdu kryddið við hömlulausar langanir og að mikil neysla á því leiddi til andlegrar vanlíðunar. Rómverjar voru hrifnir af broddkúmeni og notuðu það mikið við matargerð og Pliny eldri, uppi 23/24 til 79 eftir Krist, sagði kryddið mest lystaukandi allra krydda. Hann sagði einnig að ef menn reyktu fræin yki það á fræðimannlegan fölva líkt þeim sem fylgdi mikill fræðilegri yfirlegu. Skáldið Quintus Horatius Flaccus eða Hóras, uppi 65 f.Kr. til 8 e.Kr., sagði einnig að þeir sem reyktu fræin fengju blóðleysisfölva sem hann kallaði exsangue cuminum.

Á síðustu öld var á markaði, um tíma, tóbak sem var bragðbætt með broddkúmeni.

Broddkúmen barst vestur yfir Atlantsála með spænskum og portúgölskum landvinningamönnum eftir landafundina í Vesturheimi. Fræ plöntunnar eru talsvert notuð í fuglafóður og þannig hefur hún náð rótfestu og dreift sér á svæðum þar sem hún þrífst.

*Nafnspeki*

Latneska ættkvíslarheitið Cuminum er gamalt latínuheiti á plöntunni og tegundarheitið cyminum er einnig komið úr latínu og annað heiti á sömu plöntu. Latneska heitið er rakið til forngrísku, κύμινον, borið fram kúminon, og þaðan úr gyðingamáli sem er skylt hebresku כמון, borið fram kammōn, og arabísku, لا, borið fram al-kamuwn og þaðan til útdauðs tungumáls, sem kallast akkadian, kamūnu, og var talað í Mesópótamíu á þriðju öld fyrir Kristsburð.

Á ensku kallast plantan og kryddið cumin eða cummin og mun komið í málið úr latínu í gengum miðaldaensku og forna frönsku. Frakkar segja cumin en Spánverjar og Ítalir comino. Hollendingar komijin og Þjóðverjar cumin, kreuzkümmel, kumin, mutterkümmel og romischer. Í Kína kallast plantan og kryddið zi ran qin en jira, jeera eða zira á hindí og í Pakistan, janten í Indónesíu, kimyon í Tyrklandi og yee raa í Taílandi og kemun í Eþíópíu.

Í Finnlandi kallast kryddið juustokumina, jeera og kumina. Í Svíþjóð kallast það spiskummin, spisskummen á norsku og spidskommen á dönsku og vísa heitin til lögunar aldinsins líkt og íslenska heitið broddkúmen. Á íslensku þekkist einnig heitið kúmín.

*Broddkúmen í þjóðtrú*

Samkvæmt þjóðtrú er einn af kostum broddkúmens að neysla þess gerir fólk tryggt hvað öðru. Áhrifin ná einnig til fugla sem eru almennt hrifnir af fræjunum og velja sér oft maka til lífstíðar. Sagt er að þjófar sem reyni að stela einhverju með broddkúmeni í stirðni og geti sig hvergi hreyft uns eigandi hlutarins losar þjófinn úr stjarfanum.

Til að tryggja að eiginmenn kæmu aftur heim úr ferðalagi létu konur þeirra þá hafa brauð og vín með broddkúmeni í. Einnig þótti óbrigðult að gefa alifuglum broddkúmensfræ svo þeir héldust heima við. Það þótti einnig tryggja tryggð og hamingjuríkt hjónaband ef brúðhjón bæru á sér broddkúmensfræ í brúðkaupinu.

*(Brodd)kúmen í Biblíunni*

Kúmen kemur einu sinni fyrir í nýjustu þýðingu Gamla testamentisins Biblíunnar sem kom út árið 2007, í Jesaja 28:25-27 þar sem vísað er til visku Guðs með líkingamáli um jarðrækt:

*„Nei, þegar hann hefur sléttað akurinn sáir hann sólselju og dreifir kúmeni, hann sáir hveiti og byggi og setur speldi í jaðar akursins.*

*Guð hans segir honum vel til verka og leiðbeinir honum.*

*Sólselja er ekki þreskt með þreskisleða né vagnhjóli velt yfir kúmen heldur er sólseljufræ slegið úr með staf og kúmen með stöng.“*

Notkun á heitinu kúmen hér getur verið villandi, sérstaklega fyrir grasafræði- og plöntuheitanörda og mögulega valdið þeim kvíða og andvöku, þar sem örugglega er broddkúmen, Cuminum cyminum, sem er upprunnið í Mið-Austurlöndum frekar en kúmen, Carum carvi, sem er upprunnið norðar í Evrópu og Asíu.

Í Guðbrandsbiblíu, 1584, er hvergi minnst á kúmen í þýðingu á Jesaja og er þannig:

*„Er ei so að þá nær eð hann hefir gjört hann jafnsléttan þá sáir hann kornin og dreifir fræinu og sáir hveitinu og bygginu, einu sérhverju í þann stað eð hann vill hafa það og þær aðrar grasajurtir í sinn stað? Líka so agar þá þeirra Guð með dómi og menntar þá því að jurtafræið þreskist ekki með þustum, svo verður og ekki vagnhjólið dregið yfir kornsæðið heldur slá þeir það jurtrasæðið í burt af með einum vendi og þau smá frækornin með einum kepp.“*

Kúmen er komið inn í þýðingu Viðeyjarbiblíu sem var prentuð 1841:

*„Fer hann ekki heldur svo að? Þegar hann hefir jafnað moldina að ofan, kastar hann þar í karba, hann sældar kúmeni, sáir hveiti, hrísgrjónum, byggi, hirsa, kirni, hvörju í sinn reit. Hann er með sáðið eftir þeirri reglu, sem Guð hefir kennt honum. Karbi er ekki þresktur með þreskikefli, og vagnhjóli er ekki velt yfir kúmen; heldur er karbi barinn af með staf, og kúmen með sprota.“*

Í þýðingunni frá 1981 er einnig talað um kúmen og segir:

*„Hvort mun hann eigi, þegar hann hefir jafnað moldina að ofan, sælda þar kryddi og sá kúmeni, setja hveiti niður í raðir, bygg á tilteknum stað og speldi í útjaðarinn? Guð hans kennir honum hina réttu aðferð og leiðbeinir honum. Eigi er krydd þreskt með þreskisleða né vagnhjóli velt yfir kúmen, heldur er kryddblómið barið af með þúst og kúmen með staf. Mun neyslukorn mulið sundur? Nei, menn halda ekki stöðugt áfram að þreskja það og keyra eigi vagnhjól sín né hesta yfir það, menn mylja það eigi sundur.“*

Kúmen er aftur notað í líkingamáli Nýja testamentisins Matteusarguðspjalls 23:23 þar sem Jesú tala við mannfjöldann og lærisveina sína um blinda og óhæfa leiðtoga. Í þýðingunni frá 2007 segir:

*„Vei yður, fræðimenn og faríseiar, hræsnarar! Þér gjaldið tíund af myntu, anís og kúmeni en hirðið ekki um það sem mikilvægast er í lögmálinu, réttlæti, miskunn og trúfesti. Þetta ber að gera og hitt eigi ógert að láta.“*

Orðið kúmen er notað í öllum fjórum þýðingunum Nýja testamentisins sem eru aðgengilegar á biblia.is.



Á miðöldum var algengara en ætla mætti að fjölskyldur aðalsmanna tækju höfuð fjölskylduföðurins til varðveislu ef þeir voru afhöfðaðir.



Blómin lítil, hvít eða bleik og mörg saman og mynda sveip á bómstilk.



Uppskera á lífrænu broddkúmeni á Indlandi.



Blöðin þráðmjó og gagnstæð, 5 til 10 sentímetra löng.



Olían úr fræjunum er notuð til að búa til vellyktandi, í snyrtivörur og til að bragðbæta drykki.

*Ræktun*

Broddkúmen er einær planta sem ræktuð er af fræi og gott er að leggja fræin í bleyti í átta tíma fyrir sáningu. Fræ plöntunnar geta spírað við fremur lágan hita en kjörhiti hennar er milli 20 til 30° á Celsíus. Þrátt fyrir lágan spírunarhita fræjanna þolir plantan illa frost og alls ekki eftir blómgun og fyrst eftir að fræmyndun hefst.

Plantan dafnar best í frjósömum, lausum og kalkríkum sandjarðvegi, pH 6,8 til 8,3, þar sem loftrými er mikið. Planta er viðkvæm fyrir salti. Broddkúmen þrífst vel þar sem loft er þurrt og loftraki lágur.

Hæfilegt bil milli plantna við sáningu er 20 til 25 sentímetrar og æskileg dýpt fræja 1 til 2 sentímetrar. Hæfilegt fræmagn á hektara er milli 12 og 15 kíló. Uppskerutími eftir sáningu er 100 til 120 dagar þar sem aðstæður eru plöntunni hagfelldar.

Uppskera á broddkúmeni er öll unnin með höndum.

*Nytjar*

Í 100 grömum af broddkúmeni eru 375 kílókaloríur, 44,2 grömm af kolvetnum, 2,25 gröm af sykri, 10,5 grömm af trefjum, 22,3 grömm af fitu og 17,8 grömm af próteini. Auk E og B-vítamína og steinefna eins og járn, magnesíum og mangan.

Broddkúmen er mikið notað til matargerðar víða um heim, bæði sem heil aldin eða mulin og það er sagt draga fram sætubragð í mat. Indverjar eru sú þjóð ásamt þjóðum í Austur-Asíu sem í dag nota mest af broddkúmeni og er það hlut af ótal mörgum mataruppskriftum og hluti af karrí- og öðrum kryddblöndum.

Kryddið er notað til að bragðbæta osta eins og hollenskan Leidse, í brauð og sósur. Því er blandað við chili-duft í Tex-Mex rétti og það er í mörgum karrí- og garam masala-blöndum. Spánverjar og Portúgalar krydda adobo-pylsur með því og broddkúmen er eitt af undirstöðuhráefnunum í arabísku kryddblöndunni baharat. Á Indlandi er ristuðum broddkúmens- og kóríanderfræjum blandað saman og kallast sú kryddblanda dhana jiru.

Broddkúmensplantan hefur lengi verið notuð til ýmiss konar lækninga. Á Indlandi þykir jira-vatn heilsubót en það er vatn með soðnum broddkúmensfræjum. Seyði úr broddkúmensfræjum er sagt flýta fæðingu hjá konum sem ganga með fram yfir á meðgöngu. Á Srí Lanka er sama seyði drukkið við verkjum í maga og við kvefi er það blandað með mjólk. Broddkúmensduft er sagt gott gegn sveppasýkingu.

Olían úr fræjunum er notuð til að búa til vellyktandi, í snyrtivörur og til að bragðbæta drykki. Hún þótti góð til að draga úr vindgangi, verkjum í vöðvum og róandi.

Á miðöldum var algengara en ætla mætti að fjölskyldur aðalsmanna tækju höfuð fjölskyldufeðranna til varðveislu væru þeir afhöfðaðir. Til að varðveita höfuðið þótti gott að geyma það í kryddi og ekki síst broddkúmeni.

*Broddkúmen á Íslandi*

Lítið fer fyrir broddkúmeni í íslenskum fjölmiðlum allt til ársins 1990 en eftir það er farið að geta þess í mataruppskriftum og auglýsingum.

Í Blaðinu í júlí í 2005 er ágæt grein eftir Þráin Lárusson þar sem fjallað er um kúmen, Carum carvi. Þar segir meðan annars: „Tegundin Carum carvi er fyrir mistök kölluð kúmen hér á landi. Þessi mistök má rekja til þýsku en orðið kúmen er íslenskun á orðinu kummel sem er þýska heiti jurtarinnar. Í raun ætti nafnið kúmen að vera á annarri fjarskyldri jurt en innan sömu ættar, Cuminum cyminum. Sú jurt hefur hins vegar verið kölluð kúmín eða broddkúmen hér á landi. Þetta eru mjög vandræðaleg mistök því aldin beggja þessara tegunda eru nýtt í matargerð og er endalaust verið að rugla þeim saman með slæmum afleiðingum.

Þó kúmen og kúmín séu sviplík aldin í útliti eru þau mjög ólík á bragðið og geta engan veginn komið hvort í annars stað í matargerð. Svo virðist sem þessi mistök eigi sér sögulega skýringu sem rekja má aftur til fimmtu aldar. Við fall Rómaveldis hvarf kúmín af mörkuðum álfunnar eins og nánast öll önnur krydd sem Rómverjar fluttu til Evrópu. Í staðinn uppgötvuðu Germanir í Mið-Evrópu aðra plöntu sem gaf af sér aldin sem svipaði mjög til hins dásamlega krydds sem þeir höfðu náð að tileinka sér í matargerð á tímum Rómverja.

Jurt þessi var illgresi í þeirra ræktarlandi og hafði borist þangað með rúgi sem kom til álfunnar með Slövum í kringum 150 e.Kr. Aldin þessarar nýju plöntu hafa síðan einfaldlega fengið sama nafn og kryddið sem Rómverjar fluttu með sér frá Arabalöndum.“

Hafliði Halldórsson, kokkur og framkvæmdastjóri Icelandic Lamb, sem starfaði um tíma hjá fyrirtæki sem flytur inn krydd, segir að iðulega hafi komið upp ruglingur varðandi broddkúmen og kúmen í pöntunum. „Það þurfti oft að skipta út sendingum þar sem pantanir voru rangar þar sem fólk þekkti ekki muninn. Slíkt er svo sem í lagi og hægt að bjarga. Verra er þegar fólk ruglast á þessu tvennu við matargerð þar sem farið er eftir uppskrift og bragðið verður annað en til stóð.“

## Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin:

# Svifið á vængjum þöndum



Sigurður Ægisson, prestur og þjóðfræðingur.

**Presturinn og þjóðfræðingurinn Sigurður Ægisson hefur haft áhuga á fuglum frá því hann man eftir sér auk þess sem hann hefur lengi haft áhuga á sögu, þjóðfræði og almennri náttúrufræði. Sigurður sendi nýlega frá sér bók sem heitir Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin.**

Sigurður, sem er fæddur og uppalinn á Siglufirði og býr þar, segir að hann hafi unnið að þessu nýjasta ritverki sínu meira og minna í rúm 25 ár. „Í bókinni eru teknir til skoðunar allir íslensku, reglubundnu varpfuglarnir, 75 að tölu, auk fjögurra annarra tegunda eins og haftyrðils, hverafugls, keldusvíns, snæuglu, í hérlendri og erlendi þjóðtrú. Auk þess sem birt eru ljóð og annað forvitnilegt efni sem þeim tengist, þar á meðal ríflega 1.000 alþýðuheiti íslenskra fugla.“

### *Bústaður guðdómsins*

Í aðfaraorðum bókarinnar segir Sigurður að mannkynið hafi löngum dáðst að fuglunum og hæfileika þeirra að geta svifið vængjum þöndum um loftin blá og komist þannig nær ríki himnanna, þar sem guðdómurinn átti oftar en ekki að vera með bústað sinn.

„Í vitund fólksins urðu þeir á einhverjum tímapunkti að sendiboðum úr efra, hálfheilagir eða þaðan af meira, og því bráðnauðsynlegt að geta ráðið í hverju þeir voru að reyna að koma til skila með kvaki sínu, flugi eða öðru atferli. Með tímanum varð úr þessu mikið og flókið kerfi og ekki á færi nema útvalinna, til dæmis presta eða samsvarandi, að lesa í táknmálið.

Leifar þessa má greina í þjóðtrú fyrri alda, sem og nútímans. Ef hrafninn, til að mynda, kom úr þessari áttinni eða hinni, eða sat þarna og gargaði svona eða hinsegin, merkti það allt eitthvað sérstakt og gerir enn í hugum margra, jafnt hér sem erlendis.




Snemma tóku menn að leita skýringa á hinum ólíku mynstrum á búki fuglanna og um það varð í aldanna rás til aragrúi sagna. Oft réð litur hamsins einnig miklu til um hvaða dóm þeir fengu, hvaða augum þeir voru séðir.

Þessu riti er ætlað að beina kastljósinu inn í þennan gamla og forvitnilega veruleika, án þess að koma með tilgátur um hvernig á þessu eða hinu standi, nema í einstaka tilviki.“

### *Hefur lagt sig eftir fuglaheitum*

„Árið 1995 fór ég að safna efni í fuglabók sem kom út ári síðar og fékk nafnið Ísfygla. Þar birtust meðal annars um 700 alþýðu- eða aukaheiti fuglanna okkar, ýmist tekin úr handritum, prentuðum bókum eða af tungu fróðra manna og kvenna, auk annars þjóðfræðiefnis. En sökum þess að hver og ein fuglategund hafði ekki nema eina opnu til ráðstöfunar, varð margt af slíku efni út undan. Ég fór því bráðlega að huga að útgáfu annarrar bókar, sem nú er loksins komin á þrykk, um 25 árum síðar, og þar sem bæst hafa við ríflega 300 aukaheiti fuglanna, auk margs annars. Ég hef ekki lagt mig eftir því að skilgreina hvar á landinu viðkomandi fuglaheiti tíðkuðust, það er líka annað mál og flóknara og þarfnast nánari rannsóknar.“

### *Ekki allt fallegt*

Sigurður segir að eins og gefi að skilja sé ekki allt fallegt sem við blasi í gímaldi árþúsundanna, en það er samt haft með að einhverju leyti, til að skekkja ekki heildarmyndina. „Annað væri söguföslun, enda ósanngjarnt að nota siðferðilegan mælikvarða nútímans á það sem á öldum áður þótti eðlilegt og var stundað dagsdaglega og kinnroðalaust.“

Hann segir að sig langi að halda upplýsingaöfluninni áfram og þætti vænt um að fá upplýsingar um ef lesendur eiga í fórum sínum enn önnur heiti en þessi sem honum hefur tekist að grafa upp. Heimildir að baki þessum aukaheitum, sem hann varðveiti í gagnagrunni, séu ekki tíundaðar í bókinni því þær skipti hundruðum og myndu lengja hana töluvert.

### *Viðmið Náttúrufræðistofnunar*

„Ég ákvað að nota viðmið Náttúrufræðistofnunar Íslands þegar kom að því að velja hvaða tegundir yrði fjallað um, en þar á bæ er litið svo á að 75 verpi hér reglubundið. Við þá tölu bætti ég haftyrðli, keldusvíni og snæuglu og hinu séríslenska fyrirbæri, hverafuglum.

Annars hafa rúmlega 400 tegundir sést á landinu og einhverjar reynt varp og sumar þeirra munu eflaust innan fárra ára bætast á þennan opinbera lista. Þar mætti nefna dvergmáf, eyruglu, fjallkjóa, fjöruspóa, gráþröst og skógarsnípu. Einnig hefði verið fróðlegt að leyfa geirfuglinum, sem og umferðarfarfuglum eins og blesgæs, margæs, rauðbrysting, sanderlu og tildru, að fljóta með, en það verður að bíða aukinnar og endurskoðaðrar útgáfu á komandi árum.

Íslensku fuglarnir eiga sér margir hverjir vetrarheimkynni erlendis. Bræður þeirra og systur er auk þess að finna víða um heim. Myndirnar í bókinni, útbreiðslukortin og þjóðtrúarefnið eiga að undirstrika tengslin og þessa dreifingu.“

### *Bækur um náttúru- og guðfræði*

Sigurður er höfundur bókanna Ísfygla: íslenskir fuglar: aves Islandicæ , Íslenskir hvalir, fyrr og nú, Íslenskar kynjaskepnur, Hvalir, Icelandic trade with gyrfalcons: from medieval times to the modern era, Íslenska Biblían: ágrip rúmlega fjögurra alda sögu, og Gústi: alþýðuhetjan, fiskimaðurinn og kristniboðinn. Auk þess ritstýrði hann Á sprekamó: afmælisrit tileinkað Helga Hallgrímssyni náttúrfræðingi sjötugum, 11. júní 2005 og Örnólfsbók: afmælisrit tileinkað Örnólfi Thorlacius 75 ára. Sigurður hefur einnig skrifað fjölda greina í innlend og erlend tímarit. /VH



Branduglan á Havaí, sem meðal innfæddra kallast 'pueo', er elskuð og dáð og virt, enda sögð heilagur fugl og í margra augum birting og holdgervingur forna verndarandans Aumakua. Henni fylgja bara góðir straumar. Til hennar er því iðulega leitað ef eitthvað bjátar á, til hjálpar og leiðsagnar. Hún getur svarað beint eða þá í draumi eða í sýn eða með einhverju öðru tákni. Akrýlmynd eftir þarlendu listakonuna Jessicu Taruni.



Í íslenskri heimild frá 18. öld segir að fuglinn halkíon verpi í bláhafi á ís og geri sér hreiður úr fiskbeinum á sjö dögum fyrir sólhvörf á vetri, þau eru nánar tiltekið 20.–23. desember, og liggi síðan á jafnmarga daga á eftir. Mynd eftir ítölsku listakonuna Elenu Panetta, gerð sérstaklega fyrir bókina.

## Fuglamolar

- Í Japan er maríuerlan elskuð og dáð, ekki síst meðal Ainu-fólksins. Þar er hún skapari lífsins, heilagur fugl.
- Gömul sögn í Noregi er að hrafninn sé elsta dýr jarðarinnar. Hann klekur ekki út eggjunum sínum eins og aðrir fuglar gera, heldur leggur þau nærri beljandi fossi og vatnið sér um framhaldið.
- Hér og þar í Mið-Evrópu er talið ólánsmerki ef brúðhjón sjá hrossagauká vígsludeginum.
- Á Horni í Sléttuhreppi boðaði það rigningu, ef lómurinn stóð á öðrum fæti og skrækti.
- Egg haftyrðilsins er tiltölulega stórt miðað við fuglinn. Þegar stúlkabarn fæðist á Grænlandi er henni því gefin festi með þurrkuðum haftyrðilsfæti á, sem hún ber upp frá því. Á þetta að tryggja að hún eignist mannvænleg og heilbrigð börn er þar að kemur.
- Þýski landfræðingurinn Sebastian Münster, sem uppi var á 16. öld,taldi að stormsvölurnar yxu á trjám í votlendi eða á sjávarströndum, enda fundust hreiðrin aldrei.
- Í Færeyjum var seyði af arnarkló í eina tíð notað sem meðal við gulsótt.
- Á Englandi sögðu grágæsir með atferli sínu hvernig veðrið yrði, þóbara í nánustu framtíð. Fólst kúnstin í að reyna að sjá út hvaða tölustaf þær mynduðu á hópflugi sínu; átti fólk þá jafn margar frostavikur í vændum, frá þeim degi að telja.
- Í Danmörku, á miðsteinöld, um 9.600–4.000 árum f. Kr., voru andvana fædd börn lögð á álftarvængi til eilífrar hvíldar.
- Írar halda því fram að tjaldurinn hafi í upphafi verið með sundfit, en að máfur hafi fengið þau lánuð og ekki viljað skila þeim. Hinn síðarnefndi er víst enn að hlæja sinni groddalegu röddu, þegar atvikið berst í tal, en þolandinn hleypur um í fjörunni segjandi öllum frá þessu óréttlæti klökkum rómi.
- Úr Rúmeníu kemur sá fróðleikur, að iðrandi syndarar fljúgi eftir andlátið til himna í gervi snæuglu.

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

# Þróun framlaga til skógræktar á lögbýlum

**„Skógrækt á lögbýlum", áður „Landshlutaverkefni í skógrækt", er verkefni sem Skógræktin hefur umsjón með og veitir landeigendum um land allt tækifæri til að rækta skóg. Að minnsta kosti 640 jarðir eru samningsbundnar Skógræktinni, en þessum samningum fjölgar stöðugt. Markmiðin eru ýmiss konar, fyrst og fremst að byggja upp nýja skógarauðlind, binda kolefni, skapa atvinnu, styrkja byggð á landsbyggðinni, og að auka lífsgæði fyrir bæði núverandi og komandi kynslóðir.**

Eflingu skógræktar má rökstyðja á margan hátt, en kolefnisbinding er ein þeirra röksemda og af mörgum talin sú mikilvægasta. Loftslagsváin og viðbrögð við henni er ein stærsta áskorun 21. aldar, og skógrækt er ómissandi aðferð til að draga úr gróðurhúsalofttegundum eins og kemur fram í Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í Loftslagsmálum. Mikilvægt er að nægt fjármagn fylgi eftir eflingu skógræktar og til þeirra sem rækta skóginn; bændurnir, aðrir landeigendurnir og áhugasamt fólk sem gegnir lykilhlutverki með því að leggja til sitt land og útvega sér og öðrum vinnu um leið.

*Framlög til skógrækt á lögbýlum voru 27% lægri 2019 en þau voru árið 2007*

Framlög til skógarbænda samanstanda aðallega af framlagi til plöntukaupa, gróðursetningar, girðingavinnu og umhirðu skóga eins og snemmgrisjun. Á meðfylgjandi grafi sýna súlurnar framlög til skógræktar á lögbýlum síðastliðin 12 ár. Þrátt fyrir lítils háttar aukningu milli 2018 og 2019 má sjá að framlög hafa lækkað síðan 2007. Til dæmis voru framlög fyrir árið 2019 u.þ.b. 27% lægri en þau voru árið 2007. Þar sem hér er ekki tekið tillit til þróunar vísitölu neysluverðs má gefa sér að raunlækkun sé enn meiri. Afleiðing af þessu er til dæmis að fjöldi trjáplantna sem hægt væri að gróðursetja hefur dregist saman, meðal annars vegna verðhækkana plantna á tímabilinu.

*Stórfelld fækkun gróðursettra plantna á lögbýlum*

Gróðursettum plöntum hefur fækkað um helming á tímabilinu eins og sjá má á línu á meðfylgjandi grafi. Lækkun framlaga hefur haft afgerandi áhrif, t.a.m. á plöntuframleiðendur. Plöntuframleiðendum fækkaði og nokkrir fóru í þrot. Framboð á trjáplöntum breyttist fyrir vikið. Frá 2017 og 2019 jókst plöntufjöldi um u.þ.b. 11%, sem er allt of lítið. Grundvöllur aukinnar gróðursetningar fellst í tryggu plöntuframboði. Plöntuframleiðendur þurfa að skipuleggja sig fram í tímann og til þess þarf að vera tryggt fjármagn í verkefnið.

*Fólk hefur áhuga á skógrækt og til að efla skógrækt eru auknar fjárveitingar nauðsynlegar*

Margir, þar á meðal bændur og aðrir landeigendur, hafa áhuga á skógrækt. Hjá Skógrækinni er mikil eftirspurn eftir samningum og fjölgar jörðum með samning ört á milli ára. Samningsbundið land sem bíður til skógræktar verður því sífellt stærra. Það er því augljóst að ekki vantar áhuga fólks á að efla skógrækt á landinu, það vantar meira fé. Væntanlegur framlög fyrir árið 2020 er hærri en fyrir árið 2019 og gert er ráð fyrir áframhaldandi aukningu árið 2021. Þessari þróun verður að halda áfram. Með því að auka fjárveitingar til skógræktar til aukinnar gróðursetningar eykst kolefnisbinding í skógum á Íslandi. Auk þess að byggja upp skógarauðlind og ekki síst auka atvinnu fyrir bæði núverandi og komandi kynslóðir. Þess vegna er mikilvægt að fjárfesta í skógrækt.




**Grafið sýnir framlög til skógræktar á lögbýlum í milljónum króna (bláu súlurnar) og fjölda gróðursettra trjáplantna á lögbýlum (rauða línan) á hverju ári milli 2007 og 2019. Grafið var unnið af Naomi Bos og byggir á gögnum úr ársritum Skógræktarinnar (árin 2016-2019) og ársskýrslum landshlutaverkefnanna (árin 2007-2015).**

***Fyrir hönd Landssamtaka skógareigenda,***

***Naomi Bos***
*MS í búvísindum, formaður Félags skógarbænda á Vestfjörðum og stjórnarmaður LSE*
***Hlynur Gauti Sigurðsson***
*framkvæmdastjóri LSE*

LESENDABÁS

# Ósanngjarn og stefnulaus kolefnisskattur

**Kolefnisskattur er nýr skattur á Íslandi. Hann er lagður á jarðefnaeldsneyti og á að draga úr útblæstri og hvetja til orkuskipta í samgöngum. Skatturinn mun hækka um áramótin og verður 11,75 krónur á hvern lítra af díselolíu og 10,25 krónur á bensíni, sem síðan hefur áhrif til hækkunar verðbólgu. Flutningskostnaður hækkar og um leið verð vöru og þjónustu.**

Skatturinn hefur hækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þegar ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók við völdum skilaði skatturinn 3,5 milljörðum á ári. Á þessu ári er hann rúmir 6 milljarðar. Hækkunin hefur haft neikvæð áhrif fyrir heimilin og atvinnulífið í landinu.

Einkum tvennt gerir það að verkum að þessi skattur er ósanngjarn og stefnulaus.

Hann er ósanngjarn vegna þess að honum er ekki jafnað niður á landsmenn með sanngjörnum hætti, hann bitnar sérstaklega á efnaminna fólki og landsbyggðinni. Í öðru lagi er hann stefnulaus. Hann er settur á í þágu loftslagsmála til að uppfylla skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum en skatttekjurnar eru ekki merktar aðgerðum í loftslagsmálum sérstaklega og aðeins hluti þeirra rennur þangað. Umhverfisráðherra hefur viðurkennt í skriflegu svari við fyrirspurn á Alþingi að ekki er hægt að segja til um það hvaða árangri skattheimtan er að skila.



Birgir Þórarinsson.

*Skýrsla Hagfræðistofnunar áfellisdómur fyrir ríkisstjórnina*

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur gefið út skýrslu um áhrif kolefnisgjalds á eldsneytisnotkun heimilanna. Margt athyglisvert kemur fram í skýrslunni og vekur undrun hversu litla athygli fjölmiðlar hafa sýnt henni. – Helstu niðurstöður eru þessar:

1. Skatturinn bitnar á efnalitlu fólki og hefur neikvæð áhrif á kjör þeirra og neyslu.

2. Rökstyðja þarf betur hvers vegna skatturinn er lagður á.

3. Skatturinn þarf að vera mjög hár til þess að virka.
4. Landsframleiðsla og atvinna minnkar eftir að kolefnisskatturinn er lagður á.

Skýrslan er áfellisdómur yfir kolefnisskattastefnu ríkisstjórnarinnar og staðfestir það sem Miðflokkurinn hefur ávallt sagt um þennan skatt.

Það er ekki forsvaranlegt að leggja skatt á almenning með þessum hætti þegar árangurinn er enginn og hann bitnar verst á tekjulágu fólki og íbúum á landsbyggðinni.

***Birgir Þórarinsson***
*Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi.*


Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FÖGUR ER SVEITIN

FAGLAUSN

*Eru gömlu byggingarnar orðnar vandamál?*
*Stafar af þeim fokhætta?*
*Eru þær lýti á umhverfinu?*
*Eða viltu losna við fasteignagjöldin?*



**Við bjóðum upp á teymi sem getur leyst þessi mál frá A-Ö, eða eftir nánara samkomulagi.**

**Við sjáum um:**

- Öll samskipti við skipulags- og byggingarsvið viðkomandi sveitarfélaga, öflun leyfa og skil á nauðsynlegum gögnum.
- Samskipti við viðkomandi veitustofnanir vegna aftenginga á heimtaugum.
- Rif á byggingum, flokkun úrgangs og viðeigandi förgun.
- Frágang á yfirborði eftir óskum viðskiptavinar.

**HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ Í VERKIÐ!**

HÖFÐAVÉLAR

893 3960
beggi@hofdavelar.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 3. desember

**Á FAGLEGUM NÓTUM**

## Samvinna sem skilar árangri:

# Öflugur stuðningur við smáframleiðendur á Norðurlandi vestra

**Norðurland vestra er eitt stærsta matvælaframleiðslusvæði landsins. Þar eins og víða um land hefur fullvinnsla bænda á afurðum aukist á undanförnum árum enda hefur það reynst ákjósanleg leið fyrir bændur til að auka virðisauka af framleiðslu sinni. Það er hins vegar mikil vinna í því fólgin og oft á sviðum þar sem þekkingu skortir. Þó varan sé tilbúin á eftir að markaðssetja hana og koma á markað og oft er það á því stigi sem skórinn kreppir hjá mörgum smáframleiðendum matvæla.**

Á undanförnum árum hefur, í samvinnu nokkurra aðila á Norðurlandi vestra, farið fram mikil vinna til að skapa umhverfi sem styður bændur og aðra smáframleiðendur í þessari vegferð. Nú er svo komið að innviðir í landshlutanum eru í stakk búnir til að fylgja smáframleiðendum eftir frá því að hráefnið verður til og þar til það er komið á disk neytandans.

### *Upphafið*

Segja má að upphafið megi rekja aftur til ársins 2015 þegar BioPol á Skagaströnd hlaut stuðning í gegnum störf Norðvesturnefndarinnar svokallaðrar til uppsetningar á aðstöðu fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki í matvælaframleiðslu. Þar gætu aðilar leigt vottaða vinnsluaðstöðu, dag og dag, til að vinna að framleiðslu sinni og vöruþróun. Hafist var handa við uppsetningu aðstöðunnar í lok árs 2016 og hún svo opnuð haustið 2017. Þórhildur M. Jónsdóttir matreiðslumaður var ráðin til að hafa umsjón með aðstöðunni og til að vera framleiðendum innan handar. Starfar hún enn við Vörusmiðjuna en einn af lykilunum að árangri verkefnisins liggur einmitt í góðu utanumhaldi og þeim drifkrafti sem einkennir starfsemi smiðjunnar.

### *Stuðningur úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra*

Í framhaldinu var skilgreint, af stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), áhersluverkefni Sóknaráætlunar landshlutans sem bar heitið Beint frá býli og hafði það markmið að auka tekjur sauðfjárbænda á svæðinu með því að styðja bændur í að afla sér þekkingar á heimavinnslu matvæla, vöruþróun, markaðssetningu og sölu afurða. Verkefnið var unnið í góðri samvinnu SSNV, Vörusmiðju BioPol og Farskóla Norðurlands vestra. Með þeim fjármunum sem varið var til verkefnisins voru námskeiðsgjöld vegna námskeiðsins Beint frá býli niðurgreidd verulega árin 2018-2019. Farskólinn skipulagði námskeiðin og verklegi hlutinn var haldinn í Vörusmiðju BioPol. Þannig fengu þátttakendur auk námsins kynningu á þeirri aðstöðu sem í boði er í Vörusmiðjunni og hafa fjölmargir þátttakendur í námskeiðunum gerst tryggir viðskiptavinir Vörusmiðjunnar í framhaldinu. Bóklega námið byggðist á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Vörusmiðja – Beint frá býli, sem yfirfarin var og aðlöguð lítillega að þörfum bænda á svæðinu. Námskeiðið náði yfir haust- og vormisseri. Samtals luku 15 framleiðendur náminu en árið áður hafði Farskólinn skipulagt sambærilega námslínu og luku þá 18 nemendur námi.

Haustið 2018 var næsta skref í vegferðinni tekið þegar Farskólinn skipulagði röð sértækra námskeiða fyrir smáframleiðendur. Námskeiðin voru fjölbreytt, svo sem heitreyking og reyking á villibráð, paté- og kæfugerð, hrápylsugerð og fars-, pylsu- og bjúgnagerð svo dæmi séu tekin. Aftur var samstarfið milli Farskólans og Vörusmiðjunnar með sama hætti. SSNV niðurgreiddi námskeiðsgjöld með fjármunum úr áhersluverkefninu sem skilgeint var 2017, svo hlutur þátttakenda í námskeiðgjaldinu var með allra minnsta móti. Námskeiðin voru almennt vel sótt og góður rómur gerður að þeim. Flest þessara námskeiða eru aftur í boði hjá Farskólanum nú á haustmisseri 2020.



Unnur Valborg Hilmarsdóttir.



Þórhildur M Jónsdóttir, verkefnisstjóri Vörusmiðjunnar, hlaðin vörum úr Sölubílnum.




Úr sölubílnum.



Úr vörusmiðjunni.



Námskeið í úrbeiningu folalds.




Sölubíllinn.

### *… og hvað svo?*

Eins og fram kom hér að framan reynist markaðssetning og sala framleiðslunnar smáframleiðendum oft erfið. Til að aðstoða bændur við að komast yfir þann þröskuld var Vörusmiðjunni veittur styrkur úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra í upphafi árs 2020 til uppsetningar á vefverslun þar sem vörur smáframleiðenda yrðu boðnar til sölu. Vefsíðan opnaði á haustdögum 2020 og hefur þegar fengið mjög góðar viðtökur. Þar er hægt að versla matvæli, fæðubótarefni, krem og fleira sem framleitt er á Norðurlandi vestra. Verslunin er aðgengileg á heimasíðu Vörusmiðjunnar www.vorusmidja.is. Með henni er komin upp ný sölurás fyrir framleiðendur en fæstir þeirra hafa burði til að opna sínar eigin vefverslanir. Vörusmiðjan hefur jafnframt bryddað upp á fleiri nýjungum í markaðssetningu, t.d. var fyrirtækjum á Norðurlandi vestra boðnir tilbúnir samsettir pakkar með vörum úr héraði til jólagjafa fyrir starfsmenn svo dæmi séu tekin.

Það var svo í mars 2020 sem ríkið veitti viðbótarfjármagni inn í Sóknaráætlanir landshlutanna. Í framhaldi af því ákvað stjórn SSNV að bæta fjármagni við þá úthlutun og veita allt að 50 milljónum króna í sértæk átaksverkefni til að sporna við áhrifum heimsfaraldurs í landshlutanum. Kallað var eftir hugmyndum að verkefnum frá íbúum á svæðinu. Ein þessara hugmynda var Sölubíll smáframleiðenda, nokkurs konar sælkerabíll á hjólum og hlaut hugmyndin brautargengi og styrk upp á ríflega 5 milljónir króna. Eftir nokkurn undirbúning fór verkefnið af stað og í allt sumar var bíllinn á ferðinni um Norðurland vestra og seldi vörur smáframleiðenda á hinum ýmsu stöðum. Bíllinn kom við í helstu þéttbýliskjörnum en staldraði jafnframt við á fáfarnari stöðum, svo sem á Borðeyri, Ketilási í Fljótum og á Laugarbakka. Áætlun bílsins var vel auglýst með dreifibréfum í hús sem og á samfélagsmiðlum og eftir því sem leið á sumarið jukust viðskiptin jafnt og þétt. Undir lok sumars var svo ákveðið að halda rekstri bílsins áfram og mun hann til áramóta fara um svæðið einu sinni í mánuði. Salan hefur haldið áfram að aukast í þeim ferðum sem farnar hafa verið nú í haust og því ljóst að vitund íbúa á svæðinu er að aukast jafnt og þétt. Viðskiptavinir Sölubílsins koma aftur og aftur til að ná sér í hágæða vöru. Söluaðilarnir eru sömuleiðis ánægðir með þetta framtak enda verður hér til ný sölurás sem leitt hefur til þess að sumir hverjir hafa margfaldað sölu sína. Þessi leið hefur sömuleiðis verið framleiðendum hvatning til að nýta sér þjónustu Vörusmiðjunnar enda sjá þeir að þar fá þeir ekki bara aðstoð við framleiðsluna heldur líka við söluna.

### *Lyklar að árangri*

Það þarf margt að ganga upp til að svona heildstætt og stórt verkefni beri árangur. Það fyrsta er auðvitað fjármagn. Í þessu verkefni hefur fjármagnið komið frá nokkrum stöðum, beint frá ríkinu, úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra, frá BioPol sem rekur Vörusmiðjuna, frá Fræðslusjóði á formi niðurgreiðslu námskeiðsgjalda. Verkefnið er því gott dæmi um árangursríka samfjármögnun ólíkra aðila.

Árangurinn er ekki síst að þakka ómældu vinnuframlagi þeirra sem að koma, starfsmanna Farskóla Norðurlands vestra, Vörusmiðjunnar og BioPol. Ekki síst hafa bændur sjálfir lagt á sig mikla vinnu við nám og framleiðslu sem er að sjálfsögðu mikilvægasti þátturinn.

Það næst enginn árangur ef að verkefnum sem þessum koma ekki aðilar með skýra sýn og mikinn eldmóð. Fjölmargir hafa að því komið og skulu tveir nefndir hér sérstaklega. Annars vegar Halldór Gunnlaugsson sem hefur verið verkefnisstjóri verkefnisins af hálfu Farskóla Norðurlands vestra. Hann hefur skipulagt þá kennslu sem fram hefur farið af mikilli og góðri innsýn og ekki síst áhuga á viðfangsefninu. Hinn aðilinn, sem er alger lykill að árangri verkefnisins, er Þórhildur M. Jónsdóttir, verkefnisstjóri Vörusmiðjunnar. Þórhildur er algerlega óþreytandi í stuðningi og hvatningu til framleiðenda á svæðinu. Hennar sérþekking og reynsla er framleiðendum ómetanleg og ef eitthvað eitt má læra af þessu verkefni þá er það nauðsyn þess að í vottuðum vinnslurýmum af þessum toga sé forsvarsmaður sem brennur fyrir verkefninu og hefur kraft og ekki síst úthald til að þoka því áfram.

### *Næstu skref*

Vegferðinni er hvergi nærri lokið á Norðurlandi vestra. Farskólinn heldur ótrauður áfram að bjóða námskeið og fræðslu til smáframleiðenda. Aðsókn í Vörusmiðjuna eykst jafnt og þétt. Vefverslunin heldur áfram að selja fyrir framleiðendur og Sölubíll smáframleiðenda heldur áfram að fara um svæðið. Sóknaráætlun landshlutans mun áfram styðja við verkefnið með myndarlegum hætti og fyrir árin 2020 og 2021 hefur verið skilgreint verkefnið Matvælasvæðið Norðurland vestra sem Vörusmiðjan mun hafa umsjón með og vinna náið með Farskólanum og framleiðendum á svæðinu til að efla fullvinnslu afurða enn frekar. Verkefni sem þetta samræmist enda vel áherslum Sóknaráætlunar landshlutans um fullvinnslu afurða, fjölgun vaxtarbrodda og stuðning við grunnstoðir atvinnulífs á svæðinu.

Það er ekki að ósekju að verkefnið hefur vakið athygli víða um land. Eins og sjá má af samantektinni hér að framan þurfa mörg púsl að raðast saman svo úr verði heildstæð mynd. Það er hins vegar fyllilega fyrirhafnarinnar virði þar sem ávinningurinn er mikill. Óhætt er að segja að í þessu verkefni hafi fjármunum verið vel varið til eflingar byggðar og aukinnar sjálfbærni í sveitum landsins.

***Unnur Valborg Hilmarsdóttir,***
*framkvæmdastjóri*
*Samtaka sveitarfélaga*
*á Norðurlandi vestra*

Landssamtök sauðfjárbænda

# Aðalfundur LS 2020

**Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda fór fram í gegnum fjarfundarbúnað fimmtudaginn 12. nóvember. Alls áttu sæti á fundinum 39 fulltrúar. Fundarstörf gengu vel fyrir sig og er það ekki síst að þakka þeim aðilum sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmda fundarins. Stjórn LS vill ítreka þakkir til fundarmanna og allra sem að framkvæmd hans komu.**

Stjórn LS starfsárið 2020-2021 skipa Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður, Gunnar Þórarinsson, Einar Guðmann Örnólfsson, Trausti Hjálmarsson og Ásta F. Flosadóttir. Trausti hlaut endurkjör sem fulltrúi í S hólfi og Ásta var kosin ný inn í stjórn í stað Böðvars Baldurssonar sem fulltrúi í NA hólfi. Böðvar var að ljúka þeim tíma sem hann mátti sitja í stjórn. LS þakka Böðvari innilega fyrir hans löngu og farsælu stjórnarsetu og býður Ástu velkomna til starfa.

Í varastjórn voru kosin Sigvaldi H. Ragnarsson, Hulda Brynjólfsdóttir og Birgir Haraldsson.

Fundurinn var haldinn með breyttu sniði frá því sem verið hefur. Fundarformið var einfaldað og fundartíminn styttur. Mál voru ekki tekin fyrir í nefndum heldur fóru fram almennar umræður um tillögur sem stjórn lagði fyrir fundinn.

*Félagskerfi bænda*

Á fundinum var til umræðu félagskerfi landbúnaðarins og var samþykkt ályktun sem styður við þær tillögur sem Bændasamtökin hafa lagt fram um breytingar á félagskerfi bænda. Sú tillaga byggir á einum öflugum hagsmunasamtökum með beinni aðild félagsmanna og veltutengdu félagsgjaldi.

Eftir umræðu um afkomu sauðfjárbænda var samþykkt tillaga um að vinna að aðgerðaráætlun í samvinnu við stjórnvöld sem byggir á því að efla afkomuvöktun greinarinnar, stuðla að hagræðingu í rekstri afurðastöðva og fara í aðgerðir sem stuðla að aukinni framlegð í sauðfjárbúskap og úrvinnslu sauðfjárafurða.

*Ályktað um tollamál*

Fundurinn ályktaði um tollamál og er skorað á ríkisstjórn Íslands að taka til endurskoðunar framkvæmd tollverndar íslenskra landbúnaðarvara með því að endurskoða tollasamning við Evrópusambandið, endurskoða úthlutunaraðferð á tollkvótum, rannsaka og gera úrbætur á tollskráningu og eftirliti. Þá leggur fundurinn til að innflutningur á lambakjöti verði bannaður til að neytendur verði verndaðir fyrir svindli á uppruna lambakjöts.

Talsverðar umræður urðu um niðurskurð vegna riðu. Í umræðum kom fram að mikilvægt er að vinnu við endurskoðun reglugerðar um útrýmingu á riðuveiki verði flýtt og að tekið verði tillit til þeirrar vinnu þegar gerðir verða samningar við þá bændur sem standa frammi fyrir niðurskurði. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2020, skorar á ríkisstjórn Íslands að nú þegar verði gerð endurskoðun á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. Niðurskurður vegna riðu á einstökum bæjum er til hagsbóta fyrir heildina og markmiðið á að vera að fjárhagsskaði eigi ekki að fylgja niðurskurði hjá bændum og bætur eiga að miðast við það. Þá skal bændum sem lenda í riðuniðurskurði vera tryggður talsmaður hjá Bændasamtökunum og/eða RML til aðstoðar við samninga um riðubætur. Jafnframt að sú endurskoðun verði höfð til grundvallar þegar kemur að því að semja um bætur við þá bændur sem nú standa frammi fyrir niðurskurði vegna riðu í Tröllaskagahólfi í ljósi þess að Landssamtök sauðfjárbænda og Bændasamtök Íslands hafa ýtt á eftir nauðsynlegri endurskoðun reglugerðarinnar í nokkur misseri.

Fyrirhugað er að aðalfundur 2021 verði haldinn dagana 25.–26. mars 2021 og er stjórn heimilt að flýta fundi eða breyta fundarformi ef þörf krefur.

***Unnsteinn Snorri Snorrason***
*framkvæmdastjóri*
*Landssamtaka sauðfjárbænda*

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

# Af hverju að votta kolefnisbindingu?




**Ýmsar leiðir eru til að binda kolefni og jafna koltvísýringslosun frá athöfnum okkar og starfsemi. En mikilvægt er að allir geti treyst því að sú kolefnisjöfnun sem auglýst er hafi raunverulega farið fram. Þess vegna er nauðsynlegt að kolefnisjöfnun sé vottuð.**

Ef leitað er eftir kolefnisbindingu með skógrækt til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækis er mikilvægt að átta sig á muninum á vottaðri kolefnisbindingu og því að greiða fyrir kolefnisbindingu án vottunar. Hver er eiginlega munurinn á þessu tvennu og af hverju er svona mikilvægt að votta kolefnisbindingu? Hvað er vottun og hvað á ég að velja?

Til að tryggt sé að kolefnisbinding sé raunveruleg gera vottunarstaðlar eftirfarandi kröfur:

- **Varanleiki** (e. Permanence) Tryggt sé að kolefni sem tekið hefur verið úr andrúmsloftinu og geymt í skógi sé bundið þar í þann skilgreinda tíma sem verkefnið lofar.
- **Viðbót** (e. Additionality) Verkefni er „viðbót“ ef það og tilheyrandi aðgerðir eru ekki áskildar í lögum og hefðu ekki orðið að veruleika án viðkomandi verkefnis.
- **Kolefnisleki** (e. Leakage) Losun koltvísýrings sem tilheyrir ekki bókhaldi viðkomandi verkefnis en verður þó til af völdum þess. Dæmi um þetta getur verið landbúnaðarstarfsemi sem færð er frá einum stað til annars og veldur þar skógareyðingu eða þyngri nytjum á skóglausu landi.

Þá er mikilvægt að ekki verði til **tvítalning** (e. Double-counting) á kolefniseiningum þegar kemur að því að nota kolefnisbindingu til að jafna á móti losun þannig að enginn vafi leiki á fullyrðingum um kolefnishlutleysi. Þetta er tryggt með því að skrá kolefniseiningar í sérstaka kolefnisskrá. Í kolefnisskránni er haldið utan um inneign, viðskipti og **afskráningu** á vottuðum kolefniseiningum.

Kolefnisverkefni skulu tryggja að kolefnisbinding sé vottuð samkvæmt viðurkenndum stöðlum s.s. Skógarkolefni, VERRA - Verified Carbon Standard (VCS) eða Gold Standard. Þetta eru óháðir staðlar sem hafa verið samdir af óháðum þriðja aðila. Vottun er strangt ferli sem veitir sjálfstæða staðfestingu á losun og tryggir að kolefnisjöfnun þín sé raunveruleg og varanleg. Gæði kolefniseininga verða því ekki tryggð nema með vottun frá slíkum aðila. Þegar þú velur kolefnisbindingu skaltu leita að annað hvort vottuðu eða a.m.k. staðfestum verkefnum til að tryggja gæði fjárfestingar þinnar og að um ósvikna kolefnisbindingu sé að ræða.

Verkefni sem selja kolefnisbindingu án vottunar veita ekki næga tryggingu fyrir því að kolefnisbindingin sé raunveruleg.

Það þýðir að allar fullyrðingar um kolefnishlutleysi eru óstaðfestar og þar með er ekki hægt að sýna fram á með óyggjandi hætti að kolefnisbindingin hafi farið fram. Þetta getur leitt til þess að fyrirtæki sem keypt hafa óvottaðar kolefniseiningar komast að því síðar að fjárfesting þeirra er ekki ósvikin. Ef svo reynist nýtast þessi útgjöld ekki til kolefnisjöfnunar í loftslagsbókhaldi fyrirtækisins.

Þó að það kunni að virðast fjárhagslega skynsamlegt að kaupa óstaðfesta kolefnisbindingu, sérstaklega ef umrætt verkefni lítur út fyrir að vera raunverulegt, þá er mögulegt að til verði „fölsk eign“. Ef fyrirtæki hefur haldið fram kolefnishlutleysi við viðskiptavini sína og samfélagið allt en svo kemur upp úr dúrnum að fullyrðingarnar reynast rangar getur það valdið fyrirtækinu álitshnekki og ómældu fjárhagslegu tjóni. Enn fremur má segja, að með því að kaupa óstaðfesta kolefnisbindingu sé verið að koma í veg fyrir að fé renni til vottaðra verkefna sem tryggja að viðkomandi aðgerð hafi raunverulegan loftslagsávinning.

***Gunnlaugur Guðjónsson***
*Skógræktin*

*Afskráning (e. Retire) Færsla á kolefniseiningum í kolefnisskrá yfir á afskráningarreikning sem öllum er aðgengilegur. Þetta er gert til að sýna að viðkomandi einingar hafi verið teknar úr umferð og þær megi ekki nota meir.*

***Vottun** (e. Validation/Verification/Certification) Reglulegt mat á verkefni með hliðsjón af reglum óháðs aðila, unnið af aðila með viðeigandi opinbert leyfi. Við vottun skal metið hversu mikil kolefnisbinding hefur orðið á viðkomandi svæði og staðfest að farið hafi verið eftir skilyrðum viðkomandi staðals.*

***Vottunaraðili** (e. Verification body) Sjálfstæður þriðji aðili með viðeigandi opinbert leyfi til að staðfesta og votta verkefni sem gengist hafa undir skilyrði óháðs staðals.*


IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR



**Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli**

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími
- háþróuð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

NASSAU
CE - merkt framleiðsla

Byggðu til framtíðar með hurðum frá Idex
IDEX
idex.is - sími: 412 1700

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Íslenskir framleiðendur eru framsæknir og rækta gerberu allt árið með notkun vaxtarlýsingar.

# Gerbera – óvenju glæsilegt blóm til afskurðar

**Af öllum þeim tegundum afskorinna blóma sem eru ræktaðar á Íslandi í dag býður ein þeirra upp á óvenjulega fjölskrúðugt litaúrval og blómfegurð. Þessi tegund er gerbera, sem einnig hefur verið kölluð glitkarfa á íslensku. Hún hefur verið ræktuð hér í áratugi og nýtur verðskuldaðrar athygli hjá blómafólki.**



Gerbera er af körfublómaætt, eins og túnfífill, baldursbrá, hóffífill og vallhumall.

Gerbera er af körfublómaætt, eins og túnfífill, baldursbrá, hóffífill, vallhumall og margar fleiri tegundir úr íslenskri náttúru. Þótt körfublómaættin sé afar tegundaauðug telur gerberuættkvíslin aðeins um 30 tegundir. Þær vaxa villtar á suðurhveli jarðar, í Suður-Afríku, Suður-Ameríku og í Tasmaníu. Sú tegund sem er notuð í ræktun á uppruna sinn að rekja til Mpumalanga-héraðs í Suður-Afríku. Þar þrífst hún í graslendi í sendnum og þurrum jarðvegi. Á ensku kallast tegundin ýmist Transvaal-daisy eða Barberton daisy.

### *Uppgötvuð í Afríku*

Ættkvíslin var fyrst uppgötvuð í Afríku af hollenska grasafræðingnum Jan Frederik Gronovius árið 1737. Hann nefndi ættkvíslina til heiðurs vini sínum, Traugott Gerber, sem var læknir að mennt en lagði sig eftir leit að lækningajurtum. Sú tegund sem við þekkjum í ræktun, Gerbera jamesonii, er nefnd eftir skoska gullleitar- og athafnamanninum Robert Jameson. Robert þessi fann tegundina þar sem hún óx nærri gullnámum hans í S-Afríku og að endingu barst hún til grasafræðinga í Kew á Englandi. Henni var fyrst lýst árið 1889. Tegundin þótti forvitnileg en var ekki tekin til ræktunar af alvöru fyrr en um 1950. Síðan þá hefur hún heldur betur slegið í gegn.



Gerbera er nothæf sem pottablóm og erlendis er hún víða notuð sem fjölær garðplanta.

### *Ræktun, kynbætur og fjölbreytt notkun*

Gerbera er nothæf sem pottablóm og erlendis er hún víða notuð sem fjölær garðplanta. Langvinsælust er hún samt til afskurðar. Eins og títt er með plöntur hefur gerbera verið kynbætt töluvert eftir að sýnt þótti að hún yrði hentug til ræktunar. Leitast er við að ná fram auknum gæðum í ræktun, litaúrvali og endingu. Það starf hefur skilað sér ljómandi vel enda er tegundin í fimmta sæti yfir vinsælustu afskornu blómin í heiminum í dag. Ótal afbrigði gerberu eru í boði og framboð á þeim fer ekki síst eftir því hvernig tískustraumar leika um okkur. Litaúrvalið er nánast óendanlegt og stærð, lögun og útlit blómkörfunnar er að sama skapi fjölbreytt.

### *Daglengdin skiptir máli*

Íslenskir framleiðendur eru framsæknir og rækta gerberu allt árið með notkun vaxtarlýsingar. Daglengdin hefur áhrif á blómgunina. Ef daglengdin er sem næst 12 klukkustundir á sólarhring er blómmyndunin örust en á sumrin þegar dagurinn er lengstur reynist erfiðara að halda henni í hámarki. Ræktendur hafa því hagað ræktuninni þannig að á sumrin, þegar notkun landsmanna á afskornum blómum er hvað minnst, er hægt á framleiðslunni og plönturnar byggðar upp en á veturna geta ræktendur stýrt daglengdinni með vaxtarlýsingunni.

Hægt er að fjölga gerberu með sáningu og fást þannig frambærilegar plöntur. Algengara er samt að notast við skiptingu plantnanna eða sérhæfða fjölgun með vefjaræktun.

Þegar kemur að uppskeru eru blómin tekin a.m.k. annan hvern dag og geymd í kæli. Reglulegir flutningar frá framleiðendum tryggja að íslenskar gerberur koma ferskar á markaðinn.

***Ingólfur Guðnason***
*námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu Garðyrkjuskóla LbhÍ Reykjum, Ölfusi.*

Á FAGLEGUM NÓTUM



SDM kúakynið (Sortbroget Dansk Malkerace) kallast í dag oftast einfaldlega danska Holstein kúakynið (DH) en kýr af þessu kyni eru langalgengastar í Danmörku í dag og um 70% allra kúa í skýrsluhaldinu eru af DH kyni.

# Dönsku kýrnar stefna hratt í 12 tonna ársnyt



**Snorri Sigurðsson**
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Nautgriparækt og mjólkurframleiðsla á sér langa hefð í Danmörku en um þessar mundir eru liðin 125 ár frá því að markvisst skýrsluhald hófst í landinu með stofnun ræktunarfélaga en með því skapaðist grunnur að öflugu kynbótastarfi í búgreininni.**

Síðan fyrstu félögin litu dagsins ljós hefur mikið vatn runnið til sjávar og í dag er afurðasemi danskra kúa sú mesta í Evrópu að jafnaði en meðalnytin er nú komin yfir 10.500 kíló. Þá eru dönsku svartskjöldóttu kýrnar, sem eru hluti af ræktunarkjarna Holstein kúa í heiminum, með afburða meðalnyt og líklega þá næst hæstu í heimi sé litið til helstu mjólkurframleiðslulandanna og stefnir ársnyt þeirra hratt í 12 þúsund kíló.



Jersey kúakynið er næstalgengasta mjólkurkúakynið í Danmörku en um 13% allra kúa landsins sem eru í skýrsluhaldi eru af þessu kyni.

### *Mikil fækkun kúabúa*

Árið 1975 voru um það bil 45 þúsund kúabú í Danmörku með 3,6 milljónir nautgripa en í dag er þessi tala mun lægri eða um 3.500 bú og ekki nema 1,6 milljónir nautgripa. Þetta er mikil fækkun bæði búa og nautgripa en þrátt fyrir þessa miklu breytingu hefur mjólkurframleiðslan ekki minnkað á þessu tímabili og raunar vaxið! Nautgripakjötsframleiðslan hefur þó dregist saman af skiljanlegum ástæðum. Þessi þróun, sem er alls ekki óáþekk því sem við þekkjum hér á landi og raunar þekkist í svo til öllum Vestrænum löndum, hefur fyrst og fremst verið möguleg vegna mikilla framfara í bæði tækni og ræktun þar sem bændur, ráðunautar og vísindafólk hafa unnið saman að því að ná þeim árangri að auka nyt kúnna.

### *Skýrsluhaldið hornsteinn framfara*

Ein af grunnforsendum þessa árangurs er þó skilvirkt skráningarstarf bænda við að skrá gripina, nyt og afdrif inn í hið sameiginlega skýrsluhaldskerfi. Dönsku bændurnir voru reyndar lengi vel heldur andsnúnir því að standa í skráningum og skýrsluhaldi almennt en eftir því sem árin liðu kom betur og betur í ljós hve mikill ávinningurinn var af því að vera með öflugt skýrsluhaldskerfi og því jókst áhugi bænda á því að vera með í kerfinu. Danska kerfið er nokkuð frábrugðið því sem þekkist í ýmsum löndum þar sem dönsku bændurnir greiða fyrir að taka þátt í skýrsluhaldi. Danir telja það farsælasta kerfið til að ná árangri því það leggur ábyrgð á herðar þeirra sem stjórna kerfinu um að þróa það stöðugt svo notendurnir fái nógu mikið út úr því.

### *Ráðgjöf og rannsóknir mikilvægar*

Auk skýrsluhaldsins hefur það skipt danska kúabændur megin máli einnig að hafa aðgengi að öflugri ráðgjafastarfsemi auk þess sem háskólarnir tveir, í Kaupmannahöfn og Árósum, hafa báðir sérstakar búfjárdeildir sem sinna nautgriparæktarrannsóknum af miklum myndarskap þó svo að nokkuð hafi dregið úr rannsóknastarfsemi Kaupmannahafnarháskóla síðustu árin. Danskir bændur hafa flestir aðgengi að einskonar framleiðsluráðgjöf þar sem allt búið er undir og horft í raun á búið frá haga yfir í mjólkurbíl. Að hverju búi geta svo komið mismunandi ráðgjafar eftir því hvar þarf að bæta úr eða hvar hægt er að gera betur. Þetta getur snúið að fóðurframleiðslunni, kynbótunum, mjólkurgæðunum eða hverju því sem skýrsluhaldið sýnir að búið sé að dragast aftur úr öðrum dönskum búum.

### *Kvægdatabasen er lykillinn*

Danir starfrækja, auk hins hefðbundna skýrsluhalds, afar öflugan gagnagrunn þar sem vistaðar eru, auk skýrsluhaldsupplýsinganna, upplýsingar afurðastöðvanna um innlegg búanna, skráningar dýralækna á vitjunum og heilsufarsupplýsingum búanna, sæðingaskýrslur, gripaskráningar hins opinbera og margt fleira. Þessi gagnagrunnur er kallaður Kvægdatabasen sem e.t.v. mætti kalla Nautgriparæktargagnagrunnurinn á íslensku en þetta kerfi er einstakt á heimsvísu þar sem öll gögn, bæði bænda, þjónustuaðila og hins opinbera eru sameinuð í einum og sama gagnagrunninum. Aðgengið að þessum víðtæku gögnum hefur komið danskri nautgriparækt í fremstu röð í heiminum sem er hreint mögnuð staða þessa litla lands. Gögnin gera það svo að verkum að hægt er, með afar öflugum og þróuðum hugbúnaði, að tvinna saman hin ólíku gögn og draga út helstu atriði þar sem búið víkur frá heildinni og hvar þurfi að beita kröftum bændanna hverju sinni. Danir kalla þetta ferli að nota stafræn gögn og niðurstöður líkana sem byggja á vísindum við bústjórn í stað stakra ákvarðana byggðum á upplifun eða tilfinningu bænda.

### *11.642 kíló mjólkur*

En hvernig er þá staðan í dag í Danmörku? Eins og áður segir þá hefur kúnum fækkað mikið og búunum einnig en meðalafurðirnar vaxið. Þetta er þróun sem á sér svo sem stað um allan heim og er ekki sérstakt fyrir þær sakir. Það er þó þróunin sem hefur átt sér stað á síðustu 30 árum sem er einkar áhugaverð en árið 1991 var meðalbúið í Danmörku með 43 árskýr og meðalnytin, umreiknuð sem orkuleiðrétt mjólk, 7.029 kg. Alls ekki langt frá því sem er staðan á Íslandi í dag. Bústærðin jókst svo jafnt og þétt og afurðirnar líka og um aldamótin



Rauða danska kúakynið, sem heitir RDM kúakynið (Rød Dansk Malkerace), er þriðja algengasta mjólkurkúakynið í Danmörku og um 5% allra kúa í skýrsluhaldinu eru af þessu kyni.

var meðalbúið í Danmörku komið í 67 árskýr og 7.719 kg meðalnyt (orkuleiðrétt). Áratug síðar hafði meðalbúið tvöfaldast að stærð og var komið í 139 árskýr og meðalnytin hafði stokkið upp í 9.399 kg orkuleiðréttrar mjólkur og nú er meðalbúið með 220 árskýr og 11.642 kg orkuleiðréttrar mjólkur. Þess ber að geta að þessar tölur eiga við um kúabú í hefðbundinni mjólkurframleiðslu en ekki lífrænt vottaðri mjólkurframleiðslu en meðalafurðir kúa á þeim búum eru að jafnaði nokkur hundruð kílóum minni.

### *Svipuð þróun hér á landi?*

Það er áhugavert að bera saman þróun á meðalafurðum á milli Íslands og Danmerkur og þó svo að munur sé á afurðasemi ólíkra kúakynja þá er þróunin alls ekki ósvipuð. Árið 1991 voru meðalafurðirnar hér á landi 4.179 kg á árskúna (ekki orkuleiðrétt) og meðalbúið með 23 árskýr. Um aldamótin voru meðalafurðirnar komnar í 4.657 kg og meðalbúið þá með 26 árskýr. Áratug síðar voru meðalafurðirnar komnar í 5.342 kg og meðalbúið stokkið upp í 39 árskýr og um síðustu áramót voru afurðirnar að jafnaði 6.334 kg og árskúafjöldinn 48 kýr. Ef þessar afurðatölur eru bornar saman við dönsku þróunina þá voru danskar kýr (öll kúakynin) með að jafnaði 4.192 kg árið 1960 sem er ekki langt frá afurðunum hér á landi árið 1991. 11 árum síðar, árið 1971, voru dönsku meðalafurðirnar komnar í 4.660 kg sem eru svipaðar afurðir og voru hér á landi um aldamótin. Svo voru dönsku meðalafurðirnar komnar í 5.470 kg árið 1982 þ.e. ekki langt frá stöðunni eins og hún var hér á landi árið 2010. Árið 1987 voru dönsku meðalafurðirnar svo komnar í 6.391 kg sem er ekki langt frá síðustu áramótastöðu hér á landi. Af þessu sést að þróunin er alls ekki svo frábrugðin á milli landanna, íslensku kýrnar eru á sömu leið og þær dönsku en eru u.þ.b. 30 árum á eftir þeim. Þess ber þó að geta að upp úr 1990 tóku dönsku kýrnar að herða heldur á sér og eftir að hafa bætt við um 1.000 kg af mjólk á hverjum áratug fram að því liðu ekki nema 6-7 ár eftir það til að bæta við hverjum 1.000 kg af mjólk að jafnaði.

### *Hámarksgetu náð?*

Þegar horft er til afurðasemi kúa og það óháð því kúakyni sem bændur ólíkra landa eru að nota þá er dagljóst að meðalkýrin á enn mikið inni af ónýttri erfðagetu til að framleiða meiri mjólk. Þetta sést ágætlega með því að skoða þann árangur sem bestu bú hvers lands eru að ná í samanburði við meðalbúin. Flestir eru að nota sama erfðaefnið og byggja bú sín á sæðingastarfsemi en munurinn á búunum felst oftast í mismunandi bústjórn. Ætla má að geta kúnna til að mjólka mikið sé til staðar í flestum kúm en það hvernig þær eru aldar, fóðraðar og almennt séð hirtar hefur mismikil áhrif til mögulegrar fullrar nýtingar á þessari ætluðu afurðasemi. Þannig er í dag horft til þess að þegar Holstein kvígur fæðast í dag, þá séu þær með fræðilega getu til þess að mjólka 80-100 kg á dag að jafnaði en þeim árangri nær í raun ekki nokkurt bú í heiminum í dag með allar kýrnar sínar. Einstaka kýr ná því að mjólka í kringum 25 tonn og jafnvel upp í 30 tonn á einu mjaltaskeiði en því fer fjarri að allar kýrnar á búunum nái þeim árangri. Þannig eru bestu búin í heiminum í dag að ná 50-53 kg að jafnaði á dag og því eiga þau nú þegar töluvert inni og má skrifa ástæðu þess að ekki náist betri árangur að mestu á bústjórnina á búinu sjálfu en bústjórnin skiptir lang mestu máli þegar horft er til afurðasemi kúa, en vissulega hafa fleiri atriði áhrif einnig en vega mun minna. Þetta á vel við hér á landi einnig en bestu kýr landsins eru að ná rúmlega 14 tonnum í ársnyt og hafa hámarksafurðir kúa verið að aukast jafnt og þétt undanfarin ár. Það nær þó ekkert bú hér á landi þessum afurðum að jafnaði, rétt eins og á við um erlendu búin með erlendu kúakynin.

Af því gefnu að kynbótastarf haldi áfram að skila árangri er því alllangt í það að hámarks framleiðslugetu verði náð og mögulega næst hún aldrei hvorki hér á landi né erlendis. Afurðir munu halda áfram að vaxa bæði hér heima og erlendis og afurðasemi íslenskra kúa mun klárlega halda áfram að aukast á hverju ári á komandi árum og áratugum en líklega mun þó aldrei sá tími koma að íslensku kýrnar nái í skottið á hinum svartskjöldóttu dönsku kúm, enda eru þær með þeim bestu í heimi í dag og spáir greinarhöfundur því að ekki líði á löngu þar til þær hafi náð fyrsta sætinu af frænkum sínum í Ísrael.

*Byggt á upplýsingum frá Henrik Nygaard (Kontrolforeningens 125 års jubilæum) auk gagna frá þeim Uffe Lauritsen og Guðmundi Jóhannessyni.*












Bændablaðið
Næsta blað kemur út 3. desember

# Hrútaskráin 2020

**Eyþór Einarsson**
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is



**Gert er ráð fyrir að hrútaskráin komi út í lok þessarar viku. Í hefðbundnu árferði myndi útgáfunni vera fylgt eftir með kynningarfundum víðsvegar um landið af Búnaðarsamböndunum og RML. Í ljósi samkomutakmarkana verður ekki hægt að bjóða upp á þessa fundi í ár. Í staðinn verður tekin upp kynning á hrútunum sem verður aðgengileg á netinu.**

Þá verður einnig hægt að nálgast netútgáfu af hrútaskránni að vanda. Dreifing á þessu merka riti verður síðan, líkt og verið hefur, í höndum Búnaðarsambandanna sem leysa hana hvert með sínum hætti.

### *Spennandi hrútakostur*

Skráin inniheldur umfjöllun um 47 hrúta. Þar af eru 28 hyrndir, 14 kollóttir, 1 ferhyndur, 2 feldhrútar og 2 forystuhrútar. Þarna má finna marga kostagripi. Sjaldan hafa verið fleiri hrútar jafn öflugir fyrir gerð en nú eru 17 hrútar sem hafa 120 stig eða meiri í kynbótamati fyrir gerð. Á síðasta ári voru þeir 7. Efstur fyrir þennan eiginleika stendur núna Kostur 19-849 frá Ytri-Skógum með 137 stig. Hann er nýr á stöð og er hann jafnframt með lítið næma arfgerð gegn riðusmiti. Næstir koma þeir Muninn 16-840 frá Ysta-Hvammi með 134 stig og Börkur 17-842 frá Kjalvararstöðum með 132 stig. Þar á eftir kemur ferhyrndi hrúturinn Satúrnus 17-843 frá Sandfellshaga 2 en óhætt er að fullyrða að aldrei hefur verið á sæðingastöð ferhyrndur hrútur svo sterkur gagnvart gerð. Þá er mikil breidd í hrútakostinum gagnvart fitusöfnun, en þar standa hrútarnir með kynbótamat á bilinu 91 til 122. Fitan er eiginleiki sem er bestur á ákveðnu bili og er það misjafnt milli hjarða hvernig staðan er í þeim eiginleika. Gott er að hafa í huga að þeir hrútar sem eru með hátt kynbótamat fyrir fitu henta jafnan best þar sem vænleiki er góður. Afkvæmi þeirra búa oft yfir mikilli vaxtargetu og lömbin þola að þyngjast tiltölulega mikið án þess að fitna óhóflega.

### *Af ærfeðrum*

Flestir hrútarnir eru líklegir til að gefa dætur sem eru frjósamar í meðallagi eða meira. Öflugustu hrútarnir gagnvart frjósemi samkvæmt kynbótamati eru þeir Blossi 16-837 frá Teigi, sem stendur efstur fyrir þann eiginleika með 124 stig og Móri 13-982 frá Bæ með 120 stig sem er þá efstur af þeim hrútum sem komnir eru með dætrareynslu í gegnum sæðingar. Þá eru þeir mjög efnilegir Mjölnir 13-828 frá Efri-Fitjum, Viddi 16-820 frá Fremri-Gufudal og Glámur 16-825 frá Svartárkoti, allir með yfir 115 stig fyrir frjósemi.

Margir hrútar eru með gott kynbótamat fyrir mjólkurlagni. Rétt er að árétta hér að mjög mismiklar upplýsingar liggja á bakvið matið, á flestum yngri hrútunum er um hreina spá að ræða. Því skulu menn ekki hræðast um of þá gripi sem eru óreyndir þó kynbótamat þeirra sé ekki hátt fyrir mjólkurlagni eða frjósemi. Hluti af hrútunum er hinsvegar orðnir nokkuð reyndir ærfeður og mat þeirra því býsna traust. Móri 13-982 er þar á toppnum með 119 stig og mikla reynslu. Þá koma þrír nýjir hrútar á stöð sem allir eru valdir sem reyndir ærfeður og standa allir í 117 stigum fyrir mjólkurlagni. Það eru þeir Blossi 16-837 frá Teigi, Sammi 16-841 frá Þóroddsstöðum og Dólgur 14-836 frá Víðikeri. Í Fjárvís.is er síðan hægt að fylgjast með hvernig dætur stöðvahrútanna eru að reynast en skýrslan „Sæðishrútar – ærfeður“ uppfærist í hvert skipti sem skilað er uppgjöri frá búum þar sem dætur sæðingastöðvahrútanna er að finna.




### *Allir grunnlitir í boði*

Ágætur litafjölbreytileiki er í boði á stöðvunum. Móir 13-982 er áfram í boði en auk hans eru tveir kollóttir mislitir hrútar sem báðir eru nýjir á stöð. Það er móflekkóttur hrútur frá Hjarðarfelli, Vöttur 15-850 og grár hrútur, Bikar 17-852 frá Reykjum.

Hreinhvítir hyrndir hrútar hafa oft verið af skornum skammti en nú verða þeir 5 talsins. Þá verða tveir gráir hyrndir hrútar en auk Breka 16-824 frá Skálholtsvík kom grár hrútur frá Hesti inn á stöð í haust, Austri 19-847. Einn gráfelkkóttur hrútur er í boði, en það er Glámur 16-825 sem hefur nú sinn annan vetur á stöð. Tveir nýjir litaðir hrútar koma frá Þóroddsstöðum. Það eru þeir Sammi 16-841, svartur að lit og Kappi 16-839 sem er mórauður. Þá eru margir hrútar sem geta gefið liti þó þeir séu sjálfir hvítir að lit og líklega hafa aldrei verið fleiri stöðvarhrútar sem bera erfðavísi fyrir mórauða litnum.

Að lokum skal nefna að nýr feldhrútur var fenginn á stöðvarnar, Melkollur 18-859 frá Hárlaugsstöðum og nýr forystuhrútur er Kjartan 16-860 frá Gunnarsstöðum. Öflugur og fjölbreyttur hrútakostur verður í því í boði á sæðingastöðvunum í vetur sem vonandi fær góðar viðtökur sauðfjárræktenda.

# Sýrustig ræktunarjarðvegs – áhrif á nýtingu áburðarefna

**Þórey Gylfadóttir**
ráðunautur rekstrar- og umhverfissviðs
thorey@rml.is



**Sýrustig (pH) hefur mikil áhrif á aðgengi plantna að næringarefnum í jarðvegi og hafa tegundir sitt kjörsýrustig sem liggur á tilteknu bili pH-skalans. Á alþjóðavísu er of súr jarðvegur einn þeirra þátta sem hvað mest áhrif hefur á minnkaða uppskerugetu en það er aðallega vegna þess að aðgengi næringarefna í jarðvegi er háð sýrustigi.**

Flest allur ræktunarjarðvegur á Íslandi flokkast sem eldfjallajörð, eða Andosol jarðvegur, en einkenni hennar eru t.d. lág rúmþyngd, góð vatnsleiðni, mikil vatnsrýmd og mikil fosfór (P) binding en mikið áfok, mikið magn lífræns efnis (C) og allófan leir hafa mikil áhrif á eiginleika jarðvegsins. Áfokið ræður miklu um jarðvegsgerðina en við stöðugt áfok bætast sífellt við efni sem veðrast og basískar katjónir (plúsjónir) (t.d. Ca++ og Mg++) losna en þær hafa áhrif til hækkunar sýrustigs og hafa jákvæð áhrif á frjósemi jarðvegsins.

### *Sýrustig jarðvegs getur verið hærra þar sem úrkoma er lítil*

Sýrustig í íslenskum jarðvegi er yfirleitt á bilinu 5,0-6,5 í yfirborðslögum og virðist úrkoma og áfok hafa mest áhrif á sýrustigið. Þannig getur sýrustig verið hærra þar sem úrkoma er lítil og áfok mikið, og svo lægra í mýrum þar sem áfok er ekki og úrkoma mikil. Basísk gjóska og áfok veðrast hratt og hefur áhrif til hækkunar á sýrustigi og í jarðvegi sem einkennist af litlu áfoki og háu innihaldi lífræns efnis er sýrustig lægra en þar sem áfoks gætir.

Jónrýmd er sá eiginleiki jarðvegs að geta bundið annað hvort, eða bæði, plús (katjón) og/eða mínus (anjón) jónir. Eignileiki jarðvegs til að geta bundið katjónir er mjög mikilvægur þegar kemur að getu jarðvegsins til að miðla nýtanlegum næringarefnum í jarðvegi og jafnframt að halda þeim í jarðveginum. Jónrýmd er einn af þeim þáttum sem hvað mest áhrif hefur á frjósemi jarðvegs og þá sérstaklega plúsjónrýmdin en íslenskur jarðvegur býr líka yfir mínusjónrýmd. Jónrýmd í íslenskum jarðvegi er sýrustigsháð, það er hún breytist með sýrustigi og verður meiri eftir því sem sýrustig hækkar.

Það er margt sem hefur áhrif á sýrustig jarðvegs enda er jarðvegur flókið umhverfi þar sem margir þættir hafa annað hvort samverkandi- eða gagnstæð áhrif hvor á annan. Grunn jarðvegsgerðin sjálf og umhverfisþættir hafa mikil áhrif á alla ferla í jarðvegi. Hluti af þessum ferlum raskast við ræktun vegna upptöku efna eins og kalsíum, magnesíum og kalíum, sem hjálpa til við að viðhalda sýrustigi í jarðvegi með svokallaðri buffer- eða stuðpúðavirkni. Auk þess verður enn frekari röskun þegar næringarefni eru fjarlægð með uppskeru sem gerir það að verkum að vega þarf upp á móti súrnun jarðvegsins með kölkun.

Þannig hefur öll meðhöndlun jarðvegs áhrif á sýrustig hans svo sem áburðargjöf, jarðvinnsla, kölkun og önnur ræktunarsaga auk þess sem veðurfarslegir þættir geta haft mikil áhrif. Jarðvegur sýrist við framræslu og áburðargjöf þar sem N áburður getur haft sýrandi áhrif en áburðargerðin ræður þar mestu en ammóníum-áburður hefur t.d. sýrandi áhrif. Plöntur taka næringarefni upp úr jarðvegi á jónaformi og taka meira upp af plúsjónum heldur en mínusjónum sem hefur áhrif á sýrustig jarðvegsins auk þess sem rætur plantna seyta út lífrænum sýrum í jarðveginn. Niturbinding belgjurta hefur líka sýrandi áhrif á jarðveg þar sem plönturnar taka enn meira upp af katjónum heldur en anjónum samanborið við aðrar plöntur.




**Mynd 1. Næringarefni eftir pH gildi.**




**Mynd 2. Kjörsýrustig plantna.**

### *Grastegundir þola betur að vaxa í jaðri síns kjörsýrustigs*

Kjörsýrustig nytjaplantna er breytilegt en almennt má segja að fóðurjurtir hafi kjörsýrustig á bilinu pH 5,5-7,0. Grastegundir þola betur að vaxa í jaðri síns kjörsýrustigs, þó að það hafi neikvæð áhrif á vöxt þeirra, heldur en til dæmis belgjurtir, kál (tegundir af krossblómaætt) og bygg. Þær grastegundir sem best þola að vaxa í of súrum jarðvegi eru t.d. snarrót, túnvingull og língresi. Ef góður árangur á að nást í ræktun belgjurta þarf sýrustig að vera yfir pH 6 og helst í pH 6,5 og á þetta líka við um tegundir af krossblómaætt og bygg. Vert er að benda á að vatnsstaða hefur áhrif á vaxtarskilyrði nytjaplantna og ef henni er ábótavant er ekki eingöngu nóg að hækka sýrustig jarðvegs til að bæta vaxtarskilyrðin og uppskeru.

### *Bygging jarðvegs er almennt stöðugri þegar sýrustig er hátt*

Sýrustig hefur áhrif á fleira en aðgengi næringarefna. Þannig verður bygging jarðvegs almennt stöðugri þegar sýrustig er hátt þar sem basískara umhverfi skapar aðstæður sem leiða frekar til byggingu samkorna í jarðveginum en þau eru mjög mikilvæg fyrir ræktunarjarðveg. Sýrustig hefur líka áhrif á virkni örvera í jarðvegi og þannig hafa öfgar í sýrustigi neikvæð áhrif á örveruvirkni jarðvegi sem hefur m.a. áhrif á niðurbrot og losun næringarefna.

Mikilvægt er að taka jarðvegssýni reglulega svo hægt sé að fylgast með mælanlegum jarðvegsþáttum og bregðast við ef tilefni er til og þannig koma í veg fyrir vannýtingu áburðarefna og ófullnægjandi uppskeru. Miklu skiptir að vera sér meðvitaður um áhrif sýrustigs í jarðvegi á ræktun og uppskeru og að jafnvel setja sér markmið til nokkurra ára varðandi kölkun ef hækka þarf sýrustig.

Heimildir:

- *Levini A. Msimbira og Donald L. Smith. 2020. The Roles of Plant Growth Promoting Microbes in Enhancing Plant Tolerance to Acidity and Alkalinity Stresses. Front. Sustain. Food Syst.*
- *Li Yuan, Cui Song, Chang X Scott og Zhang Qingping, 2019. Liming effects on soil p Hand crop yield depend on lime material type, application method and rate, and crop species: a global meta-analysis. Journal of Soils and Sediments, 19:1393-1406.*
- *Ólafur Arnalds. 2004. Volcani soils of Iceland. Catena, 56, 3-20.*
- *Þorsteinn Guðmundsson. 2018. Jarðvegur – Myndun, vist og nýting. Háskólaútgáfan.*
- *Þorsteinn Guðmundsson. 2003. Náttúruauðlindin jarðvegur. Freyr, 8.*

# Litlu laxastofnunum fórnað til að auka framleiðsluheimildir á frjóum eldislaxi

**Hinn 25. ágúst 2020 var lögð fram á Alþingi skýrsla óháðrar nefndar með erlendum og íslenskum sérfræðingi þar sem tekið var fyrir áhættumat erfðablöndunar. Skýrslan ber heitið „Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um niðurstöður óháðrar nefndar um athugun á aðferðarfræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar". Vísindanefnd sem fékk það hlutverk að rýna áhættumat erfðablöndunar fékk ekki upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun um minni veiðiárnar.**

Á Vestfjörðum eru a.m.k. 23 veiðiár þar sem villtur lax hrygnir þó í mjög mismunandi umfangi (tafla 1).



Valdimar Ingi Gunnarsson.

### *Laxastofnar í uppbyggingarfasa á Vestfjörðum*

Margt bendir til að lax sé að auka landnám sitt í ám á Vestfjörðum og hefur náð að hrygna og koma upp seiðum í mörgum vatnsföllum þótt ekki sé alltaf um samfellda nýliðun að ræða eins og fram kemur í skýrslum Hafrannsóknastofnunar. Það er sett í samhengi við hlýnun bæði í ferskvatni og sjó. Nýlegar rannsóknir á útbreiðslu laxfiska á vestanverðum Vestfjörðum á vegum Hafrannsóknastofnunar benda til að víða megi finna allsterka laxastofna á svæðinu. Ef litið er á útbreiðslu og seiðaþéttleika laxfiska á vestanverðum Vestfjörðum sést að Arnarfjörður sker sig úr hvað lax snertir en þar er að finna lax í sjö veiðiám (tafla 1).

### *Rannsóknir á Vestfjörðum*

Rannsóknir sem hafa verið gerðar á vestanverðum Vestfjörðum hafa verið birtar af Hafrannsóknastofnun og eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar. Í Ísafjarðardjúpi rannsakaði Hafrannsóknastofnun seiðabúskap í sextán veiðiám um sumarið 2016 og reyndist lax vera ríkjandi tegund í sex þeirra skv. niðurstöðum rannsóknarinnar. Niðurstöður þessarar rannsóknar er eingöngu að finna í formi bréfs til Landssambands veiðifélaga frá 28. nóvember 2016. Það er ekki vitað um ástæðu þess að rannsóknin hefur enn þá ekki verið birt opinberlega af Hafrannsóknastofnun.

### *Veiðiár með laxalykt á Vestfjörðum*

Í áhættumati erfðablöndunar er aðeins gert ráð fyrir að strokulax gangi upp í fjórar veiðiár á Vestfjörðum; Laugardalsá, Langadalsá, Hvannadalsá og Ísafjarðará. Athuganir Hafrannsóknastofnunar á seiðaþéttleika sýna að villtur lax gengur til hrygningar í fleiri veiðiár á Vestfjörðum og hafi þar myndað náttúrulega stofna. Á Vestfjörðum eru a.m.k. 23 veiðiár með laxalykt (tafla 1). Eldislax gengur einkum upp í ár með laxalykt og af einhverjum óskýrðum og óskiljanlegum ástæðum er ekki gert ráð fyrir tæplega 20 veiðiám á Vestfjörðum í áhættumati erfðablöndunar.

### *Eldislaxinn að taka yfir vistkerfi?*

Talið er að eldislax muni nema ný árkerfi hraðar en villti laxinn samhliða því að ný búsvæði myndast við hlýnun. Með hlýnun myndast ný svæði fyrir lax og kuldakærari tegundir víkja úr árkerfum á Vestfjörðum. Flökkulax sækir í ný búsvæði og gera má ráð fyrir að smám saman nýti þau að fullu. Ef það eiga sér stað umtalsverðar slysasleppingar á svæðinu getur eldislaxinn vera í meirihluta og líkur á erfðablöndum því miklar. Hafrannsóknastofnun er nýlega búin að staðfesta erfðablöndun í þessari gerð veiðiáa á vestanverðum Vestfjörðum þar sem er að finna laxeldi í sjókvíum í nágrenninu.

### *Færri veiðiár og meiri framleiðsluheimildir*

Það má velta því fyrir sér af hverju litlu laxastofnunum var sleppt í áhættumati erfðablöndunar á Vestfjörðum. Eflaust eru ýmsar skýringar á því sem höfundar áhættumatsins geta best svarað. Það er ljóst að ef gert hefði verið ráð fyrir 23 veiðiám í áhættumati erfðablöndunar í staðinn fyrir fjögur hefðu niðurstöðurnar verið allt aðrar fyrir vestanverða Vestfirði. Í Arnarfirði eru t.d. sjö veiðiár með laxalykt en áhættumat erfðablöndunar gerir ekki ráð fyrir að eldislax gangi upp í þær ár. Að sjálfsögðu gengur eldislax úr fjölmörgum slysasleppingum í Arnarfirði fyrst og fremst í veiðiár í firðinum (mynd 1) eins og íslenskar og erlendar rannsóknir sýna. Áhættumat erfðablöndunar hefur lítið eða ekkert með umhverfisvernd að gera, en hlutverk þess er að úthluta framleiðsluheimildum til laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila.




Mynd 1. Sviðsmynd A sýnir áætlaða dreifingu á strokulaxi úr slysasleppingu í Arnarfirði skv. áhættumati erfðablöndunar. Sviðsmynd B sýnir raunverulega líklega meðaltals dreifingu á strokulaxi úr slysasleppingu í Arnarfirði.

**Tafla 1.** Veiðiár á Vestfjörðum þar sem sýnt hefur verið fram á að laxaseiði finnast með rannsóknum og/eða gefin upp laxveiði í skýrslum Veiðimálastofnunar/Hafrannsóknastofnunar um lax- og silungsveiði. Hægt er að sækja skýrslurnar á vef Hafrannsóknastofnunnar.

| Veiðiár | Tilvist laxa | Heimild |
|---|---|---|
| ***Tálknafjörður*** | | |
| Botnsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| ***Arnarfjörður*** | | |
| Selárdalsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Fífustaðadalsá | Laxveiði og laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Bakkadalsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Dufansdalsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Sunnudalsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Mjólká | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Hófsá | Laxaseiði | Sigurður Már Einarsson og Jón S. Ólafsson 2016 |
| ***Dýrafjörður*** | | |
| Kirkjubólsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Lambadalsá | Laxaseiði | Sigurður Már Einarsson og Jón S. Ólafsson 2016 |
| Núpsá | Laxaseiði | Sigurður Már Einarsson og Jón S. Ólafsson 2016 |
| ***Önundarfjörður*** | | |
| Sandsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Bjarnadalsá | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| Hestá | Laxaseiði | Sigurður Már Einarsson og Jón S. Ólafsson 2016 |
| ***Súgandafjörður*** | | |
| Staðará | Laxaseiði | Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2017 |
| ***Ísafjarðardjúp*** | | |
| Ósá | Laxveiði og laxaseiði | Sigurður Már Einarsson 2009 |
| Laugardalsá | Laxveiði og laxaseiði | Árleg skráning á laxveiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunnar |
| Heydalsá | Laxaseiði | Sigurður Már Einarsson 2016 |
| Bessadalsá | Laxaseiði | Óbirtar niðurstöður í bréfi til Landssamband veiðifélaga, 28. nóv. 2016 |
| Ísafjarðará | Laxveiði og laxaseiði | Árleg skráning á laxveiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunnar |
| Múlá | Laxaseiði | Óbirtar niðurstöður í bréfi til Landssamband veiðifélaga, 28. nóv. 2016 |
| Langadalsá | Laxveiði og laxaseiði | Árleg skráning á laxveiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunnar |
| Hvannadalsá | Laxveiði og laxaseiði | Árleg skráning á laxveiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunnar |
| Selá | Laxveiði | Óregluleg skráning á laxveiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunnar |

**Veiðiár á Vestfjörðum þar sem villtur lax hrygnir, þó í mjög mismunandi umfangi.**

### *Tryggja sér ávinning*

Ef gert hefði verið ráð fyrir 23 veiðiám í áhættumati erfðablöndunar hefði ekki verið hægt að úthluta um 50.000 tonna framleiðsluheimildum á frjóum laxi til sjókvíaeldis fyrir vestanverða Vestfirði skv. niðurstöðum áhættumats erfðablöndunar. Það var að tilstuðlan starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi að lagt var til að nota áhættumat erfðablöndunar við úthlutun framleiðsluheimilda á frjóum laxi. Stjórnarformaður Arnarlax var í stefnumótunarhópum sem mótaði leikreglurnar, en að sjálfsögðu var hann ekki einn um að taka ákvarðanirnar. Það er þó ljóst að áhættumatið virtist vera hannað til að uppfylla væntingar og þarfir Arnarlax um framleiðsluheimildir á frjóum laxi til sjókvíaeldis á vestanverðum Vestfjörðum – Hlutverk áhættumats erfðablöndunar er að uppfylla væntingar um fjárhagslegan ávinning og til þess að það geti gengið þurfti að fórna litlu laxastofnunum á eldissvæðum.

### *Ef rétt væri reiknað, hvað þá?*

Það væri áhugavert að sjá hver niðurstaðan yrði á útreiknuðum framleiðsluheimildum ef gert væri ráð fyrir öllum litlu laxastofnunum í reiknilíkani áhættumats erfðablöndunar. Það er eflaust ekki vilji fyrir því að endurreikna framleiðsluheimildir þar sem þá kæmi í ljós að vitlaust var gefið. Jafnframt væri áhugavert að reikna út hvaða þýðingu það hefði haft á fjárhagslegan ávinning laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila ef stuðst hefði verið við réttar forsendur í líkani áhættumats erfðablöndunar.

*Valdimar Ingi Gunnarsson*
*Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.*




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



# Kínverskur rafknúinn Maxus sendibíll með allt að 340 kílómetra drægni



Maxus Deliver 3.

Myndir / HLJ

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Það sem af er ári hefur sala á rafknúnum bílum slegið met og þá aðallega í sölu á fólksbílum til einkanota, en frá áramótum hafa verið seldir yfir 2.400 rafmagnsbílar (þar af um 800 Teslur). Fá fyrirtæki eru að kaupa sendibíla, en nokkuð er um að fyrirtæki eru með smærri rafmagnsbíla fyrir starfsmenn.**

Í nokkur ár hafa verið fáanlegir litlir sendibílar, en miðað við innkaupsverð, drægni í rafhlöðu og stærð bílanna hefur sala á þeim verið frekar lítil. Nú er kominn á markað kínverskur rafmagnsbíll sem ætti að henta töluverðum hópi þeirra sem nota sendibíla.

### *Maxus Deliver 3–122 hestafla 100% rafmagnssendibíll*

Í Skeifunni 17 er fyrirtækið Vatt sem selur rafmagnsvespur og rafmagnsbíla (þar sem Suzuki mótorhjól voru seld áður). Nýlega komu til landsins fyrstu Maxus Deliver sendibílarnir sem framleiddir eru í Kína. Þeir koma í nokkrum stærðum (langir og stuttir) og eru með 122 hestafla rafmagnsvél, uppgefin drægni er á bílinu 235-340 km (fer eftir stærð rafhlöðu).

Bílarnir eru framhjóladrifnir, sjálfskiptir á verði frá 5.280.000 upp í 6.280.000. Við fyrstu sýn eru bílarnir ekki ósvipaðir að stærð og sendibíllinn Reunault Trafic, sem ég vinn á, og með það í huga fór ég í tæplega 100 km prufuakstur á bílnum.


Ágætis aðgengi í farangursrýmið.



Bakkmyndavélin er ágæt, en linsan safnar fljótt á sig óhreinindum.



Eftir fikt í öllum rafmagnstökkum komst ég að því að það var miðstöðin sem stytti akstursdrægnina mest.

### *Snerpan sérstaklega skemmtileg fyrstu metrana af stað*

Þó að íburður sé ekki mikill og ef lítið er af aukabúnaði eins og blindhornsvara, einnig að miðstöð er ekki skemmtileg, það vantar hita í stýri og sæti, þá er samt nokkuð þægilegt að sitja í bílnum. Útsýni er gott fram á við og hliðarspeglar eru stórir og góðir.

Eins og með alla bíla sem ég prófa þá hávaðamældi ég bílinn á 90 km hraða. Miðað við að þetta er rafmagnsbíll þá eru 74,1 desibel frekar í hærri kantinum. Einnig ef tekið er tillit til þess að hann var á sumardekkjum. Ástæðan virðist vera að bíllinn er frekar lítið einangraður enda veghljóð aðeins yfir meðallagi.

Í innanbæjarakstri er bíllinn skemmtilega snarpur, aðeins örfáar sek. upp í 60 km hraða. Til samanburðar er bíllinn sem ég vinn á um 50 hestöflum kraftmeiri, en er lengur að ná 60 úr kyrrstöðu.

Eftir innanbæjaraksturinn fór ég út fyrir bæinn til að skoða drægni (rafhlaðan var hálfhlaðin þegar ég fékk bílinn). Neðst í Mosfellsdalnum stoppaði ég og fiktaði í öllum tökkum til að skoða hvað væri annað en mótorarnir sem gætu haft áhrif á drægnina. Ekkert virtist hafa áhrif á uppgefna drægni nema miðstöðin, því þegar hún var sett á fór drægnin úr 114 km í 102. Það er sambærilegt við aðra rafmagnsbíla. Það að vera með miðstöðina í gangi er mesti rafmagnsþjófnaðurinn gagnvart drægni.


Mér brá þegar ég opnaði „húddið“, engar lamir voru á vélarhlífinni.


Rétt náði að grípa vélarhlífina áður en hún lenti í framrúðunni.

### *Ágætis fjöðrun, en fullmikið smásteinahljóð undir bílnum á möl*

Hjólbarðarnir eru ekki sérlega stórir (185/65/15) og gefa þar af leiðandi ekki mikið eftir í holum, en fjöðrunin á bílnum er ágæt. Á malarvegi er bíllinn aðeins laus að aftan (var að vísu með algjörlega tóman bíl sem má hlaða allt að 1000 kg). Smásteinarnir sem komu frá hjólbörðunum gáfu fullmikið „baukahljóð“ í lítið einangraðan undirvagninn. Það gæti hugsanlega breyst við að ryðverja undirvagninn. Annars var fjöðrunin furðu góð á malarveginum.



Miðað við rafmagnsbíl þá er hávaðinn nokkuð mikill, en umhverfishljóðin vega þar hæst.

Eftir blautan og moldugan malarveginn var bíllinn í meðallagi skítugur, en af einhverjum orsökum virtist mesti skíturinn fara á bakkmyndavélaaugað svo að lítið sást aftur fyrir þegar næst þurfti að bakka.

### *Plúsar og mínusar*

Stærsti plúsinn er fyrir mér að bíllinn henti best til innanbæjaraksturs. Ef gengið er út frá 30.000 km ársnotkun ætti þessi rafmagnsbíll að vera hagkvæmur í rekstri og fljótur að borga sig upp, því mín reynsla er að sambærilegir díselbílar eyða á bilinu 9-13 lítrum af eldsneyti á hundraðið innanbæjar.

Mínusarnir eru nokkrir: Erfitt að halda jöfnum hita inni í „ökumannsrýminu“, annaðhvort var of heitt eða kalt. Það vantar hitamæli sem sýnir útihita. Þá þarf að muna eftir að kveikja og slökkva ljós til að fá löglegan ljósabúnað í akstri, vantar varadekk.

Eitt er þó varasamt við bílinn. Ef maður þarf að opna vélarhúsið þá eru ekki neinar lamir á vélarhlífinni. Mér dauðbrá þegar ég opnaði hana upp í vindinn og „húddið“ fauk upp og af bílnum, en mér rétt tókst í tæka tíð að grípa það áður en það færi í framrúðuna. Þetta er eitthvað sem mætti huga að og setja einhvers konar öryggisspotta eða vír svo að þetta gerist ekki. Annars er hægt að nálgast meiri upplýsingar um Maxus sendibílana og væntanlegan 7 sæta Maxus fjölskyldubílinn á vefsíðu Vatt ehf. á slóðinni www.vatt.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Hversu mikið „bras“ er að eiga rafmagnsbíl og fá hleðslu?



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Ég horfði á fyrstu 5 þætti af sjónvarpsþáttaseríu sem nefnast „Long Way Up“ þar sem leikarinn Ewan McGregor og vinur hans Charley Boorman fara á tveim Harley Davidson Livewire rafmagnsmótorhjólum frá syðsta odda Suður-Ameríku upp til Los Angeles. Með þeim var kvikmyndatökulið á tveim nýjum RIVIAN pallbílum sem gengu líka fyrir rafmagni. Vandræði þeirra félaga við að hlaða mótorhjólin og bílana voru hreint með ólíkindum. Þeir slógu út rafmagni á heilu hóteli, vegna þess að ekki var nægilega mikill straumur á rafkerfinu til að hlaða rafknúin ökutæki. Þá komu upp ýmis önnur vandamál við að hlaða mótorhjólin og rafmagnsbílana sem fylgdu liðinu.**

Við að horfa á þessa þætti datt mér í hug hvernig hleðslumálum væri háttað fyrir fólk sem ferðast um á rafmagnsbílum hér á landi.



Rafmagnskló sem ofhitnaði inni í rafmagnsdós.



Bráðnuð rafmagnsdós, hér var stutt í bruna.



Flestar hleðslustöðvar byrja hleðslu hægt og keyra sig svo upp eins og þessar í nýbyggingu í Reykjavík.

### *Ef ljósin dofna eða skerpast er það ekki gott fyrir flest rafmagnstæki*

Þeir sem hafa átt heima á Vestfjörðum, eða hafa verið þar í nokkurn tíma, kannast við miklar spennusveiflur í rafmagninu, ljós dofna og skerpast á víxl. Sum rafmagnstæki þoldu þetta ekki og entust óeðlilega stutt á Vestfjörðum. Þeir sem eru að nota rafmagnstæki sem taka mikið rafmagn, s.s. hjólsagir, háþrýstidælur, slípirokka eða hitablásara til upphitunar kannast við þessi rafmagnsvandamál, en slík tæki slá stundum út rafmagni þegar þau eru sett í gang. Þetta á líka við um bílahleðslutæki sem fylgja rafmagnsbílum, þau taka það mikið rafmagn að þegar þeim er stungið í samband þá kemur högg á rafkerfið sem getur skemmt önnur rafmagnstæki eins og t.d. hljómtæki og tölvur.

### *Ljótar sögur um bruna, rafmagnsleysi og hleðsluvandræði*

Ef maður fer á leitarsíður til að finna fréttaflutning af bruna við hleðslu á bílum koma margar fréttir upp. Inn á milli eru sögur af lyfturum sem hafa verið í hleðslu og hafa kveikt í. Oftast eru fréttir af brunum sem urðu við hleðsluna og var orsökin oftast mannleg mistök og vanþekking. Of grannar lagnir og mikið álag, raflagnir of veikar fyrir mikla notkun á rafmagni, framlengingarsnúrur notaðar og fleira sem mátti finna þar að. Ferðalangar á rafmagnsbílum hafa lent í ýmsum vandræðum þegar ferðast er um landið. Í flestum bílum fylgir kapall til að hlaða bílinn með því að stinga í samband í venjulega rafmagnskló og stendur á mörgum af þessum köplum að nóg sé að vera með 10 Ampera lögn. Það er kannski nóg ef ekkert annað er á lögninni. Því er best að stinga svona kapli í 16 A lögn og ekki má í neinum tilfellum nota venjulegar framlengingarsnúrur við hleðslu á rafmagnsbílum. Til að hlaða stórar rafhlöður eins og í bílum þarf að gera hlutina rétt og vera með réttar tengingar og búnað.

### *Það verður að hlaða bíla með réttu „græjunum“*

Ég er ekki mjög fróður um rafmagn, því leitaði ég til tveggja manna sem vita meira um rafmagn. Þórður Aðalsteinsson vinnur við að selja og setja upp Zaptc hleðslustöðvar fyrir N1, en hann fræddi mig um margt. Hleðsla rafbíla er gríðarlega mikið álag miðað við venjulega heimilisnotkun. Það er ekkert heimilistæki sem líkist orkuþörf rafbíls. Rafbíll er að nota á bilinu 7-12 kWs á dag. Það er jafn mikið og meðalstórt einbýlishús notar á sólarhring. Hættan er nánast engin ef þetta er gert með viðeigandi búnaði sagði Þórður.

Félagi minn til margra ára, Ásgeir Örn Rúnarsson, hefur oft verið mér hjálpsamur þegar kemur að rafmagni og rafmagnstækjum og svaraði nokkrum spurningum mínum eins og; af hverju slær út rafmagni þegar sett er í samband?

Hann segir að útsláttaröryggið í töflu þurfi að vera það sem kallað er „tregt öryggi“ eða með DC vörn.

„Aldrei á að hlaða með mörgum tenglum inn á sömu grein ef um er að ræða 10 eða 16 Ampera greinar,“ sagði Ásgeir. Hann benti mér á vefsíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (á vefsíðunum www.mannvirkjastofnun.is og www.hms.is ) þar sem má fræðast um rafhleðslu á bílum.







## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
kemur næst út 3. desember
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR



# Sólbakki

**Hartmann er að mestu uppalinn í Reykjavík, bjó fyrstu sjö árin á Sauðárkróki og varði síðan meira og minna öllum sínum fríum þar. Ólöf er hins vegar uppalin á Sólbakka.**

Við búum á Sólbakka II og erum í búrekstri með foreldrum Ólafar á Sólbakka. Kláruðum búfræði frá Hvanneyri vorið 2018 og komum inn í búskapinn þá um haustið.

Stofnað var lögbýlið Sólbakki II út frá Sólbakka, þar sem við erum búsett í dag, en búskapurinn er á jörð Sólbakka. Þetta verður samtvinningur hjá okkur næstu árin, enda uppbygging á bænum og veitir ekki af mörgum höndum. Skúli og Sirrý tóku við búinu af foreldrum Skúla í nokkrum skrefum frá árinu 1995 og hafa búið með blandaðan búskap hingað til. Breytingar urðu á búinu þegar nýtt fjós var tekið í notkun með mjaltaþjóni 2017.

**Býli:** Sólbakki.

**Staðsett í sveit:** Í Sólardalnum Víðidal – Vestur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Hartmann Bragi Stefánsson og Ólöf Rún Skúladóttir (Sólbakka II), Skúli Þór Sigurbjartsson og Sigríður Hjaltadóttir (Sólbakka).

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Hartmann og Ólöf eiga einn son, Hjört Þór (eins og hálfs árs).

Skúli og Sirrý eru með gæludýr, gamla íslensk-blandaða tík, hana Lukku og Yorkshire Terrierin Lubba.



**Stærð jarðar?** Um 300 ha.

**Gerð bús?** Mjólkurframleiðsla, sparifé og fáeinar merar.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með um 45 mjólkandi kýr eins og er, og sama fjölda af kvígum og kálfum. Spariféð telur tæplega 30 hausa og síðan eru 8 folaldsmerar.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hartmann og Skúli vinna fulla vinnu við búið, síðustu misseri hafa það verið fjósstörf og framkvæmdir sem fylla vinnudaginn. Nú er verið að breyta gamla fjósinu í uppeldisaðstöðu fyrir kvígur.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Vorin eru allavega okkar skemmtilegasti tími, Hartmanni finnst öll jarðvinnsla skemmtileg, og fer hún að mestu fram þá. Ólöfu finnst hins vegar skemmtilegast að taka á móti kálfum (a.m.k. þegar vel gengur) og svo auðvitað sauðburðurinn á vorin hjá sparifénu.

Leiðinlegast finnst okkur þegar það koma upp heilsubrestir hjá kúnum – veikindi eða slys á gripum, það getur oft verið ansi leiðinlegt og erfitt.

Ætli það sé ekki farið að standa upp úr hjá Skúla og Sirrý að fá barnabörnin í heimsókn og fara með þau til dýranna.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við viljum halda áfram uppbyggingunni hér, það þarf að halda áfram að breyta og bæta gömlu húsin eftir komu nýja fjóssins, það þarf að stækka ræktarland og fleira til. Setja okkur markmið og vonandi ná þeim – okkur langar allavega að gera fullt af alls konar.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara?** Til dæmis bæting afurða, genaval í nautgriparækt og hugsanlegir möguleikar með kyngreint sæði. Spennandi að sjá hvað gerist í framtíðinni í þessum málum.



**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Á báðum bæjum er það mjólk, grænt ósaltað smjör og ostur. Hér á Sólbakka II bætist við AB-mjólk fyrir erfingjann og svo núna það nýjasta, Hlölla sósa!

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Föstudagspitsa er vinsæl hefð, maður fær einhvern veginn aldrei leiða á henni. En síðan er það lambakjötið – klassík.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Okkur dettur í hug tvennt – misskemmtileg atvik og upplifanir. Það sem stendur upp úr er klárlega þegar kúnum var hleypt inn í nýja fjósið á afmælisdegi Hartmanns 1.febrúar 2017. Og svo það sem kannski situr einna mest í manni enn eru óveðursdagarnir í desember 2019, í rafmagns-, hita-, vatns- og símasambandsleysi í 1,5 sólarhringa vitandi af kúnum í sömu aðstöðu – hræðilegt!

MATARKRÓKURINN

# Lambasteik og mjúkar haframjölskökur



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

**Að aflokinni sláturtíð er við hæfi að setja lambakjöt á matseðilinn. Ekki skemmir að kryddleggja það og framreiða með nóg af grænmeti og kartöflum, hægt er breyta til með því að rista grasker, rósakál eða góða sveppi.**





## Lambið

› Um fjórar 200 g lambasteikur til dæmis úr læri
› 2 tsk. fínt rifinn sítrónubörkur
› 1½ tsk saxað rósmarín
› 1 hvítlauksrif, saxað
› Nýmalaður pipar
› 100 ml ólífuolía og matskeið að auki
› 2 msk. ferskur sítrónusafi
› 200 g rósakál
› 200 g sveppir

*Aðferð*

Blandið sítrónusafa, sítrónuberki, rósmarín og hvítlauk í matvinnsluvél. Bætið við olíu og kryddið. Marinerið lambasteikina í að minnsta kosti tíu mínútur.

Steikið á pönnu með rósakáli og sveppum í um fjórar mínútur á hvorri hlið (fyrir miðlungs eldun). Færið pönnuna í ofn í fimm mínútur og berið fram.

## Bakað grasker og blómkál með parmesanosti

› 1 butternut grasker helmingur (um 700 g), skrælt, fræin tekin úr og skorin í 3 cm þykka fleyga
› 2 msk. ólífuolía
› 1 haus blómkál (um það bil 1 kg), snyrt, brotið í stóra bita
› 80 g smjör
› 1 tsk. nýmalaður svartur pipar
› ⅓ bolli (25 g) fínt rifinn parmesan ostur
› 1 msk. fínsöxuð fersk steinselja

*Aðferð*

Setjið ofnagrindina í miðju ofnsins. Hitið ofninn í 230 gráður.

Setjið graskerið í stóra skál með einni matskeið af olíu. Færið yfir á eldfast mót og kryddið með salti. Bakið í 20 mínútur og snúið til hálfs þegar helmingur eldunartímans er liðinn.

Setjið blómkálið í stóra skál með einni matskeið af olíu. Kryddið með salti. Bætið blómkáli við eldfasta mótið og eldið með graskerinu í 15 mínútur eða þar til grasker og blómkál eru meyrt og karamelliserað.

Á meðan, á meðalstórri pönnu, eldið smjörið; hrærið yfir miðlungs hita í þrjár mínútur eða þar til það er ljósbrúnt á litinn. Hrærið saman við pipar, ef hann er notaðaður, og setjið til hliðar.

Flyttu grasker og blómkál á stórt fat. Veltið upp úr brúnuðu smjöri og stráið parmesan og steinselju yfir.

## Mjúkar haframjölskökur

Hráefnið er einfalt, ekkert hveiti, egg eða viðbótarsykur – sem gerir þær nógu hollar til að borða í morgunmat eða sem síðdegissnarl.

En ef þið viljið gera þær enn hollari er hægt að nota þurrkaða ávexti eins og þurrkuð trönuber, bláber eða kirsuber.

Þið ættuð að reyna að nota eitthvað sætt vegna þess að smákökurnar eru ekki sérlega sætar þar sem það er enginn viðbættur sykur í þeim.



› 1 bolli maukaðir þroskaðir bananar (um 3 litlir bananar)
› ½ bolli náttúrulegt rjómalagt hnetusmjör ósykrað
› 2 bollar valsaðir hafrar
› ½ bolli súkkulaðibitar eða þurrkaðir ávextir

*Aðferð*

Hitið ofninn í 180 gráður. Finnið til bökunarplötur með smjörpappír.

Bætið banönum og hnetusmjöri í stóra skál. Hrærið þar til jafnt blandað. Bætið höfrum við. Hrærið þar til það er jafnt saman.

Bætið súkkulaðibitum eða þurrkuðum ávöxtum við. Hrærið þar til þetta er vel blandað saman.

Notið 1½ matskeið til að skammta smákökudeiginu á smjörpappír, með bilinu um það bil tvo sentimetra á milli. Notið lófann til að ýta niður og fletja deigið út. Smákökur fletjast ekki út við bakstur þannig að æskilegt er að móta kökudeigið strax.

Bakið smákökur í um það bil 10 mínútur eða þar til þær hafa verið settar. Látið smákökur kólna alveg áður en þær eru teknar af bökunarplötum.

Gangið úr skugga um að bananarnir séu maukaðir vandlega. Ekki ættu að sjást neinir stórir klumpar.

Ef þið viljið gera smákökurnar enn flottari er hægt að geyma helminginn af súkkulaðibitunum og setja þá ofan á smákökuna eftir að hún er mótuð.

## HANNYRÐAHORNIÐ

# Heklað jólatré

**Krúttleg lítil jólatré sem fljótlegt er að hekla. Tilvalið að hekla nokkur tré og skreyta jólapakka, hengja á jólatréð eða jafnvel búa til lengju til að skreyta heimafyrir.**

Drops mynstur w-736

**Stærð:** ca. 7 cm á breidd og 11 cm á hæð.

**Garn:** Drops Paris fæst hjá Handverkskúnst. Í eitt jólatré þarf ca. 7 g.

**Litatillögur:** Pistasía nr. 39, Ópalgrænn nr. 11, Mosagrænn nr. 25, Grænn nr. 43

Heklunál: nr. 4

*Hekl kveðja,*
*mæðgurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*












- = Byrjið hér – Heklið 7 loftlykkjur og tengið saman í hring með keðjulykkju í fyrstu loftlykkju.
- = Heklið 3 loftlykkjur í byrjun umferðar *(jafngildir 1 stuðli)*. Lokið umferð með 1 keðjulykkju í 3. loftlykkju af þeim þremur sem heklaðar voru í byrjun umferðar.
- = Heklið 1 loftlykkju í byrjun umferðar (jafngildir 1 fastalykkju). Lokið umferð með 1 keðjulykkju í loftlykkjuna sem hekluð var í byrjun umferðar.
- = Loftlykkja
- = Fastalykkja um loftlykkjuboga
- = Fastalykkja í lykkju
- = Stuðull um loftlykkjuhring/loftlykkjuboga
- = Stuðull í lykkju
- = Tvíbrugðinn stuðull um loftlykkjuboga

A.1



**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 6 | 9 | | | | 4 | 8 |
| 8 | | | | 4 | 6 | | 3 | |
| | | 1 | | | 3 | 7 | | 5 |
| 9 | 4 | | | 3 | | 2 | | |
| | | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | | |
| | | 3 | | 9 | | | 5 | 6 |
| 7 | | 9 | 5 | | | 6 | | |
| | 6 | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 2 | 1 | | | | 7 | 5 | 8 | 9 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | 7 | 5 | | 1 |
| | 1 | 2 | | | | 7 | | |
| | 8 | | 2 | | 1 | | 3 | |
| 4 | | 9 | | 7 | 5 | | | |
| 5 | | | 4 | | 8 | | | 3 |
| | | | 1 | 6 | | 4 | | 2 |
| | 3 | | 5 | | 4 | | 9 | |
| | | 8 | | | | 2 | 6 | |
| 1 | | 7 | 6 | 9 | | | 4 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 5 | | 6 | | 1 | |
| 1 | 2 | | | | | | 3 | 7 |
| 3 | | | | | | | | 5 |
| | | 3 | 9 | 8 | 7 | 5 | | |
| | | | | | | | | |
| | | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | | |
| 2 | | | | | | | | 8 |
| 6 | 3 | | | | | | 7 | 4 |
| | 5 | | | | 9 | | 6 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | 4 | | | 3 |
| 3 | | 6 | 1 | | | 2 | | |
| | 4 | | | | 2 | | | |
| 8 | | 4 | | 6 | 3 | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | 7 | 2 | | 4 | | 5 |
| | | | 3 | | | | 7 | |
| | | 8 | | | 1 | 9 | | 6 |
| 7 | | | 2 | | | | 8 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Hnetusmjör og Rottuborgari

**Sigrún Ólafsdóttir er 12 ára Ísfirðingur. Hún á tvö systkini, Hákon Elí 28 ára og Telmu 22 ára.**
Sigrún æfir ballett og lærir á gítar í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar.



**Nafn:** Sigrún Ólafsdóttir.

**Aldur:** 12 ára.

**Stjörnumerki:** Krabbi.

**Búseta:** Ísafjörður.

**Skóli:** Grunnskólinn á Ísafirði.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir og danska.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Tortilla og kjúklingasúpa.

**Uppáhaldshljómsveit:** Uppáhaldstónlistarmaðurinn er Herra Hnetusmjör.

**Uppáhaldskvikmynd:** Regína og Rottuborgari.

**Fyrsta minning þín?** Veit ekki.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi ballett og spila á gítar.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Íslandsmeistari í fjallahjólreiðum.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Veit það bara ekki.

**Hvað verður skemmtilegast að gera í vetur?** Halda upp á jólin og kveðja COVID.

**Næst »** Sigrún skorar á Kristján Hrafn Kristjánsson, bekkjarbróður sinn, að svara næst.

BÆKUR & MENNING

## Látra-Björg:
# Kraftaskáld, sjómaður, flökkukona og goðsögn

**Bókaútgáfan Hólar hefur endurútgefið bókina Látra-Björg eftir Helga Jónsson frá Þverá í Dalsmynni (1890–1969), en hún kom í fyrra skiptið út árið 1949.**

Í formála bókarinnar er haft eftir Birni Ingólfssyni, fyrrum skólastjóra á Grenivík, að þær hafi ekki verið margar konurnar sem stóðu upp úr í fjöldanum ef litið er til fyrri alda. „Þær voru þó til og minningu þeirra þarf að halda á lofti. Sú sem hér er til umfjöllunar var ekki venjuleg kona. Hún storkaði valdinu og lét hvorki háa né lága eiga nokkuð hjá sér, lét aldrei í minni pokann fyrir neinum."

*Dularfyllsti rithöfundur Íslandssögunnar*

Í bókinni eru saman komin öll helstu kvæði Látra-Bjargar og um leið skýringar Helga Jónssonar frá Þverá í Dalsmynni og samantekt hans á æviferli hennar, en Helgi var einhver dularfyllsti rithöfundur Íslandssögunnar.

Í sérstökum viðauka er svo að finna Látrabréfið sem líkur eru á að sé eini varðveitti prósatextinn eftir Látra-Björgu, einhver kynngimagnaðasti orðagaldur sem um getur, sagður hafa fundist á skemmuvegg á Látrum árið 1740.

*Látur, ysti bær á Látraströnd*

Sögusviðið bókarinnar er að stærstum hluta Látur, ysti bær á Látraströnd. Á Látraströnd og í Fjörðum, ystu byggðum Gjögraskaga, sem nú eru löngu farnar í eyði, voru á þessum tíma oft um 200 manns á 20 bæjum. Bærinn á Látrum var samt afskekktur, jafnvel á þeirra tíma mælikvarða. Þaðan voru 7 km í Grímsnes og 9 km í Keflavík og gat orðið ófært í báðar áttir vikum saman yfir veturinn.

„Lífið byrjaði snemma að sýna Björgu í tvo heimana. Barn að aldri stóð hún uppi ein meðal vandalausra á þessum afskekkta bæ á Látraströnd, skilin eftir og faðir hennar farinn. Hún hafði þá dvalið á þessu heimili með honum í þrjú ár og þekkti heimilisfólkið. Það þekkti hana ekki síður. Einhverjar töggur hefur það séð í þessu níu ára stúlkubarni, annars hefði hún verið send umsvifalaust yfir um fjörð á sína heimasveit. Á Látrum átti hún heima alla tíð síðan þótt hún færi víða á flakki sínu seinni hluta ævinnar enda festist nafn bæjarins við hennar. Látra-Björg.

Björg var ekki af kotungum komin, báðir afar hennar voru prestar og í ættum hennar er að finna stórbændur, presta og sýslumenn. Menntastétt þjóðarinnar. Faðir hennar, Einar Sæmundsson stúdent, var skáld gott en með óeirð í blóðinu og er að sjá að Björg hafi erft hvort tveggja."

*Samtíðarmenn hennar óttuðust hana*

Látra-Björg (1716-1784), var kraftaskáld, sjómaður, flökkukona og goðsögn í lifanda lífi og ráðgáta eftir að hún lést á vergangi í móðuharðindunum. Samtíðarmenn hennar óttuðust hana. Með kvæðum sínum var hún sögð geta flutt til fjöll, laðað að sér fisk og deytt menn eða fært þeim gæfu.




Í bókinni segir að Látra-Björg þjóðtrúarinnar hefur verið álitin flökkukona frá upphafi vega. Þessu fer þó mjög fjarri.

„Öll sín þroskaár og, að líkindum, alllangt fram eftir ævi er hún húskona á Látrum og býr þar á sinn hátt. Alla þá tíð stundar hún sjóróðra og letur lítt til stórræða. Hún er svo veiðisæl að varla þykir einleikið. Stundum dregur hún fisk þótt enginn annar á báti hennar verði var. Þessi atvik eru fyrsti vísirinn til þeirrar trúar á fjölkynngi Bjargar, sem verður seinna landfræg í sambandi við vísur hennar.

Fólkið hræðist hana og dáir. Ber margt til þess: Svipur hennar og vöxtur, áræði og aflraunir, orðsnilli hennar og bragkynngi, sem eru hröð með afbrigðum og hitta markið í flughasti. Og síðast en ekki sízt dulargáfa, sem menn ekki skilja, en grunar að eigi sér engin takmörk.

Ráða má af vísum Bjargar, frá búskaparárum hennar, að hún unir hag sínum dável

og hefur gnótt matar, sem líklegt er um fjölkunnuga konu. Þegar ekki fæst bein úr sjó, seiðir hún á öngul sinn lúðu, sem er alin fyrir sporð.

Það var einhverju sinni, að róið var með haukalóð á báti Bjargar. Þá var fiskleysi og var róðurinn gerður að áeggjan hennar. Þegar lóðin voru lögð, merkti Björg sér einn öngulinn og kvað:

Sendi drottinn mildur mér
minn á öngul valinn
flyðru þá, sem falleg er,
fyrir sporðinn alin.

Þegar lóðin var dregin inn voru allir önglar berir, nema sá, er Björg merkti sér. Á honum var lúða svo stór, að undrun sætti. Segja Höfðhverfingar, að Björg skipti lúðunni milli skipverja."

/VH

LESENDABÁS

# Staða íslensks landbúnaðar vandinn og lausnin

**Heimsfaraldur kórónuveiru hefur lagt línurnar um stjórnmálaumræðu ársins 2020. Fyrir vikið hafa mörg stór úrlausnarefni, sem þó þoldu enga bið áður en faraldurinn hófst, fallið í skuggann. Ef þessi mál gleymast vegna tímabundins ástands er hættan sú að skaðinn verði mikill og varanlegur.**

Síðustu misseri og um árabil hef ég nefnt stöðu landbúnaðarins í öllum þeim viðtölum þar sem tækifæri gefst. Áður en faraldurinn hófst var greinin þegar komin í verulega hættu. Framtíð undirstöðuatvinnugreinar Íslands frá landnámi hafði verið teflt í tvísýnu. Greinin hefur farið í gegnum miklar breytingar um aldir en aldrei hefur þó framtíð landbúnaðar á Íslandi verið sett í annað eins uppnám og nú.

Fyrir rúmlega tveimur árum skrifaði ég grein um stöðu landbúnaðar undir fyrirsögninni „Ögurstund" þar sem ég rakti þá ógn sem greinin stóð frammi fyrir og mikilvægi þess að bregðast við. Ári síðar hafði lítið sem ekkert gerst til að bregðast við ástandinu, raunar hafði starfsumhverfi greinarinnar verið gert erfiðara. Þá skrifaði ég um „hina vanvirtu undirstöðu". Síðan þá hefur staðan orðið enn erfiðari. Svo bættist faraldurinn við. Hann hefur dregið verulega úr sölu innlendra matvæla en um leið fellur staða atvinnugreinarinnar í skuggann af öðrum málum.

Til að bregðast við áhrifum faraldursins hafa stjórnvöld varið hundruðum milljarða í að verja mikilvægar atvinnugreinar. Grein sem er undirstaða byggðar og mikillar verðmætasköpunar um allt land hefur þó verið vanrækt. Enn er sótt að landbúnaði nema nú gerist það í enn meiri kyrrþey en áður.

*Sótt að greininni úr mörgum áttum*

1. Reglugerðir sem gera starfsumhverfi íslensks landbúnaðar erfiðara og dýrara halda áfram að streyma inn á færibandi, ekki hvað síst frá Evrópusambandinu þar sem aðstæður eru allt aðrar en hér. Í ofanálag eru þær svo gjarnan innleiddar á þann hátt að þær verða enn meira íþyngjandi en í öðrum löndum. Við þetta skekkist samkeppnisstaða þeirra sem í auknum mæli er ætlað að keppa við landbúnað sem uppfyllir ekki sömu skilyrði og þau sem lögð eru á íslenska bændur.

2. Búvörusamningar hafa ekki tekið mið af þörfum og stöðu greinarinnar og birtast jafnvel sem leið til að draga saman innlenda matvælaframleiðslu fremur en að efla greinina.

3. Fjármálaáætlun og fjármálastefna ríkisstjórnarinnar sýndu strax í upphafi viðhorf stjórnvalda til atvinnugreinarinnar. Þar birtist sú ískyggilega sérstaða að af öllum þeim starfsgreinum þar sem ríkið kaupir þjónustu fyrir samfélagið var aðeins í einu tilviki gert ráð fyrir viðvarandi lækkun framlaga, þ.e. í landbúnaði. Alls staðar annars staðar var gert ráð fyrir að framlög myndu aukast ár frá ári. Kaupmáttur hefur enda aukist mikið hjá flestöllum stéttum en bændur hafa verið skildir út undan.

4. Tollasamningur við Evrópusambandið frá 2015 hefur reynst greininni afar erfiður og ósanngjarn. Ég man enn hvar ég var þegar ég heyrði fyrst af undirritun samningsins. Ég var á akstri skammt frá Gauksmýri í Vestur Húnavatnssýslu þegar landbúnaðarráðherrann kom í beina útsendingu í fréttum Sjónvarps og tilkynnti að hann hefði verið að undirrita samninginn. Fram kom að þetta hefði gerst skyndilega en hvorki ég né aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar vissum af undirrituninni. Á undanförnum árum hef ég og Miðflokkurinn gagnrýnt þennan samning og sagt að nauðsynlegt væri að segja honum upp eða endursemja. Við bentum m.a. á að útganga Breta úr Evrópusambandinu gæfi tilefni til slíks. Þessu hefur jafnan verið illa tekið, ekki hvað síst af ráðherrunum sem gerði samninginn. Nú hefur þó meira að segja sá ráðherra sagt að tilefni sé til endurskoðunar. En trúir því einhver að eitthvað sé að marka slíkar yfirlýsingar með óbreyttri ríkisstjórn?



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

5. Heimild til að flytja inn hrátt, ófrosið, kjöt og ógerilsneydd matvæli hefur enn skert samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar. Á meðan sala íslenskra afurða hefur dregist saman er greininni ætlað að takast á við enn meiri innflutning frá löndum sem uppfylla ekki sömu skilyrði og atvinnugreinin býr við á Íslandi.

Hvernig eiga íslensk fjölskyldubú að geta keppt við erlend verksmiðjubú sem nýta ódýrt vinnuafl þar sem aðstæður dýranna eru mun lakari en hér og notuð eru lyf og aðferðir sem við myndum aldrei sætta okkur við hér á landi? Í hvaða annarri atvinnugrein teldist það ásættanlegt að íslensk fyrirtæki og starfsmenn sem þurfa að uppfylla íslenskar reglur um kjör og aðstöðu þyrftu að keppa óheft við þá sem gera það ekki?

Þetta er ekki bara spurning um hagsmuni bænda heldur samfélagsins alls. Margir sérfræðingar bentu á hversu miklu máli það skipti að innleiða ekki óhóflega lyfjanotkun og ógerilsneydd matvæli á íslenskum markaði. Það kom fyrir lítið en heimsfaraldurinn hefur reynst áminning um mikilvægi þess að dreifa ekki sýklalyfjaónæmi með matvælum.

6. Afurðaverð til bænda hefur ítrekað lækkað á undanförnum árum án þess að það skili sér í lægra verði til neytenda og þar með meiri sölu. Á sama tíma er knúið á um aukinn innflutning. Þó sýna rannsóknir, m.a. frá Finnlandi, að aukinn innflutningur lækkar ekki vöruverð. Hann eykur aðeins álagningu stórverslana.

7. Sala íslenskra matvæla hefur dregist verulega saman m.a. vegna heimsfaraldursins sem leitt hefur til hruns í ferðaþjónustu og lokunar veitingastaða. Þetta hefur þó ekki orðið til þess að bændur og aðrir matvælaframleiðendur fái stuðning stjórnvalda í samræmi við tilefnið.

*Áhrifin*

Allt þetta og fleira hefur skapað þá stöðu að framtíð atvinnugreinar sem hefur haldið lífinu í Íslendingum frá landnámi, grein sem er undirstaða ótal margs annars og er samofin menningu þjóðarinnar, er í hættu.

Við þessu þarf að bregðast með afgerandi hætti og þau viðbrögð þola enga bið. Ég efast ekki um að almenningur telji það verðugt verkefni. Á meðan undirstöðuatvinnugreininni blæðir út fer ríkisstjórnin létt með að lofa 50 milljörðum í verkefni á borð við Borgarlínu (til viðbótar við kostnað sveitarfélaga), einstaklega óhagkvæmt og óskynsamlegt verkefni sem mun kalla á viðvarandi útgjöld til framtíðar. Öðru eins er lofað í óljósa áætlun um aðgerðir í loftslagsmálum. Sumt í þeirri áætlun er til bóta en það besta sem við getum gert í umhverfismálum er að vernda og byggja upp hinn umhverfisvæna íslenska landbúnað.

Þegar ótaldir tugir milljarðar fjúka í óljós gæluverkefni þá virðist það vera vitið að geta sett fjármagn í að verja íslenskan landbúnað. Það fjármagn færi ekki til spillis heldur rynni til verðmætasköpunar sem stendur undir svo ótal mörgu öðru og sparar samfélaginu yfir 50 milljarða í gjaldeyri á hverju ári. Gleymum því ekki að sá sparnaður og fæðuöryggið sem greinin tryggir varði landið fyrir gjaldþroti fyrir rúmum áratug.

*Lausnin*

Þegar tekist var á um efnahag Íslands til framtíðar gaf ég fyrirheit um að þegar árangur hefði náðst yrði samfélaginu leyft að njóta þess, ekki hvað síst hinum ómetanlega íslenska landbúnaði. Áætlunin gekk upp, hundruð milljarða streymdu inn í þjóðarbúið og aðstæður allar gjörbreyttust til hins betra. Eftir 2015 náði Ísland mesta og hraðasta efnahagslega viðsnúningi seinni tíma sögu.

En margir þeirra sem þó áttu mestan rétt hafa ekki fengið að njóta þess. Framlög til landbúnaðar eru nú aðeins einn áttundi af því sem þau voru fyrir þrjátíu árum samkvæmt viðmiðinu sem stjórnvöld líta helst til, landsframleiðslu. Um leið virðast stjórnvöld leggja sífellt minni áherslu á greinina. Það má m.a. sjá af skipulagi atvinnuvegaráðuneytisins og athugasemdum um að atvinnugreinin sé stunduð sem áhugamál fremur en atvinna.

Það hvort við viljum viðhalda öflugum íslenskum landbúnaði er spurning um ákvörðum.

Miðflokkurinn hefur nú lagt fram á Alþingi heildstæða stefnu til að verja og efla íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu. Áætlunin er róttæk og henni fylgir talsverður kostnaður. En ef ekki verður brugðist við í tæka tíð og íslenskri matvælaframleiðslu þess í stað leyft að fjara út verður kostnaður samfélagsins margfalt meiri. Ef sú yrði niðurstaðan myndi þjóðin sjá eftir því til framtíðar en þá yrði of seint að bæta úr. Tíminn til að bregðast við er núna og við erum tilbúin.

***Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,***
*formaður Miðflokksins*




Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

KAUP FÉLAGIÐ
MEÐ JÓNI GNARR



Hlustaðu á hlaðvarp Bændablaðsins á vefnum bbl.is og Soundcloud

HLAÐAN


Næsta Bændablað kemur út 3. desember

Bændablaðið

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Úrval af Tiki kerrum. Verð frá kr. 198.000 án vsk. Búvís, sími 465-1332.



Erum að taka niður pantanir í sænskar snjókeðjur. Flestar stærðir fáanlegar. Uppl. Búvís í s. 465-1332.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



20 feta gámar og 40 feta high cube gámar í toppstandi til sölu. Einnig þokkalegir 40 feta gámar. Uppl. 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Snjókeðjur. Eigum mikið úrval af léttkeðjum fyrir dráttarvélar og vinnuvélar á ótrúlega hagstæðum verðum. 10mm, 8mm, 7mm og 5,6mm. Fólksbíla- og jeppakeðjur í úrvali. Hvellur - G. Tómasson ehf. Smiðjuveg 30, 200 Kóp. S. 577-6400 - hvellur@hvellur.is



Sicam SBM 800S vörubílajafnvægisstillingarvél. Getur einnig tekið fólksbíladekk. Einnig umfelgunarvélar til sölu. Uppl. í s. 820-1071 og kaldasel@islandia.is



7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.270.000 m/vsk. Mínus kr. 60.000 afsláttur = 1.210.000 kr. m/vsk (976.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.490.000 með vsk (kr. 1.202.000 án vsk). 11 tonna: verð kr. 1.690.000 með vsk (kr. 1.363.000 án vsk). 13 tonna: verð kr. 1.970.000 með vsk (kr. 1.589.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111, opið frá kl. 13-16.30 -www.brimco.is



Ný 110 kW rafstöð Cummins sem er sérhönnuð sem varaafl. Erum tilbúnir að taka þátt í flutningskostnaði til kaupanda. Helstu upplýsingar um stöðina veitir Máni í Rafey ehf. í s. 895-1916.



Vagnasmiðjan auglýsir: Eigum til flotta Hardoxskúffu á trailervagn. Botnplata sem nær upp á miðjar hliðar (50 cm), upp í gegn um allar beygjurnar er úr 8 mm. Hardox 450 stáli. Fram, afturgafl og hliðar, 5 mm. Hardox 450 stál. Fæst á gamla verðinu, aðeins kr. 2,5 millj. auk vsk. Til afgreiðslu strax. Einnig sterkar og ódýrar krókgrindur. Án gámalása: kr. 280.000 +vsk. Með gámalásum: kr. 380.000 +vsk. Styðjum íslenskan iðnað. Veljum íslenska framleiðslu. Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 Rvk. S. 894-6000 og 650-7373



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Fjögur sendibíladekk á felgum af VW Crafter/Sprinter til sölu. Tegund Continenal 225/75 R16 C (Cargo þ.e. burðarmeiri en venjuleg). Dekkin eru nýleg og lítið slitin heilsársdekk. Uppl. í s. 691-1353.



Honda jeppi CR-V 2007. Ekinn 200.000 km. Flottur jeppi í fínasta lagi. Uppl. síma 893-2012, Friðrik.



JCB 110W Hydradig. Árg. 2015. Vinnustundir: 785. Þyngd: 11.500 kg. Verð án vsk. 10.900.000 kr. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum Kraftvéla í s. 535-3584 eða vinnuvelar@kraftvelar.is


VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 865.000 kr. + vsk

PRONAR



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 983.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 995.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 1.130.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Án festinga
3,6m Verð: 1.390.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.490.000 kr. + vsk



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 129.000 kr. + vsk



Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 299.000 kr. + vsk



Sanddreifarar
3P og EURO festing
2m Verð: 370.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur
Verð: 84.500 kr. + vsk



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr. + vsk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.480.000 kr. + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

# Tokvam

## Styrkur og gæði frá Noregi



**Fjölplógur VT320**
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm

**Fjölplógur VT380**
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm

Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



**Salt- & sanddreifari, TSA2100**
Vinnslubreidd: 1-10 metra.
Þyngd 1.070 kg / 4.220 kg
Mesta magn 2,1 m3. Glussadrif.



**Snjóblásari F130H**
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



**Snjóblásari F150 THS**
Fyrir 25-45 hp vél.
Vinnslubreidd 150 cm.
Þyngd 260 kg.



**Snjóblásari 256 THS Flex**
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.

**260 THS MONSTER**
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is




Tilboðsverð: Hleðslustöðvar Wall box frá Besen. http://hledslustodvar.is - gunnthor@gunnthor.com



Polaris Sportsman 800, árg. 2006, til sölu. 26" Big Horn dekk, ný olía á öllu + sía, nýtt lok á farangurskassa að framan og ný bremsudæla. Flott hjól sem hefur verið ekið innan við 500 km frá 2011. Ásett verð: 790.000 kr. staðgreitt. Engin skipti. Aron s. 868-0469.




Tæring í rafbúnaði getur verið kostnaðarsamt vandamál. Cortækni ehf. býður upp á góðar lausnir til að vernda málma í rafskápum gegn tæringu, með losurum frá Cortec corporation, sem vernda skápa frá 28 - 310L. Uppl. í s. 692-7573.



Til sölu hitatúpa 66 kW ásamt rafmagnstöflu. Uppl. í síma 895-1965 - narfive108@simnet.is



Lagerskúffur fyrir stóra og smá hluti. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís, sími 465-1332.



Til sölu Honda CR-V lifestyle, árg. 2012, ekinn 58.000 km. Toyo heilsársdekk. Einn eigandi. Verð 2.190.000 kr. Uppl. í síma 893-4043.



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1" , 2", 3", 4". Aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash): 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Toyota Hilux double cab SR, beinskiptur. 05/2006. Dísil, ekinn 270.000 km. Næsta skoðun 2021. Pallhús, dráttarkrókur, heithúðun á palli, þjónustubók. Einn eigandi. Verð kr. 1.580.000 kr. Uppl. í síma 824-5424 Vilhjálmur.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 gr. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.




Verdo gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. Opið frá kl. 13-16.30. S. 894-5111 - www.brimco.is



Nizzan Navara árg. 2007, ekinn 202.000 km. Nýleg 33" dekk, Masterkraft leðursæti, klædd skúffa, búið að skoða grind, dráttarkúla. Bíll í toppstandi. Verð kr. 1.500.000. Uppl. gefur Sigurður í s. 660-0695.



Bílaflutningavagn með 2.500 kg. burðargetu. Söluverð 500.000 kr. +vsk. Vagninn er á góðum burðardekkjum og er nýskoðaður. Upplýsingar í síma 864-2730.



Tvær notaðar bílskúrshurðir til sölu. Þær eru 250 cm á breidd og 260 cm á hæð. Allar upplýsingar gefur Bubbi í s. 863-5223.



Golfklúbbur Mosfellsbæjar er með til sölu traktor og sláttuvél. Traktorinn, TYM TX75, er keyptur nýr árið 2018 og er ekinn 1.000 klst. Sláttuvélin, Pegasus Trimax S4, var einnig keypt ný árið 2018 og er hún mjög lítið notuð. Sláttubreiddin er 5 m og sláttuhæðin er frá 10 mm upp í 110 mm. Traktorinn selst á 3,8 millj. kr. +vsk. Sláttuvélin selst á 3 millj. kr. +vsk. Sé þetta keypt saman er verðið 6,5 millj. kr. +vsk. Nánari uppl. veitir Ágúst í s. 857-7009. Einnig er hægt að senda tölvupóst á agust@golfmos.is



Tiki kerra, tilvalin fyrir fjárflutninga. Kr. 715.700 án vsk. Háar grindur kr. 138.457 án vsk. Búvís - sími 465-1332.



6000 lítra HiSpes haugsuga með nýlegri dælu á 600.000 kr. +vsk. Staðsett á Suðurlandi. Upplýsingar í síma 864-2730.



Til sölu Newtec P30V pökkunarvél. Vigtar og pakkar í plastpoka. Hægt að stilla vigt frá um 1-3 kg. Uppl. í síma 894-0490.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Til sölu 477 rúmmetra haugtankur, galvaniserað stál með Duplex Epoxy áferð. Einnig vökvadrifnar flórsköfur frá Malgar með dælustöð. Upplýsingar í síma 663-2712.



Til sölu. Kr. 45.000. Arcade 1 up. Uppl. í síma 861-7521.



Samasz Alps 401 plógur með ramma. Lítið notaður. Verð kr. 1.100.000 +vsk. Leó s. 897-5300 eða leofossberg7979@gmail.com



Jarðvegsþjappa í flottu standi. Árg. 2014, 439 kg. Verð 1 millj. kr. +vsk. Uppl. í síma 866-3802.



Girðingaefni. 5 str. túnnet kr. 10.850 rl. 6 str. túnnet kr. 12.800 rl. Iowa gaddavír kr. 6.600 rl. Motto gaddavír kr. 3.980 rl. Þanvír kr. 8.450 rl. Öll verð með vsk. Tilboð: Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Skoda Octavia metan/bensín til sölu. Árg. 2015, ekinn 106.000 km. Verð 1.350.000 kr. Einn eigandi. Sumar- og vetrardekk á álfelgum. Brunn. Ekki skipti. Uppl. í síma 669-9837.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Til sölu strandveiðibáturinn Diljá RE-39 (7196) Viking 700, traustur og stöðugur bátur með góða vinnuaðstöðu. Þrjár gráar DNG rúllur fylgja, kör og góð tæki. Nýtt haffæri. Uppl. í síma 899-7540.



M&B WB680P ítölsk jafnvægisstillingavél. Nýleg með loftlæsingu. Uppl. í síma 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



M&B mjög fullkomin ítölsk umfelgunarvél með örmum. Lítið notuð. Einnig Sicam Falco AF 1200 ITE. Taka low profile dekk. Uppl. í síma 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af 2ja og 3ja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Taðklær. Breiddir 120, 150 og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.550 stk. m/vsk. (kr. 7.770 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 155.000 m/vsk (kr. 125.000 án vsk.) Hauksson ehf. S. 588-1130.




Handhægar, öflugar og hljóðlátar rafstöðvar. Yamaha rafstöðvarnar búa yfir mörgum eiginleikum umfram aðrar rafstöðvar. Kynntu þér málið á yamaha.is og í s. 540-4980 eða á info@yamaha.is. Verð frá kr. 279.000.



Land Rover Freelander 17" ónotaðar álfelgur til sölu. 225/65 R 17 Kebek nagladekk. 245/75 R 16 Cooper Mastercraft negld. Lítið notuð 275/60 R 20 Cooper Discoverer M+S neglanleg. Uppl. í síma 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Kamína með eldunarhólfi og reykröri. Í góðu standi en komin til ára sinna. Frekari upplýsingar í síma 892-3639 (Ólafur). Er staðsett í Þjóðólfshaga.




Senn líður að jólum. Skarðsstrandarrolla og Einræður Steinólfs í Ytri-Fagradal. Skemmtiefni, menningarefni. Sími 861-8993 og finnbh@simnet.is, Finnbogi Hermannsson.




Dick Cepek Extreme Country, fullnegld og microskorin, 35" jeppadekk undan Toyota Hilux, um 20% slitin, á nýjum álfelgum. Verð 250.000 kr. Stefán Geir s. 892-1618.




Nissan Qashqai, árg. 2013, dísil, beinskiptur, ekinn 183.000 km. Verð 990.000 kr. notadir.bennis.is – s. 590-2035.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163, www.hak.is - hak@hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.




Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485 með vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.




SsangYong Rexton dlx, árg. 2019, dísil, sjálfskiptur, ekinn 65.000 km. Verð 5.090.000 kr. notadir.bennis.is – s. 590-2035.




Suzuki Vitara gl+, árg. 2019, bensín, sjálfskiptur, ekinn 69.000 km. Verð 2.990.000 kr. notadir.bennis.is – s. 590-2035.

LANDSTÓLPI 20 ára 2000–2020

STORTH
EXPERTS IN SLURRY MANAGEMENT
SCRAPE IT - PUMP IT - STORE IT - MIX IT - SPREAD IT

**Haugdælur**



**Haugdælurnar** frá Storth eru galvaniseraðar með fjögurra blaða dælu og vökvakerfi sem gerir stjórnandanum kleift að stýra öllu frá traktornum.

**SJ6/3P-7-9: 6" 2,1 – 2,7 þrítengi**
Verð: **1.220.000 + vsk**
**SJ6/3P-8-10: 6" 2,4 – 3,0 þrítengi**
Verð: **1.220.000 + vsk**
**SJ6/3P-10-12: 6" 3,0 – 3,6 þrítengi**
Verð: **1.260.000 + vsk**

**Haughrærur**



Skrúfuhönnun Storth **haughrærunnar** hefur verið prófuð og reynd við margskonar aðstæður og hefur heldur betur sannað ágæti sitt. Hrærurnar koma galvaniseraðar og klárar í vinnu.

**SM/100/650: 4,6 metrar**
Verð: **655.000 + vsk**
**SM/200/650: 6,1 metrar**
Verð: **690.000 + vsk**

HI SPEC

**Haugsugur**



Írski framleiðandinn **HiSpec** framleiðir haugsugur og taðdreifara af ýmsum gerðum. HiSpec er þrautreynt vörumerki við íslenskar aðstæður.

**SA-R 2600**
**11.800L - 11.000L dæla**
**8" barki - Dekk: 800/65 R32**
**Sjálfvirkur áfyllibúnaður**
Verð: **4.350.000 + vsk**

**Keðjudreifarar**



**„Þessir gömlu góðu"**
**Kastdreifari - Vökvabremsur**
**Led götuljós - Sterkur undirvagn**
**168mm snúningsöxull**
**Dekk: 15x22.5**
Verð frá: **1.750.000 + vsk**



**Útvegum dráttarvéla- og vinnuvéladekk eftir pöntunum!**

Fylgstu með okkur á FACEBOOK

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

ELWIS H600-R H3
KH Vinnuföt kynnir nýja vöru, frá Elwis lighting, H600-R. Þetta er ljós fyrir fagmenn sem þurfa höfuðljós í hæsta gæðaflokki. Fyrir þá sem þurfa góð ljós er H3 mjög góður og hagstæður valkostur.
Verð: 11.990 kr
85 og 630 lumens. Auðskiptanlegt og hlaðanlegt batterí. Hægt að stilla fókus.
Verð: 4.290 kr
110 og 330 lumens. 3 x AAA Batterí. Hægt að stilla fókus.
KH VINNUFÖT
Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

ÞARFNAST TJAKKURINN VIÐHALDS
NÝSMÍÐI OG VIÐGERÐIR
Vönduð og góð þjónusta
VHE
VHE • Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður • Sími 575 9700
Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Við erum með margar sortir af skóflum og greipum sem gott er að grípa með. Sími 896 5486 - www.hardskafi.is



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 x 200 x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterk og vönduð smíð. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is



Liebherr 507 speeder hjólaskófla, árg. 2017. 5,5 tonn, 1.165 vst. Smurkerfi, gafflar og skófla fylgja. Verð 6.990.00 kr. +vsk. Uppl. í síma 893-2550.



22.000 lítra vatnsneyslutankur til sölu. Tankurinn er ónotaður og í góðu standi. Tankurinn er staðsettur í Skagafirði. Skíðadeild Tindastóls óskar eftir tilboði í tankinn. Uppl. í s. 896-3938.



Hljópstu af þér hornin? Við eigum ný. www.goth.is




Sláturfélagið Örlygur – þættir úr sögu samvinnufélags. Saga viðskipta í vestfirskri sveit. Samantekt: Sigurjón Bjarnason. Netfang: sigurjon@bokstafur.is - s. 848-3314.



Vöruhillur til sölu. Einnig vinnuskápar fyrir starfsmenn. Uppl. í síma 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Háþrýstiþvottavél fyrir vélarblokkir og vélahluti trukka- og bíla. Uppl. í síma 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is- www.hak.is

www.bbl.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar
S: 527 2600
Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

OFA
Vertu klár þegar snjórinn mætir!
Verkfæri ehf. býður gott úrval af snjókeðjum frá hinum þekkta framleiðanda OFA. Þessar keðjur eru framleiddar í Finnlandi og eru í allra hæsta gæðaflokki.
**Við erum að taka saman í pöntun til Finnlands og verður þetta afgreitt á næstu tveimur til þremur vikum.**
Fáið tilboð í keðjur hjá honum Geir Guðjónssyni - **geir@verkfaeriehf.is** og hann sendir ykkur gott tilboð með tilliti til forpöntunar hjá okkur.
VERKFÆRI EHF
Tónahvarf 3 • 203 Kópavogur • Sími: 544 4210
verkfaeriehf.is • info@verkfaeriehf.is

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Sími 820-8096 - jh@johannhelgi.is

Lítið notuð vetrardekk 175 x 65 x14" á stálfelgum til sölu á kr. 40.000. Uppl. í síma 661-4292.

Fullorðinn Weckmann sturtuvagn til sölu, 11 tonna. Nýleg dekk, nýleg glussaslanga tvöföld skjólborð. Rang. ytra. Verð 800.000 kr. Uppl. í s. 862-3995.

Raforkuver til sölu. Samanstendur af vindrafstöð 24v, tveimur 12v sólarsellum og stjórnstöð. Mastur og tveir rafgeymar fylgja ásamt straumbreyti úr 24v í 12v. Tilvalið í fjallaskála eða sumarbústað fjarri rafmagni. Einnig er til sölu gaskæliskápur með litlum frysti. Sunwind Ventus 168, svartur. Kælir 129 ltr og frystir 25 ltr. Staðsett í Eyjafirði. Upplýsingar í s. 898-9826.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Lengdir 4,8/5,1/5,4 m Verð kr. 265 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhaukssonehf@simnet.is

Timbur 25 x 150 mm. Lengdir 4,5/4,8/5,4 m. Verð kr. 240 lengdarm. m/vsk. H.Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhaukssonehf@simnet.is

Weckman þak- og veggjastál. 0,5 mm galv. kr. 1.550 fm 0,45 mm litað. kr. 1.590 fm 0,6 mm galv. kr. 1.890 fm 0.5 mm litað. kr. 1.990 fm. Öll verð með vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhaukssonehf@simnet.is

Allt sem þarf til að opna saumastofu eða bara hobby. Gott að undirbúa sig fyrir komandi framtíð. Nánari upplýsingar í s. 847-2306, Gerður.

Safnarar. Til sölu 27.000 frímerki, 50 fyrsta dags umslög, 150 grammafónsplötur og myntsafn. Uppl. í síma 893-3475.

## Óska eftir

Ég er að leita að 80 til 110 hestafla, 4x4 dráttarvél með tækjum sem er í góðu ástandi fyrir allt að 4 millj. kr. og notuð minna en 1.000 klst. Bein staðgreidd kaup. Upplýsingar í s. 863-4106.

Óska eftir traktorsgröfu jcb 2cx. Upplýsingar í síma 892-8314.

Óska eftir hagabeit fyrir 10-15 hross í jan., feb. og kannski mars. Staðsetning í nálægð við Stokkseyri eða þar í kring. Uppl. í síma 616-1569.

Kaupi gamla bilaða Toyota Hilux, Land Cruiser, Hiace eða Rocky. Sæki hvar sem er á landinu. Magnús í s. 693-6780.

Óska eftir ferðabíl eða bíl sem hægt er að innrétta sem slíkan, helst Toyota Hiace. Uppl. í síma 868-6829.

Óska eftir ljá með brýni til að slá vothey. Uppl. í síma 462-3989.

Óska eftir gömlum mjólkurbrúsum, mega vera í misgóðu ásigkomulagi. Vinsamlegast hafið samband við Jóhönnu í síma 863-8580.

## Jarðir

Jörð eða hluti úr jörð óskast í fóstur til skógræktar, 50 ha+ nærri vatni eða ársvæði/sjó. Kaup í áföngum möguleg. Upplýsingar í síma 861-7227, Ragnar.

## Húsnæði

Lítil kjallaraíbúð til leigu rétt hjá Menntaskólanum í Kópavogi. Herbergi, eldhús, snyrting. Sérinngangur. Hentar námsmanni/einstaklingi. Íbúðin er laus. Verð 100.000 kr. pr. mán. m. hita/rafmagni. S. 842-2908.

Herbergi til leigu á svæði 201, með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi með þvottavél og þurrkara. Uppl. í s. 893-3475.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

## Atvinna

Starf við landbúnað laust til umsóknar. Auglýst er eftir starfsmanni til bústarfa í Útvík í Skagafirði. Viðkomandi þarf að sjá um fjós með tveimur mjaltaþjónum, um 70 kúm og 50 kvígum í uppeldi. Húsnæði er ekki á staðnum og vegna bakvakta er betra að búa ekki fjarri vinnustað. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera natinn við skepnur og vanur fjósverkum með mjaltaþjóni. Starfið er laust frá 1.2.2021. Nánari upplýsingar í s. 893-5960. Árni Hafstað.

Sorin Vilcu óskar eftir fullri vinnu í 4-6 mánuði. Hefur reynslu af fjölbreyttum bústörfum og er með ökuréttindi B. Upplýsingar gegnum s. 769-1061 eða gegnum netfangið sorin.vilcu08@gmail.com

















**Bændablaðið** *Næsta blað kemur út 3. desember*








BÆKUR & MENNING

# Ég skal segja ykkur það

**Tuttugasta bókin í flokknum Austfirsk ljóðskáld er komin út og ber hún titilinn „Ég skal segja ykkur það“.**

Bókin er eftir austfirskan sauðfjárbónda, Sólveigu Björnsdóttur, sem rekur myndarlegt sauðfjárbú á Laufási í Hjaltastaðaþinghá á Héraði.

Sólveig Björnsdóttir er fædd á Gilsárvelli á Borgarfirði eystra árið 1958 og ólst þar upp. Ásamt því að stunda búskap með fjölskyldu sinni vann hún einnig í frystihúsinu á Borgarfirði. Árið 1979 yfirgaf hún Borgarfjörðinn og flutti í Laufás í Hjaltastaðaþinghá, hinum megin við Dyrfjöllin og hóf búskap með Guðmundi K. Sigurðssyni þar sem þau búa enn.

Flest ljóð Sólveigar hafa orðið til við hin daglegu störf. Lengi vel var hún betur þekkt fyrir gamanvísur í tengslum við þorrablót og aðrar skemmtanir. Ljóðin í þessari bók eru hugljúf og oft á tíðum ljúfsár, þar sem helstu hugðarefni Sólveigar eru samspil náttúrunnar, búskapar og fólks sem hefur snert hjarta hennar. Einnig leitar hugurinn oft heim á bernskuslóðir þar sem fegurðin og kyrrðin heilla. Hér kemur fyrsta bók Sólveigar fyrir sjónir lesenda, en ljóð eftir hana hafa birst víða í bókum og á geisladiskum.

Sem dæmi um ljóð í þessari bók er á baksíðu bókarkápu birt ljóðið Afi, en í því er að finna heiti bókarinnar. Það er mjög lýsandi fyrir búskaparhætti fyrri tíma sem vikið hafa fyrir véltækninni.






Sólveig Björnsdóttir.

### Afi

*Hurðin er opnu, þú hleypur inn,*
*undir hendinni kassi með vörum.*
*Þú heilsar, brosir og kyssir kinn,*
*kaffi þiggur í bollan þinn,*
*ert svo óðar á förum*
*út í slægju með orf og ljá,*
*ekki þurrkinum glata má.*

*Hrífan er tekin, þú hamast ferð*
*heyið að garða og raka.*
*Söxuð föngin í sátur berð*
*- ég skal segja ykkur það, nú fljótur verð*
*og skellir á skokk til baka.*
*Eftir mat og mínútu blund*

### Hefur gefið út 39 bækur eftir austfirska höfunda

Útgefandi bókarinnar er Félag ljóðaunnenda á Austurlandi, en forsprakki þess er Magnús Stefánsson og félagsmenn rúmlega eitt hundrað. Félagið var stofnað árið 1996 og hefur gefið út 39 bækur eftir austfirska höfunda.

Framtak og þrautseigja Magnúsar og Félag ljóðaunnenda á Austurlandi í útgáfumálum er sannarlega aðdáunarvert og þakkarvert, en Uppbyggingarsjóður Austurlands styrkti útgáfu þessarar tuttugustu bókar félagsins. Prentmet Oddi sá um umbrot, bókband og prentun, en Torfi Jónsson hannaði kápuna.

/HKr.

EYLÍF




# Active **JOINTS** & Smoother **SKIN&HAIR** frá **Eylíf**

***Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni Ókeypis heimsending af www.eylif.is***



## GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

**Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama Active JOINTS**



## DAGRÚN MJÖLL

**Loksins get ég prjónað aftur eftir að ég kynntist Active JOINTS**



## JÓHANNA BJÖRNSDÓTTIR

**Ég ætla svo sannarlega að halda áfram að taka þessa snilldar vöru Smoother SKIN & HAIR**

**Active JOINTS**
Inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á beinin, liðina, meltingu og húðina.

- ☑ Gott fyrir liðina, fyrir meltinguna, beinin og bandvef
- ☑ Andoxandi
- ☑ Inniheldur: kalkþörunga, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica kísil, birki, C og D3 vítamín.

**Active JOINTS og Smoother SKIN & HAIR**
Vörurnar eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum og er framleiðslan á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir er að baki öllum hráefnunum. Við hjá Eylíf vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreina íslenska náttúruafurð, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt.

**Smoother SKIN & HAIR**
frá Eylíf inniheldur þrjú íslensk næringarefni með margra ára rannsóknir að baki og sýna niðurstöður fram á virkni fyrir húð, neglur og hár. Efnin sem valin eru í blönduna næra húðina og hárið innan frá, auka raka og viðhalda heilbrigðum eiginleikum. Að auki njóta melting og liðir góðs af sömu næringarefnum, ásamt orkubúskapnum.

- ☑ Mýkir húðina og hárið og styrkir neglur
- ☑ Virkar vel á meltinguna og þarmaflóruna
- ☑ Gott fyrir liðina
- ☑ Andoxandi
- ☑ Inniheldur kollagen, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica, vítamín A,B2,B6,C,D3,bíótín, níasín, kopar, zink, joð, selen og magnesíum.




# HEILSAN ER DÝRMÆTUST

**HREYSTI** | **LIÐLEIKI** | **STYRKUR**